

Hellirinn á tanganum

Höfundur: Konráð Rúnar Friðfinnsson



Skáldsaga: Desember 2015

Saga Kára Bergsveins.



Sagan gerist á sautjándu öld á Íslandi og fjallar um bóndasoninn Kára Bergsveins sem Dönsk yfirvöld dæmdu til fangelsisvistar í Danmörku vegna afbrots sem hann á engan hátt var viðriðinn en sakaður um af nágretta sínum í sveitinni.

Á leiðinni til höfuðstaðarins gerðist atvik sem gerði dæmdum manningum það kleyft að flýja frá varðmönnum sem tóku að sér verkefnið að flytja hann til höfuðstaðarins og þaðan með skipi til Danaveldis.

Kári fann sér felustað í helli einum sem var á tanganum og hafðist þar við og eignast vini sem trúu á sakleysi hans og styðja á alla vegu. Nokkrar persónur komu fyrir í sögunni.

Sagan er að öllu leiti skáldskapur og styðst ekki við raunveruleika né persónur sem eitt sinn voru hér.

Flótti Kára Bergsveins.

1 kafli

Himinninn yfir Kára Bergsveins var ekki heiður eins og stundum áður heldur fullur af þéttum, gráum þykkum mikilúðlegum skýjum sem loddu vel saman að hvergi sást sólarljós. Dagsbirtan naut sín ekki vel. Veðrið undanfarna daga hafði haldist svona og var síst skárri nú. Sjórinn á firðinum allur bylgjótur og mátti sjá hvíta öldutoppa steypast fram yfir sig og breytast í brotsjóí sem ultu fram með sínu afli. Engin bátur á ferli. Fuglarnir meira að segja flúðu í skjól bak við kletta. Þessu fylgdi eitt. Minni líkur á að menn væru á ferð. Kári hafði í einn og hálfan mánuð verið á flóttu undan yfirvaldinu eftir að hafa fengið á sig dóm fyrir að stela sauð frá bónda í sveitinni sem hann var saklaus af.

Allt breyttist þetta með þessum þrem mönnum sem stigu fram sem vitni og bentu á hann: „ Þú lagsmaður. Við sáum til þín. „ - Réttarhöldin höfðu sinn gang og þeim lauk með dómsuppkvaðningu dómara: „ Rétturinn dæmir þig Kári Bergsveins sekan um stuld og dráp á sauði í eigu (nafn nefnt) og skaltu borga fyrir glæp þinn með 10 ára fangavist og afplána í Danmörku og hefja afplánun strax. „ – Svitinn spratt fram á enni Kára. Hann settist í sætið sitt og reyndi að skilja atburðarrásina og leit í augu dómara sem tíndi saman blöð sín. Engin svipbrigði var að sjá á honum. Köld augun horfðu augnablik upp og svo aftur á blaðhrúguna. Þessum dómara kom smælinginn ekki við. Hvað gat hann gert orðin dæmdur maður á leið í fangelsi? Dómverðir komu til hans og tóku undir sitt hvorn handlegginn og færðu yfir í annað herbergi eins og venjan var. Þar skildi hann vera uns ferðin suður yrði farinn.

Sönnunargögnin voru ekki merkileg. Lítill blóðpollur á jörðinni skammt þar frá sem maðurinn sást fara með skepnuna og talið hafa verið slátrað þar. Aðrar vísbendingar komu ekki fram. En dómur er dómur og bendandi vitni sitt sönnunargagn í dómsmálum.

Að Kári Bergsveins skildi sleppa frá vörðunum er saga að segja frá og málsatvik þau að hann ásamt þrem mönnum, skipaðir af yfirvaldinu, fengu embættið að flytja hann í fjötrum suður. Daginn eftir voru fjórir reiðskjótar gerðir ferðbúnir og höfðu varðmennirnir vopn í slíðrum og gert að beita reyndi

fanginn flóttu. Hópurinn lagði af stað til höfuðborgarinnar og sóttist þeim ferðin vel.

Á einum stað á leiðinni gerðist atvik sem setti hópinn í uppnám með fremsta hestinum sem skyndilega þrjónaði svo hátt að hann missti jafnvægið og féll aftur fyrir sig og ofan á knappan sem ekki fékk ráðrúm til að víkja sér undan og lá óvígur eftir á jörðinni af þunga klársins er hesturinn brólti stynjandi og fnæsandi á fætur og tók á rás og hljóp sem hraðast burt sparkandi afturlöppnum út í loftið á sprettinum. Uppnám reiðskjótans olli titringi í hestahópnum sem allir hlupu útundan sér og tók menn svolítlitla stund að hemja þá.

Frá því andartaki sem Kári steig í ístaðið framan við dómshúsið hafði hann haft augu sín opinn til að koma auga á hverja smugu sem gæfist. Hann var ákveðin í að sleppa. Það sem á eftir gerðist er spurning um kraftaverk. Um hönd Guðs eða ekki. Engin í hópnum átti von á uppátækinu né heldur skildi hví taminn skepnan brást við eins og hún gerði. Það var þarna sem Kári sá sitt gullna tækifæri til flóttu og jókst von hans eftir að fangaverðirnir leystu fjötranna og skipuðu honum að stíga af baki og hjálpa til við að róa hrossin og hlúa að meiddum manningnum sem lá meðvitundarlaus á jörðinni. Patið sem greip um sig og aðhlyning hinna yfir meiddum manningnum gaf snarráðum fanganum tækifæri til að taka á sprett og stefna á klettanna framundan til hægri handar. Þar kæmist hann úr augnfæri varðanna og fengi augnabliks tómt til að ígrunda stöðuna.

Allt gerðist á örskotsstund. Strok fangans setti málið í harðan hnút og jók fát varðanna sem nú ýmist litu á liggjandi meðvitundarlausan manninn, fangann sem fjarlægðist og fældan hestinn sem hljóp í gagnstæða átt fullur skelfingar.

Nokkrum sekúndum síðar, kannski mínútu, rumskaði maðurinn sem hesturinn féll yfir og áttaði sig á hvað gerst hafði og hvatti hina til að ná manningnum en stumra ekki lengur yfir sér: „Hundinginn má ekki sleppa“, - stundi hann og tók um helauma bringuna og eitt rifbeinið líklega í sundur. Verðirnir fengu líf í limina og drógu sverðin úr slíðrunum og hófu eftirförina um það bil sem Kári hvarf á bak við klettinn og skreið móður og mäsandi ofan í holu á svæðinu. Lítil neðanjarðarhellir reyndist vera þar undir. Hann hafði fengið forskot á hina og náð að reita svolítið af grasi og mosa og brjóta greinar af hríslu og

draga að opinu og hylja með eftir að hann hvarf sjálfur þar ofan í og vonaði að vegsummerkin skæru sig ekki frá umhverfinu.

Kári hafði hægt um sig og heyrði mennina koma mäsandi og blásandi. Annar kom svo nálægt opinu að með því að lyfta ögn hrúgunni sá hann í hæla hans og hvernig hann tvísteig órólegur. Fangaverðirnir voru vissulega í vondum málum með fanga sem þeim hafði verið treyst fyrir en var nú flúinn og í felum. Þeir stóðu frami fyrir alvarlegum höfuðverk nema fanginn myndist. Að tapa fanga var alvarlegt mál og svo alvarlegt fyrir þá að sjálfir gátu þeir lent í fangelsi og jafnvel misst lífið klaufaskap sinn. Margir felustaðir, hellar, gjótur og skorur voru allt í kring sem allar gátu gleypst mann sem kunnugur maður gat notfært sér. Staða varðanna var ekki góð.

Kári heyrði mennina tala saman og leggja á ráðin og skipuleggja sig og runu blótsyrða sem gengu út af munnnum þeirra sem bölvuðu í öðru hverju orði og gættu sín á að gleyma ekki. Ljóst var af samræðunum að engum vettlingatökum yrði beitt fyndu þeir „sauðabjófinn, „ eins og þeir sjálfir sögðu. Ætti hann að sleppa frá þessu var ekki um annað að ræða en að vera kyrr og láta ekki á sér bæra fyrr heldur en öruggt væri að mennirnir væru á bak og burt. Kára var það ljóst að þetta tæki tíma. Rökrið og myrkið var hans tími þó ekki væri glæsilegt að vera þarna á gangi eftir að komið væri þreifandi svart myrkur. Kostir í stöðunni voru ekki margir. Og hann beið þarna ofan í holutetrinu og hugsaði margt. Rökrið kom ekki fyrr heldur en eftir marga klukkutíma. Nú var bara eitt sem gildi. Þolinmæði.

Kári þekkti lítillaga bóndann sem bar upp á hann þjófnaðinn og ekki af góðu í öllum tilvikum. Oft hafði hann farið offari meðal sveitunga sinna og oftsinnis sýnt af sér óbilgirni og hreinan yfirgang í samskiptum sínum við sveitunganna. Maðurinn bjó ásamt fólki sínu nokkrum bæjum austan við bæjarstæði foreldra hans. Plan feðganna var að Kári tæki við búinu af föður sínum ásamt Sunnu Ásgrímsdóttur konu sinni og tveim börnum þeirra, þeim Davíð tíu ára og Oddi sjö ára. Hin breytta staða riðlaði öllu plani feðganna og inn kom óvissa. Allt heima var eðlilega í uppnámi.

Kári lá hreyfingarlaus ofan í holunni. Fæturnir hreyfðust fyrir framan hann og tipluðu inn á milli. Lundinn léttist er hann sá þá fjarlægjast og hverfa bak við klett nokkrum metrum neðar. Nú gafst smá ráðrúm til að skipuleggja sig eilítið. Ljóst var að allar ákvarðanir urðu að fæðast hratt og hann að ákveða sig

skjótt og svo framkvæma. Myndir byrjuðu að dragast upp fyrir honum af mögulegum felustöðum. Engin þessara staða stóðst frekari skoðun. Allir voru þeir of áhættusamir. Vonin byrjaði að fjara út og hann að sjá allar dyr lokaðar og að hans biði svartnætti svartholsins.

Skyndilega eins og birti til hjá honum með tanganum og hellinum í brattri hlíðinni. Hugsunin gaf honum nýja von um lausn.

Ástæðan fyrir vitund hans um hellinn var að nokkrum árum fyrr dvaldi hann gestkomandi á bæ nokkrum þar skammt frá og rakst þá fyrir hreina tilviljun á hellisskútan og sá með eigin augum hve vel hann var gerður frá náttúrunnar hendi. Og núna, bíðandi ofan í holunni og með dóm yfir sér, sá hann að væri þrýðis felustaður einkum og sérílagi vegna þess hversu fáir vissu um hann og hann fékk staðfestingu um er málið var borið undir húsbóndann á bænum sem ekki hafði hugmynd um helli þarna en sagðist þó vera svæðinu allvel kunnugur og gengið þar fram og til baka í áranna rás í leit að fé. Kári hafði rambað fram á staðin er hann staðnæmst á brún þverhnípisins og horfði út yfir hafið og svo niður í fjöruna fimmtíu metrum neðar. Syllan með grasinu á og nokkrum trjáhríslum voru í um tuttugu metrum neðar og vakti áhuga hans sem og einstigið sem lá þangað. Og klifraði hann þangað niður. Klifrið var ekki erfitt og tiltölulega hættulítið. Niðurferðin gekk vel fyrir utan eitt atvik er fótur hans lendi í lausgrjóti og steinar ultu af stað. Manninum krossbrá og hjartað næstum stöðvaðist.

Standandi á syllunni blasti helliskútinn við með tveggja sinnum þriggja metra opi. Að innanmáli var hann fjórir sinnum þrír metrar. Um þrjátíu metrar voru frá bjargbrún í suður, þar sem hríslurnar voru, að sjálfum hellismunnanum og teygði bletturinn sig í fjörtíu metra til vesturs austurs. Úr fjörunni sást hann ekki vegna háa bakkans og sléttlendisins fyrir ofan og hríslnanna á brúninni. Þær hjálpuðu til. Hvort fólk hafði hafst þarna við var ekki nokkur leið að vita og engar sagnir til um búsetu né ummerki um mannvistir. Hríslurnar gáfu sínar vísbendingar. Kári áleit staðinn öruggan.

Allt þetta rann í gegnum huga Kára bíðandi og látandi tímann vinna með sér. Hann fastréð að fara þessa leið. Að hrökkva eða stökkva var málið. Og hann valdi að stökkva.

Kári hlustaði eftir fótataki og afréð svo að lyfta hrúgunni ofurvarlega og skima svæðið. Engin hreyfing við klettinn. Þá skyndilega kom þriðji maðurinn fyrir hornið með hönd á brjósti og fór hægt. Maðurinn var greinilega meiddur. Hann staulaðist í átt að holunni. Tvær grímur runnu á Kára. Skildi hafa komist upp um hann? Aftur lagðist gras og mosahrúga ofurvarlega yfir opið og samlagðist umhverfinu í kring. Enn bar forvitnin hann ofurliði og hann lyft hrúgunni upp og sá að maðurinn sat á steini rétt við opið og annan fót hans slá takt á jörðina rétt við nef sitt. Manninum uppi grunaði ekkert. Eina sem frá honum heyrðist voru sársaukastunur og runa blótsyrða sem staðfesti blótsyrðagnægð mannsins. Sverðið sem hann dró úr slíðrinu og stakk ofan í jörðina við hlið sér lenti næstum í Kára. Svo nálægt honum var mikið sverð mannsins. Fældur hesturinn hafði áttað sig og snéri aftur til hinna og náði slasaður maðurinn að binda þá saman. Eftir nokkra bið, heila eilífd, stóð maðurinn á fætur og hélt sömu leið og hann kom. Kallað var að baki honum:

„ Ísar Angantýsson! Bíddu. Betra væri að þú hefðir beðið rólegur eftir okkur. „ Ísar leit við og settist á sama stein Kára til skelfingar. Hinir komu. Nú stóðu allir mennirnir fyrir framan holuna og þurfti ekki mikið til að fótur mannsins sem næst stóð lenti þar ofan í. Örlítil tilfærsla fótans og allt var búið. Spenna lá í loftinu:

„ Urðu þið Kára varir „ - spurði Ísar hryssingslega.

„ Hvergi nokkurs staðar og höfum við þó grandskoðað allt umhverfið vandlega. Engu er líkara en að jörðin hafi gleypt hann með húð og hári. „ - sagði annar mannanna sem í ljós kom að hét Bjólfur Hauksteinsson og hinn Aspar Fannarsson. Allt þjónar Dönsku krúnunnar á Íslandi og harðir menn:

„ Karlinn hefur hafnað ofan í gjótu á hlaupunum og tínt lífi sínu „ - sagði Aspar. Hinir hlógu en Ísar þó ekki lengi vegna verksins í aumri bringunni. Runna blótsyrða kom aftur fram á varir hans og ekki minni en í fyrra skiptið. Blótsyrðaforðinn var gríðarlegur.

„ Sé svo verðum við að finna lík mannsins og sanna mál okkar fyrir þeim sem sendu okkur suður. „ - Ísar snýtti sér með fingrunum: „ Farið aðra yfirferð og leitið í hverjum krók og kima og bak við hvern stein og þúfu. Veltið öllu við. Grandskoðið allt. „ - Mennirnir stóðu enn á fætur og hurfu til verka sinna. Ísar

sat kyrr um stund en stóð svo stynjandi á fætur og hökti álútur af stað fyrir klettahornið.

Tíminn leið. Til engra mannaferða sást efir að verðirnir fóru öðru sinni. Vistin í holunni var ekki þægileg en örlítið hægt að hreyfa sig. Eitt hafði hún. Eilítið vatn sem seytlaði niður vegg og hægt að láta renna í lófa sinn og svala þorstanum.

Verðirnir urðu æ vonminni. Rökkrið að færast yfir og þeir urðu að játa sig sigraða og snúa aftur til hrossanna og freista þess að ná til byggða áður en myrkrið hvolfdist yfir af öllu afli. Eftir stuttar umræður breyttist áætlunin og mennirnir urðu sammála um að gista þar sem þeir væru um nóttina og leita í birtingu næsta dag og vera þá allir ríðandi. Spurður um líðan sína sagði Ísar félögum sínum að hafa ekki áhyggjur af henni. Hann myndi spjara sig.

Kári fjarlægði mosa og grashrúgunni yfir sér og skreið upp og læddist að klettinum og gægðist varlega fyrir klettahornið. Hann sá mennina. Þeir höfðu tendrað eld og ornuðu sér við hann. Pottur var yfir sem rauk úr og greinilega matargerð í gangi. Aspar hrærði með sleif. Kári sá er Ísar tók litla trjágrein og kveikja sér í vindli og fleygði logandi spýtunni á logann og Bjólf beita stórum hníf á spýtu og tálga. Áfengisflaska gekk á milli þeirra og bárust annað veifið hlátrar frá þeim yfir til hans. Hrossin stóðu í einum hnapp og voru öll hin rólegustu eftir heyið sem borið var í þau. Að ná hesti út úr hópnum við þessar kringumstæður var ógerlegt. Hann yrði að flýja fótgangandi. Hungrið gerði vart við sig. Við því var ekkert að gera.

Kára tók til fótanna og hljóp í hina áttina. Líkami hans var stirður eftir langa dvölinna ofan í holunni en liðkaðist fljótt við hreyfinguna. Ratvísi hans og stjörnur hjálpuðu honum við að fara í rétta átt en kom samt ekki veg fyrir að hann steytti fæti við stein og magalenti á jörðinni. Hann spratt á fætur og þakklátur fyrir að hafi ekki meiðst neitt. Einnig var hann þakklátur afa sínum heitnum sem stundum á kvöldum sat við baðstofugluggann heima og kenndi drengnum sitt hvað um stjörnur og hvernig hægt væri að nota þær til að rata eftir. Allt kom þetta nú að góðum notum. Góð þekking hans á þessu landsvæði jók honum og von um að ná til hellisins og tangans og einnig hitt að sjálfur vissi hann um nokkra staði á leiðinni sem hægt var að leynast þyrfti hann þess með.

Á þriðja degi tókst honum verkið. Á leiðinni hafði hann tvívegis séð til leitaranna og orðið að fara í felur og bíða þá af sér. Engir aðrir menn urðu á vegi hans og forðaðist hann alla bæi eins og frekast var unnt nema kirkjujörðina. Kári vissi deili á Páli presti og að hann væri trúmaður sem gæfi honum matarögn og blessun Guðs í veganesti. Kertaljós sást loga gegnum glugga kirkjunnar og í Pál fyrir innan að undirbúa sig fyrir næstu messu. Kári hikaði stundarkorn í um tvö hundruð metra fjarlægð frá kirkjudyrnunum og leit órólegur í kringum sig. Ekki viss um hvað gera skildi. Eitt augnablik ákvað hann að hætta við og halda ferð sinni áfram. Á næsta augnabliki var uppi önnur staða og hann afreð að láta slag standa og knýja dyra. Í fyrstu ofurvarlega og lágt. Svo örlítið fastar og ákveðnara. Kári opnaði sjálfur kirkjuhurðina en beið ekki eftir prestinum. Páll sneri baki í dyrnar og stóð við altarið. Vindhviða smeygði sér inn og fletti blöðum Biblíunnar sem stóð opin við hlið prests. Páll var heppinn maður að eiga til heila Biblíu sem hann gat unnið eftir og lesið upp úr fyrir fólk. Sjálfur þekkti hann presta sem ekki áttu einu sinni til Biblíu og urðu að fá hana lánaði hjá öðrum. Til að mynda Páli. Páll varð flettingarinnar var og snéri sér við til aðgæta hví hurðin stæði opin og horfðist þá í augu við mann sem hann kom ekki fyrir sig hver væri. Páli brá lítillaga við og vissi ekki hvað vektí fyrir aðkomumanni sem af útliti að ráða var þreyttur og langt að kominn með skegghýjung á andlitinu og klæddur skítugum, rifnum og rykugum fötum. Kári gekk nokkur skref inn ganginn og kraup svo og laut höfði. Páll gekk til hans snart öxl hans og rétt fram hönd sína og reisti manninn á fætur:

„ Gætuð þér herra prestur fært mér ögn að borða. Ég hef gengið um langan veg og ekkert etið í þrjá daga. Herra prestur seddu hungur mitt? „ - Kári var mjúkur á manninn:

„ Komið inn með mér herra minn og frúin útbýr mat handa okkur. „ - Sagði Páll blíðlega:

„ Nei, herra prestur. Það má ekki gerast en vænt þætti mér um að fá borðað hér í kirkjunni og drifið mig svo undireins af stað. „ - Kári horfði bænaraugum á Pál sem horfði á móti og reyndi að ráða í aðstæður og skilja kringumstæðurnar sem hann skyndilega var lentur í:

„ Eruð þér á flóttu undan einhverjum. Kannski yfirvaldinu? „ - Spurði Páll.

Kári horfði niður á gólfið hugsaði sig um og gerði sig líklegan til að hverfa burt af staðnum og halda för sinni til hellisins áfram. Páll greip í öxl hans og bað hann að setjast. Hann myndi færa honum að borða og koma með matinn hingað: „ Verið þér alveg rólegur og bíðið mín. „

„ Ekki segja neinum inni að ég sé hér, „ - bað Kári:

„ Hér ertu öruggur „ – Páll gekk til dýra og hvarf út.

Rétt í því sem dyrnar lokuðust að baki Páls barst hófadynur inn til hans. Tíu manna hópur reið í hlað. Flóttamaðurinn gekk að glugga og þekkti Ísar. Með honum voru einnig þeir Aspar og Bjólfur. Hestarnir blésu í nasir og voru ókyrrir og fúsir í lengri ferð. Sumir kröfsuðu í jörðina með framlöpp. Allt úti merktist ókyrrðinni. Mennirnir voru vígalegir. Kári varð að hugsa hratt. Að fara út merkti eitt. Hann hlypi beint í flasið á þessum mönnum og leikurinn endanlega tapaður. Hann leit eldsnöggt í kringum sig og sá stigann upp í klukkuturninn og skaust þangað upp. Við einn útvegginn voru tómir pokar og nógu margir til að hylja mann. Kári heyrði mannamál fyrir utan og er bankað var á dyr íbúðarhúss prestsins. Þekkti aftur rödd Ísars sem spurði hvort prestur hefði orðið mannaferða var. Sagðist leita fanga sem slapp frá þeim fyrir þrem dögum og væri á flóttu á þessu svæði:

„ Herrar mínir! Hef ekki orðið neinna óeðlilega mannaferða var hvorki í dag né undafarna daga. En þú? „ - hann beindi máli sínu til konu sinnar sem tók undir með manni sínum. Hún hafði einskis orðið vör. Vissi reyndar ekki um gestinn sem nokkrum mínútum fyrr hafði drepð á dyr kirkjunnar né heldur að maturinn sem hún útbjó væri honum ætlaður en ekki manni sínum sem einstaka sinnum bað um að sér væri útbúin diskur til að eta í kirkjunni ef mikið lá við og hann í tímapressu með kirkjulegt verkefni.

Kári heyrði hurð niðri opnast og fótatak manna sem gengu inn kirkjugólfið og einhvern koma upp stigann og opna lúguna og loka henni fljótt aftur og er hersingin gekk út og mennina ríða burt. Fáeinum mínútum síðar kom Páll með mat handa mannum eins og hann lofaði en brá í brún er hann sá Kára hvergi og hugði farinn en huggaðist mikillega er hann kom fögur á vangann niður stigann. Nú vissi Páll miklu meira hví maðurinn væri hér.

Kári sá að Páli var treystandi og ákvað að segja honum hluta sólarögunar en sleppa því hvar hann hygðist halda til af öryggisástæðum. Að máltíð lokinni hresstist Kári allur og gerði sig tilbúinn til að halda í síðasta hluta leiðarinnar. Hellirinn var í um dagleið frá prestsetrinu. Að skilnaði gaf Páll honum tvö hlý ullarteppi ásamt tveim gærum og hjálpaði honum að koma þessu fyrir á baki sér og kvaddi með Guðsþessun á vör og svolitlu nesti. Er dagur reis komst Kári í hellinn. Lokakaflinn var tólf klukkustunda stíf ganga. Teppunum og gærunum fleygði hann niður á sylluna og dröslaði svo sjálfum sér niður einstigið. Hann var útkeyrður.

Þetta var fyrir einum og hálfum mánuði.

Kári sat inn í hellinum og horfði út í gegnum op búið til með spýtu sem hélt gærunum hvorri frá annarri að ofanverðu. Vafin inn í gæru tókst honum að halda á sér hita. Regnið gekk í bylgjum framhjá munnanum og var á köflum gríðarmikið.

Á flóttanum hafði hann kynnst tveim traustum bræðrum þeim Ráðvarði og Rósant Alvarssonum bónda á bænum Kló. Bræðurnir hittu Kára á vissum tíma og stað sem engin nema þeir þrír vissu um og færðu honum vistir og gáfu upplýsingar um gang mála. Bræðurnir höfðu og komist yfir nægjanlega margar gætur til að loka opi hellisins með sem gerði vistina þar bærilegri. Oft sögðu þeir honum fréttir af leitarmönnum sem spurðust fyrir um hann í sveitinni og að Ísar færi þar fremstur. Engir aðrir vissu um verustað Kára og gátu engar upplýsingar gefið þó verulegt fé væri lagt honum til höfuðs og auglýsingar víða uppi og veglegt verðlaunaféð skrifað stórum stöfum. Upphæðin var mörgum freisting. Flest fólkið á svæðinu var fátækt og að eignast alla þessa peninga með uppljóstrun um dæmdan einstaklings einkar áhugavert einstaka manni og hann reiðbúin að veita yfirvaldinu upplýsingar sem það leitaðist eftir. Þeir yrðu af ríkir menn, og litu því í kringum sig.

Hellirinn og umhverfið.

2 kafli

Gærurnar bylgjuðust með vindinum og hófst bylgjan í hægra horni munnans og gekk til suðurs og endaði í hinum enda hans. Í sunnanáttinni fór bylgjan öfuga leið með svipuðum áhrifum. Þetta minnti á gras á velli sem rokið þínir og sveigir undan sér sömu leið og það sjálf fer. Mörgu svona tók Kári eftir í einverunni og lærði um hið smáa og komst að raun um að væri ekki síður krydd í tilveruna en hið stóra og tilkomumikla. Með allar dyr lokaðar kom hann auga á margt sem ólíklegt væri að hann gerði undir venjulegum kringumstæðum. Lífslöngunin kenndi Kára og knúði til endurmats eigin lífs sem á síðari stigum umbreytti mörgu hjá honum. Það sem áður var dót og drasl umbreyttist margt hvert í litla gullmola og verðmæti. Þó ekki í hendi heldur hjarta. Þetta færði honum visst ríkidæmi földu í þekkingu á fegurð umhverfis og opinberaðist í vissri innri gleði sem lítið þurfti til að kveikja. Fáránleg staðhæfing um mann sem búið er að reka úr mannlegu samfélagi, hrakyrntan af mörgum en sannleikur sem Kári upplifði oftast en hann sjálfur hugði á meðan sjálfur flóttinn stóð og hann sjálfur lítt vitandi um eigin framtíð. Eina sem hann hafði voru skrefin sem hann steig. Þau voru framtíðin sem hann stefndi til. Engin sjáanleg farsæld heldur dimmir og dökkir skuggar og óvættir sem skutu gneistum og glottu allt annað en uppörvandi til sín. Annað kom á daginn eftir að á staðin kom og aðlögunin varð meiri. Þá kom fegurð sem hann orðið naut og gladdi hann og huggaði.

Á hans erfiðustu augnablikum er hugarvilið sótti að og vildi valta yfir hann og hrinda fram af bjargbrúninni varð fegurðin sem fyrir augun bar honum að ákveðnu haldreipi: „ Gullmoli, „ - sagði hann þá við sjálfan sig er allt í honum öskraði og ólmaðist og hann sjálfur vildi skríða undir feld. Hér var hann ennþá og án haturs og heiftar sem svo auðvelt var að detta inn í og hann oftsinnis barðist við og gegn en slapp svo og skreið örmagna yfir til friðarins

sem umfangmaði hann sínum megin vallar. Og löngunin til að lifa upprétt manneskja varð meiri og áþreifanlegri.

Auðvelt var fyrir mann í stöðu Kára að lyppast niður og láta hjartað smá saman deyja og lífið sogast úr því. Hvaða tilgangur var þá með flóttanum og að hýrast þar sem hann var niðurkominn gæfist hann uppgjöfinni á vald og legði hendur í skaut? Ekki nokkur. Skilda hans, sjálfs síns vegna og réttlætisins, var að berjast fyrir eigin sakleysi sem Ráðvarður og Rósant voru tilbúnir í með honum og þegar byrjaðir að grennslast fyrir um á laun og punkta hjá sér. Þangað til var fegurð umhverfisins hjálpleg. Og voninni viðhélst og andlegur styrkur.

Er flóttinn hófst og klettarnir nálgudust gerði Kári sér grein fyrir því að engin maður fengi lifað einveru svo fjarri mannabyggð og haldið sönum nema ríghalda í fegurðina sem Kári uppgötvaði fljótt æ meir að væri allt í kring. Vatnið seytlar niður bergvegg, greinar hríslnanna á syllubrún slást til í roki, fiðrildi flýgur upp fyrir brún sömu syllu úr líklega fjörunni og hvarf yfir höfði hans, selshausar, fimm að tölu, á firði kíktu upp og blöstu við og urðu mannum greinilegir þótt fjarlægðin væri nokkur, stórfiskar syntu inn fjörðinn langt af hafi fyrir þrem vikum og blésu strókum út um öndunarop sín. Allt verðmæti og gullkorn í andartakinu sem vel var hægt að hrífast af og fagna. Allt hjálplegt á stund saknaðarins sem vildi rífa í hann og halda í heljargreipum. Vissulega saknaði hann konunnar og drengjanna og föður síns, búskaparins og fólksins sem hann þekkti best og hafði lifað með súrt og sætt en var nú ekki lengur innanum og glíman við þetta orðin meðreiðarsveinn hans og daglegur fylgifiskur. Meira að segja veðurhamurinn varð honum að gulli með því að fylgjast með hafinu gegnum rifu á gærurhurðinni.

Fyrir tíma gæranna var vestanáttin hellisbúanum erfiðust fylgdi henni regn og sterkur vindur. Í henni varð ástandið hörmulegt og gegnbleytti allt og hvergi minnsta skjól. Gærurnar breyttu öllu. Þeim var hann ósegjanlega þakklátur. Já, hann átti sér marga gullmola. Með farginu að utanverðu og neðanverðu gat vindurinn ekki lengur ýtt þeim inn og hélst vatnið úti og allt þurrt fyrir innan. Lán var að flöturinn fyrir framan munnann hallaðist frá en ekki að. Vatnið rann greiða leið fram af en safnaðist ekki í polla á grasi gróinni syllunni og rann svo inn í hellinn sem hefði gert hann óbyggilegan nema með skurði sem flytti það fram af brúninni. Verkinu hefði fylgt óheppilegt jarðrask. Kári sá

enn og aftur hversu staðurinn væri góður manni í sinni stöðu: „ Og svei mér þá af Guði gefinn „ – sagði Kári og leit upp til himins.

Eitt gott hafði regnið í för með sér. Vatnsílátin fylltust og ágæt búbot við hitt sem lak niður klettavegginn rétt við opið úr líklega sprungu inn í sjálfu berginu. Hvaðan vatnið kom fann Kári ekki út en gat sér þess til að hefði opnast eftir jarðhræringar. Með íláti undir safnaðist nægt ferskvatn til eigin nota. Vatnið var helsta gullkornið á staðnum og gott til drykkjar.

Rúmstæði kom hann sér upp og reytti heilmikið gras og mosa í botninn og lagði yfir gærur Páls. Undirlagið var ekki sérlega þægilegt en samt betra og mýkra en harður steinninn. Efnið fékk hann úr rekaviði úr fjörunni sem nokkrum erfiðleikum var bundið að drösla upp á sylluna vegna brattans og hæðarinnar en hafðist með eljuni og lauk á tveim dögum. Sjórekinn bandspotti lá í sömu fjöru sem hann rakti sundur og notaði til að binda fjalirnar saman með. Til að fá lokið verkinu sneið hann af gærunum það sem útaf stóð og bjó til mjóar og nothæfar reimar og notaðist við stein til að skera þær með. Og til varð rúm. Sveitavinnan kenndi honum margt. Eins og útsjónarsemi og gernýtni. Seinna eignaðist hann vasahníf. Hníflaus maður var ómögulegur maður sem bræðurnir knáu bættu úr eitt sinn er þeir hittust.

Eldstæðið útbjó Kári í öðrum helli nokkru norðar um fermetri að gólfleti og tveir metrar á hæð og stóð í um fimmtíu sentímetra frá jörðu og eins og úthöggin í bergið með meitli og hamri sem þó var ekki heldur gert af skaparans hendi. Í þessum „ Hjá helli mínum „ eins og hann sjálfur sagði, kveikti hann eld sem þó fylgdi viss áhætta vegna reyksins sem upp steig og sást langar leiðir í logni. Menn að leita, að til að mynda manneskju, sem sáu reyk í fjarska gátu giskað á að þar væru menn. Helsta hættan af eldnotkuninni var reykurinn sem ómögulegt var að koma í veg fyrir að myndaðist. Eldi fylgir reykur. Hvernig gat hann lifað af við sínar aðstæður án elds og potts sem hægt var að hengja yfir logann til að maturinn eldaðist? Áhættu þurfti að taka og áhættan fólst meðal annars í að kveikja bál á lognkyrrum dögum og þær aðstæður sem honum var boðið til eldunnar.

Fljótlega eftir komuna í hellinn á syllunni setti Kári sér þá reglu að klifra upp á brún og gá til mannaferða áður en hann kveikti eld. Hvenær menn væru þarna á ferð var ómögulegt að vita neitt um. Oft birtist fólk eins og skrattinn úr sauðaleggnum. Aðstæður mannsins höfðu þegar kennt honum margt. Til

dæmis að elda til nokkra daga í senn. Í hamaganginum daganna á undan kom fyrirhyggja hans sér vel og til nægur matur með kjötlærunum tveim sem hann sauð í sömu suðu. Nægur matur var til. Hann dæi ekki úr sulti. Alltént ekki í dag. Kári var við hinu óvænta búinn og gerði sér grein fyrir að hér gildi ekki neinar venjulegar lífsreglur heldur óvenjulegar og að spila þyrfti margt, kannski allt, af fingrum fram.

Hann stóð upp og reyrði gæruna fastar að sér og setti á sig húfuna sem annar bræðranna færði honum sem móður hans útbjó syni sínum og hún nýverið lauk við og fékk honum og hann á eftir Kára. Kári lagði við hlustir og reyndi að nema minnsta hljóð með vel þjálfuðum eyrum og gekk svo út er öllu var óhætt. Að reyna að greina sundur hljóð áveðurs var mestu erfiðleikum bundið. Vindurinn var þó á sinn hátt jákvæður og fékk borið hljóð með sér um langan veg. Þjálfað eyra og gætin maður verður margs var. Áveðurs var verra. Þá kom til kasta augnanna.

Ofankoman var enn mikill og á milli eins og hellt væri úr fötu. Ein slík demba kom í sama mund og hann steig út og gekk yfir að brúninni þar sem hafið blasti við honum tignarlegt en samt ógnvekjandi með öllum sínum freyðandi öldum sem gengu á land í fjarðarbotninum þrem kílómetrum innar til þess eins að þeytast þar hátt í loft upp. Inn í botn sást ekki vegna beygjunnar á firðinum. Sitt hvoru megin fjarðar, er nær dró botninum, voru bæir sem í bjuggu venjulegir íslenskir bændur. Menn frá þessum bæjum réru á vertíðum til fiskjar og oft út fyrir tangann og dýpra.

Kári hafi veitt þessum bátum athygli. Hvort hellirinn sæist af firðinum efaðist hann um en maður á syllubrún örugglega.

Sú venja hans að gá vel í kringum sig og hlusta með athygli á allt umhverfið sannaði sig á dögunum að vera góð regla er hann vildi klifra niður eftir og athuga með fisk við klettinn sem stóð í nokkra metra fjarlægð frá fjöruborðinu og komist var út í á fjöru og verður greint nánar frá hér á eftir.

Fiskur var stundum í kringum klettinn og tók öngul. Þarna voru líka selir sem stungu hausnum forvitnir upp úr söltum leginum í örfárra metra fjarlægð til að skoða skeggjaðan manninn sem öðru hvor stóð þarna með færið og hirti ekki alltaf um það þó að flæddi að og hann króaðist af og yrði að dvelja uns aftur fjaraði út og leið opnaðist honum í land og áfram upp á sylluna. Á einum stað

gat kletturinn hulið mann sjónum stæði fólk á brúninni og varð staðurinn sem hann oftast stóð á vitandi sem er að veiðigleðin fær manninn til að gleyma sér og menn kæmu að honum óviðbúnum. Slíka áhættu gat hann ekki leyft sér. Kári reyndi að sjá allt út sem hægt var ákveðin í að komast af og verða aftur frjáls maður.

Öngul hafði honum tekist að útbúa sér úr beini sem lá í fjörunni og hann gekk fram á. Beinkrókinn tengdi hann við snæri sem Páll prestur laumaði í vasa hans er þeir kvöddust við kirkjuna.

En á undan þessu öllu barst til hans mannamál að ofan sem fékk hann til að hugsa allt upp á nýtt og endurskoða fyrri áætlun. Hann hraðaði sér eldsnöggt til baka og sat hljóður og hreyfingarlaus með lurk í hendi sjálfum sér varnar og tilbúin í að beita ef á þurfti að halda. Nú þakkaði hann sínu sæla fyrir að hafa ekki verið á leið upp á brún. Fólkið hefði þá komið auga á hann og staðurinn ekki lengur öruggur eins og nú. Hvað aðkomumenn nákvæmlega ræddu gátu eyru hans ekki numið en ljóst að þarna voru fleiri en einn maður á ferð. Máski Ísar og fantar hans. Atvikið ítrekaði við hann að slaka hvergi á og haldast vakandi og muna hví hann væri hér. Raddirnar upp yfir honum þögnuðu og hann varð aftur einn síns liðs með vindhljóðin hjá sér og nokkra fugla sem flögruðu fram og til baka yfir sjónum og settust sumir á brúnina framan við hellinn og hristu þar stél og fjaðrir og bjuggu til hvítar skellur hist og her merktar sér. Sumir fuglanna þekktu hann og þeir orðnir spakir og svolítið mannvánir en þó ekki svo gæfir að hann fengi snert þá. Reyndi hann slíkt litu fuglarnir flóttalega til hægri og vinstri og hófu flug og flugu í mistóra hringi í loftinu en settust ávallt aftur á sömu staði, sýndist Kára. Með komu þeirra barst eilítið líf, þó ekki væri nema stutta stund. Deginum sem mannsraddirnar heyrðust eyddi hann innivið en afréð næsta dag að fara til klettsins síns sem hann kallaði „ Vininn „ og renna öngli í sjó.

Næsta dag kleif athugull maður varlega bjargið og stoppaði reglulega til að hlusta. Skref fyrir skref nálgadist brúnin. Allt var með kyrrum kjörum. Við lá að hann missti tökin og hrapaði niður er hann leit upp og horfðist í augu við rebba í ætisleit sem reyndar hafði fundið sér bráð sem lá í kjafti hans. Refur og maður störfðu hvorn á annan stundarkorn uns dýrið hvarf frá brúninni en missti við það bráðina sem valt niður hlíðina niður í fjöru: „ Klaufabárður er nafnið sem ég gef þér hér eftir „ – hvíslaði Kári horfandi á eftir fæðu skepunnar

hafna í fjörusandinum. Refurinn snéri við og sást refshausinn aftur augnabliki síðar og var svo horfinn.

Kári beið við brúnina og taldi eins og venjulega upp á tuttugu og kíkti upp og horfði fram og til baka. Hvað var þarna? Hann var ekki viss. Hreyfing var á milli steinanna. Lét loks sannfærast. „Klaufabárður er þá ekki kominn lengra. „ - sagði hann. Menn sá hann hvergi hvorki þarna né frá hólnum sem hann hljóp til og var nokkrum metrum austan við uppganginn á bjargbrúnina og hæsti staðurinn á svæðinu með ágætt útsýni til allra átta.

Þar sem svæðið var öruggt fetaði hann einstigið niður á sylluna og sótti veiðarfærið og klifraði hitt einstigið niður í fjöru. Kletturinn blasti við honum. Byrjað var að falla að. Nokkuð hafði lægt og komið prýðis veður. Sjórin lék sér við klettinn. Sumar öldur náðu nógu mikilli stærð til að skvetta á hann á meðan hann útbjó öngulinn sem ásamt sökku rann í sjóinn. Ekkert líf virtist við klettinn á þessu andartaki og selirnir en ekki komnir sem eins og hann voru í ætisleit og fylgdust með honum og hann með þeim. Veðrið hafði flæmt þá til hafs og þeir á leið inn aftur eftir að lægja tók.

Fjörðurinn varð smá saman lygn. Sjórin burðaðist við að slétta úr sér. Smá gára sem senn léti undan. Knýjandi krafturinn horfin með brottför mikilúðlegs vindsins. Tíminn sniglaðist áfram sem tímalaus maður veltir ekki fyrir sér. Enda ekki að fara neitt og þetta staðurinn. Lífið á firðinum óx með svífandi fuglamergð sem yfirborðið lokkaði niður til sín og fékk til að setjast til að fá ruggað sinni hjörð svolítið og sveifla upp og niður ölduna sem hnigu og stigu. Ekki mjög hátt. Bara örlítið.

Kári horfði niður í sjóinn. Fiskur var kominn á svæðið. Hann dró færið upp og sannfærðist. Þorskur elti alveg upp á yfirborð og kafaði niður í dýpið. Hann leit inn fjörðinn. Öllu var óhætt. Kári tróð beitu á öngulinn og renndi aftur. Engir kippir og fiskurinn ekki í ætisleit. Hann snéri höfðinu og horfði aftur inn fjörðinn og sá þá lítinn depil þar sem fjörðurinn beygði. Depillinn olli honum hugsunum. Það sem hann óttaðist kom í ljós. Árabátur á ferð. Hann halaði inn færið og tróð í vasa sinn. Nú var ekki viturlegt að vaða í land. Eina í stöðunni var að hírast þarna og vera úr augnsýn bátsverja sem reyndist innihalda tvo menn frá bæ innar í firðinum. Um aðra var að ekki að ræða úr þessari átt. Hann gægðist fram og sá bátinn betur. Hverjir voru á ferð vissi hann ekki. Kannski leitarmenn en vonaði að væru bændur á leið til fiskveiða. Ekki

mannaveiða. Kári leit til syllunnar. Hellirinn sást ekki né minnstu merki um mannabyggð. Umhverfið allt virtist ósnert af mönnum.

Báturinn færðist nær. Áratökin voru taktföst. Fremri maðurinn setti árar í bát og reis á fætur og bjó til skyggni á enninu með lófanum. Hann benti. Hinn stóð á fætur og leit í sömu átt. Báturinn ruggaði undir þeim. Á hvað mennirnir horfðu vissi Kári ekki en ljóst að tengdist honum ekki á neinn hátt. Þangað sem maðurinn benti var ekki langt frá þeim stað sem hann var nú á og ljóst að héldi áfram sem horfði yrðu bátsverjar komnir í mikla nálægð áður en langur tími leið. Hugsunin setti að honum ónot. Kári stóð hlémegin á skerinu. Hann gæðist fyrir klettahornið og brá er hann sá hve báturinn var nálægt en mennirnir ugglasir og huggun harmi gegn. Nú var ljóst að erindið voru ekki mannaveiðar. Hann klifraði upp skerið tilbúin að vippa sér yfir um. Báturinn stefndi norður fyrir og þeim megin sem hann var og kom fyrir hornið og beygði að landi. Kári hafði komið sér fyrir efst og lá hreyfingarlaus tilbúin að færa sig yfir. Báturinn rann meðfram klettinum í örfárara metra fjarlægð. Sá mennina og anna klóra sér hressilega í hausnum undir húfugarminum. Máski var hann lúsugur. Margir landar hans höfðu lús og voru lúsugir:

„ Hey. Sjáðu þetta. „ - Annar mannanna benti. Stór trjádrambur var á floti í fjöruborðinu. Báturinn var kyrr við skerið og kominn þangað sem flóðið skildi það frá landi:

„ Bíddu bíddu. Róum ekki hér á milli. Þá ströndum við. Snúum við og komum að drumbnum hinum megin frá. Það er öruggara „ - heyrðist í hinum. Og einnig: „ Gerðu spottann fremst kláran. „ -

Kára létti. Nú vissi hann hverra erinda mennirnir voru að þeir leituðu reka í firðinum. Báturinn snéri við og stefndi út fyrir klettinn og kom sunnan megin við hann. Kári færði sig á sama stað og fylgdist með. Bolurinn kom honum á óvart. Hafði ekki orðið hans var og langt að kominn drumburinn líklega nýr í fjörunni.

Báturinn nálgadist fjöruborðið. Trjábólurinn flaut og annar endi hans orðin landfastur. Mennirnir bundu snærið í þann enda sem stóð út í sjóinn:

„ Enga kerlingahnúta á þetta drengur. Hér duga alvöru hnýtingar best. Svona! Færði þig til um hálftrassgat og leyfðu mér að gera þetta. Sjáðu! Ekki nokkur

meining. " - Maðurinn sýndi hinum verkslagið: " Hnúturinn raknar upp við snertinguna eina. Ég þarf greinilega að taka þig í tíma og kenna þér nokkra hnúta „ – sagði maðurinn og sýndi honum losaralega bindinguna. Eldri maðurinn horfði ásakandi á hinn bátsverjan og sér yngri manninn. Mennirnir skiptu um stöðu. Sá eldri breytti peysuna upp fyrir olnboga og stakk hendinni ofan í ískaldan löginn og teygði sig í bolinn og dró snærið undir hann og vafði þrisvar sinnum um hann áður en kom að hnútnum sem dygði allt til enda og engin handónýtur kerlingarhnútur. Hann tók á spottanum og rykkti nokkrum sinnum í. Kári fylgdist með. Mennirnir settust undir árar. Báturinn skreið fram. Á spottanum strekktist. Trjádrumburinn hreyfðist lítillega en ekki nóg til að fljóta:

„Piltur! Drífa sig. Drífa sig. Látið verkin tala og hendur standa fram úr ermum. Ekkert hangs. „ - hvíslaði Kári:

„ Förum eins nálægt fjöruborðinu og við komust og náum góðu skriði. Það ætti að duga. „ – Sagði sá eldri. Og bætti við: - „ Piltur minn! Gefðu út örlítið meiri slaka. „ - Sá eldri virtist ráða öllu um borð og vera maðurinn með vitið. Báturinn stefndi í land og snéri við um miðjan bol og nógu langt frá honum til að mennirnir fengu beitt árunum sem næst tóku hraustlega á og náðu ágætum hraða og nægum er spottinn komst á enda. Drumburinn kipptist á flot. Fagnaðarhróp barst úr bátnum og sumpart líka hjá Kára sem sjálfur losnað von bráðar úr sinni þrisund. Róðurinn inn fjörðinn hófst. Hægt miðaði. Enda drátturinn þungur fyrir jafn litla knörr og þessa.

Kári settist. Um frekari veiðar var ekki lengur hugsað. Enn lék þó lánið við hann.

Hvað gerðist á undan?

3 kafli

„ Úff. Hurð skall nærri hælum. Greinilegt er að maður mætir ýmsu sem bregðast þarf við og bregðast rétt við. „ – Kára var brugðið. Hann gat ekki neitað því. Það var hér sem Guðsvitund hans vaknaði eftir nokkra ára svefn og andlegan tepruskap og flóttu frá frelsara sínum: „ Guð „ - Kári laut höfði: „ Fyrirgefðu mér sinnuleysið undanfarin ár. Ég iðrast. Gerðu mig árvakran og gætin og styrk til að standast og þola eldraunir. „ - Viti menn. Opinn himinn og bros Drottins. Þetta sá hann. Hann gat ekki þrætt. Á hverju þurfti hann meira að halda eftir allan spenning liðinna mínútna en sneringu frá hæðum? Það er vandfundið.

Árabáturinn fjarlægðist. Í mönnunum heyrðist og á ekki lágu nótunum heldur þeim háu og hæstu nótum. Öskrum inn á milli. Sá ungi og eldri voru komnir í hár saman. Hávaðinn barst Kára til eyrna og fékk til að brosa og bjóða velkominn til manna sem svo oft hitnar í kolunum hjá er skoðanaskiptin breytast úr venjulegum umræðum í ásakanir á bæði borð og fúkyrðaflaum, háðsyrði, hlátra, meinlegar aðfinnslur sem sogar burt gleði og skilur þrúgandi þögnina eina eftir hjá fólkinu. Er háreystin hófust og komust á efsta stig var fjarlægðin orðin of mikil til að hann fengi heyrt meira. Orðin sem hann þó nam voru. „ Hnútur. Maður fær nú bara hláturskast af að heyra þetta. „ - Og: „ Þú veist nú ekki allt gamli minn. „ – Meira ekki. Nú vissi hann að þras bátsverja snérist um kerlingar hnút yngri mannsins og sleifarlag hans. Að kunna ekki almennilegan hnút var hámark vankunnáttunnar taldi sá eldri með alla sína þekkingu og reynslu á herðunum og sjálf viskan um borð. Orðaskak bátsverja olli þó engri truflun róðursins og hélst áralagið taktfast og sigldi báturinn sitt skrið og eins og áætlanir gerðu ráð fyrir.

Ferðinni inn fjörðinn miðaði þrátt fyrir þungt tosið og sakfellinganna sem mennirnir rembdust við að smyrja hvorn yfir annan í hita umræðunnar. Hvort hér væru feðgar á ferð þekkti Kári ekki. Enda honum ókunnir.

Hugsandi um samskipti manna sem eru svona í dag og öðruvísi á morgunn þá rifjaðist upp fyrir honum orð sem voru, eftir því sem hann komst næst, í Biblíunni en samt ekki viss. Kári reyndi að muna þessi orð. Hann klóraði sér í höfðinu og nuddaði hökuna. Orðin vildu ekki koma: „ Nú mann ég. Svona er þetta „: -

„ -1- Þá svaraði Bildad frá Súa og sagði:

-2- Hversu lengi ætlar þú slíkt að mæla og orðin í munni þínum að vera hvass vindur?

-3- Hallar þá Guð réttinum, eða hallar hinn Almáttki réttlætínu?

-4- Hafi börn þín syndgað móti honum, þá hefir hann selt þau misgjörð þeirra á vald. „

(Job 8:1-4) – Lengra náði minni Kára ekki né fengu sannfært um að tilheyrðu Biblíunni eða annarri bók sem hann las. Biblía var ekki á hvers manns borði í landinu og aldrei í eigu heimilismanna Klappsvíkur. Þessi orð las hann samt í líklega kirkjunni og þau náðu festu í honum. Og pompuðu nú upp. Eitt gat hann vel viðurkennt að frekar fannst honum þau vera óuppbyggileg í því ljósi að vera töluð til manns, líklega Jobs, sem varð fyrir miklum skakkaföllum í lífinu og menn hjá honum til að hugga en gerðu allt öfugt og skapraunuðu í stað þess að vera til huggunar. Upprifjunin kom af að horfa á eftir knerrinum og hlusta á orðaskak mannanna:

„ Gaman væri að vita meira og hitta Pál prest og leggja fyrir hann spurningar.

„ – Kári klóraði sér í þéttu skegginu. Að hitta Pál gat þó ekki orðið af og yrði að bíða betri tíma. Hugsunin um Pál prest gerði Kára glaðan.

Aftur varð knörrinn að litlum depli og hvarf í beygjunni á firðinum. Bátur, drumbur, menn. Allt hvarf við hornið og rólegt yfirborðið eitt eftir með fjöllunum og fuglunum sem leyfðu gárunni að rugga sér. Tími flugsins var liðin hjá fiðurfénu þangað til hann hæfist á nýjan leik og á hverri stund. Líf fuglanna er einhæft og sumpart þröngt en samt með ákveðnum tilgangi skaparans.

Kári stóð með bakið upp við kaldan klettinn og horfði til norðurs á endalaust úthafið sem blasti við honum framundan sér. Lét sig næst renna niður eftir honum og settist stundarkorn á hækjur sér. Byrjaði var að falla út en landgangan ekki gerlegt fyrir en að nokkrum tíma liðnum. Hann yrði að hinkra stundarkorn. Í dag kæmi hann fisklaus í hellinn. Við því var ekkert að gera og dagur eftir þennan dag. Mest var um vert að ennþá hafði ekki til hans sést sem gaf honum vonarneista um að fá hrakið ákærurnar á hendur sér.

Eftir því sem á útfallið leið komu steinar upp úr sjónum. Kári ákvað að bíða ekki lengur heldur stökkva milli þeirra í land. Grjótið var flughált og skrikaði honum fótur við síðasta stein en náði að standa í lappirnar þó litlu munaði að hann félli kylliflatur. Sjórinn náði honum upp í hné en hann orðin blautur upp í klof. Létt verk var að vaða síðasta spölinn.

Aðdragandi dómsmálsins.

Allt hófst þetta þrem árum fyrr með erjunum milli Bergsveins Sandelssonar, föður Kára og bónda í Klappsvík og Lórens Reifnissonar bónda á Slaka í sömu sveit og manna hans. Þeir deildu um úthaga sem segja má að stæði milli bæjanna fast upp við rætur fjallsins ofan við byggðina en ekki full ljóst hvorri jörðinni úthaginn tilheyrði er hér kom sögu en munnmælin sögðu eign Klappsvíkur en jörðin Slaki nýtti og hafði tekið eignarnámi eftir að hinir hættu að beita skepnum sínum þar. Skjöl um eignarrétt voru óljós og töluðu ekki skírt um þetta sérstaka atriði enda mest munnleg og ekki færð í letur nema hálfgildings með nokkrum eyðum í sem ollu misskilningi og flæktu málið meira en þörf var á, er á reyndi. Hugsunarleysi kaupanda, langalangafa Kára, og seljanda, kom sér nú illa er skírar línur voru svo mikilvægar og gagnlegar framvindu málsins. Téður úthagi var tveir hektarar og í svipaðri fjarlægð frá þessum tveim bæjum. Að heiman var nokkur gangur þangað uppeftir.

Lengi vel var spildan nýtt af Klappsvíkur- fólki eða þangað til Bergsveinn tók við búi af föður sínum þá ungur maður og yngstur bræðra sinna sem sjálfum fannst búskapur ekki spennandi kostur fyrir sig. Eldri bræðurnir hurfu báðir til náms í Kaupmannahöfn og lærðu annars vegar læknisfræði og hins vegar lögfræði og ílengdust ytra og stofnuðu eigin fjölskyldur og voru enn ókomnir yfir hafið og heim. Spildan sú arna þótti full langt frá bænum og vó þungt í ákvörðun Bergsveinn í að hætta að nota þessa hektara við fjallið fyrir skepnur sínar.

Nokkrum árum síðar boðuðu Slaka- menn sitt fólk á fund og funduðu nokkrum sinnum um málið og hugsuðu sér gott til glóðarinnar úr því að hinir væru hættir að nota svæðið við rætur fjallsins. Málið var að reyna að notfæra sér óljós ákvæðin um hverjum hektararnir tveir tilheyrðu sem mennirnir á Slaka voru vissir um að væri almennings og beitarland sem bændum í sveitinni væri heimilt að beita fé sínu á líkt og gildir um fjallabeit kinda á sumrum án þess að þurfa fyrst að fá leyfi annarra.

Niðurstaða fundanna var að þeir skildu sjálfir fara þangað uppeftir og gera túnið klárt til notkunar og nýta undir eigin skepnur og hóuðu saman vinnufólki og heimamönnum og gengu dag einn með verkfæri og áhöld til jarðyrkju, húsdýraáburð í strigapokum á bökum hesta og annað sem til þurfti og endurvöktu lífið í moldinni og báru það á. Verkið tók nokkra daga. Er spretta var orðin næg hófu menn á Slaka að reka fé sitt uppeftir og settu sinn mann yfir til gæslu sem dvaldi þar yfir daginn og sá um að koma með heim á kvöldin og fylgja aftur uppeftir að morgni næsta dags. Eins og venja var að gera.

Eftir því sem árin liðu og án aðfinnslna Klappsvíkur- manna fóru Slaka- menn að líta á skikkan við rætur fjallsins sem sína eigin og að hefð væri komin á nýtingu þeirra vegna langs notkunartíma. Þetta ræddu Klappsvíkur- menn öðru hvoru á baðstofulofti bæjarins án þess að aðhafast frekar í málinu. Sem eftir á að hyggja var rangt af fólkinu sem í grunnin var afskaplega ósátt við hvernig mál höfðu þróast og fannst að sér vegið.

Brot úr Kaupsamningnum.

„ Við sölu er eigandi jarðarinnar Klappsvík Þjóðmar Ölnisson..... (Dagsetning undirskriftar) Landið er tuttugu hektarar..... (Landinu lýst og staðsett á kortinu) Einnig hefur jörðin Klappsvík afnotarétt á tveggja hektara skika við rætur fjallsins sem stendur (ítarleg staðsetning og lýsing) „

Í samningnum er talað um afnotarétt ekki eignarrétt. Hér koma vandkvæðin fram sem flækti málið og gerði fólkinu erfitt um vik að sanna sitt mál með óyggjandi hætti sem að endingu varð að dómsmáli. Engin efi var þó hjá Klappsvíkur- fólki sjálfu um eignaréttinn við fjallið. Það þekkti munnlega samkomulagið sem gert var á sínum tíma af fyrsta eiganda og sumir kunnu utanbókar og séð um að bærast afkomendum og mann fram af manni til tíma

Kára. Þeim megin var málið á hreinu. Á pappírnum var það öllu óljósara og auðvelt að mistúlka orðalagið.

Langalangafi Bergsveins, faðir Kára Bergsveins, fyrrgreindur Þjóðmar Ölnisson, hóf fljótlega eftir að gengið hafði verið frá kaupnum búrekstur á jörð sinni og allt sem þurfti til að hefja reksturinn komið, eins og íbúðarhús og tvö útihús, sömu sortar og giltu í sveitinni, helstu girðingar og síðast en ekki síst skepnur frá bæjunum í kring sem gátu séð af fáeinum gripum til ungs bóndans. Þann dag hófst búrekstur á Klappsvík og hefur staðið frá þeim degi og í eigu og umsjá sömu ættar.

Er Bergsveinn vildi ræða málið um skikkan við Slaka- menn komst hann fljótt að raun um að þeir væri allt annað en viðræðugóðir varðandi hann og stóðu fastar á því en fótunum að hefðu fulla heimild til að nýta þetta svæði eftir jafn langa órækt og hirðleysi Klappsvíkur- fólks. Rök Slaka- manna voru þau að sjálfir hefðu þeir borið hitan og þungan af verkinu og sjálfir komið honum í nothæft stand og notað til þess eigin mannafla, verkfæri og gert á sinn kostnað. Þeir töldu sig hafa bjargað túnblettinum frá eyðileggingu og gert brúklegan á ný. Sem var rétt. Þarna stóð hnífurinn, sem sagt, í kúnni ásamt orðalagi kaupsamnings jafn óljós og hann var. Um þetta var deilt. Allt vegna vinnuframlags þeirra og útlagðan kostnað en ekki Klappsvíkur- manna sem hvergi sáust á meðan verkið stóð en væri samt réttlætismál að hefðu gert og hlíft fólkinu við þessum vandræðum. Slaka- menn höfðu svo sem rök í máli sínu en samt ekki nægjanlega öflug til að fá afnumið eignaréttinn.

Jörðin sem Klappsvík stendur á var á sínum tíma eign kirkjunnar sem ákvað að selja svolítinn skika frá sér. Af þessu spruttu töluverðar deilur innan hennar og fannst mörgum í sókninni prestur ganga of langt í sínum tillögum um söluna. Umræðan stóð um tíma og vissu margir sveitungar af henni og skeggræddu í sínum hóp. Vel má halda því fram, og það með nokkrum rökum, að út úr umræðunum hafi komið tveir flokkar í sveitinni og annar með sölu og hin algerlaga mótfallinn neinni sölu. Slaka- menn voru þeim megin línu sem voru alfarið á móti þessu og gættu sín á að gleyma ekki að minnast á „óréttlætið“, sem að þeirra áliti var við haft í málinu. Sem áhöld voru um hvort væri rétt er upp var staðið.

Á köflum var hart tekist innan raða kirkjunnar fólks. Svo hart að sveitungum fannst nóg um og til urðu lífsseigar sögur af þessum fundum í munnnum bænda

sem lifa fram á þennan dag. Eins og kjaftshöggvið sem presturinn átti að hafa gefið einum við borðið og vatnsglasið sem hinn ku hafa gripið til og skvett í andlit prests og svarað fyrir sig með þessum vota hætti. Allskonar sögur sem engin fótur var fyrir og hreinn uppspuni. Rétt er að hart var deilt en gert með rökum. Ekki hnefum, höggum, vatnsglösum, brotnum stól eftir högg á bak eins við borðið eins og látið var í veðri vaka úr munni manneskju sem tjáði sig um málið án þess að hafa sjálf verið á staðnum en talaði þó eins og svo hafi verið. Endalausar lygar. Allskonar dæmi sögð sem áttu að staðfesta rosalega óeininguna hjá kirkjunni og fólki hennar en var þó ekki til í reyndinni.

Umræðum lauk og menn komust að niðurstöðu. Prestur fékk sínu framgengt og orsakaði að einn úr hópnum reis á fætur og strunsaði á dyr og skelli hurðinni á eftir sér svo fast að hvein í:

„Óskaplega eru menn viðkvæmir „ – varð einum fundarmanna þá að orði og teygði sig í vatnskönnu á borðinu og hellt sér vatni í glas og saup á.

Vel má halda því fram að jörðin Klappsvík sé til orðin upp úr deilum og leiðindum og að svona staðhæfing sé hvorki ný né gömul heldur bara saga sem gerist í mannheimum.

Eftir umræður um útfærslu sölunnar, sem einnig fékk harða umfjöllun á fundunum, um það til að mynda hve stóran part jarðarinnar skildi á sölu sett, urðu menn ásáttir um að selja áður nefndum Þjóðmari Ölnissyni, umdeildan tuttugu hektara skika ásamt þessum tveim hekturum við fjallið og kveðja manninn til fundar við hópinn tiltekinn dag þrem vikum síðar. Manninum var send orðsending nefndarinnar sem á tilteknum degi reið í hlað ásamt Eðný Berghreinsdóttir unnustu sinni.

Fundurinn fór fram á heimili prests og þar upp á baðstofuloftinu yfir fjósinu og settust menn við borð sem kleinur og pönnukökum hafði verið komið fyrir á ásamt kaffi sem prestinum hafði áskotnast í síðustu bæjarferð og nýrri mjólk beint úr kúnum í fjósinu undir þeim. Mjólkinn var í seilingafjarlægð frá fólkinu en ekki kaffið. Fyrir því var meira haft.

Baðstofuloft prestsetursins var eitt svæði með fjórum rúmstæðum sitt hvoru megin og einfalt þil við endann sem stúkaði af hjónaherbergið og svefnstað presthjóanna með hurð á í miðjunni. Á gaflinum, sem brattur stiginn niður

stóð, var gluggi og einnig á miðju torfpaksins sitt hvoru megin með kvistunum sem þar voru. Gluggarnir juku birtuna inni á meðan dagsbirtu naut. Í nokkra ættliði höfðu afkomendur Þjóðmars búið í Klappsvík og lengst af lifað í sátt og ágætu samlyndi við aðra bændur sveitarinnar.

Deilan um skikkan við fjallsræturnar harðnaði og menn margoft búnir að tala sig upp í hita og gefa út allskonar yfirlýsingar eigin máli til stuðnings. Að endingu sá Bergsveinn þann kost einan eftir að afhenda dómara málið. Og Dönsk réttarhöld hófust sem enduðu á þann veg að hinn Danskættaði dómari kvað jörðina Klappsvík eiganda skikans við rætur fjallsins með réttu. Var Slaka- mönnum gert að yfirgefa svæðið með allt sitt en hugsuðu ýmislegt og sumum í Klappsvík þegjandi þörfina. Málið var geymt en ekki gleymt. Og Ísar Angantýrson varð samherji fólksins á Slaka sem áður hafði ekki verið þeirra bestu vinur fram að því. Vægt til orða tekið.

Málinu sem sagt lauk ekki þarna. Lórens Reifnirsson bóndi var aldrei sáttur niðurstöðunni og skildi með einhverjum hætti ná sér niður á þessum lúðum í Klappsvík, hvernig sem hann færi að. Tveim og hálfu ári eftir þennan atburð varð atburðarrásin til í kringum sauðinn í eigu Lórens og skuldinni skellt á Kára og ljúgvottar fundnir sem staðfestu eiðsvarnir að væri sami maður og þeir sáu daginn sem sauðurinn hvarf. Og málið hófst og endaði með sakfellingu saklauss manns sem í stað frelsis og sýknudóms hlaut tíu ára fangelsisdóms og afplána í Dönsku svartholi. Hver að baki bjó hafði Kári né aðrir í kringum hann enga hugmynd en Kári, fastur í sinni þrú, ákveðin í að komast að hverjir væru.

Við hellinn.

Kári gekk í land. Úr votum buxum hans lak. Vera hans á klettinum varð lengri en hann hafði búist við. Þótt einkennilegt sé að tala svona að þá varð hann ósköp feginn er hann gekk að gærhurðinni og ýtti í sundur og smeygði sér á milli þeirra og fleygði sér í heimagert rúmið sem honum fannst notalegra en oft áður. Já, virkilega þægilegt. Lærið stóð á sínum stað í pottinum. Hann fengi sér að eta eftir örlitla hvíld. Fuglarnir sem gjarnan settust á brún syllunnar komu og biðu þess að hellisbúin kíkti út til þeirra. Er mannum dvaldist upphófu sumir fuglanna „ söng „ sem Kári orðið þekkti en lét ekki undan og lá áfram þar sem hann var. Enda talsvert þreyttur eftir atburðinn fyrr um daginn og spennunnar sem hann lifði. Um stund hélt fuglasöngurinn

áfram. Venjan var að þeir hyrfu burt af syllunni drægist um of hjá honum að láta sjá sig. Kári reiknaði með hinu sama í þetta skipti. Villtir fuglarnir voru orðnir vinir hans sem honum þótti ósköp vænt um. Hljóð dýranna rétt í þessu yljaði honum um hjartarætur. Hvað sem mönnum kann að finnast að þá leið honum vel og var alsæll. Gullmolarnir hans mættu og umbreyttust í sönn verðmæti. Og hann bað til Guðs sem endurvakið hafði trúna í brjósti hans. Kári datt í djúpan svefn.

Nokkrum klukkutímum síðar vaknaði hann upp með andfælum við umganginn á syllunni og stökk framúr rúminu og greip lurkinn albúinn að nota hann á manninn eða mennina sem komnir voru. Kominn var morgunn og hann sofið eins og steinn alla nóttina án þess að rumska fyrir en nú. Hann kom sér fyrir í dimmasta hluta hellisins og fylgdist með gærunum. Fingurnir gripu þéttingsfast utan um skaft kylfunnar. Hnúarnir hvítnuðu af auknu og ósjálfráðu gripi puttanna. Hönd kom á milli gæranna. Kári setti kylfuna í höggstöðu. Gærurnar færðust hvor frá annarri. Lítil rifa myndaðist og stækkaði. Grip fingranna um skaftið varð svo fast að Kára verkjaði. Sviti spratt fram á enninu og hjartað barðist í brjóstinu. Áhyggjufullt andlit gægðist á milli tveggja gæra og leit inn í dimman hellinn án þess að koma auga á neinn inni. Augun í gættinni urðu döpur við það sem fyrir þeim blasti og hellirinn að þeirra dómi mannlauus. Bros færðist á andlit Kára sem nú sá hver kominn var. Hann læddist fram og bar fingur upp að vörum sínum og stakk höfðinu ofurvarlega út og leit fram á sylluna. Annar maður var með hinum.

Komnir voru bræðurnir Ráðvarður og Rósant. Síðast er mennirnir funduðu ákváðu þeir að hittast aftur þennan dag enn allt útlit fyrir að breyttist með veðurhamnum síðastliðna daga sem nú var gengið niður og þeim ekkert að vanbúnaði að leggja á hrossin, slá í og láta þau brokka með sig út á tangann. Á fundastaðnum var engin sjáanlegur og setti ótta að bræðrunum. „Hvað kom fyrir Kára? „ - Spurðu þeir hvorn annan. Áhyggjurnar leyndu sér ekki í svipnum.

Kári hafði gleymt sér vegna fyrri atburðar og sofið lengur en hann ætlaði sér. Hvað á daga hans hafði drifið vissu bræðurnir lítt um og þeir því skundað léttfættir að bjargbrúninni og klifið niður á sylluna til að athuga sjálfir stöðuna. Og hvað vissu þeir nema Ísar og fantar hann hefðu komið og fært manninn brott og Kári á leið til Danmörku með skipi og aflánun dómsins framundan. Ísar og menn hans höfðu fulla heimild fógeta upp á vasann til að handtaka

dæmdan manninn og flytja brott með sér hvar og hvenær sem hans yrði vart. Leitinn hafði en engan árangur borið hjá leitarmönnum en var hvergi lokið. Ísar og Lórens sæju til þess.

Kári og félagar hans

4 kafli

Kári steig út á sylluna og nuddaði stírnar úr augunum. Gæruhurðin hreyfðist ekki eins og var á meðan vindurinn stríddi henni og vildi leika sér við skinnið sem hékk fyrir hellismunnanum. Hann var glaður í lund. Aldan var horfin og hafið slétt hvort sem horft var til norðurs eða suðurs og allt umhverfi andstæða þess sem verið hafði nokkrum dögum fyrr er útsýnið allt var merkt úfnu og bylgjóttu hafi og lítt uppörvandi sem hann gat ekkert gert í til að breyta og varð því bara að bíða af sér. Ekki var hann Guð né réði gangi veðra og vinda? Honum bar sem manneskju þrátt fyrir erfiðar kringumstæður að lifa í veðri sem gildi. En dagurinn færði honum svolítið. Tvo menn sem stóðu brosandi og fögnuðu yfir að sjá hann. Sanna vini.

Menn féllust í faðma og þrýstu hvorum öðrum þétt upp að sér. Piltarnir höfðu sýnt það á umliðnum vikum að vera traustir menn og tilbúnir að taka því sem fylgdi að veita honum, dæmdum manninum, stuðning. Ekkert hefði getað komið í veg fyrir, er Kári og bræðurnir fyrst hittust, að þeir stigju sem skjótast á bak fákum sínum og þeystu á harðastökki og í miklum rykmekki burt til að segja frá honum og leitarflokkur skömmu síðar mætt á tangann og gert skipulega leit að eftirlýstum strokufanganum og handtekið. Tanginn var ekki stór og með viljann að vopni og ásetningi hefði hellirinn fundist. Annað var óhjákvæmilegt. Og svona hefði þetta getað orðið en gerðist ekki. Kári hafði enn ekki upphugsað annan stað til að fara á fyndist þessi og átaldi sig fyrir kæruleysið.

Að leiðir þeirra skildu hafa legið saman er saga að segja frá. Eitt sinn er Kári kleif sylluna upp á bjargbrún gekk hann lengra burt frá hellinum en venja var. Á sama tíma gengu þessir tveir ungu menn á sömu slóðum með hesta sína í taumi. Hvorugir vissu af hinum. Mennirnir voru í hrókasamræðum er Kári skyndilega stóð andspænis þeim og fyrir hann bara tvennt í stöðunni. Taka á sprett eða ganga áfram eins og frjálsir menn gera og freista þess að þeir hefðu ekkert frétt og þekktu sig ekki. Reyndar ólíklegt í því ljósi að um fátt var meira talað á meðal fólks í grennd. Hvað annað átti hann að gera horfandi framan í tvo unga menn sem var jafn brugðið og honum sjálfum. Mennina hafði hann aldrei áður augum litið né vissi nein deili á. Hið merkilega við ástandið var hversu rólegur hann var og jókst rósemdin með brosinu sem kviknaði á andlitum strákanna horfandi á manninn sem eins og jörðin hefði skotið upp á yfirborðið með einhverjum undarlegum hætti. Af öllu fasi virtist um vænstu drengi að ræða, og var rétt skilgreining. (Er félagarnir rifjuðu andartakið upp nokkrum árum síðar sagði Rósant að hann hefði gjarnan viljað sjá holuna sem kom er jarðvegurinn skaut Kára upp. Svo skyndilega og óvænt birtist hann að annað gat vart verið inn í myndinni. Að þessari frásögn gátu þeir endalaust hlegið):

„ Sæll veri maðurinn. Á hvaða ferð eruð þér fótgangandi í óbyggðum? „ – spurði annar mannanna sem kom í ljós að hét Rósant.

Kári varð vandræðalegur en reyndi að láta á engu bera. Stakk höndunum í vasann til að vinna sér augnabliks tíma og dró upp litla skinnpjötlu og velti í lófa sínum. Hann þurfti smávegis svigrúm til að hugsa næsta skref. Þar sem honum hugnaðist ekkert snerist hann á hæl og gerði sig líklegan til að hlaupa. Vissi um felustað í nágrenninu sem hann gat leynst í. Til þessa kom þó ekki og bað Rósant hann að vera rólegan og fara hvergi. Þeir væri friðsemdarmenn sem hann gæti treyst. Kári tók þá á orðinu stansaði og snéri sér rólega í átt að þeim tortrygginn og tilbúinn í sprett þyrfti þess. Hvað vissi hann um þá? Ekkert. Annað reyndist búa að baki heldur en að koma sér undir manna hendur. Og samræður hófust.

Í fyrstu var samtalið varkárt, stirt, merkt tortryggni og íturgætni en varð liprara. Kári var óstyrkur í framkomu en róaðist fljótt og komst í jafnvægi. Mennirnir spjölluðu um eitt og annað og samtalið byrjaði að dragast nær raunveruleikanum og hví hann væri hér og hverra erinda. Og réttarhöldin komu til tals, ósanngjarn dómurinn og flóttinn en þó ekki íverustaðurinn sem

Kári ákvað að nefna ekki né gaf neinar vísbendingar um hvar væri. Þarna hófst samstarfið milli þeirra þriggja. Rósant og Ráðvundur höfðu eins og aðrir menn heyrt söguna í stórum dráttum og grunaði samstundis, er Kári stóð skyndilega frami fyrir þeim, að væri þessi eftirlýsti og dæmdi maður sem allar þessar sögur fóru af.

Bræðurnir voru heiðursmenn og honum sannarlega hliðhollir og trúðu á sakleysi hans og svo varkárir og gætnir að engin manneskja heima vissi um þessar ferðir þeirra, utan Gissunnar Þrymsdóttur móðir piltanna sem á sinn hátt aðstoðaði Kára í gegnum þessa syni sína með þrjónafatnað og matarögn ef afgangs var og var manneskjan sem komst yfir flestar gæurnar sem héngu fyrir opi hellisins. Allt á laun. Fréttin mátti ekki ná lengra. Hún varð að stoppa þar. Líf og limir einnar manneskju var í veði. Þagmælska yrði hlutskipti hópsins uns yfir lyki. Of mörg eyru voru á of mörgum allt í kring til að neitt kæruleysi fengi viðgengist. Undir vissum kringumstæðum er fáum treystandi. Þetta vissi fólk. Alger þögn ríkti um verk bræðranna og manninn á tanganum og hellinn, íverustað hans.

Heimili Gissunnar og sona hennar, hjónin áttu sex önnur börn, var fjölmennt íslenskt sveitaheimili og margfaldaðist fólksfjöldin á sumrum með sumarfólkinu sem til þurfti í heyskapinn. Fyllstu gætni varð að viðhafa á hverjum degi og hvaðeina sem ræða þurfti að gerast á öruggum stöðum og fjarri nálægum eyrum sem gátu leynst á ólíklegustu stöðum. Hver var á bak við þessa hæð og klettinn þarna sem við samræðurnar eyrun sperrtust á og áhuginn magnaðist upp í við orð sem þau námu og þóttu krassandi. Og sagan um Kára var fyrir margra kræsileg sem mögulega mátti hafa út úr aur með því að láta rétta aðila vita. Aldrei var að vita hver færi og margt fólk sem gæti brúkað upphæðina sem boðið var tækist að handsama fangann. Upphæð sem fæstir eignast af vinnu handa sinna einni saman. Til þess voru öll laun of lág. Þarna var freisting fyrir margan manninn. Varlega, varlega, varlega. Ofurvarlega var viðkvæðið. Vera með augu í hnakkanum og eyru sem greina aðstæður og kringumstæður á hverju andartaki án undantekninga. Sjálf frétti Gissunn af einstaklingi, nafn fylgdi ekki fréttinni, sem kom á fund yfirvaldsins í sveitinni og sagði hafa fréttir að færa og kom í ljós að tilheyrði dvalarstað Kára. Ísar og flokki var þegar gert aðvart sem hlupu til og riðu hraðreið þangað en gripu í tómt. Á staðnum voru engin merki neinnar mannavistar. Uppljóstrarinn varð eðlilega af fénu og mátti sjálfur þakka fyrir að verða ekki hýddur og fá ofan á hýðinguna dóm fyrir að veita yfirvaldinu rangar

upplýsingar. Kannski voru fleiri svipaðar fréttir í umferð. Sjálf hafði hún enga aðra álíka frétt heyrt sem mátti telja örugga tengd máli Kára.

Menn á ferð um sveitina höfðu margoft rekist á uppnegldar tilkynningar með teiknaðri mynd á af fanganum sem sumir könnuðust við en aðrir höfðu aldrei áður séð en festust æ betur í minni eftir því sem þeir sáu þær oftar. Tilkynningarnar héngu á mörgum stöðum sem mönnum fannst fara sífellt fjölgandi og benti til áherslu yfirvalda á að ná þessum „ ódám „ og stinga í steininn. Að Ráðvarður og Rósant skytu skjólshúsi yfir eftirlýstan mann og í ofanálag „ fant og fúlmenni „ var fólkið grunlaust um. Ekki þessir strákar né Gissunn jafn inndæl og blíð og hún var sem aldrei skipti skapi og bara brosti framan í lífið og tilveruna. Og grunlaust fólkið heima fyrir spurði engra spurninga né heldur hvert bræðurnir færu í reiðtúrum sínum og nú upp á síðkastið með hnakktöskurnar spenntar aftan á hnakka sína sem ekki var áður en orðin fastur liður á ferðum þeirra um þessar mundir. Um næturferðirnar hafði heldur engin heima hugmynd sem farnar voru með fæðu í poka sem ekki komst fyrir hnakktöskunum og beita þurfti öðrum ráðum við. Móðir þeirra vissi um þessar næturferðir strákanna en ekki nákvæmlega hvenær þær voru farnar. Of mikið vildi hún einfaldlega ekki vita. Nóg vissi hún samt. Með þessum hætti komust gærurnar fyrir munnann til skila og þurfti stakan burðarklár sem bar gæruhúguna á baki sér. Talsverð útgerð þar.

Að engin heyrði hófadyn á þessum tíma sólahringsins var vegna þess að hestarnir voru teymdir út á öðrum stað en venjulega og gengið með þá í átt að hólnum sunnan við bæinn og í skjóli hans stigið í ístöðin og sest á bak og riðið rólega beint í suður um hálfan kílómetra og stefnan þá tekin í norður til mótsstaðarins þar sem flóttamaðurinn beið. Slakkinn, rennan, eða hvað skal nefna þetta, á þessum stað jók öryggið og þeim kleyft að leynast og vera í engu sjónfæri heiman frá sér. Þetta skipti miklu máli. Sami háttur var hafður á í bakaleiðinni um þrem klukkutímum seinna. Eftir aðstæðum.

Að þeir sætu sem oftast með hinum við morgunverðarborðið jók grunleysi fólksins þótt stundum væru þeir lítt sofnir og þreyttari en leit út fyrir.

Við lá að til þeirra sæist er þeir leiddu hesta sína út fyrir hornið og rétt náðu að skjóta sér aftur til baka er vinnumaður sem lengi hafði unnið á bæ foreldra þeirra brá sér grútsyfjaður út undir vegg til að kasta af sér vatni sem þeim fannst taka óratíma hjá honum bíðandi við sama húshorn eftir að

mannarmurinn lyki sér af. Hátt og hveltt prump barst þeim frá grunlausu mannreyinu upp við húsveggin í nóttinni. Atvikið gerðist í einum af fyrstu ferðum strákanna út á tangann. Eftir þetta tóku þeir upp þann sið að kanna aðstæður og fara ekki fyrr heldur en umhverfið væri örugglega autt. Skipulag viðgekkst í þessum litla hópi og var Kára mikilvægt að héldist.

Að tveir samrýmdir bræður spenntu hnakka á bak hestum og stigju á bak og létu fákanna spretta hressilega úr spori og væru fjarverandi í stuttan eða langan tíma var fólki á bænum alvanalegt. Ferðirnar til Kára féllu í augum heimamanna undir reiðtúra strákanna og ekkert annað. Þetta voru bara Ráðvarður og Rósant sem í bjó svolítið flökkueðli sem að sögn föðursins var komið frá móðurunni, ekki honum. Aðspurður út í nákvæmlega þetta atriði.

Dagarnir liðu hverjum öðrum líkir með verkum á bænum og ferðum bræðranna til strokumanns. Þeim var og kunnugt um vopnaðan leitarflokkinn sem fór um sveitirnar eins og þefvísir hundar en er kom að málefni Kára, með stífluð nef. Höfðu og heyrt um hörku Ísars og tjónkun hans við Dansk yfirvald sem margur landinn hafði horn í síðu á og ekki að öllu ástæðulausu, en aðrir, örfáir, smjöðruðu fyrir og bugtuðu sig og beygðu í von um bitling. Þessir menn urðu oft að óþægum ljá í þúfu landsmanna með ódælli framkomu og stundum yfirgang og gengu oft lengra en yfirvöld báðu.

Ekki var laust við að svita gætti á enni Gissunnar er tíu manna hópur leitarmanna reið í hlað og hún hitti fyrir utan fjósið berandi þaðan út hálffulla mjólkurfötu heim í bæ. Forsprakkinn stöðvaði mäsandi klárinn við hlið hennar og spurðist fyrir um ókunnar mannaferðir um svæðið síðastliðnar vikur eða merki mannavistar í námunda við bæinn. Ísar stakk hendi sinni í einn vasa treyju sinnar og dró þaðan upp vindil sem maður við hlið hans kveikti í fyrir hann úr eign eldspýtnastokki, fullur þjónustulundar og augnþjónustu. Maðurinn á hestinum beið óþreyjufullur svars. Harkan skein úr augum hans þó röddin væri kurteis. Einnig fór um hana ónotahrollur er Ísar spurðist fyrir um syni hennar tvo sem ku vera mikið á ferðinni á þessu svæði og þekkjá dável og hvort þeir væru heima. Kvað hún svo ekki vera og spurði: „ Hvað viljið þér þeim, herra minn?: „ -

„ Svo sem ekkert nema að fá þá til liðs við okkur til að herða á leitinni og fá kembt stærra svæði í einu og með fleiri hestum og mönnum. Annað ekki. Fyrst piltarnir eru ekki viðláttnir er fátt eftir nema kveðja og slá í kláranna og halda

áfram. Verið þér sælar frú mín og væntum við að þér látið okkur vita sjáist til óvenjulegra mannaferða í grennd við yður. Er fanginn enda hættulegur. Ekki viljum við að þér né fólk yðar verðið fyrir skaða af hans völdum. „ – Ísar glotti við tönn og með honum Bjólfur og Aspar sem greip til vínpelans í vasa sínum og saup hressilega á. Ropinn stökk hratt út um munn hans á meðan hann skrúfaði tappann á pelann og stakk aftur á sig, orðin greinilega ölvaður.

Gissunn svaraði Ísari engu en nikkaði höfði sem skilja mátti sem samþiggi. Strax hafði hún áhyggjur á sonum sínum á meðan mennirnir enn voru á bókum ókyrra klára sinna sem bitu í mælin, blésu í nasir og vildi ólmir halda förinni áfram. Hrossin voru ólm af vilja og ferðafýsi og miklir stólpagripir allir saman, sem ekki leyndi sér. Ögn bættist við þessar áhyggjur hennar er hún sá í hvaða átt hópurnir reið er bæjarhliðinu sleppti og menn búnir að ákveða sig hvert skyldi halda. Vel gat gerst að leiðir þeirra lægju saman þó bræðurnir hefðu verulegt forskot á hópinn sem hún vonaði að héldist.

Ísar og menn hans höfðu völd beint frá yfirvaldinu og gátu, hugnaðist þeim, skikkað menn, hvern sem á vegi þeirra varð, til að gera það sem krafist var af þeim undir svona kringumstæðum ellegar eiga á hættu að enda fyrir framan dómara sem skæri úr um saknæmið og gat dæmt menn hvort heldur var til fangelsisvistar eða fjársektar og hárrar sektar, væri því að skipta. Að lenda á svona flokk og neita forsprakkanum um aðstoð krefðist hann krafta manneskjanna gat haft sinn eftirmála og hafði líka gerst og endað með fjársekt. Þó ekki fangelsis, svo vitað væri.

Bóndi hennar bar að í þann mund sem mennirnir riðu burt sömu leið og þeir komu. Hann spurði um erindið sem hún sagði honum: „ Þeir hafa nú leitað Kára í nokkrar vikur. Ætli hann sé ekki bara dauður kallinn og hrapað fyrir björg „ - Maðurinn tók upp neftóbaksbark gert úr kindahorni og stakk endanum upp í aðra nös sína saug og gekk svo frá á sama stað:

„ NEI!!! „ - sagi hún snögg. Eiginmaðurinn leit spyrjandi á hana og spurði: „ Þykist þú vita um málefni Kára flóttamanns? „ - Hann dró vinstra auga sitt í pung og horfði á hana rannsakandi augnaráði. „ - Hún leit til hans til að ljúka þessari umræðu: „ Heyrðu! Nú mann ég. Ein kýrin er komin að burði sýndist mér er ég var þar áðan. Viltu ekki kíkja á hana gæskurinn minn og athuga hvort ekki sé allt í lagi hjá henni blessaðri. Sé hún borinn fáum við brodd í kvöld. Ekki ónýtt það? „ - Gissunn brosti til hans:

„ Er Búkolla loks að koma með sitt. Lít á hana. „ - Maðurinn yfirgaf frúnna en stoppaði við fjóshurðina eins og til að tala meira við konu sína en hélt svo áfram inn í fjósið gegnum dyr vinstra megin við dyrnar inn í íbúðarhúsið. Gissunn gekk inn í bæinn og hengdi mjólkurfötuna á krók sem hékk niður úr eldhúsloftinu á jarðhæð. Skorsteinn tók við hluta reyksins og flutti út. Samt var talsverur reykur eftir inni af eldinum sem logaði í eldstæðinu og brauðið bakaðist við. Heimiliskötturinn nuddaði sér upp við fætur húsfrúarinnar og mjálmaði er hann sá hana koma inn með fötuna með mjólkinni í.

Atvikið sem hér var greint frá var ekki gamalt og gerðist skömmu áður en síðasta óveður gekk yfir. Í því fuku þök húsa af á að minnsta kosti tveim bæjum. Var enda fátt hægt að gera í öllu þessu óveðri en að halda að sér höndum og bíða átekta. Sem að einu leiti var Kára gott. Leitarmenn hurfu til síns heima og biðu. Hvar leitarhópurinn nákvæmlega var niðurkomnir um þessar mundir var erfitt að vita neitt um en nokkuð ljóst að var á stjái hvort sem var í grennd við sylluna í berginu á tanganum eða lengra í burtu. Væru Ísar og kújónar á þessu svæði gat allt gerst á augabragði og maðurinn á syllunni komin í bönd eins og hendi væri veifað og undir strangt eftirlit jafnvel hóps varða með enga von um frelsi. Kári var hvergi hólpinn og varð áfram að gæta hvers skrefs og kíkja fyrir hvert horn og yfir hverja hæð áður en hann hélt áfram. Það fann hann vel og styrktist í, eftir að hafa heyrt fréttir strákanna sem voru svo gott sem glóðvolgar og bara fáeinna daga gamlar. Hið góða við óveðrið var að það hrakti mennina burt af svæðinu. En nú voru þeir máski komnir aftur.

Vera Rósants og Ráðvarðar varð að óborganlegri stund þarna á syllunni þó á stað væri sem á vissan hátt var eymdin sjálf. Hefði Guð ekki vitjað Kára og opnað honum leið til sín, jah, þá væri margt í öðrum og verri farvegi. Kári var því maður þakklætis sem þrátt fyrir..... gat þakkað hinum hæsta margt.

Mennirnir drifu sig sem skjótast inn í hellinn eftir að Ráðvaður leit andartak til norðurs og út á sjóinn og komið auga á bátanna fimm sem komu siglandi af hafi. Þessir knerrir höfðu verið að frá því snemma um morgunninn og dagsverki mannanna að ljúka. Nú kom sauðaketið í pottinum sér vel og settust þremmingarnir að snæðingi og átu restina af ketinu. Sótti enda sulturinn að og gott að fá satt hann. Svólítið kyndug staða með sauðaketið og endaði með því að mennirnir þrír horfðu hverjir á aðra og brustu svo í skellihlátur og urðu að hætta átinu á meðan og hirtu ekkert um það að hugsanlega heyrðust

hlátrarnir upp stæðu menn á bjargbrún beint yfir munnanum. Er hláturgusan var um garð genginn og mennirnir aftur komnir með kjötbíta í hendurnar bar Rósant Kára kveðju frá Gissunni um að réttlætið næði fram að ganga í máli hans: „ Amen „ - heyrðist þá af munni hans og varð til þess að hinir litu snöggt upp. Ekki svo að skilja að orðið „ Amen „ - væri þeim sjálfum framandi en að heyra það úr munni Kára var það. Þeir reiknuðu með að Kári vildi lítið vita af Guði í sínum kringumstæðum. Annað kom á daginn.

Ráðvarður gekk að gærunum og bjó til litla rifu með spýtukubbum efst og leit út á sjóinn. Bátarnir fimm sigldu í einni í halarófu og stefndu inn fjörðinn. Förin fimm voru misstór og réru tveir menn einu, fjórir menn öðru og sex menn þeim þrem sem eftir voru auk stýrimanns sem sat í skut allra faranna. Að fylgjast með þeim var mikilvægt og aldrei að vita nema einhverjir bátar, kannski allir, tækju stefnuna í land vegna rekans sem þar fannst á dögnum og karlarnir áreiðanlega höfðu haft af fregnir. Venjulega vöktu fréttir af reka athygli bændanna innst í firðinum sem þegar byrjuðu að hugleiða að sækja meira af og nýta heima. Trjáboli mátti nota til margvíslegra þarfa eftir að búíð var að fara um þá höndum og ekki bara sem gott girðingarefni heldur einnig til nýbygginga og viðhalds bygginga. Sumir bændanna áttu til stórviðarsagis sem tvo menn þurfti til að nota og stóð annar upp á bolnum en hinn beint undir honum sem samtaka söguðu stofninn enda á milli í þykktum sem menn töldu heppilegar í þetta og hitt verkið.

Það sem allir á syllunni óttuðust gerðist. Bataflotinn stöðvaðist og sást tvíæringurinn snúa við og stöðvast við einn sexæringinn og mennina á bátunum ræða saman. Og viti menn. Allur flotinn tók stefnuna beint til lands. Að hlaupa núna út og klifra upp á brúnina var hættulegra en að vera kyrr þar sem þeir voru. Nú var brýnt að fylgjast með og bíða átekta. Kári veitti því athygli að Rósant dró hníf úr slíðri við mjöðm sér og hélt um skaftið. Hann snart handlegg hans og benti honum að slíðra hnífinn. Sem hinn varð við.

Flotinn kom nær. Hann hvarf við bjargbrúnina og sást ekki þaðan sem þeir voru. Eyrún námu hljóð og heyrðist mennirnir tala og stundum hrópa hverjir á aðra: „ Hér er rekaviður „ – barst til þeirra í hellinn: „ Þetta er svo lítil bolur drengur minn að vart tekur því að taka hann í tog. Höfum við drengir ekkert skárri í fjörunni en þetta? „ - Heyrðist í öðrum. Á þessum nótum voru köllin í köllunum og ljóst að ekki var um auðugan garð að gresja í þessari fjöru í alltént þetta skipti sem gaf sína þægindatilfinningu og líklegt að mennirnir

dveldust ekki lengi í flæðarmálinu og héldu fljótlega heim á leið. Sem og varð raunin. Bátarnir komu aftur fram við bjargbrún einn á eftir öðrum uns allir fimm sáust og stefndu á beygjuna innar í firðinum. Einn bátanna dró litla drumbinn á eftir sér. Menn sleppa ekki happafeng þó lítill sé í öllum timburskortinum í landinu. Litli bolurinn gat vel innhaldið um tuttugu girðingarstaura. Enda nógu langur til að taka í tvennt í miðjunni og tvöfalda stauramagnið. Rétt er það að sést hafa gildari tré rekin á land í íslenskrar fjöru.

Aftur var Kári á fríum sjó og aftur má segja að hurð hafi skollið nærri hælum. Í svona kringumstæðum gat raunverulega allt gerst þó ekki væri nema að einum bátsverja dytti í hug að fara í land og skoða sig ögn um. Hér fengu Ráðvarður og Rósant svolítinn smjörþef af því hvað Kári mátti þola og við hvaða aðstæður hann í raun og veru bjó með þetta vofrandi yfir sér hvenær sem var. Þeir sáu nú hve brýnt var að hafa upp á réttum sökudólg, setja málið aftur í ferli í dómskerfinu og hreinsa saklausan mann af sínu sakarefni og gefa frelsi. Málið var erfitt viðfangs og fátt komið í ljós til að byggja á nýja rannsókn.

Minningabanki Kára

5 kafli

Bátarnir stefndu allir inn fjörðinn. Mennirnir í hellinum biðu uns beygjan fyrir nesið og róðurinn lengra inn eftir hafði gleypst báta og mannskap. Þá fyrst töldu þeir sér óhætt að stíga út á sylluna. Hellirinn sjálfur og loftleysið inni ýtti á mennina að koma sér út í ferska loftið fyrir utan munnann undireins og færi gafst. Hangandi gærurnar var sín hindrun fyrir eðlileg loftskipti. En stundum hagaði aðstæðum þannig til að betra þótti að hafast við mínútunni lengur og var einn hlekkurinn í varnaráætlunar Kára er óvænt bar að: „Var það maður sem ég sá þarna við klettinn eða missýning? „ - gat orðið að spurningu sem glíma þurfti við og hæglega á eftir umbreyt í háska væri farið úr öryggi skjólsins til að kanna málið og verða svo gripinn. Hve margt fólk hafði sofandahátturinn ekki hert hnútinn hjá? Kári þekkt nokkur dæmi úr sinni sveit. Og nú var málið alvarlegra en áður og ríkari ástæða til að fara að öllu með mestu gát.

Að Kári hafi ekki mætt á staðinn eins og talað var um var gleymt og sjokkið sem Ráðvarður og Rósant fengu einnig. Með sannleikanum komst allt í þeim aftur á sinn stað. Um mannlega gleymsku var að ræða. Ekkert alvarlegt.

Atburðarásin sem hann upplifði tók yfir hjá Kára að ekkert nema hún komst að. Svo óbærileg spenna kom með bátsverjunum tveimur sem sigldu svo nálægt honum að svipbrigði beggja andlitanna sáust þaðan sem hann lá. Skiljanlegt var að margt gleymist í slíkum yfirspenningi og að loks, er hættan var að baki, að fyrri yfirlýsingar færu fyrir ofan garð og neðan og að allt gleymdist.

Ráðvarður og Rósant upplifðu sjálfir eins og högg á hjarta sitt er þeir komu á fyrirhugaðan fundarstað og engin Kári sjáanlegur. Hvað áttu þeir að gera og hvað hafði gerst? Staðan var ægileg. Allskonar hugsanir gripu í þá og hristu duglega til. Áhyggjurnar óðu um allt í þeim. Allt vegna Kára sem ekki var á staðnum eins og menn sammæltust um á síðasta fundi. Bræðrunum fannst öll óhreinindi sem til væru hellast yfir sig á sama augabragði og kaldan svitann spretta fram á ennum sér af tómri geðshræringu.

Skyndilega var eins og fokið í flest skjól og að þeir sæju enga leið út. Hvað gátu þeir gert og hvað til bragðs að taka? „Var búið að handtaka Kára, kannski lifláta? „ – Svona hugsanir gripu huga þeirra og fæstar merktar visku né stillingu heldur þvert á móti óveðri, stormi og ólgu manna sem sjá ekki leiðina og vita ekki hvert stefni og blindaði þeim alla sýn.

Á staðnum litu þeir í kringum sig tilbúnir að slá í kláranna og hleypa sem hraðast í burtu væru minnstu merki um eftirlitshóp og leitarmenn á staðnum. Að betur athuguðu máli afskrifuðu þeir þetta og urðu sannfærðir um að væri ekki raunveruleiki og önduðu léttara.

Hröð og mikil atburðarás gerðist í einni svipan og allt í einum graut.

Þegar vandræðin voru hvað mest og aðstæður vildu drekkja öllu í sér sjálfu kom sjálft hjálpraðið. Mitt í hringrás örvinglunar og vandræðagangs barði viskan að dyrum og fékk þá til að hugsa rökrétt og bregðast skjótt við. Viskan færði þeim ráð sem gekk upp og sannleikan á fati. Kannski ekki úr silfri. Þeir tóku í beislistaumanna. Hestarnir hlýddu og stöðvuðust og jöpluðu á mélunum upp í sér hinir rölegustu. Strákarnir stukku af baki og tóku til fótanna í átt að bjargbrúninni þar skammt frá. Í fátinu gleymdist sendingin ætluðum hellisbúa. Skítt með hana. Hún mátti bíða stundarkorn.

Eftir nokkra metra sprett mundi sem betur fer Rósant eftir hrossunum og hljóp til baka og batt þau saman á tögulunum og hvatti Ráðvarð til að tefja ekki heldur halda för áfram og hraða sér sem mest hann mætti. Þeir yrðu að fá skjót svör. Sagðist koma á eftir honum undireins og hann lyki verkinu. Hafi leitarmenn þegar fundið Kára var allt eins víst að næst kæmi að þeim sjálfum og Gissunni móður þeirra sem samkvæmt lögum voru öll sek um yfirhylmingu dæmde manns. Að tjóðra hrossin var nauðsýnlegt upp á eftirleikin. Kæmu þau heim í hlað mannlaus - jah - hvar enduðu þau ósköp öll?

Ráðvarður náðir bjargbrúninni og kleyf móður og mäsandi niður einstigið á syllunni og stóð við gæruhurðina sem hrakti Kári inn í myrkasta hluta hellisins með kylfu reidda til höggs. En þarna endaði geðshræring Ráðvarðar sem aftur gat á heilum sér tekið. Örvænting liðinna mínútna breyttist í fögnuð er íbúi hellisins gekk út úr rökkrinu. Að Kári bæri barefli og mikinn lurk í hönd sinni varð hann ekki hissa á. En hér voru vinir á ferð, engir óvinir.

Allir önduðu léttar.

Rósant og Ráðvarður tóku gríðarlega áhættu og voru í augum yfirvaldsins hættulegt fólk sem og öllu réttlæti í landinu:

„ Fáí svona fólk að vaða uppi átölulaust hvernig er þá hægt að halda aga á liðinu? „ - Heyrðist stundum talað í ranni yfirvaldsins sem útvaldir menn komu annað veifið saman í til að setjast að drykkju og kveikja sér í píputóbaki og vindlum og spila á spil og stundum um hluti sem lagðir voru í "pott" og engu skipti þótt heyrðu til ólánsama fólkinu sem gat ekki greitt en persónulegi hringurinn eða hálsfestin gerði og var tekin traustataki í laganna nafni. Fyrir kom að munir þessir lægu í potti manna sem supu á krydduðum veigum, hlógu stórkallalega og gortuðu á fjórða glasi af árangri í þessari aðgerðinni og hinni og létu eins og ættu þeir sjálfir allt sem fólki reiddi fram og mættu ráðstafa að vild í reglulegum sukk- veislum sem haldnar voru. Spilamaðurinn sem vann sitt spil tók hlutina sem lagðir voru undir í spilinu og stakk í eigin vasa. Og hver af þeim hugsaði um það? "Smotteri " sögðu þeir.

Oft kom fyrir að Ísar sæti í þessum hóp og með honum dyggir undirmenn hans þeir Bjólfur Hauksteinsson og Aspar Fannarsson. Spilamennskan né það sem spilað var um olli engum þeirra andvökunótt. Voru þeir ekki yfirvaldið? Einstaka sinnum sat með þeim að sumbli Lórens Reifnirson bóndi á Slaka.

Á syllunni framan við hellinn var allt afstaðið og menn komnir til sjálfs síns í friði. Kyrrðin blasti við allt um kring.

Komin var sá tími að fuglarnir birtust. Undanfarna daga hafði tímasetningin verið nákvæm. Kári tók sólarhæðina og sá af henni að tími þeirra væri kominn. Þarna sáust þeir á flugi og flugu í nokkra hringi og lækkuðu sig svo og tylltu löppum á syllubrún. Tilbreytingin var ekki það sem einkennið hópinn. Þvert á móti vanafestan.

Eftir að þeir voru sestir þagði hópurinn og naut dvalarinnar. Einu hreyfingarnar voru vængteygjur og hausar sem nudduðu goggum við bringur. En ekki lengi. Andartaki síðar gerðu þeir vart við sig með hljóðum til að kalla íbúann fram. Enda engin meaning að maðurinn léti ekki sjá sig og léti þá, já þá sjálfa, bíða. Þeir voru komnir til að heyra þessa ákveðnu mannrödd sem bar að virða án minnsta mótþróa. Aldrei var heldur að vita nema lifrabiti leyndist í hendi þeim ætluðum. Að ekki sé talað um flís af soðnu keti. Fuglinn sem fyrstur kom að bitanum breyttist á augabragði úr rólyndis skepnu yfir í gleypandi gogg og hávaða og frekju dós. Hér gildi að láta aðra verða af og fá sjálfur allt. Engin miskunn, engin kærleikur, engin eftirgjöf, bara gleypa það sem að goggi kom án hiks og samviskubits. Andartaks hik gat merkt að annar en hann sjálfur fengi bita og var óásætlanlegt og ekki inn í myndinni er lifraflís stóð til boða og eða soðin ketögn:

„ Hvað? Kominn með bústofn? „ - Ráðvarður gæðist út um rifuna til að fyrst og fremst að skanna sjóinn, hvort hann væri örugglega mannfrír og sá er síðustu tveir fuglarnir settust og hina bíða á syllubrún og suma í hópnum nudda goggum við bringu sína eins og til að fjarlægðu eitthvað sem þar hýsti sig óboðið:

„ Eru þeir mættir? Ekki get ég sagt að þeir tilheyri eigin bústofni. Hann er nú allur hjá föður mínum í Klappsvík og þar í umsjá hans og konu minnar. Fuglarnir lífga upp á tilveruna. Gaman væri gæfu þeir mér egg sem þó er ekki að heilsa og óvíst að af verði. Er enda ólíklegt að þeir verpi hér. „ - Rósant trúð sér framhjá bróðir sínum sem enn stóð í gættinni og horfði út og gekk í átt að einstiginu eftir pakkanum sem orðið hafði eftir og kom til baka að fimmtán mínútum liðnum með innpakkaðan böggull. Sauðskinnskórnir sem dregnir voru upp voru sem gull í augum Kára sem gekk í gatslitnum skóm sem búíð var að lengja lífdaganna hjá með skinnþjötluinni sem sniðin var í botninn. Nú gat hann dregið þá af fótunum og klæðst nýjum skófatnaði:

„ Aldeilis munur „ - sagði hann og gekk hring inn í hellinum og var á einum stað nærri dottinn er hann rak tána í stein á gólfinu. Atvikið fékk hann til að standa á öðrum fæti og nudda helauma tána og tauta fyrir munnni sér að sér væri nær að vera ekki búin að losa sig við grjótið at tarna.

Skórnir voru passlegir. Restin í pakkanum var matarkyns.

Ráðvarður tók gömlu úr sér gengnu skóna og gekk út fyrir með þá og gerði sig líklegan til að fleygja skódraslinu fram af syllunni í fögrum boga. Aður en til þess kom hrópaði Kári:

„ Nei nei! Ekki gera þetta. Ertu orðin brjálaður? Skórnir gætu fundist. „ - Ráðvarður leit snöggt á manninn sem hrópaði til sín aðvörunarorð. Horfði svo á gatslitna skóna og viðurkenndi samstundis réttmæti ábendingar Kára. Skórnir, eða leifarnar af þeim, dattu úr hendi hans og féllu á jörðina:

" Svoleiðis! Fyrst svo er má ég þá fleygja grjótinu sem rétt í þessu feldi þig næstum? „ - spurði hann glottandi: -

„ Það máttu. Ekki málið og þakka þér fyrir: „ -

„ Ekkert að þakka, „ - Ráðvarður beygði sig eftir hnullungnum og gekk með hann út og fleygði framaf brúninni í fögrum boga í stað skinnskóna með orðunum: „ Vertu svo þarna skömmin þín. Þú merð ekki fleiri tær né heldur rífur táneglur. „ -

Kári tók upp skólufsumnar og rétti upp yfir höfuð sér og tilkynnti hátíðlegum orðum:

„ Þessa brenni ég á hlóðunum næst er ég kveiki bál. „ -

Öllu var nú óhætt. Kári gekk útfyrir og talaði til fuglanna heilsandi rómi. Hópurinn snéri sér að honum sem einn fugl. Hann leit rannsakandi augnaráði á þá og vildi skoða hvort um sömu fugla væri að ræða og í gær og ekki enn viss um að svo væri en grunaði að væru sömu fuglar. Þótt honum gengi verkið fremur illa var hann samt orðin viss um nokkra í hópnum. Uppgötvunin sagði honum að hægt væri að aðgreina fiðurféð á sama hátt og önnur dýr og þekkjja sundur og að fuglahjörð væri ekki eitt andlit án minnstu aðgreiningar. Verkið í annan stað krafðist vissrar þjálfunar.

Þetta hafði einveran afrekað í lífi hans. Hún bjó til úr honum svoltínn vísindamann með fúsleika til að kanna kjarna máls og leita sannleikans. Umgengnin við féð í Kappsvík var honum prýðis veganesti í verkefnið sem gaf honum áhuga á fuglahjörðinni sem vandi komur sínar á sylluna.

Í Klappsvík þekkti hann féð sundur og hafði náð ágætis færni í að sundurgreina skepnurnar. Bergsveinn var einn þessara manna sem átti í erfiðleikum með sundurgreininguna. Að hans dómi, og fleiri manna, samanstóð féð, sjötíu kinda hópur, af einu og sama andlitinu. Jafn fjarstæðukennt og það nú er. Þjálfað auga Kára gerði honum kleyft að sjá margreytileika sköpunarinnar. Féð heima sýndi honum fram á þetta atriði. Til gamans og dægrastyttingar vildi hann læra að greina fuglahópinn. Fuglunum sem komnir voru fram gat hann sem hægast gefið nafn og eftirleiðis nefnt eftir upphafstöfum. Til að mynda J.P.S.A - vildi hann sjálfur. Og Kári varð viss. Hópurinn hans samanstóð af sömu einstaklingum. Og hitt! Þeir röðuðu sér ávallt upp í sömu röð á syllubrún J.P.S.A. Var um merkisuppgötvun að ræða? Fyrir hann já. Verkið og þælingin gerði vist mannsins bara bærilegri og fékk tímann til að herða ögn á sér.

Ráðvarður fór inn í hellinn og kom fljótt út aftur. Rósant gekk rólegum skrefum að syllubrún sem fjarstæð fuglunum til að styggja þá ekki. Fuglarnir fylgdust grannt með ferðum hans og tilbúnir til flugs. Hann staðnæmdest á brúninni og góndi rólegur yfir til mikils fjallsins hinum megin fjarðar. Kári klóraði sér í höfðinu og fylgdist ögn lengur með hópnum og fékk svo nóg og gekk til baka og settist á stein rétt við munnann og hallaði baki sínu upp að berginu og horfði angurvær út á sjóinn.

Rósant stóð örlítið lengur þar sem hann var og gat ekki lengur stillt sig um að mæla orð til hópsins sem leit snöggt til raddarinnar og flaug upp hver á eftir öðrum og svo í hring upp yfir þeim áður en þeir hurfu inn fjörðinn:

„ Hvað! Fljúga um leið og ég tala. Hverslags móðgun er þetta „ - sagði hann hlæjandi og stakk hendi í vasa sinn og gramsaði þar og kom fyrst upp með snærispotta og svo sjálfskeiðunginn sem hann hugðist sækja og nota til að skafa undan nöglum sínum.

Kári gaf ekkert upp um ummæli mannsins heldur lygndi aftur augunum og leyfði hugsununum að koma til sín sem samstundis sögðu: „ Vá! Nú getum við byrjað! Nú verður glatt á Hjalla! „ – Og þær stukku fram og kveiktu upp í ímyndunaraflinu og tendruðu bál sem strax byrjaði að loga og myndir að dragast upp beint úr forðakistu minningabankans sem nokkuð hafði verið lagt inn á.

Myndir í allskonar ásigkomulagi komu. Sumar óljósar, aðrar eins og í fjarska sem rétt grillti í. Myndirnar færðust nær og runnu skírar, hreinar og tærar upp fyrir honum að hann upplifði á nýjan leik tuttugu mánaða gamla atburði eins og gerst hefðu í gær. Atburði sem fengu aðra liðna tíma til að víkja sér undan, sem og ákærunar - (þær voru komnar fram en réttarhöldin enn ekki hafin. Þau hófust fáeinum vikum á eftir) - á hendur sér gleymdust stundarkorn er hann gat enn um frjálst höfuð strokið og átt frjálsa stund með konu sinni. Í þann tíð voru menn samtaka og verk gengu vel fyrir sig. Hvað hann elskaði samheldnina. Mundi vel að fjárréttin var byggð af samstæðum mannskap sem mikið gekk frá og skamma stund tók menn að byggja. Bara nokkra daga og var fyrsta mannvirkið sem komið var að sem fóru slóðina frá fjallinu ofan við Klappsvík og orðin mannsaldra gömul og troðin af fótum manna og fjárins sem fjallið fæddi og geymdi á vorum og sumrum og menn smöluðu saman og ráku í þessa rétt. Mann vel er þau Sunna gengu með féð á undan sér eftir að hafa bara tvö sótt það og verið að frá því snemma morguns og gert með hjálp smalahundsins í Klappsvík. Mundi vel hópinn sem beið þeirra og fjárins með rúningsklippur í hendi. Mundi eftir er hundurinn tók á rás og rak kind sem vildi hlaupa til fjalls og kom henni aftur inn í hópinn og skokka stoltan til þeirra. Mundi eftir drengjunum sínum sem tipluðu á litlu fótunum í öllum þúfunum og gengu með þeim síðasta spölinn til réttarinnar. Fann enn hitan úr litlum lófa yngri drengsins sem hélt um sinn lófa. Mann að eldri drengurinn gekk við hlið móður sinnar en vildi ekki að hún leiddi sig og sagðist vera orðin nógu stór til að ganga einn og óstuddur. Mann eftir pokunum undir ullina sem stóðu í stafla utan við hlaðna réttina og sviðakjömmunum sem Bergsveinn faðir hans sagði ómissandi í rúningnum og teknir með í stórum potti handa heimilis- og vinnufólki. Mann er faðir sinn sneið sér vænan bita af einum hausnum og stakk upp í sig.

Þessar hugsanir ýttu honum í anda heim til Klappsvíkur og gerði að verkum að bros lék um varir hans.

Hugur Kára hélt áfram að starfa:

„Hvernig skildi Sunna mín hafa það og drengirnir okkar tveir Davíð og Oddur? Ætli þeir sakni föður síns og spyrji móður sína út í hví pabbi þeirra sé ekki hjá þeim? Þeir hljóta að gera það jafn hendir og þeir voru að sér. Hvað skildi Sunna hafa sagt blessuðum drengjunum? Sannleikann eða uppspunna sögu sem léti betur í eyrum ungra drengjanna heldur en kaldur og sumpart

hrollvekjandi sannleikurinn? „ - Hann var ekki viss og engin leið að komast að einu né neinu.

Hugurinn hélt áfram að rifja upp hið liðna:

Kári horfði beint framundan sér. Fjallgarðurinn handan fjarðarins blasti við í þriggja, fjögurra kílómetra fjarlægð. Grösugar hlíðarnar voru jafn grösugar og í gær með snjóinn efst sem dag hvern varð minni. Allt þetta blasti við honum þar sem hann sat. Hafið milli fjallsins handan fjarðar var slétt. Fegurð þessa sá hann þó ekki sökum eigin hugsanna og minninga sem færðu hann til baka og - eim í heiðarbýlið. - Eins og þau hjón oft sögðu er Klappsvík var framundan og þau að koma úr kaupstaðnum með klyfjaða hesta fyrir heimili og bú.

Bræðurnir settust Kára til sitt hvorrar handar og létu í friði. Hvað gátu þeir sagt. Eru stundum orð til trafala og betra að þegja en segja.

Umhverfið í kring var fegurðin uppmálað. En hver þeirra veitti henni athygli? Vart Kári sem í þetta mund var aftur sokkinn á bólakaf ofan í flóru minninga sem færði honum heilan bunka af myndum sem fyrir honum urðu ljóslifandi sem allar voru ólmar í að fá hann á nýjan leik með sér nokkur ár aftur í tímann er allt hjá honum og Sunnu lék í lyndi og framtíðin björt og brosandí og til þess tíma er þau voru á gangi að huga að ástandi girðinganna og í tal barst hvort þau ættu ekki að huga að stækkun fjölskyldunnar sem þau urðu sammála um á þessari tilteknu göngu. En fleiri börn vildu ekki koma. Eitt vissi Kári ekki á þessari stund að Sunnu bar þriðja barn þeirra hjóna undir belti en hún sjálf vissi ekki af fyrr heldur en Kári hafði verið handtekinn og dæmdur og lagður af stað í refsivistina sem honum tókst að strjúka frá. Engan hafði hann hitt sem vissi hætishót um afdrif Klappsvíkur- fólks.

Hugur Kára vann hratt.

Myndirnar héldu áfram að dragast upp fyrir honum af Sunnu, drengjunum, honum sjálfum í leik og starfi, föður sínum og öðrum fjölskyldumeðlimum og vinum.

Sá fyrir sér smalamenskuna og þau tvö á gangi með tamda hestana sem fylgdu fast á hæla þeirra og fjárhópin fyrir framan sig. Hversu oft hafði hann

ekki farið í slíkar ferðir til fjallsins með og án Sunnu og oftar föður sínum. Þær voru óteljandi í gegnum tíðina.

Hugsanirnar gripu hann og fylltu óvissu: " Skildi hann nokkurn tímann taka þátt í fjárleit í fjallinu ofan við bæinn, rúningshátíðinni sem efnt var til heima og föst venja langt aftur í ættir, fjósverkunum, girðingavinnunni, dreifingu áburðar á tún bæjarins og öðru sem til féll? " - hugsaði maðurinn með sér sjálfum. Á þessari stund dró hellirinn úr honum kjarkinn en var samt verleiki Kára og hlutskipti.

Tárin byrjuðu að renna niður vanga hans og enduðu í treyjunni sem Gissunn hafði þrjónaði og piltarnir færðu honum í einni ferð sinni.

Ráðvarður leit á sitjandi manninn og hugsaði sitt. Hann horfði út á sjóinn til norðurs. Langskip sigldi grunnt úti fyrir nesinu úr vestri til austurs og gangur góður hjá bátsverjum. Með eitt útþanið segl uppi staðsett rétt framan við miðju blés byrlega og var nýting seglsins góð. En hverjir voru á ferð? Útlendingar komnir um langan sjóveg? Máski Danskir kaupmenn að auka á birgðirnar í verzlunum sínum á Íslandi? Alltént var sá árstími að skipakoma til landsins væru helst að vænta. Stærð fleysins benti til þess að um erlenda menn væri að ræða. Knerrir landsmanna voru minni og öðruvísi lagaðir og öllu kubbslegri. Sigling langskipsins vakti honum enga óró þvert á móti varð hann henni feginn. Nú gat hann hnippt í Kára og bent í norður og dregið hann burt frá því sem hann hugsaði.

Kári leit upp þurrkaði sér um augun með handarbakinu og stóð á fætur og horfði á skipið uns það sigldi fyrir nesið og hvarf austan megin við flóann. Hann var áfram þögull og hugsandi á svip.

Atgangur í Klappsvík

6 kafli

Rennilegt langskipið sigldi þvert fyrir flóann og hvarf í austurátt. Skipið var hingað komið yfir hafið frá Færeyjum og stefndi til norðlensku staðanna sem Dönsku kaupmennirnir um borð stunduðu verslun í. Áður hafði það komið við í höfuðstaðnum og nágrannabyggðum til að huga að gangi fyrirtækja sinna á þessum stöðum. Kaupmennirnir Dönsku höfðu, sögðu menn, gullglampa í augum. Íslendingar þekkja þessar heimsóknir og láta ýmist vel að þeim eða eru andsnúnir þessum „ aðskotadýrum í íslenskt samfélag „ og tilbúnir að láta hafa stórt eftir sér um þessa kaupmenn. Þó voru orðin stærri eftir að þeir hurfu aftur til síns heima.

Í augum margra Íslendinga voru komur erlendu kaupmannanna versta óráð. En hvað gat landinn gert í því búandi við þá staðreynd að Danir réðu hér lögum og lofum og setti Íslendingum stól fyrir dyr með löggjöf sem skikkaði þá til að versla á vissum stað og gera hvort sem langt eða stutt væri að fara? Danir hirtu lítt um umsagnir almenns Íslendinga. Þeir bara komu með vöru inn í landið sem þeir sjálfir segja um að sé og nógu góð „ í kjaftinn á þessum Íslendingum. „ Slík orð voru fleyg í röðum þessara Dönsku kaupmanna.

Eitt sinn heyrði Kári um húsmóðir sem bjó í nágrenni Klappsvíkur sem fékk myglað mjöl í versluninni og aðra sem ýmislegt kvíkt var í pöknum hjá er heim kom. Og fyrir þetta greiddi fólk fullt verð. Er það vildi skila inn vörunni vakti sjálfsögð kvörtun kaupanda búðarmanninum skellihlátur sem brást við með því að benda á útidyr verslunarinnar og kvartandinn vinsamlegast beðinn um ganga nú þegar um þær. Þegar allt var um garð gengið hvæsti maðurinn með sjálfum sér: „ Óþjóðalýður. „

Dönsku eigendur verslunarinnar koma við einu sinni á ári. Allt voru þetta vellauðugir menn sem mergsugu bláfátæka íslenska þjóð sem skorti ýmislegt og neyðin hafði kennt að beygja sig niður eftir hverjum snærisspotta sem á vegi hennar varð til síðari nota. Á Íslandi ganga Danir nokkuð vísir að sínu og ræða um á siglingunni yfir hafið meðfram því að reikna út áætlaðan ágóða varningsins í lestinni.

Langskipið sem kom frá Danmörku lá við stjóra í fimmtíu metra fjarlægð frá fjöruborði staðarins sem verslunin var staðsett í og þar við stjóra. Kaupmennirnir fóru í land og varningnum skipað upp úr lestinni og slakað niður í árabátanna við skipshlið. Er kaupmennirnir höfðu lokið sér af sneru þeir aftur til skips. Leiguliði og eigandi róðrabáts á staðnum fannst og tók maðurinn að sér að róa með þá Dönsku út í skipið. Eftir að mennirnir í fínu fötunum voru allir komnir um borð í bátskelina ýtti ræðari á flot og klifraði sjálfur yfir borðstokkinn og hóf áratökin. Hásetunum á langskipinu var ekki lengur til setunnar boðið og höluðu inn ankerið undireins og tignarmennirnir stigu yfir lunninguna og komu skipinu á siglingu út á opið haf.

Eftir í fjöruborðinu stóðu fáeinar hnípnar manneskjur sem fylgdust með skipinu sigla út fjörðinn og hverfa eftir að hafa beygt til austurs er firðinum sleppti. Einn mannanna sem þarna stóð og horfði á eftir bátskelinni stefna út í skipið klóraði sér hressilega í bringunni með ullaervettlingum sínum og sagði:

„ Farið hefur fé betra. „ – Orð hans urðu til þess að annar sem hjá stóð snéri sér snöggt að honum með hvössum svip og hreytti út úr sér:

„ Hvað eigið þér við maður?

„ Ohh svo sem ekkert, herra minn. Var bara að óska þeim velfarnaðar og blessunar. Ekkert annað: „ –

„ Annað heyrðist mér nú karl minn. Mér hef líklega misheyrst: „ –

„ Áreiðanlega herra minn. Áreiðanlega. „ - Maðurinn var mjúkur á manninn, hneigði sig og bakkaði og gekk burt og herti gönguna. Feginn að losna. Maðurinn sem svo mælti var einn af talsmönnum Dönsku krúnunnar í sýslunni. Viðkomustaðurinn nyrðra var sá síðasti á ferðinni og siglingin í suðurátt og heim framundan hjá kaupmönnum:

„Ríkir menn Danir. Eigandi til helling af þjóðum sem sækja má peninga til og mergsjúga. „ - var talað í landinu á þessum tíma og sumpart gantast með. Til voru þeir sem slíkt orðalag hneykslaði og létu í veðri vaka að með alvörumál ætti engin að grínast. Oft urðu lyktir þær að af svona tali yrðu ryskingar samanvið runu formælinga og ryks sem þyrtaðist upp af áflogunum sem af spruttu. Hættan jókst um allan helming væri „ brjóstbirta „ og „ hjartastyrkjandi „ með í för og innbyrt í helst til miklu magni. Brjóstbirtan á til að gera suma menn vígreifa og aðra illskeytta. Allt þetta gerðist á meðan Kári var enn í felum og hundeltur af yfirvaldinu, og það án saka.

Á syllunni við hellisopið.

Kári stóð á brúninni. Hann horfði til norðurs á endalaust hafið. Langskipið horfið. Skyndilega varð hann ísjaka vars sem rak einmannalega inn fjörðinn. Að ísjaka ræki inn norðlenskan fjörð var ekki óalgengt norðanlands. Stundum varð ísinn landfastur og útilokaði skip frá að sigla um svæðið þangað til almættinu sjálfu fannst nóg um og sendi klakann í hina áttina og aftur til hafs. Hvort fleiri ísjakar kæmu á eftir þessum eina skírðist á næstu dögum.

Komið gat fyrir að hvítabjörn fylgdi svona ísbreiðu. Hvort sem björn fylgdi með eða ekki var landfastur ís mönnum visst hugarangur. Svo fyrir utan það voru ísbirnirnir engin skemmtidýr heldur grimmar skepnur sem ráðast á búsmala og fólk. Yrði hvítfellds vart var samstundis gerður út leiðangur og ekki hætt fyrr en dýrið hafði verið fellt.

Kári hugleiddi hvítabirni er hann sá ísjakann reka út á miðjum firðinum með stefnu inn fjörðinn og annan öllu stærri koma í humátt. Ís á stangli var ekki stórmál. Sjóndeildarhringurinn til norðurs var hreinn svo langt sem augað sá.

Rósant og Ráðvarður gengu til Kára sem jafnaði sig eftir minningaflórana sem hann datt inn í. Þeir stóðu hjá honum tilbúnir að verja sinn mann. Þögull hópurinn stóð þarna í sömu sporum. Alla furðaði sig á hversu hratt jakarnir ráku.

Flóttamaðurinn var stoltur. Hann sá í ungu mönnunum kappa og á sama andartaki í hendi sér sigur í pípunum: " Réttlætið mun sigra " - sagði hann upphátt eins og við sjálfan sig.

Eftir að öllu hafði verið komið til skila og menn aftur komnir með báðar fætur á jörðina var næsta verk að kveðja. Er Rósant steig stórstígur að einstiginu kallaði Kára á eftir honum og bað hann hinkra. Sjálfur vildi hann fara upp til að kanna svæðið. Væri öllu óhætt gæfi hann þeim merki og biði þeirra á bjargbrún. Ef ekki snéri hann strax við og allir sem þarna voru staddir yrðu að hörfa inn í hellinn og hafast þar hljóðir við.

Kári kleyf þröngt einstigið og stoppaði á milli og reyndi að greina umhverfið af einni saman heyrninni. Sum hljóð voru kunnugleg, önnur ekki. Ókunnugu hljóðin voru þau sem fengu hann til að nema staðar og leggja sig allan fram við að greina. Væri niðurstaðan að öllu væri óhætt tók hann næsta skref. Að komast alla leið upp á brúnina tók tíma. Undir bjargbrúninni lagði hann enn við eyrun og kíkti næst ofurvarlega upp fyrir brúnina. Hann varð einskis óeðlilegs var. „ Klaufabárður " var þarna á vappi ásamt ungum dýrum, hvolpum, sem hlupu fram og til baka. Áður en hann kallaði til bræðranna varð hann að bregða á leik og blístraði hvelft til að kanna viðbrögð hópsins. Klaufabárður rak upp hveltt gagg og hljóp sem fætur toguðu og var horfinn ásamt hópnium sem honum fylgdi. Einn hvolpanna stóðst ekki mátið af forvitni og leit augnablik við á hlaupunum en kútveltist og hljóp hálfu hraðar er hann komst aftur á lappirnar og hvarf á bak við hæð sem hin dýrin hurfu bak við.

Nú fengu hinir bendingu.

Er bræðurnir komu teygði Kári vel úr sér að brakaði í liðamótum. Af hæsta hólnum var landið rýnt. Kári leit út á fjörðinn og kom auga á svolitla ísbreiðu skammt utar. Búast mátti við kólnandi veðri. Að öðru leiti var umhverfið merkt kyrrð með gamalkunnum hólum og grjóthnullungum og stráum sem golan fékk sveigt.

Mest um vert var að öllu var óhætt. Mennirnir gengu saman til hestanna sem hneggjudu er húsbændur þeirra birtust. Hrossin voru orðin leið á öllu hangsinu og biðinni heyrandi í læknum svo skammt frá sér án þess að fá svalað þorsta sínum. Með komu mannanna breyttist það og hrossin losuð hvort frá öðru og leidd til tærs lækjarins. Drykklanga stund stóðu snoppur hrossanna fast við yfirborð vatnsins og drukku með soghljóðum.

Brynningu kláranna lauk og stigu mennirnir á bak slógu í og hófu heimferðina. Hestarnir tóku fetið. Eftir fáeinna metra ferð kallaði Kári á eftir þeim:

„ Vænt þætti mér um ef báðir, allavega annar ykkar, færi heim í Klappsvík og öfluðu mér fréttu. Einkum af konu minni og drengjum. Veit að töluverður spölu er þangað heiman frá ykkur. „ – Hestarnir stöðvuðust og var snúið við:

„ Skoðum málið og leggjum í hann sé þess nokkur kostur. „ - Ráðvarður brosti hughreystandi til vinar síns sem af andliti hans að merkja var fylltur söknuði. Allt skiljanlegt og eðlilegt. En hér gildi ekkert vol né víl heldur að taka sér taki og þrauka. Bræðurnir tóku í tauma hestanna og sveigðu hausa þeirra í hina áttina og slógu aftur í kláranna:

„ Væri rétt af okkur að segja Sunnu hvar þú sért.? „ – Aftur var hestunum snúið við og þeim riðið til baka.

Spurningin gerði Kára hugsu. Hverju átti hann að svara? Auðvitað vildi hann að kona sín vissi undanbragðalausán sannleikan. En var rétt af að upplýsa fólkið heima um alla málavöxtu á fyrsta fundi? Hann var ekki viss. Hvað vissi hann líka nema eigið heimilisfólk hefði snúið við sér baki af öllum sögunum og tryði þeim orðið? Maðurinn lenti í vandræðum. Klárarnir stóðu beint fyrir framan Kára og var annar kominn með hausinn niður að jörðinni til að seðja hungrið á meðan tækifærið gæfist. Ráðvarður beið. Ætti hann, eða þeir báðir, að vinna verkið, sem á vissan hátt gat breyst í hættuför, varð hann að vita hve langt mætti ganga til að af yrði gagn. Kári velti málinu fyrir sér svolítið óráðinn. Tók svo af skarið:

„ Strákar! Ég held að ekki væri viturlegt að segja fólkinu heima frá felustaðnum eins og sakir standa og bíða með upplýsingarnar uns þið hafið komist að raun um hvernig landið liggur. Vinnið fyrst traust fólksins. Byrjið á Sunnu. Treysti hún mér látið hana þá fyrsta vita að ég sé lifandi. Verið vakandi á staðnum. Kannið ástandið og verið viss um að Klappsvíkur fólk sé mér enn hliðhollt áður en nokkuð er sagt sem máli skiptir. Sé svo þá gangið örlítið lengra en samt ekki alla leið. Reynist það mér óvinveitt, eyðið þá talinu lipurlega og drífið ykkur burt. Ekki þó með neinum gassagangi. Hvað við gerum meira ræðst á næstu fundi okkar eftir förina. Þetta er held ég ágætis byrjun. „ -

„ Aha! Fara eins og köttur í kringum heitan graut. Hmm. Ekki afleit aðferð. „ – Rósant fannst ráð Kára þryðilegt og merkt hyggindum.

„ Guð gefur ykkur aðferðina er þið standið augliti til auglitis við fólk mitt. Ég finn ákveðna handleiðslu hans á þessari stundu. Merkjlegt. „ – Kári varð alsæll og glaður.

Bræðurnir litu hvorn á annan ekki alveg viss hvernig bæri að taka síðasta útspili Kára en urðu rólegir er þeir litu hann og sáu gleði hans frið og hve sáttur hann virtist vera. Og var það gerlegt miðað við aðstæður?:

„ Við göngum í verkið við fyrstu hentugleika og færum þeir fréttir á næsta fundi og vonandi líka góðar af þínu fólk innan ekki of langs tíma. Vert sæll vinur og þraukaðu áfram. Við vinnum okkar vinnu og finnum út úr máli þínu. Vertu viss. „ – Hestunum var enn snúið og nú látnir brokka og ferðin aukin. Kári stóð í sömu sporum og gekk sína leið er fjarlægðin hafði gleypst þá.

Í bakaleiðinni sá hann rebbahjörðina. Elsta dýrið fór fyrir. Yngri dýrin eltu. Á einum stað stoppaði hjörðin og leit til mannsins og fylgdist með ferðum hans. Um stundarsakir var forvitnin óttanum yfirsterkari. Er maðurinn kom nær hljóp refahópurinn eins og eldibrandur í burtu og Kári sá hann ekki meira.

En mikið varð allt einmannalegt á syllunni og eins og hvolfdist yfir hann á sinn óvægna máta. Sem betur fer sagði hungrið til sín og rak manninn í að tendra bál og koma potti yfir og elda sér soðningu.

Víkur næst sögunni heim í Klappsvík.

Lífið í Klappsvík gekk sinn vanagang. Skepnurnar fengu hirðingu og kýrnar mjólkaðar kvölds og morgna. Húsin stóðu þarna enn og heimreiðin svipuð og áður með nýlegum girðingum sitt hvoru megin og hliði neðst sem annað veiðið var haft lokað en stóð oftast nær galopið og sagði við alla sem komu: „ Velkominn í mitt hús. „

Í gegnum mannsaldranna hafði myndast greinileg slóð að Klappsvík þvert á vegslóðina sem tengdi sveitina saman. Slóðin myndaðist með tímanum af göngu hesta, mannsfóta, kerranna sem hross drógu á eftir sér og öðru. Smá saman varð slóðin greinilegri og öflugri hluti bæjarmyndarinnar. Þessi leið var fyrst farin er kaupandi hektaranna Þjóðmar Ölnisson, langalangafi Kára, kom þangað með byggingarefnið og fólk með sér sem sameiginlega reisti hús og girðingar og hóf búrekstur.

Eina breytingin var fjarvera Kára og sögurnar sem heimamenn urðu of oft að hlusta á og menn í nágreninu of iðnir við að segja hverjir öðrum frá þeim og inn á milli spyrja íbúa Klappsvíkur hvort þetta eða hitt væri svona eða örðuvísi. Eins og fólkið í Klappsvík vissi meira en sveitungarnir?

Sumar sagnanna sögðu Kára löngu dauðann og aðrar sprellumifandi. Sumar voru á þá leið að hann lifði í vellystingum og hreinu sællífi. Úr því að enginn vissi neitt fékk sagan byr undir vængina. Eina sem allir vissu var að Kára tókst að sleppa frá varðmönnum. Annað var ekki á hreinu.

Einn saga flaug nokkuð hátt og var á þá leið að rík kona í höfuðstaðnum hafi tekið Kára að sér og veitt húsakjól og hefði í felum í húsi sínu og að þar æti Kári steik í hvert mál og væri klæddur dýrindis fatnaði að hætti heldri manna samfélagsins. Sögurnar voru breytilegar og allt eftir því úr hvers munninn þær komu.

Skæðasti og sá allra söguglaðasti var Öndólfur Línison bóndi í Kvisthóli þar í sveit sem sjálfur sagðist hafa rekist á Kára með pokaskjatta í hendinni og góss frá bónda og nafngreindum. Sannleikurinn í því máli var að tiltekinn bóndi tapaði hamri, sög og forlátri exi af búi sínu og var sjálfur sannfærður um að hefði verið rænt frá sér. Að glata verkfærum var í flestum tilvikum gríðarlegt eignartjón. Enda oftast nær ófánleg í landinu. Öndólf þennan töldu flestir sem áttu við hann samskipti vera frekar ónákvæman mann í öllu sem hann sagði. Og var víst vægt til orða tekið. Sumar þessara frásagna bárust heimilisfólki Klappsvíkur til eyrna.

Sunna sat heima og strauk á sér kúluna. Barnið óx og dafnaði í kviði hennar og lét orðið vita af sér. Davíð og Oddur voru nýkomnir inn eftir að hafa aðstoðað afa sinn í smiðjunni sem sló til og mótaði glóandi skeifur á steðjanum með hamrinum sem hann var svo leikinn við og beitti með nákvæmni og kunnáttu.

Leitarmenn höfðu tvívegis riðið heim á bæinn til að spjalla við fólkið. Í seinna skiptið var öllu meiri fyrirgangur á liði Ísars en hinu fyrra og menn hans höstugri við fólkið og höfðu uppi frekari yfiringang og sýndu af sér valdsmannstakta án þess þó að ganga jafn langt fram og heimildin sem þeir höfðu upp á vasann leyfði sem meðal annars fólst í ofbeldi innan vissra marka til að knýja fram upplýsingar. Í bréfinu var og full heimild til húsleitar.

Eins og áður þá fóru Ísar, Bjólfur og Aspar fyrir leitinni ásamt flokki manna sem grandskoðuðu allt hátt og lágt og veltu öllu við sem þeim fannst grunsamlegt í Klappsvík án þess að verða neins óeðlilegs varir. Vissi enda engin heimilismaður hvar Kári væri niðurkominn sem þó leitarmenn áttu erfitt með að leggja á trúnað.

Nokkrum dögum eftir tiltekinn atburð sat Sunna á baðstofuloftinu við kvistgluggann sem vísaði út að hliðinu með saumadót sér við hlið og nál í hönd og stoppaði í sokka. Hún leit upp í sama mund og flokkur reiðmanna reið gegnum hliðið og stefndi hratt heim á bæ. Er Ísar og lið hans riðu í hlað var flokkur hans óvenju æstur. Enda langeygur eftir meiri árangri af leit sinni og staðráðnir í að kreista allt upp úr fólkinu sem það vissi og sækja manninn og ljúka málinu.

Skoðum hvað gerðist.

Ísar gaf mönnum sínum bendingu og stigu nokkrir af baki og fóru inn í bæinn og ráku allt heimilisfólkinu út og skipaði að standa á hlaðinu. Mennirnir settust að smölun lokinni á bak klárum sínum og virtu mannsöfnuðinn fyrir sér ásamt öðrum úr liðinu með lítilsvirðingarsvip glæpamannsins.

Ísar benti Bergsveini á að koma til sín. Í orðunum lá bein skipun. Maðurinn kom og stóð við hlið hests hans sem hinn sat á. Ísar leit á manninn glottandi án þess að segja orð. Bjólfur reið að baki Bergsveins og hóf hestasvipu sína á loft og sló hann þrívegis í höfuðið með henni með töluverða leikni í að beita svona svipu. Blóð lagði úr sári á enni hans af höggunum. Sunna hljóp til að koma tengdaföður sínum til aðstoðar en var stöðvuð af einum manna Ísars sem reið á milli. Bjólfur hélt áfram og sló Bergsveinn önnur þrjú högg með svipunni sem felldi manninn til jarðar:

„ Segið mér undanbragðalaust hvar sonur yðar er að öðrum kosti hafið þér verra af. „ – Tveir manna Ísars tóku fram kyndil. Hvað hugðust mennirnir gera? Kveikja í bænum?:

„ Ég hef engar spurnir haft af syni mínum frá því í réttarhöldunum og veit ekki hvar hann er niðurkominn né heldur hvort hann sé lífs eða liðin. Ég segi yður með sanni að engin hér veit neitt um málið né hefur heyrt nokkuð sem hönd sé á festandi. „ - Bergsveinn reis á fætur orðin alblóðugur í andlitinu.

Bjólfur gerði sig enn líklegan til að beita svipunni en var stöðvaður af Ísari sem fannst nóg að gert í bili:

„ Við komum aftur og þá er ekki víst að þið sleppið svona vel. Hafði það í huga. Og ef þið vitið eitthvað eða fréttið er ykkur best að segja okkur frá því. Er það skilið? „ - Ísar beið svars. Mennirnir með kyndlana hófu þá á loft sem merki um það sem gæti gerst og stungu aftur á sína staði aftan á hnökkunum.

„ Skilið „ - Bergsveinn þurrkaði blóðið framan úr sér:

„ Gott. „ –

Ísar talaði til síns hóps:

„ Drífum okkur og höldum í vestur. „ – Mennirnir snéru hestum sínum og hurfu sjónum fólksins til vesturs eins og fyrirskipun foringjans hljómaði. Sunna þreif blóðugt andlit Bergsveins með rakri tusku sem einn úr hópnum sótti er færi gafst og afhenti henni. Sárið reyndist aðeins skeina og var um það búið heima í bæ. Sjálfur var hann ringlaður af höggunum en jafnaði sig fljótt en samt á sinn hátt glaður yfir að sonur hans væri enn á lífi sem leitarmenn með áhuga sínum staðfestu.

Fundur Rósant, Gissunnar og Ráðvarðar

7 kafli

Nýr dagur rann upp ögn kaldur. Kári sté út, renndi fingrunum í gegnum hár sitt og kleif einstigið. Vanaverk. Engin aukahljóð lágu í loftinu né maður nein staðar sjáanlegur. Kjöraðstæður. Ástæða hitabreytingarinnar blasti við honum út á firðinum í ísnum sem rak mikilúðlegur undan norðanáttinni. Magnið var margfalt á við þessa tvo litlu jaka sem sáust þarna í gær. Þúsundir og milljónir tonna af frosnu vatni flutu nú á yfirborði hafsins með stefnu á land. Eina héðan af sem gat forðað ísnum frá að verða landföstum var gagnstæð vindátt.

Sjá mátti hreyfingu á ísbreiðunni og hvernig hún færðist löturhægt nær nesinu þar sem fjörðurinn beygði. Sem vonlegt var voru engir bátar á ferli og ógerleg eins og á stóð. Þó lænur kæmu milli ísjakanna lokuðust þær allar saman furðu fljótt færðust jakarnir saman. Að vera á bát var háskaför. Væru bátar að veiðum á meðan fjörðurinn fylltist af ís lokaðist þeim leiðin heim. Svona ísbreiður voru íbúum fjarðarins til ópurftar. En þær spyrja ekki að því heldur bara koma fljótandi sé vindáttin þessleg. Öll él styttr upp um síðir, var svona huggunin harmi þessum gegn.

Með fætuna dinglandi fram af syllubrúninni fylgdist hann með þessu stórfenglega náttúruundri. Breiðan náði töluvert útfyrir minni fjarðarins. Til enda hennar sást horft til norðurs. Mögulega var meiri ís handan ysta sjónarhrings. Kári varð hugfanginn. Hugsunin um kraftanna sem ýttu svo léttilega miklum þyngslunum gerði hann heillaðan. Straumar og vindar unnu saman þó lítt sé þessi samvinna sýnileg á góðviðrisdögum er hvergi gárar á vatni né tré og strá hreyfast. Þessi dagur var í raun svoleiðis dagur og dagur hreyfingarleysis. Undantekningin blasti við af syllubrún og sýndi honum sívinnandi afl sem unir sér engrar hvíldar. En hve margir urðu þessa aðnjótandi að heillast af? Fæstir íbúar landsins líta ísinn hýru auga og hann ekki sjálfur fyrr heldur en núna og vegna sinna sérkennilegu aðstæðna.

Annað gilti á tíma óveðurs er allt sem fær sveigst og beygst sveigðist og beygðist. Þá velkist engin maður í vafa um kraftanna að verki. Ósýnilegir eða sýnilegir berum augum manna breytir engu. Kraftarnir eru tiltækir með sinni ýtandi seiglu og óþreytandi afli. Af syllubrún sá hann þetta „ hvíta land " en samt svo frábrugðið fastalandinu að „ landið " þarna bæði færðist úr stað og

minnkað í hita og endaði samanvið mikinn lögin sem tengir fjarlæg lönd hvort við annað.

Ekkert kvikt sást ofan á ísnum nema stöku sjófugl sem klifraði upp á hann og tyllti þar löpp. Engin ísbjörn, engin selsaugu sem kíktu í sinni forvitni upp fyrir yfirborðið, engin blástur hvala, bara ís og tjarnir inn á milli ísjaka sem fækkaði eftir því sem jakarnir færðust hvorir upp að öðrum.

Bræðurnir voru væntanlegir að sjö dögum liðnum. Gengi áætluin fram yrði fréttu að vænta úr Klappsvík eftir fáeina daga. Þangað til yrði hann að bíða. Og núna stytta ísbreiðan honum stundirnar.

Gissunni, móðir strákanna, hafði hann enn ekki hitt en var ósegjanlega þakklátur. Um leið og tækifæri gæfist og hann aftur orðin frjáls maður mundi hann funda með henni og þakka og líka færa henni gjöf og sýnilegan þakklætisvott.

„ Vinurinn „ – veiðistaðurinn hans - var kominn vel upp úr á háfjörinni og eins og kallaði til hans og spurði hvort ekki væri kominn tími til að hitta sig og athuga með fisk.

Fuglahjörðin sveimaði hringi en vildi ekki setjast að þessu sinni. Ástæðan var Kári sem sat þar sem engin vanalega sat er þá bar að. Og hópurnir hætti við og valdi að sveima í hringi yfir ísnum og sveigja á eftir til suðurs og inn fjörðinn sem gleypiti hópinn:

„ Óskaplegt stefnuleysi er þetta. Geta ekki með neinu móti ákveðið sig. „ - sagði Kári og tók upp steinvölu til að fleygja en hikaði andartak og horfði á steininn í hendi sér. Eftir lítilsháttar umhugsun flaug steinvalan í boga framaf en náði ekki alla leið til sjósins vegna fjarlægðar frá kaststað og hafnaði milli stærri steina. Eigin orð kveiktu honum bros og hikið skellihlátur er hann minnti sjálfan sig á efablendni fuglanna og sína eigin rétt í þessu með steinvöluna.

Kári leit aftur á „ Vininn „ og tók áskoruninni um að sækja færið. Kannski að ísinn hafi ekki fælt fiskinn burt heldur rekið á undan sér í átt að landi. Það kæmi í ljós eftir að öngullinn sykki ofan í djúpið og beitan breyttist í lokkandi fæðu fiskunum sem hugsanlega syndu við "Vininn" góða.

Hann stóð á fætur, dustaði af fötum sínum og steig inn fyrir gæruhurðina og kom að vörmu spori út með upphringað færi og hvarf niður einstigið ofan í fjöru og tiplaði léttfættur á steinum og tók sér stæði í skjólinu á enda klettsins. Á þessum stað var hann sjálfur í hvarfi og sannreyndi með því að fá Rósant til að koma sér þar fyrir. Hvorki af syllubrún né bjargbrún sást til nokkurs manns þar sem Rósant stóð og var veiðistaðurinn sem hann valdi sér fullkominn.

Bræðurnir frá Kló.

Á sama tíma sátu bræðurnir Rósant og Ráðvarður á lítilli hæð skammt frá bænum Kló, heimili sínu, og báru saman bækur sínar um hvernig best væri að haga ferðinni til Klappsvíkur. Með því að fara eins hratt yfir og mögulegt væri og ekkert óvænt kæmi uppá tæki ferðin til Klappsvíkur eina dagleið. Með tvo fráa klára til reiðar ykist ferðahraðinn frá einhesta og gerði dagleið að raunhæfum kosti.

Strákarnir gerðu ráð fyrir þriggja daga ferð hið minnsta. Kannski viku ferð.

Gissunn kom fyrir húshornið með fötu og hvolfdi innihaldinu ofan í manngerða holu sem var við þetta horn og notað undir skólþ. Mjöltum var nýlokið og fatan sem hún bar notuð undir klútanna sem spennar kúnna voru þrifnir með. Maður hennar, faðir bræðranna, kom út og átti við hana orðastað og benti á meðan samræðurnar stóðu í átt að fjósinu og svo á sveitaveginnum neðan við bæinn. Bræðurnir sátu makindalega og nöguðu sitt stráíð hvor og ræddu málín. Annað veifið leit faðir þeirra til hólsins meðan hjónin spjölluðu. Sjálfir voru þeir með í fjósverkunum um morguninn eins og flesta aðra morgna og mokuðu flórin og tóku í spena og voru til þess að gera nýsestir. Foreldrar þeirra yfirgáfu staðin og gengu fyrir húshornið. Tíu mínútum síðar koma þau enn og nú með naut og kú í taumi. Kýrin var beiða. Að fjarlægja dýrin úr fjósinu skírði baulið í hinum kúnum og fyrirganginn þar. Að kú beiddi var bændum mikilvægt sem skjótt varð að bregðast við til að skepan fengi og gæti borið sínum kálfi og gefið af sér mjólk og kjöt.

Nautið lauk sér af og voru bæði teymd aftur inn í fjósið og bundin þar. Gissunn kom út og gekk til strákanna. Faðir þeirra sást ríða frá bænum á gripnum sem hann oftast nær notaði ef um lengri ferð var að ræða. Í för með honum var annað hross í taumi gyrt aktyggjum undir varning. Reiðhestur bónda

var sterkur mjög og þolinn og hægt að ferðast á honum einhesta um langan veg. Ótrúleg skepna og umtöluð í sveitinni fyrir fegurð, þol og styrk. Sumir sveitungar hans kölluðu hrossið gæðing. Hvort sem það var rétta orðið var þetta samt sagt.

Gissunn nálgadist bræðurna en hestur föðurins fjarlægðist og hvarf sjónum þeirra í brekkunni niður á slóðina sem sveitavegurinn tók við á og teygði sig alla leið til kaupastaðarins. Og lengra ef menn vildu. Rykið þyrlandist upp undan löppum hrossanna og stóð svolitla stund kyrrt í loftinu en byrjaði svo að setjast. Skyndileg vindgjóla flýtti ferlinu:

„Pabbi farinn í ferð og máski eitthvað út í bláinn „ - sagði Rósant er Gissunn settist hjá þeim með mjólkurögn í flösku og flatköku sem hún smurði og sneið hangikjöt ofan á:

„Oh jú! Ætli ekki það. „ – Gissunn rétti Ráðvarði flöskuna og flatköku samloku. Og bætti við:

„Þó ekki í bæjarferð heldur fjöruferð. Sagðist hafa fundið tvo mikla drumba er hann reið þar um í gærðag og valdi að leggja í hann strax að mjóltum loknum og sækja þá. Rekaviður er ekki daglegt fyrirbrigði hér í sveit og heldur ekki nokkurs manns eign fyrr en í hendi er. Allir hér í sveit vita og líka viðurkenna að „fyrstur fær „ – og sé lögmál tengt reka í fjörum. Búið gæti vel nýtt sér við hvort sem hann væri klofin niður í girðingarstaura eða sneiddur í borð til viðahalds húsa og finni vinnu hverskonar. Baðstofan þyldi viðgerðir í austurenda. Glugginn við stigann, uppganginn, hefur einn fúinn póst sem upplagt væri að skipta út í sumar sé þess kostur. Stoðin í húsinu sem glugginn er festur í er og orðin fúinn á kafla. Lagfæringa er þörf sem og að nota sumarið til verksins. Drumbur í hlaði leysir málið. „ - Frúin tók við mjólkurflöskunni úr hendi Rósant stakk upp í sig flatköku og fékk sér sopa.

Í svolitla stund til viðbótar hélt spjallið áfram en fór svo að sveigjast að Kára og málefnum hans og því sem hann stakk upp á við strákanna. Gissunn var strax með á nótunum og hellti sér út í undirbúninginn með þeim og varð sammála niðurstöðu Kára um að hyggilegt væri að segja ekki of mikið til að byrja með heldur meta afstöðu fólksins á Klappsvík til hins dæmda manns. Engin í hópnum vissi neitt um heimsókn Ísars og framgöngu Bjólfs við Bergsvein sem beitti hann ofbeldi svo að á sá. Ekki heldur að þessi tiltekna

heimsókn Ísars hafi breytt öllu um afstöðu Klappsvíkur- fólks í málinu sem eftirleiðis varð afskaplega andsnúið svona vinnubrögðum og sjálft orðið efablandið, vægast sagt, um heilindin að baki áhuga hópsins á að fanga strokumann til að réttlæti laganna næðist fram heldur tilkominn af öðrum og verri hvötum. Vissi ekki að upp frá þessu var stuðningur Klappsvíkur- fólks vís öllum sem legðu Kára lið í sannleika. Um þetta gat fólk á hólnum ekki vitað og ræddi því málið áfram eins og menn gera sem renna blint í sjóinn og reyna að sjá fyrir hverjar kringumstæður sem kynnu að leynast á veginum.

Allt var undirbúið með það fyrir augum að sá möguleiki væri fyrir hendi að ferð bræðranna yrði sneypuför. Hvernig sem færi bar þeim skilyrðislaust að segja Kára slæmu fréttina þó vitaskuld allir vonuðust eftir að geta flutt góðar fréttir þessum hrakta og sumpart niðurlægða manni.

Á fundinum kom og fram sú hugmynd hvort ekki væri hyggilegt fyrir þau að finna Kára varastað uppgötvaðist syllan og hellirinn og hann í flýti þyrfti að hverfa þaðan. Eins og nú háttaði til var engri varaáætlun til að dreifa og aldrei höfðu þeir heyrt Kára sjálfan nefna neitt slíkt. Menn urðu sammála og hét hver að upphugsu leið sem hægt væri að grípa til á neyðarstund.

Ráðvarður sussaði á hópinn er gamli vinnumaðurinn, sá sami og meig utan í húsvegginn nóttina sem bræðurnir funduðu með Kára og engu munaði að yrði þeirra var, kom fyrir húshornið og gekk, frekar hljóp, til þeirra:

„ Hvað vill Gossi grey? „ - Spurði Rósant hin.

„ Sælt veri fólk þú og mikil er nú blessuð blíðan í dag. Ekki vitið þér frú mín góð hvar naglarnir eru geymdir. Hamarsskömmin er ekki heldur á sínum stað og hvergi sjáanlegur. Húsbóndi minn elskulegur gaf mér fyrirmæli um að huga að girðingunni „ – maðurinn benti í vestur: - „ og hengja upp þar sem hún liggur niðri. En ég finn hvergi nokkur staðar neitt sem til verksins þarf. Gæti verið frú mín góð að naglarnir væru búnir og að gleymst hefði að kaupa þá síðast er farið var í kaupstaðinn? Og er mögulegt að minn ágæti húsbóndi hafi tekið hamarinn með sér í ferðina til fjörunnar? „ - Góssi grey (viðurnefni) var vandræðalegur í framan og klóraði sér hressilega í bringunni yfir oft þvegna og þæfða lopapeysuna sem náði honum niður að buxnastræng:

„ Fáðu þér sæti Nataníel minn og þiggðu flatköku með hangiketsáleggi og athugum hvort ekki finnist lausn á málefni þínu: „ – Nataníel settist og rétti Gissunn honum kókuna sem eftir var og Rósant mjólkurflöskuna sem hann sjálfur saup áður af:

„ Guð laun kæra frú og ekki veitir mér nú af svolítilli hressingu. „ – Nataníel fékk sér bita og sopa úr flöskunni hallaði sér eilítið á aðra hliðina og hleypti út vind svo söng í. En þetta var bara hann Nataníel sem stundum hirti ekki um aðra í kringum sig.

Samtalið við Góssa grey hélt áfram og endaði á þann veg að Gissunn stóð á fætur og gekk með honum heim á bæ er ljóst var að engin vissi neitt um það hvort nagli væri til á bænum. Nokkru síðar kom Góssi grey fyrir hornið og gekk í átt að staðnum sem girðingavinnan skildi fara fram á með dós með nöglum í og hamar í hendi. Gissunn birtist við húshornið og gekk til þeirra:

„ Karlinn hlýtur að vera orðin elliaer. Lagði sjálfur verkfærin og naglanna frá sér í fjósið og hafði auðvitað steingleymt hvar hann skildi síðast við þau. Endemis kæruleysi í fullorðnum mönnum í umgengni við verðmæti og nauðsynjar á hverjum bæ. Hamar hefur verið ófáanlegur í landinu um hríð. Karlmenn! „ - Gissunn hló og settist á sama stað hjá sonum sínum.

Fundurinn um málefni flóttamannsins hélt áfram. Ákveðið var að halda í þessa ferð í bítinu næsta dag og að Rósant og Ráðvarður færu saman. Þeir yrðu útbúnir með nesti og trúverðug saga búin til. Nú kom meðfætt flökkueðli strákanna sér vel og bauð upp á góðar útskíringar á fjarveru þeirra.

Sagan sem föður þeirra yrði sögð, og aðrir á bænum, var að þeir hefðu ákveðið að bregða sér í nokkra daga ferð og heimsækja vin sinna (nafngreindur) í næstu sýslu og dvelja hjá honum nokkra daga. Í hlut Gissunnar kom að segja söguna er strákarnir væru farnir en fyrir ekki. Sú leið þótti farsælli. Til téðs vinar síns fóru þeir annað veiðið, ekki reglulega, og tók hver ferð nokkra daga. Nú kom þetta sér vel og gerði ferðalagið kleyft án grunsemda.

Dagur komst að kveldi og morgundagurinn steðjaði að á sínum hraða. Allt var tilbúið og nestið komið í hnakktöskurnar sem héngu við hlið hnakkanna í geymslunni þar sem reiðtigin voru geymd.

Er líða tók að miðnætti heyrðist hófadynur úti fyrir. Faðir þeirra var komin úr ferðinni með happafeng á klárnum sem hafður var með til burðar. Sitt hvoru megin við hann lágu efnismiklir hátt í sex metra langir drumbar festir upp á endunum í aktygin og dróst hinn endinn eftir jörðinni. Ferðin var sem sjá má til fjár. Nú fengi Gissunn viðgerðan gluggapóstinn og svæðið í kringum hann á veggnum sem samþykkt var að ráðast í undireins og efnið kæmi í hús sem nú lá á hlaðinu og beið stórsagarinnar og handlaginna manna. Góssi grey var liðtækur smiður. Nú fengi hann girðingarstauranna sem í ljós kom að vantaði til að klára girðinguna.

Fjörurekin gaf fólkinu ýmsa möguleika sem Danskt yfirvald hirti ekki um en hafið gerði þó og fleytti til landsins trjábolum sem nýttust fólkinu til margvíslegra nota.

Fólkið gekk til hvílu og ró færðist yfir menn og skepnur á bænum Kló.

Nóttin var einkennileg. Hún bjó yfir spennu og taugatitringi. Rósant og Ráðvarður byltu sér í rúmunum. Svefninn vildi ekki koma. En kom svo loks.

Morgunninn rann upp og vakti strákanna sem þegar rifu sig á fætur og gerðu sig klára í að ferðast yfir til næstu sýslu í austurátt. Í eldhúsinu beið þeirra hafragrautur sem Gissunn eldaði. Mjölbirgðir heimilisins voru ekki miklar en vonir stóðu til að úr mundi rättist með næstu skipakomu. Þar sem ferðin var leyniför var ekki ráðlagt að dvelja of lengi. Þeir hámuðu grautinn í sig og drifu sig á eftir yfir til hrossanna sem biðu rólegir í hesthúsinu og beisluðu þá og lögðu hnakkanna á og stigu á bak og hurfu inn í svalann morguninn. Er annað heimilisfólk kom fram var allt afstaðið og engum kunnugt um för strákanna. Einum heimilismanna varð þó að orði að honum hafi heyrst að hrossum hefði verið riðið yfir hlaðið en hlyti að hafa verið misheyrn hjá sér: „ Engin fer svona snemma í ferð. Nema hafa óhreint mjöl í pokahorninu og um leyniför sé að ræða. „ - Maðurinn hló og skar sér súrsaða blóðmörsneið og setti á diskinn hjá sér og leit yfir hópinn. Gissunn gaf ekki að og engin hinna virtist heldur hafa veitt orðunum athygli. Voru sumir við borðið enn vart vaknaðir og óupplagðir fyrir of stóra sneið af gríni en prýðilega upplagðir fyrir súrsaða fæðuna.

Rósant og Ráðvarður fóru geyst yfir. Hestarnir voru í góðri þjálfun. Þeim mátti samt ekki ofgera. Smávegis vindur í lofti og hitastigið ekki hátt svo árla

morguns. Orðið var vel ratfært. Framundan á hægri hönd greindu þeir reiðmann sem reið einhesta og af stefnu hans að ráða reið í kaupstaðinn. Strákarnir voru öllum hnútum kunnugir og fór aðra slóð í grennd til að ferðir þeirra lægju ekki saman. Að hitta mann merkti spjall og fyrir þeim annað orð yfir tafir. Þeim lá á. Já, lífið á.

Áð var í skjóli við hól á leiðinni og hestunum leyft að kasta mæðinni og þeir fengu sitt tækifæri til að skipta um hesta. Nestið bragðaðist vel og hressti. Þeir hvíldu örlítið lengur en stigið svo á bak. Flýtirinn hafði tvennt í för með sér. Skemmri ferð og minni líkur á að rekast á hópinn sem Ísar leiddi sem talað var um að færi hamförum á svæðinu og menn reiknuðu með að hitta hvar sem var á leiðinni.

Rykmökkur steig upp í fjarska og benti til flokks manna. Hópurinn stefndi beint til þeirra. Engrar undankomu var auðið úr þessu og eina í stöðunni að halda ferð áfram og stefna fyrirframgerða leið. Mikil var léttirinn er í ljós kom að ekki var um menn yfirvalda að ræða heldur tuttugu manna hóp bænda sem sameinaðist um kaupstaðaferð:

„ Heilir og sælir! Á hvað ferðalagi eru þið ungu menn? „ – Sá sem fór fyrir hópnum var glaðlegur karl um sextugt með derhúfu á höfði. Hrossið blés úr nös. Hinir nítján komu að. Hestahópurinn var samtals sextú og samanstöð af burðarklárurum og reiðhestum:

„ Oh, svo sem ekkert merkilegt. Heimsækjum vin okkar og dveljum nokkra daga hjá honum. En þið sjálfir? Hvert er ferð heitið? „ –

„ Kaupstaðurinn góði minn. Kaupstaðurinn. Danski kaupmaðurinn þar tjáði mér síðast er ég skrapp til hans að skips væri að vænta í dag eða morgunn og ástæðan fyrir að við förum svo margir saman. Ýmsar nauðsynjar vantar á vor bú sem vonandi farmur skipsins leysir úr. En okkur er ekki til setunnar boðið. Guð veri með ykkur. „ – Maðurinn tók í tauminn og hélt leiðar sinnar og hinir með. Eftir nokkra metra stöðvaði hann og kallaði yfir öxl sér: „ Á meðan ég mann þá rákumst við á leitarflokk frá yfirvaldinu sem sagðist leita strokufanga. Ekki frýnilegt fólk og margt undir áhrifum áfengis og illskett. Forðist þá sé þess nokkur kostur. Sælir aftur og Guð geymi ykkur. „ – Bræðurnir þokkuðu fyrir sig og litu hvorir á aðra. Þeir höfðu fengið aðvörun sem var gott. Nú gátu þeir haft augun hjá sér og komið sér í skjól yrðu þeir

einhvers óeðlilegs varir. Aðvörun bóndans var merki um hug landans almennt til hins Danska yfirvalds og fólksins sem þeir starfræktu í þessu landi.

Ferðin var fljótari en þeir reiknuðu með.

Um klukkan átján blasti Klappsvík við. Fólk sást í túninu neðan við bæinn að dreifa úr húsdýraáburði sem stóð þar í hrúgum niður eftir öllu túni. Menn litu upp frá vinnu sinni er þessir tveir ókunnur menn riðu heimreiðina. Maður við aldur tók á móti þeim á hlaðinu og kynnti sig sem Bergsvein. Barnshafandi kona gekk til hans úr bænum og gátu þeir sér til að væri Sunna. Þeim var boðið að stíga af baki og þiggja matarkyns á bænum. Bergsveinn gaf vinnumanni fyrirmæli um að fara með hrossin í hús og sprett af þeim og gefa. Móttökurnar voru vingjarnlegar og lofuðu góðu um framhaldið. Strákarnir veittu umbúðum á höfði hans athygli og marblettum á hnakka.

Bræðurnir veita upplýsingar

8 kafli

Kári stóð á „, Vininum „, með línuna liggjandi í sjó. Lokkandi beita var á endanum. Fiskurinn vildi ekki bíta á og beitan máski ekki nógu freistandi fiskum sem syntu í námunda við klettinn. Margt kom til greina og vel hugsanlegt að fullur fjörður af klaka hefði áhrif á fiskigengdina. Eitt var þó í lagi. Róin og friðurinn í þessu stafa logni úti. Hvort blikur væru á lofti í suðri skírðist er líða tæki á daginn. Þar drógu sig upp ský á himni. Vindur af suðri yki möguleikann á að ísbreiðan flyti út fjörðinn og til hafs. Ef ekki festist hún við landið. Tvennt var í stöðunni og spurning um hvort sigraði. Bæði gat gerst.

Kári leit upp til himins eins og til að kalla eftir svari þaðan. Himininn var hljóður: „Æ, maður þarf ekki að fá svar við öllu. „ - Sagði hann við sig sjálfan: „Guð heyrir heldur ekki hégómlegar bænir. Sagði presturinn í einni messunni sem ég sat ásamt Sunnu áður en drengirnir komu í heiminn. Drengirnir! Heimasveitin mín og.....! „ – Hugur Kára vildi hefja sig til flugs og spinna eilítið og fljúga hvert sem hann vildi. Í eitt augnablik gleymdi Kári sér en rumskaði fljótt. Kaldur veruleikinn blasti við honum í öllum þessum ís framundan. Á sinn hátt hrollvekjandi sjón en á sama tíma mikilúðleg. Með gæruskinnið vafið um sig hélst á honum hiti og ekki í fyrsta skipti sem gæran umbreytist í " ylpúða."

Snöggur kippur kom á færið. Manninum dauðbrá og steig ofan á línuna og bjó til bremsu og hindrun. Óbeislaður hraði gat flækt línuna. Hratt rennslíð framkallaði lítilsháttar kitl undir ilinni. Í þunnum sóla skinnskósins var lítil vörn fyrir rennandi snæri að snerta yl manna. Líka þó gærskins þjatlta væri sniðin í botninn. Kári hélt fætinum á sínum stað. Um annað var ekki að ræða. Flæktist snærið yrði staðan erfiðari. Að missa það frá sér var óásætlanlegt. Að hafa hemil á var mikilvægt og lítilsháttar kitl lítilfjörlegt. Rynni spottinn um lófanna á þessum hraða gat það valdið bruna á höndum.

Í endann styttist hraðar en ásættanlegt var. Honum hætti að lítast á blikuna er aðeins nokkrir hringir voru eftir af hönkinni. Lítið vantaði orðið á. Áður en endinn stökk fram af klettinum og kvaddi stöðvaðist línan.

Kári Bergsveins var snöggur og hóf að hala inn línuna og leit aftur upp til himins og brosti. Hjarta hans var fyllt með þakklæti. Það sem var á hinum enda línunnar var einkennilegt og ýmist þungt og í hina röndina létt og lipurt eins og ekkert hengi á önglinum. Á næstu andrá var eins og líf kviknaði og allt sökk aftur til botns og stoppaði þar. Gekk svo um tíma. Viðbrögð þorsks og ýsu þekkti hann. Þessi voru öðruvísi. Hverslags kvikindi var hann að fást við? Sæskrímsli? Sækú? Hafmeyju? Óþekkta hafvætt? Margt kom til greina.

Kára varð hugsað til sögu sem hann heyrði heima í Klappsvík þá drengur af vörum afi síns um kynjadyr sem gekk á land í fjöru sem hann nefndi og Kári kannaðist við og annálað hraustmenni glímdi við og tókst að hrekja aftur til hafs eftir átök og öskur í bæði manni og veru. Skepnan var á stærð við kálf og öll þakin skeljum sem glamraði í er hún hreyfði sig. Saga gamla mannsins var ógnþrungin að ungum eyrum drengsins fannst rétt að þrýsta sér þétt upp að honum. Hraustmenni þetta komst við illan leik til bæja allt blóðrísá.

Sagan gekk mann fram af manni og var ýmist svona eða hinsegin. Skepna á stærð við kálf þakin skeljahúð var þó algenga sagan þó atburðarásin væri allskonar og ýmist um hraustmenni, ungan dreng, konu sem skyldist við kynjaveruna vopnuð göngustaf sem hún ku jafnan nota á ferðum sínum og hafði betur. Skepnan sneri til hafs og synti burt, sem var lokaniðurstaða allra sagnanna: „ Með óbótaskammirnar á eftir sér „ - skaut gárungur einn inn í frásöguna og veltist um af hlátri. Kári varð vitni að innskoti mannsins og hlátri og mundi hve smitandi hann var. Að skopast að svona löguðu var bara skömm í augum sögumanns sem taldi sig ekki lengur eiga samleið með slíku liði og gekk sína leið, allt annað en brosmildur. Var sögumaður enda hjátrúarfullur uppúr og niðurúr og á sinn hátt fulltrúi hjátrúarfullra sem voru margir í þessu landi og sumir illa haldnir af henni. Hlátur mannanna átti sér í grunninn aðra skíringu. Sagan kveikti ótta í hjörtum þessara áheyrenda en hvarf eins og dög fyrir sólu með orðum mannsins sem sjálfur bjóst ekki við jafn sterkum áhrifum og varð nokkuð montin af eigin innleggi - eftir á.

Ekki svo að skilja að veiðimaðurinn á „ Vininum „ reiknaði með að þurfa að kljást við óvætt líkan honum sem sagan geymdi. Glíman hins vegar við kynjaveiðina fékk hann til að rifja upp téða sögu og horfa árvökulum augum til allra átta. Tilbúinn - kannski ekki í allt - en ýmislegt. En áttaði sig svo: „ Hvað! Ég líka orðin hjátrúarfullur? Farin að kíkja í kringum mig. Mikill er máttur hugans. " – Snærið fékk aftur athygli með rykknum sem kom.

Kári ýmist gaf út slaka eða togaði allhratt að sér og stóð þetta yfir nokkra stund. Aftur breyttust kringumstæðurnar með ísjakanum sem tók sig út úr breiðunni og stefndi til klettsins sem hann stóð á. Missti hann línuna upp á jakann væri honum öllum lokið og yrði endalok veiða dagsins. Svartsýnar spár brutust fram í kolli mannsins.

Rekandi ísjakinn kveikti veiðieðlið til fulls og með því keppnisskapið. Hann gekk í sjálfan sig ákveðin í að draga bráðina vægðarlaust að klettinum og gefa hvergi eftir í drættinum. Hann leit á jakann. Glampi kom í augun sem nú hvestu á ógnina sem rak þarna á sjónum. Með samanbitnar varir og augnlokin umbreytt í litla rifu dró hann snærið sem óður væri. Hönkin var að komast í fulla stærð við fætur hans.

Tíu, tólf fermetra íshellan átti örstutt eftir að klettinum er ljóst var að veiðin væri svo gott sem í hendi. Enn gerðist hið óvænta. Íshellan breytti um stefnu og rak í sömu átt og breiðan sjálf og endaði í fjörunni austan megin og strandaði þar. Er Kári leit augnablik til norðurs sá hann ekki betur en að við ísbreiðunna hefði bæst.

Loks gafst tóm til að kíkja fram af klettinum og skoða „ furðuveruna. „ Í fyrstu sá hann bara sjó og sitt eigið andlit speglast í yfirborðinu. Andartaki síðar varð hann hreyfingu vars með þessu hvíta sem í ljós kom. Málið skírðist fullkomlega er hvíta hliðin hvarf og skepnan velti sér yfir á hina hliðina og í dökka hliðina grillti. Honum létti. Varð reyndar ósköp feginn:

„ Aha. Stór og mikil spraka. Áreiðanlega einsdæmi svo nálægt landi. Svona ísbreiðu er ýmislegt um megn. „ - Kári klóraði sér í hökunnunni undir miklu skegginu: „ Hvernig í ósköpunum á ég að landa flykkinu og drösla upp á

sylluna? „ – Hann horfði upp í gapandi lúðukjafinn sem stóð upp úr sjónum og mat aðstæður og lenti í vandræðum. Skepnan var of stór til að fá nýst honum og áreiðanlega hátt í eitt hundrað kíló. Eftir umhugsun ákvað hann að sleppa lúðulokinu. Sú ákvörðun var heldur ekki án vandkvæða og virtist í fljótu bragði ógerleg nema fyrst að skera á línuna og missa öngulinn frá sér og um leið hluta lífsbjargarinnar. Óbætanlegur skaði það. Bræðurnir voru að vísu ráðagóðir og gátu útvegað eitt og annað en sumt var hreinlega ekki fáanlegt í landinu og keypt upp undireins og það barst með skipi frá kóngsins Kaupmannahöfn.

Að skera á snærið yrði síðasta úrræði hans og allt annað fyrst reynt. Málið þurfti skjótrar úrlausnar. Hangs og hik merkti tapaður tími sem skyndilega varð aftur mikilvægur.

Lúðan virtist uppgefinn. Gallinn við fiska rétt eins og menn er að bæði afþreystast eftir að hafa safnað kröftum. Öngullinn sat fastur í efri hluta kjaftsins. Ekki mjög fast. Samt var erfiðleikum bundið að losa hann úr kjaftinum vegna fyrst og fremst aðstæðna. Með fleiri mönnum yrði verkið ekkert mál. Engu slíku var til að dreifa.

Mjó sylla stóð neðan við hina sem sjórinn renndi sér mjúklega upp á er fjarad hafði út. Þangað niður færði hann sig og settist á hækjur sér og teygði aðra hönd sína niður með hausnum og á þann stað á honum sem tálknin eru og hélt lúðunni fastri meðan hann skoðaði málið betur. Áður bar honum gæfa til að líta í kringum sig og koma auga á mjóa fimmtíu sentímetra langa trjágrein sem skorðast hafði í rauf í klettinum eftir öldu sem skall á hann í einu ofviðrinu og festi þar. Af ástandi greinarinnar að merkja var stutt síðan hún kom. Brælan nokkrum dögum fyrr var tíminn.

Greinina tók hann með sér og bar í munni sínum er hann klifraði niður og hugðist nota til að fjarlægja krókinn úr kjálkanum. Taumnum hélt hann strekktum á meðan þrílið stóð. Aðdjúpt var á staðnum vegna fjarlægðar frá landi. Lúðan var kyrr. Við snertingu handarinnar tók hún viðbragð og vatt lítillga upp á sig og reyndi að losna en hætti fljótt sveigjum sínum og beygjum. Grip mannsins var þétt. Til skiptis opnaðist og lokaðist kjafturinn.

Með aðra höndina áfram læsta í haus fisksins notaði hann hina til að beina enda greinarinnar að króknum og ýta á. Kjafstur skepnunnar lokaðist um hana en opnaðist fljótt aftur. Greinileg tannaför saúst á greininni. Bit fisksins var öflugt. Dýpt tannafaranna báru þess merki. Hér kom í ljós gagnsemi greinarinnar og ljóst að án hennar væri verkið óvinnandi. Greinin breyttist í gullmola í augum Kára.

Hann beindi trjágreininni aftur að önglinum og ýtti ákveðnara á öngulinn. Greinin hrökk af, kjafsturinn lokaðist, í eilífðartíma að Kára fannst. Enn gapti lúðukjafsturinn og hægt að endurtaka verkið. Og hið ómöguleg skeði. Öngullinn losnaði úr kjálka fisksins og var snarlega kippt út: „Ýmislegt ætlar maður að upplifa hér á þessum Guðsvolaða stað " - Kári gleymdi sér stundarkorn og rak upp skellihlátur sem skyndilega þagnaði og fékk til að líta snögg í kringum sig sitjandi á hækjum sér. Hláturinn hafði ekki heyrst og engin eyru önnur hans eigin í grennd:

„ Hefur þú eyru“ „ - spurði hann lúðuna sem vitaskuld sýndi engin viðbrögð við hótmyndni mannsins: " Auðvitað ekki " - Kári hló, en nú ofan í bringuna. Hann var glaður og varð að sýna eigin gleði með einhverjum hætti. Sama hvernig. Bara einhvern veginn:

„ Guð! „ - Sagði hann: „ Þú ert með mér vegna þess að þú veist að ég er saklaus. „ - hrópaði hann upp í himininn af öllum lífs og sálarkröftum. Núna skeytti hann ekki um þótt menn væru í grennd og heyrðu til sín og vildi bara lofa Guð sem hann orðið þekkti. Já, persónulega. Var það hægt í einverunni?

Kári veifaði önglinum fyrir framan gapandi lúðuhausinn: „ Sérðu öngulinn? Mundu eftirleiðis að láta þennan krók eiga sig. Skilið? „ – Hann klappaði skepnunni og slepti takinu. Lúðan sökk í sjóinn og huldist á örskotsstund af dýpinu sem sólarljósið nær ekki langt niður í.

Hann stóð á fætur og kleif upp á efri sylluna og hélt veiðum áfram. Eftir nokkra bið lá sæmilegur þorskur við hlið hans.

Kári yfirgaf "Vininn" og kleif bjargið með þorskinn dinglandi við mjöðm sér hangandi á hausnum. Við hellisskútan horfði hann til suðurs. „ Blæs vindurinn

ekki að sunnan? „ – var þælingin er hann ýtti gæruhurðinni til hliðar og hvarf inn fyrir. Örlitlu síðar og eftir að hafa klifið einstigið og aðgætt aðstæður á brúninni gekk hann að eldstæðinu og gerði það sem þurfti til að eldur kviknaði. Þorskurinn beið suðu. Saltur sjórinn sá um að gera fæðuna hæfilega salta og bragðgóða. Reykur steig upp og potturinn með sjónum í fór yfir. Ekki var um að villast. Sunnanvindurinn var kominn. Reykurinn steig til norðurs og mikil ísbreiðan byrjuð að reka út fjörðinn.

Rósant og Ráðvarður ræða við Klappsvíkur- fólk.

Ófríska konan lagði á borð og Bergsveinn bauð þeim að fá sér sæti:

„ Ég sé að þér hafið sáraumbúðir á höfði og marbletti á hálsi. Lentuð þér í slysi, herra minn? „ – Ráðvarður spurði gestgjafa sinn á meðan konan hellti mjólk í bolla handa gestinum og Bergsveinn skar sitt hvora kökusneiðina og rétti þeim:

„ Slys og ekki slys. Ég veit ekki hvað segja skal. Séu menn barðir með svipu er nú vart hægt að tala um slys: „ – Faðir Kára settist.

„ Hvað segið þér! Svipu? Hver gengur að öðrum manni og slær hann með svipu? Ég skil ekki hvað þér eigið við? „ – Ráðvarði fór að gruna ýmislegt og leit á bróðir sinn:

„ Von að spurt sé og að erfitt sé að átta sig á svona löguðu fyrir mann sem ekki þekkir atburðarásina. Þannig er mál með vexti að Kári Bergsveins er sonur minn og menn frá yfirvaldinu leita að honum og vilja færa í svartholið til að taka út dóm sinn. Eflaust hafið þið haft fregnir af málinu og stroki mannsins eins og aðrir í sýslunni. Auglýsingarnar út um allar trissur hafa sagt mörgum mannum margt sem og verðlaunaféð fyrir gagnlegar upplýsingar. Aurinn freistar ýmsa. Sjálfur veit ég ekki frekar en aðrir hvar hann er niðurkominn og hvort hann sé lífs eða liðinn. Hef engar spurnir haft af honum. Yfirvaldið hefur í þriggung sent þessa fanta hingað til að spyrjast fyrir um manninn. Í síðustu heimsókn sinni voru þeir harðir í horn að taka. Eins og sést. Og séuð þið, ungu menn, á höttunum eftir upplýsingum um hvar Kári sé niðurkominn komið þið erindisleysu. „ – Bergsveinn lagð lófa sinn á

umbúðirnar á höfði sér og virti mennina fyrir sér ekki beint rannsakandi augnaráði - en þó. Í augum hans blikaði á tortryggni. En bara um stund, sem var góðs viti.

„ Hef heyrt lítillaga um málið herra minn en ekki velt neitt sérstaklega fyrir mér og erum við í öðrum erindagjörðum en þeim að afla okkur upplýsinga um ógæfumann heldur biðjast gistingar í nótt og halda ferð áfram á morgunn. Og hvenær og hvort menn séu saklausir eða sekir er ekki mitt að dæma um? „ - sagði Rósant. Orð hans urðu þess valdandi að Ráðvarður sparkaði í hann undir borðið og hnyklaði brýrnar til merkis um að fara gætilega. Gretta vildi myndast á andliti hins sem ekki kom og samanherptar varir láttnar nægja. Hönd læddist niður eftir fæti til að nudda auman blett á fótlegg. Högg bróðurins var full þungt. Allt án þess að gestgjafar yrðu neins óeðlilegs varir:

„ Gisting fyrir ykkur er vís og mun Sunna búa um rúm handa ykkur á baðstofulofтину. Ekki satt Sunna mín. „ - Bergsveinn beindi spurningunni til konunnar.

Konan sem uppvartaði gestina hafði en ekki kynnt sig: „ Auðvitað. Við hýsum langt að komið fólk. Skárri væri það nú. En fyrirgefið herrar mínir að mér láðist að segja til nafns er þið riðuð í hlað en nafn mitt er Sunna Ásgrímsdóttir og er ég eiginkona Kára sem við þetta borð hefur lítillaga verið nefndur og ber ég þriðja barn okkar undir belti sem hann veit enn ekki um að sé á leiðinni. Drengirnir okkar tveir eru úti við. Þið heyrðið að ég tala um mann minn eins og sé hann enn lifandi. Um það er ég handviss. Hjartað mitt staðfestir að hann sé enn lifandi „ – Sunna strauk sér um kúluna. Hún neitaði að líta á sjálfa sig sem ekkju þrátt fyrir allmargar sögusagnir um dauða mannsins sem hún á sínum tíma gekk í hjónaband með. Eitthvað í henni sjálfri sagði: „ Hann lifir. „ -

Bræðurnir horfðu hvorn á annan við síðustu orð Sunnu „ Hann lifir. „ Þeir risu upp frá borðum og heilsuðu frúnni með virtum:

„ Hvað heita drengirnir yðar, ef ég má spyrja? „ - Ráðvarður bar upp spurningu sem um leið var liður í að brjóta múra og bræða ís og byggja upp traust fólksins sem allt útlit var fyrir að yrði engum erfileikum bundið af tali

fólksins sjálfs að dæma. Samt bar þeim að tefla sínum taflmönnum varlega fram. Sú staða gat vel verið uppi að þrátt fyrir kurteisni, alúð og gestrisni fólksins að það sjálft væri á varðbergi gagnvart ókunnugum og vildi reyna hvort heilindi byggi að baki heimsókninni. Kringumstæðurnar voru óvenjulegar.

Blik kom í augu Sunnu við spurningu gestsins um drengina. Hún svaraði: „ Þessar elskur heita Oddur og Davíð. Sannir gimsteinar sem sakna föður síns óskaplega og spyra daglega um hann. Ekki satt afi? „ -

„ Hvort þeir gera. Sjálfur heyri ég vart neitt annað hjá þeim. „ - sagði stoltur afinn sem var ekki lengur bara afi heldur gegndi meðfram afahlutverkinu föðurhlutverki:

„ Falleg nöfn. „ – Rósant horfði á rjúkandi kaffið renna í bolla úr kaffikönnunni sem Bergsveinn hélt á og hengdi aftur á krókinn yfir eldstæðinu til að nýta glóðina og halda kaffinu heitu. Nokkurt magn af kaffi kom með síðasta skipi og náðu Klappsvíkurmenn að birgja sig upp. Á birgðirnar gekk og kæmi ekki ný sending á næstunni gengju þær til þurrðar á heimilinu:

„ Já, drengirnir okkar heita yndislegum nöfnum. „ - Sunna komst við í hjarta sínu.

Tveir drengir komu hlaupandi inn rjóðir í kinnum af ærslunum úti við. Er þeir sáu gestina stoppuðu þeir og spurðu afa sinn hvað þessir tveir kallar væru að gera hér og hverjir þeir væru. Sunnu kom að og lagði hendur á axlir þeirra og kynnti aðkomumenn fyrir þeim: „ Svo þið eruð drengirnir sem móðir ykkar sagði að hétu Davíð og Oddur Kárasynir. Myndarstrákar báðir tveir og þú. „ - Ráðvarður benti á eldri drenginn: „ ert líkur móðir þinni: „

„ Ég er alveg eins og pabbi minn, „ - sagði sá yngri hvergi banginn:

„ Já.... Eh.... er það. Þekki hann ekki. „ – Spark fótar undir borðinu fékk Ráðvarð til að gæta sín. Ennþá var ekki rétt stund til að opinbera raunverulega heimsókn gestanna. Verkur læddist upp eftir fætinum. Hvort Rósant vildi með sparkinu hefna sín var ekki gott að segja en verkurinn var nógur og kallaði

eins og í hitt skiptið fram hönd sem læddist undir borð til að nudda auman blett á fæti undan tá bróðurins. Allt án minnstu sársaukagrettu á andlitinu.

Sunna leit út um dyragættina og gekk áfram út á hlaðið og staldraði við eitt húshornið. Þaðan sást vel niður á slóðina sem lá um sveitina. Að vörmu spori kom hún inn aftur með þá fregn að til hóps hestamanna sæist vestan við bæinn. Ráðvarður og Rósant spruttu upp úr stólunum og hlupu til dyra til að kanna hverjir þessir menn væru þarna svo fjölmennir. Tuttugu manna hraðreiðsveit var ekki daglegur viðburður í sýslunni. Slíkir hópar gátu ekki annað en að vekja á sér athygli. Hægfara hestalestir voru hið algenga. Oftast nær voru þær tengdar verslunarferðum bænda til kaupstaðarins. Þetta var öðruvísi. Ljóst var að þessi hópur var sami og hann sem undi sér engrar hvíldar fyrr heldur en flóttamaðurinn Kári Bergsveins fundist. Hvort Kári væri lifandi eða dauður skipti leitarmenn orðið engu máli bara að hann kæmist í þeirra hendur og þeir losað sig við þessa meinsemd sem málið allt var orðið.

En Guði sé lof! Ferð manna var ekki heitið til Klappsvíkur heldur annað. Bergsveinn kom á eftir þeim út og fylgdist með reiðmönnum ríða í austurátt. Svolitla stund til viðbótar stóðu þeir þar sem þeir voru og sáu hópinn fjarlægjast. Oddur og Davíð komu út til þeirra og saman gengu þeir inn.

Ráðvarður og Rósant höfðu enn ekki hitt Ísar í eigin persónu né vissu nákvæmlega hvernig hann leit út né heldur hinir fantarnir sem honum fylgdu. Sum nafnanna í floknum höfðu þeir þó heyrð.

Eftir að inn kom og allir sestir við borðið var eins og flóðgáttir lykjust upp með málbeininu sem losnaði. Rósant og Ráðvarður stukku fram með sitt raunverulega verkefni og fólkið tók á móti og var fegið að loksins væri hjá þeim menn sem tækju upp hanskann fyrir heimilismanni Klappsvíkur sem beittur var ofríki á grimmilegasta hátt. Áður en lengra var haldið var vikastúlka ein beðin um að hafa ofan af fyrir drengjunum. Og bent á hlöðuna. En þar undu strákarnir sér oft og var að sumu leiti þeirra eigin ævintýraheimur með göngum í heyinu, hellum og Guð má vita hvað.

Er fólkið var aftur orðið eitt og Bergsveinn hafði kannað að engir nema þau væru í húsinu byrjuðu bræðurnir að veita upplýsingar um sannleika málsins.

Fólkið átti um stund í erfiðleikum með að leggja trúnað á ótrúlega sögu ungu manna um Kára og hvernig fundum þeirra bar saman og hvað á daga þeirra hafði drifið. Fregnin um að hann væri á lífi og vel á sig kominn var of mikil fyrir tilfinningarnar sem gerðu vart við sig hjá fólkinu sem óundirbúið fékk skaf af gleðilegum fréttum að bæði brustu í grátt og féllust í faðma af einskærri gleði. Og var ekki ástæða til að gleðjast og láta gleðilátum? Komin var á vinátta og fullt traust milli allra aðila sem ekki hyrfi svo auðveldlega. Bergsveinn fékk von og Sunna einnig sem nú vissi að barnið sem senn kæmi í heiminn ætti föður á lífi og bræðurnir mundu endurheimta. Rósant og Ráðvarðar voru sönn Guðsgjöf og fyrstu ljósgjafir í Klappsvík í langan tíma.

Veislan í Klappsvík

9 kafli

Er tilfinningar Bergsveins og Sunnu hjöðnuðu og fólkið komið til sjálfs síns lauk Bergsveinn við kaffibollann, stóð á fætur og gekk út í fjós. Aligimbrarnar voru þar í stúu við hlið kálfanna. Þunnt skilrúm aðskildi skepnurnar. Frá fyrstu tíð var til siðs á bænum að ala nokkrar gimbrar til að ekki skorti ferskt kjöt yfir sumarmánuðina. Vegna aligimbranna fengu heimilismenn nýtt kjöt í matinn utan hefðbundins sláturtíma. Bithaginn í kringum bæinn var ágætur og gengu gimbrarnar í hann en voru hafðar inni á nóttum uns túnið komst í sumarþúning. Á rigningasumrum og litlum hefyng komu þær lítt í hús og féð og kýrnar látnar ganga fyrir töðunni og fengu gimbrarnar moðið:

„ Aligimbrarnar eru vor öryggisventill: „ - sögðu Klappsvíkurmenn aðspurðir. Sumir bændur botnuðu ekkert í til hvers verið væri að ala þessar gimbraskammir og fannst betra að slátra fé sínu í hefðbundinni sláturtíð á haustin „ en standa í þessu veseni, „ - sögðu þeir og klóruðu sér hressilega í höfðinu. Aligimbrarnar buðu fólki í annan stað ferskmeti á óhefðbundnum árstíma.

Inn í fjósinu lágu kýrnar í mestu makindum. Nautið eitt stóð og hafði fyrir því að líta örsnöggt á manninn sem inn kom en snéri sér fljótt að fyrri iðju. Töðunni. Bergsveinn leit yfir gimbrahópin og valdi fallegustu gimbrina úr og leiddi út og slátraði á hlaðinu.

Eftir að búið var að aflífa skepnuna, flá og fjarlægja innnyflin voru lærin, sá hluti kjötsins sem matreiða átti, hlutaður frá skrokkunum. Tímasetning slátrunarinnar var ágæt. Bergveini hafði áskotnast nokkurt magn af salti. Saltkjötstunna sem lengi hafði staðið auð hægra megin við útidyrnar fengi loks áfyllingu. Saltleysið í landinu olli þessu. Skipið sem kom á dögnum hafði salt. Afgangurinn af skrokkunum, utan læra og bóga, yrði saltaður ofan í tunnuna og önnur gimbur felld og tunnan fyllt. Nokkurn tíma tók kjötið að verkast í tunnunni. Afgangur kjötsins fór á króka inn í hlóðaeldhúsinu til reykingar og þurrkunnar. Nú kom sér vel að nágrannabóndi útvegaði sér fyrir um hálfum mánuði salt og slátrað gamalli og geldri ær. Maðurinn skuldaði Bergsveini hálfu tunnu kjöts frá því snemma um veturinn: „ Borgunin kemur í

dag „ - sagði hann er þeir stóðu báðir fyrir utan verslun kaupmannsins í verslunarerindum. Menn brúðuðu bil hvors annars. Munnlegt samkomulag og orð heiðursmanna beint ofan í hefðirnar. Hálf tunna af kjöti dygði heimilisfólki uns hitt væri fullverkað og engin skortur á bænum.

Flestir bændanna, ekki allir, voru á sama bát og bjuggu að sínu leiti við svipuð kjör. Að deila fæðu og treysta á mildi náungans var óskráð regla og vart til sú manneskja í sveitinni sem á einhverjum tímupunkti þurfti ekki aðstoð til að fleyta sjálfri sér yfir tímabundinn hjalla. Menn unnu saman. Lífsbaráttan var strembin í harðbýlu landinu með löngu og dimmu vetrinum og jókst eilítið með óvissunni um hvenær Dönnum þóknaðist að senda til landsins nauðsýnlegar birgðir. Til siðs var að gernýta allt matarkyns og fleygja engu og búa sér og sínum mikilvægan varaforða. Harðbýlið kenndi fólkinu lexú: „ Til vara skal ég spara „ - sagði einn og beygði sig niður og tók upp ryðgaðan og boginn nagla í vegkantinum og stakk í tösku sína. Naglinn nýttist:

„ Eftir veturinn „ - varð að máltæki sem menn vissu mætavel hvað merkti. Hálfótmar hillur á heimilum í bæði borg og sveit.

Veislumatur var framundan í Klappsvík. Um raunverulega ástæðu veislunnar fengu heimilismenn ekki að vita. Heimsókn gestanna nægði sem skíring. Alsiða var að menn drægju það besta sem til var fram er gesti bar að garði. Að bjóða boðberum svo góðra tíðinda upp á annað en krásir var ekki sæmandi. Mönnum sem lögðu sig í hættu við að halda lífi í fjölskyldumeðlimi og verið ópreytandi við að færa til hans nauðsynjar áttu allt gott skilið.

Sunna var hvött til að fara varlega í að útlista málið fyrir drengjunum. Barn í sakleysi sínu segir það sem það veit ef það er spurt. Líka af óprúttum.

Bergsveinn kom inn með lærin tvö. Ætti að eta á venjulegum mátmálstíma mátti ekki bíða lengur með að hefja eldun kjötmetisins. Fólkið sat enn þar sem hann skildi við það og ræddi saman. Tár runnu niður vanga konunnar. Samtalinu lauk með Bergsveini. Lærin tvö kröfðust sinnar athygli. Bergsvein lagði kjötið á borðið og hélt racleitt til baka til að ganga frá afganginum í tunnuna og salta.

Sunna stóð á fætur og sótti þurrkað sauðatað og svolítinn mó í skemmuni og kom með inn og raðaði á eldstæðið. Potturinn var tekin fram. Er suðan kæmi upp yrði hann hengdur á krókinn sem festur var í bogann yfir eldstæðinu.

Rósant bauðst til að sækja vatn og var afhent vatnsfata sem hann gekk með út fyrir og dýfði ofan í náttúrugrða vatnsbrunninn við klettinn í túninu nokkra metra frá bænum. Fatan svolgraði í sig tært og ferskt drykkjarvatnið. Svólitla stund tók að kveikja eld vegna rakans í hluta mósins en hafðist og login teygðist upp með hliðum pottsins í hæstu logum. Eldurinn logaði glatt undir botninum. Rósant kom inn með fulla fötu og helti í pottinn sem byrjaður var að hitna. Vatnið bjó til lítilsháttar hvæs. Mest af vatninu fór út í. Lærunum var komið fyrir í pottinum og hæfilegu magni af salti bætt við. Súpan yrði bragðgóð og hrein gersemi með mjölinu og restinni af rófunum sem til voru á bænum. Er suðan kom upp var potturinn hengdur á krókinn. Bergsveinn aðstoðaði Sunnu við færsluna. Ilmurinn úr eldhúsinu barst um allt hús. Slátrun seinni gimbrarinnar biði næsta dags. Gæran af fyrra dýrinu lá útbreidd á grasinu á fjósþakinu og yrði verkuð undireins og tími gæfist. Líklega næsta dag. Bræðurnir hurfu úr eldhúsinu og gengu upp stigann upp á loftið. Þeim hafði verið boðið að hvílast ögn á meðan maturinn eldaðist. Bergsveinn kom á eftir þeim og benti á sitt hvort rúmstæðið við uppganginn og hvarf til verkefnanna niðri.

Friður og ró umlék baðstofuna. Bræðurnir litu hvorn á annan. Verkefnið var á réttri leið og ljóst að þeir flyttu Kára góðar fréttir. Vonandi sem fyrst. Rósant leit augnablik út um gluggann á stafninum og horfði á vinnufólkið að störfum. Taðhrúgum hafði fækkað og aðeins nokkrar eftir. Verkinu lyki fyrir kvöldið. Rigning hjálpaði til við að koma áburðinum niður í moldina og til rótanna sem ómögulegt var að giska á hvort af yrði. Þessa stund var himinninn yfir húsunum heiður og tær.

Baðstofan í Klappsvík.

Viðarklæddir veggir blöstu við til beggja handa. Stutt og löng borð og misjöfn að þykkt þöktu þilið. Allt tré sem fékkst var nýtt. Á sumum borðum mátti sjá lesningu. Þau tilheyrðu umbúðakassa frá verslun sem menn fengu gefins og rifu og nýtu í þilklaðninguna. Strákunum leið vel þar sem þeir voru niðurkomnir. Þeir dvöldu meðal vina.

Friðurinn uppi var rofin af suði fiskiflugunnar sem sífelld stangaði glerið. Fluguskömmin var partur af tilverunni. Rósant gekk að þakglugganum í miðri baðstofunni og gerði rifu á opnanlega hluta hans og þeim megin sem flugan suðaði í. Myndi flugan hypja sig út? Opni glugginn hleypti inn fersku lofti sem hann andaði djúpt að sér. Gegnt þessum glugga inn í herberginu var annar þakgluggi eins. Þessir gluggar með stafnglugganum við uppganginn gerðu birtunni kleyft að hreiðra um sig á loftinu á meðan hennar enn naut. Gluggarnir spöruðu ljósmeti sem oft var vöntun á.

Rósant gekk sömu leið til baka og lagðist í rúmið sem Bergsveinn benti honum á. Hann var hvíldinni feginn. Ferðin var strembin.

Á hæðinni voru fjórir stakir lýsislampar. Lamparnir voru færanlegir og hafður þar sem fólkið var er rökkva tók. Lýsislamparnir voru hefðbundnir og gerðir úr lélegum kopar með þurrkaðri ffu sem kveikiþráð. Fífupráðurinn lá ofan í skálina með lýsinu í. Allt hefðbundið. Fyrir kom að öll fjögur ljósin væru kveikt sama kvöld. Hið algenga var eitt til tvö ljós. Fór eftir verkefnum kvöldsins. Oftast eitt. Að brúðla með lampalýsið hugnaðist fáum og merkti færri stundir undir birtu frá þessum ljósum sem margir litu á sem vissa náð á vetrum. Náð þarf að virða.

Væri horft til vinstri eftir að höfuðið kom upp um lúguna blasti baðstofan við og rúmstæði til beggja handa með gangvegi á milli. Við endann var einfalt þil með hurð á inn í herbergi hjónanna. Þessi hurð var höfð lokuð og einungis opnuð er hjónin gengu þar út og inn. Aðrir áttu ekki erindi þangað. Herbergið var einkasvæði hjónanna og afdrep sem heimilisfólkið virti. Sumt af vinnufólki búsins hafði aldrei komið inn í þetta herbergi en samt búið allengi í Klappsvík.

Á baðstofuloftinu var allt til staðar sem fólk þurfti til að fá unnið handavinnu sína og notið hvíldar eftir húslestur húsbóndans í lok dagsins og hann endaður á „Faðir vorinu „ sem allir fóru með sameiginlega hvort sem var af trú eða hreinni skyldurækni.

Hægra megin við hurð hjónaherbergisins stóð spunarokkurinn og nauðsýnleg áhöld til ullarvinnslu á hillum skrufaðar á vegginn. Spunarokkurinn var tekin fram á kvöldum þegar ullarvinnsla stóð yfir á bænum og gerðist eftir vinnu dagsins utandyra og menn sestir í sæti sín.

Fljótlega eftir að fólkið hafði komið sér fyrir iðaði öll baðstofan af lífi. Mörg handtök þurfti áður en ullin yrði tæk í rokkinn. Sumir greiddu ullina sundur með fingrunum og fengu næsta manni sem kembdi hana. Þegar greiddist úr ullinni úr kömbunum var hún dregin úr þeim í lengjum og hét þá lopi og færður yfir í rimlakassa (lár) og geymdur og tekin þaðan og búinn til lopaþráður í spunarokknum. Tilbúin þráðurinn kallaði á þrjónanna og bæði karlar og konur hömuðust við að þrjóna hvort sem voru sokkar, peysur eða annar fatnaður sem ullin nýttist í. Ullartörnin stóð ekki yfir núna en hæfist eins og venjulega er nær drægi jólum.

Stundum var minna um að vera á baðstofuloftinu og gafst tími fyrir sögur. Sögutímarnir voru ágætir. Meðfram þeim gátu karlarnir skorið sér tóbak eða tálgað út í tré. Laghentir á staðnum tálguðu og hlustuðu á meðan á sögumann. Margt markvert varð að umtalfeni og sögurnar á baðstofuloftinu fjölbreyttar og besta skemmtun og var oft mikið hlegið.

Stundum voru sögurnar dimmar að kuldahrollur fór um salinn og ískaldur sviti spratt fram á sumra ennum. Kári heyrði söguna um sæskrímslið á stærð við kálf á kvöldi í rólegra lagi og ekki laust við að hann þættist greina öskur í grennd á meðan sagan var flutt. Frásagan olli dauðþögn í baðstofunni að heyra mátti saumnál detta. Þá gat verið varasamt að hnippa í næsta mann. Hann hreinlega fengi slag og dæi. Grunur lék á að sagan framkallaði andvökunót og að einhver hafi heyrt skjáf fyrir utan sem hélt honum vakandi. Menn stirðnuðu upp á milli, er sagan æstist. Allt sveipaðist óhugnaði á staðnum af sögunni sem oftast nær var sögð í formi fréttar. Grunurinn um andvökunótt fékkst ekki staðfestur þó eftir væri leitað. Hver vill fá á sig stimpilinn: „ Myrkfælin ræfill? „ - og – „ Hræðslupúki? „ „ Fyrr skal ég dauður liggja. „ – gantaðist Kári oft með við Sunnu sem þótti svona gamansemi ekki viðeigandi. Stundum hló hún samt.

Sumir tálguðu listavel út í tré. Bergsveinn var einn af þeim. Hann hafði gert ýmsa muni bæði nytsamlega og aðra einvörðungu til augngamans. Bæjarnafnið yfir útidyrunum á tréplötu var hans handverk. Sannkallað listaverk með allskonar útskurði hringinn í kring og nafnið Klappsvík haft á miðri plötu.

Auðkell Brimisson, einn vinnumannanna, var og ágætur tréútskurðarmaður. Hann átti útskurðarmyndina sem hékk á hjónaherbergisveggnum. Myndin var

fagurlega gerð af frelsaranum og lærisveinunum sitja við tré. Myndin sýndi ýmislegt úr Biblíunni og meðal annars Jesú teygja fram hönd sína og rétta lærisvein brauðhleif. Sama mynd geymdi sögu úr Gamla testamentinu um ísmeygilegan höggorm sem hringaði sig forhertur niður tré til að gefa sig lymskufullur á tal við konuna sem í sakleysi sínu sá ekki við klækjum hans og glepti allt hrátt sem ódámurinn sagði. Undir þessum part myndarinnar stóð skrautskrifað orðið „ Synd. „ Handbragðið bar þess öll merki að hér færi listhneigður einstaklingur.

Rósant var lagstur fyrir. Ráðvarður sat á rúminu en stóð nú upp og gekk inn baðstofuna og staðnæmdist við útskurðarmyndina og virti fyrir sér. Brak heyrðist í gólfjölunum undan þunga mannsins þar sem hann stóð. Skark í pottum og eldhúsáhöldum barst upp til þeirra úr eldhúsinu. Er Ráðvarður hafði skoðað nægju sína gekk hann til baka og lagðist upp í rúmið og horfði upp í loftið með hendur undir höfði. Beint upp yfir honum voru fjalirnar gisnar. Þrátt fyrir millibilið lak þakið ekki í rigningum vegna dúksins undir þykku torffarginu. Veðrið hafði sín áhrif og tímrið eins og lifnaði við í vissum veðrum þó engin væri á ferli.

Fiskiflugan suðaði enn og hvernig sem hún reyndi fann hún ekki rifuna sem kominn var á gluggagarminn. Í óteljandi skipti stangaði hún glerið. Suðið þagnaði og sá Ráðvarður kvikindið fljúga framhjá sér. Ekki heyrðist meira í henni. Leiðin út fannst. Loksins:

„ Kári líkist föður sínum allmikið „ - sagði Ráðvarður þar sem hann lá upp í rúminu og horfði fjalirnar upp yfir sér. Ekkert svar barst honum. Hann leit yfir í hitt rúmið. Bróðir hans var sofnaður. Ráðvarður brosti.

Ekki fór á milli mála að fólkið niðri ynni við pottanna. Skarkalinn talaði sínu máli. Á milli heyrðist á tal manna. Maginn kallaði þó ekki væri enn kominn kaffi- eða mátmálmími. Ferð inn í eldhús gaf ýmislegt af sér væri Sunna þar. Eftir stutta stund kom svefninn.

Veislan.

Ráðvarður vaknaði er Bergsveinn hristi hann og rétti honum votan þvottapoka vildi hann væta ögn andlitið með ísköldu vatni til hressingar. Hann reis á fætur og nuddaði sér í framan með klútnum. Rósant var komin niður:

„ Þakka yður þjónustulundina, herra minn. Kári sonur yðar hefur svip af yður og ýmsa takta líka. „ - Ráðvarður rétti Bergsveini tuskuna:

„ Það gleður mig að heyra drengur minn. Hef ég svo sem áttað mig á þessu. „ - Bergsveinn hló: - „ Drífið yður nú niður. Maturinn fer að koma. „ – Bergsveinn snérist á hæli og gekk niður brattan stigann og Ráðvarður á eftir honum.

Langborð blasti við. Fólkið var sest. Rósant sat við hlið yngri sonar Kára. Autt sæti var við hlið Davíðs, eldri drengsins honum ætlað. Tólf fullorðnir og nokkur börn sátu við þetta borð. Fyrir kom að heimilismenn væru fleiri til að mynda í aðaltörminni, heyskapnum. Sumir sem þarna voru var fjarskyllt fólk sem hjálpaði til við búskapinn. Aðrir, einnig á sinn hátt vinnufólk, voru nánir ættingjar. Við sitt hvorn enda borðsins sátu Bergsveinn og Sunna og sá konan um að þjóna til borðs ásamt þjónustustúlkunni sem fékk hlutverkið að hafa ofan af fyrir drengjunum.

Veislan hófst. Vel var etið. Er yfir lauk var örlítið eftir af seinna lærinu en hitt skafið inn að beini og hver kjöttutla horfin. Bæjarhundurinn fengi beinið án örðu af kjöti. Mataramikil súpan kom á eftir. Mjölið og rófunar bættu bragðið. Allir urðu mettir.

Engin spurði um tilefni veislunnar og ekkert reyndi á tilbúnar útskýringar. Menntu voru uppteknir af að gleðjast. Tilbreyting í mat var gleðiefni og ekki einu sinni jól. Hafi fólkinu vaknað spurningar að þá komu þær ekki. Allt gleymt og fallið í skuggann af veislunni sjálfri.

Prestur kemur.

Eftir máltíðina og menn enn á spjalli við borðið hóf heimilishundurinn skyndilega að gelta á hlaðinu. Hnegg í hrossi barst inn til fólksins um opin glugga yfir útidyrnum. Skömmu síðar var bankað þéttingsfast á dyrnar. Hver stóð úti? Gat verið hver sem er. Bergsveinn gekk fram og lauk upp hurðinni eigandi von á ýmsu. Á tal mannanna heyrðist og lögðu sumir inni við eyrun án þess að fá greint orðaskil vegna kliðsins þar. Hlátur Bergsveins barst inn. Bergsveinn kom til baka og með honum gesturinn með hvíta kragann um háls sér. Mættur var Páll Sigurðsson prestur og bóndi að heimsækja sóknarbörn sín. Nýleg lög Danskra ætluðu íslenskum prestum að vitja sókna sinna einu sinni á

ári. Lögin lögðu nokkra vinnu aukalega á þessa presta. En lög eru lög og lögum þarf að hlíta eða eiga á hættu að sæta ákæru vegna ólöghlýðni og lögbrots.

Páll heilsaði öllum inni og bað Guðs blessunar yfir heimilið. Lagt var á borð fyrir hann og honum skenktur skammtur: „ Guðs laun „ - sagði Páll og tók hraustlega til matar síns. Hafði hann húsvitjað á nokkrum stöðum í sveitinni yfir daginn og orðin þreyttur er hér er komið sögu.

Spjall á venjulegum nótum hófst að málsverði loknum. Allt á venjulegum nótum. Prestur greindi frá hvernig gengi á sínum bæ hvort sem var í prestshempunni eða hjá venjulega bóndanum sem tók við er hinu sleppti. Sama gerði Bergsveinn. Allt á kurteisan og varfærinn hátt. Engin minntist á málefni Kára við prest og þagði hann til að byrja með sjálfur um eigin vitneskju í málinu. Að hafa þrjá gesti í heimsókn, ókunnugt fólk, var óvenjuleg staða í Klappsvík en ekkert einsdæmi. Ókunnugum gat fylgdi spennandi og áhugaverð frétt tengd málefni í heimabyggð viðkomandi. Ókunnugur var velkominn. Með honum kom stundum vissst nýmeti í fréttum. Dagurinn ætlaði að verða að mesta ólíkindadegi hlaðinn allskonar uppákomum og - upplýsingum. Ekki gleyma þeim. Smá saman barst talið að aðalmálinu á heimilinu. Kára Bergsveins:

„ Hafi þér nokkuð frétt af Kára syni yðar, herra Bergsveinn? „ - spurði prestur og dreypti varlega á sjóðheitu kaffinu eftir kjarnmikla máltíðina:

„ Ekkert persónulega prestur minn. Ég veit það eitt sem allir hér í sveit vita. Réttara sagt, segjast vita. „ - Bergsveinn leit snöggt á bræðurna og Sunnu sem fylgdust áhugasöm með tali mannanna. Hvað vissi prestur? Hafði hann einhverjar upplýsingar? Kannski nýjar fréttir af Kára? Alla vega þá var hann hjá þeim og nokkuð óvænt:

„ Rétt. Auglýsingarnar sem hanga hér út um allt halda sögunni á lofti. Hm! Ekki frétt neitt sjálfur! Hlýtur að vera slæmt fyrir yður. Hm! Fyrir nokkrum vikum var ég í kirkjunni minni að undirbúa venjuleg prestverk er skyndilega birtist þar ungur maður greinilega langt að kominn. Maðurinn var aðframkominn eftir langan að strangan gang sem ekki leyndi sér. Ungu manneskjan andspænis mér sagði farir sínar ekki sléttar og að yfirvaldið leitaði hennar. Hreinskilni mannsins fékk mig til að staldra við og hlusta betur. Hann

sagðist heita Kári og komst ég að því eftir leit í kirkjubókunum að ætti ættir sínar að rekja hingað. Ég vonaðist til að koma til yðar herra minn eins fljótt og auðið væri og tilkynna hvað á fjörur mínar rak tiltekinn dag. Þér, herra minn, eruð faðir mannsins, vænti ég? Svipurinn leynir sér ekki. „ – Prestur horfði á Bergsvein sem sat hugsí og leitaði réttu orðanna:

„ Sunna. Við bjóðum gestinum inn í betri stofuna og fáum gott næði til að ræða saman. Komið þér herra prestur. „ – Bergsveinn benti Rósant og Ráðvarði að fylgja þeim. Sunna kom með. Aðrir urðu eftir frami. Talið um Kára virtist ekki hafa nein áhrif á fólkið. Var það enda orðið því vant að hann bærisk á tal hjá gestum. Er allir voru sestir í herberginu sagði Páll söguna um manninn og hvernig lyktir urðu. Hvar hann feldi sig vissi prestur ekki.

Röð einkennilegra atvika í dag. Fyrst með komu bræðranna og gleðifregnar þeirra og nú Páls prests sem hitti Kára á flóttanum og lagði honum lið sem bræðurnir vissu um en nefndu ekki.

Páll hélt áfram: „ Ég biðst forláts að hafa ekki komið fyrir til yðar en fjarlægðin og prestverkin samofin störfum bóndans hindruðu mig lengi vel. En svo gafst tími. Og hér er ég. „ – Bankað var ljúflega á dyrnar. Sunna stóð á fætur og fór til dyra. Frami var vinnukonan með bakka í hendi fullan af kökum og kaffi á könnu til að skenkja fólkinu. Henni var boðið inn og héldu samræðurnar áfram eftir að hún yfirgaf herbergið.

Helliskútinn.

Sunnáttin var mögnuð og svo kröftug að nánast allur ís hvarf á firðinum. Einstaka einmanna jaki sat eftir og stefndi á eftir breiðunni sem komin var úr augnfæri, horft til norðurs. Magnað. Auður fjörður gat haft eitt í för með sér. Bátsferðir bænda í fjarðarbotni.

Kára dauðbrá við hrópin og köllin frá bjargbrún og kleif bjargið með hraði og gægdist upp fyrir brúnina. Fyrsta sem hann sá var refurinn „ Klaufabárður „ sem þarna var einsamall á vappi. Hvolpahópurinn fylgdi honum ekki. Dýrið varð mannsins vart og þaut í skjól. Í nokkur hundruð metra fjarlægð sást hópur ríðandi manna sem fór mikinn og stefna norður. Breytti hópurinn ekki stefnu var honum óhætt. Hann fylgdi hópnum eftir með augunum sem hvarf á bak við hæð. Þá fór hann til baka og ákvað að hafa hægt um sig það sem eftir lifði

dags. Í fyrsta skipti eftir að hann komst undan varð hann í eigin persónu leitarmanna vars. Hvort það boðaði eitthvað nýtt kæmi í ljós.

Páll prestur kemur í Klappsvík

10 kafli

Klappsvík.

Betri stofan kom sér vel. Stofan, mjó og ílöng, er á jarðhæð og hugsuð til nota á tyllidögum. Inn í þessu herbergi voru húsgögn ögn íburðarmeiri en annarstaðar var í húsinu. Veggir þiljaðir og málaðir og meira lagt í frágang fjalanna. Fallegur skápur við vegg og útskorin kommóða við hlið hans ásamt yngsta húsgagninu sem var tuttugu og fimm ára gamalt lítið borð með bara einni rispu á einum borðfætinum. Litla borðið stóð við hlið kommóðunnar. Annað borð stærra stóð á miðju gólfi klætt dúk hvítum í miðjunni en kantar rauðir. Þrír tveggja kerta kertastjakar stóðu ofan á dúknum á miðju borði í beinni línu eftir því langsum. Átta útskornir stólar með baki og fóðraðri setu voru við það. Allt vönduð húsgögn sem handlagið heimilisfólk smíðaði og sagan á bak við þau þekkt nema kommóðunnar sem talin var elsta húsgagnið. Sumir sögðu að fyrsti eigandi jarðarinnar hafi flutt kommóðuna með sér er hann hóf búskap og að seljandi skikans, kirkjan, hafi gefið honum þessa mublu er gengið var frá sölu eignarinnar. Málið komst ekki á hreint og var á vissan hátt gátan á heimilinu sem stundum var glímt við á innidögum..

Tvö vegleg málverk héngu á veggnum gegnt skápnum og kommóðunni. Um höfunda myndanna var heldur ekki vitað. Komu þær fyrir tíma Bergveins og sagan a bak við myndirnar aldrei sögð þó stundum bæru þær á góma fólksins á rigningardögum og heyið í sátum á túnunum og menn inn í bestu stofunni sem sjaldan var. Algenga sagan var af tveim erlendum ferðalöngum með búnað til teikninga á striga sem kíktu við á bænum sem að sögn vildu borga fyrir sig með þessum tveim ágætu málverkum. Þetta fékkst heldur ekki staðfest en breytti ekki hinu að verkin voru eign Klappsvíkur. Það alltént var á hreinu.

Um sumt annað vissu menn. Stólarnir voru handverk Bergsveins en skápurinn verk vinnumanns. Þessir menn áttu einnig heiðurinn að borðinu á miðju gólfi sem þeir unnu sameiginlega að er tími frá útistörfum gafst. Hafist var handa við borðsmíðina um vorið, eftir rúningstörnina, og henni lokið um haustið, eftir slátt. Þriggja fermetra motta var undir borði og stólum og ofin af móðir Bergsveins, ömmu Kára. Hurðin inn í stásstofuna var höfð lokuð. Inn fór

engin nema húsráðandi biði fólki til stofu. Regla var að eftir mat á jólum kæmu heimilismenn og gestir saman í stásstofunni og syngju nokkra fallega sálma í tilefni dagsins. Yfir hurðinni var skilti sem á stóð „ STÁSSSTOFA. „ sem Góssi grey útbjó svo haganlega.

Fyrir tíu árum missti Bergsveinn konu sína Bengtu Adríansdóttur og hafði ekki gifst á nýjan leik þó um tíma svo liti út með konunni sem hann átti í vinskapi við. Af því varð ekki. Bengta Adríansdóttir varð bráðkvödd og komið að henni út í móa eftir að menn fóru að undrast um hana. Bergsveinn hafði smakkað á sorginni og fengið að ganga veg sorgarferilsins. Svo komu afabörnin, drengirnir tveir, eftir að Kári kynntist Sunnu og giftist og Bergsveinn fékk annað til að hugsa um. Strákarnir voru hændir að afa sínum og spurðu oft um þessa ömmu sína. Spurningum strákanna reyndi hann að svara eftir bestu getu. Svörin hjálpuð honum sjálfum við að vinna úr söknuðinum.

Í dag gegndi betri stofan hlutverki með hluta heimilismanna innandyra og gesta sem ræddu mikilvægt mál. Hvað þeim fór á milli var ekki annarra á heimilinu að vita. Fyrst þurfti málið að komast lengra í ferlinu. Var núna á viðkvæmum stað. Margt heimilismanna áleit að um venjulegt spjall við gesti væri að ræða en ekki þælingar um mann sem það margt hvert taldi látinn.

Páll lagði inn í umræðuna ýmislegt. Sagðist geta hýst manninn hjá sér kæmist upp um núverandi íverustað og gera í kirkjunni undir altarinu. En þar sagði hann vera herbergi frá gamalli tíð: „ Prýðis felustaður „ – sagði Páll. Hann þekkti sögu herbergisins og tjáði fólkinu að þar hefði maður um tíma gist á flóttu undan yfirvaldinu: „ Saga Kára er ekki ný af nálinni „ – sagði prestur.

Og bætti við:

„ Upp um manninn komst er hann dag einn taldi sig öruggan og gekk lengra í burt frá kirkjunni en menn höfðu sammælt um að hann gerði og lenti illu heilli beint í flasið á mönnum yfirvaldsins sem handtóku hann og færðu fyrir dómara. Dómarinn dæmdi hann til lífláts fyrir þjófnað og lét skömmu síðar hálshöggva og fór aftakan fram við Höggstokkseyri og höfuðið sett á stöng en búkurinn dysjaður þar í grennd. Prestur þess tíma var viðstaddur aftökuna ásamt böðlinum og sýslumanni. Heimildir segja að um dvalarstað sinn hafi hann ekki ljóstrað og að maðurinn hafi mátt þola pyntingar á undan sjálfri

aftökunni. Þetta og ýmislegt annað kom fram í skjalinu sem ég las. Í herberginu undir altarinu voru greinileg ummerki mannavistar og við einn vegginn upphækkun úr grjóti sem torf var lagt ofan á og leifar af gærum og útkoman brúkhæft rúm. „ -

Um tilurð herbergisins komst Páll að eftir heimsókn Kára og hann byrjaður að velta máli hans frekar fyrir sér og heyrði í kjölfarið, og fyrir tilviljun, frásögu gamallar konu er hann, nokkrum vikum fyrir ferð sína til Klappsvíkur, var í húsvitjun. Konan sagði honum frá þessu einkennilega herbergi undir altarinu og að þar hafi maður um tíma búið. Páli rak í rogastans og taldi hana misminna og um aðra kirkju hlyti að vera að ræða. Konan stóð á því fastar en fótunum að væri sama bygging. Páll benti henni þá á að ekki hefði hann orðið neins óeðlilegs vars né fundið minnstu ummerki annars en þess sem blasti við augum og hefði hann lengi starfað sem prestur á staðnum og taldi sig þekkja bygginguna eins og sína eigin fingur. Konan kvaðst vita um þjónustu Páls en sat við sinn keip. Skildu þau skömmu síðar og prestur hélt sína leið og lauk embættisverkum í nágreninu. Er hann var á heimleið hugsaði hann um fátt annað nema orð konunnar og því sem þeim fór í milli. Sagan átti að hafa gerst rúmum hundrað árum fyrr. Söguna hafði amma konunnar sagt henni þá telpu og hún varðveitt. Af plagginu sem Páll gróf upp fékk hann staðfestingu á orðum konunnar.

Inn í kirkjunni kom hið sanna í ljós. En ekki fyrirhafnarlaust heldur eftir talsverða leit og ítarlega. Sannarlega var um leynistað að ræða og svo vel gerðan að útlokað var að komast að neinu nema vita áður að þarna væri annað en í fljótu bragði sýndist. Hann gekk til altarinsins og leit athugulum augum á þessa smíði sem hann svo oft hafði staðið við í messum og gekk hringinn í kringum það. Ummerki um hurð voru engin. Hann skoðaði vandlega hliðina hægra megin. Ekkert óvenjulegt. Renndi fingrunum undir neðri brún borðplötunnar sem stóð fram af og þreifaði varlega fyrir sér. Ekkert. Ekkert. Á einum stað rétt við miðju snertu fingurnir stað sem gaf eftir: „ Hér er eitthvað „ - sagði hann við sjálfan sig og fór niður á hnén og leit upp undir mjóa röndina og sá þá örlítinn hnapp á plötunni neðanverðri. Við meiri þrýsting gerðist undrið. Hleri gekk út með draugalegu ískri að nísti merg og bein. Manninum varð hvert við að við lá að hann félli afturábak. Ískrið var eðlilegt. Hurðinni hafði ekki verið lokið upp í áratugi:

„ Hvert þá í hoppandi skoppandi. Kerlingaruglan.... Fyrirgefið.... Blessuð konan „ – Páll leit til lofts og signdi sig. Hlátur heyrðist í stásstofunni í Klappsvík vegna orða prests: „ Sagði mér þá satt. „ – „ Hoppandi skoppandi „ - var málatiltæki Páls sem hann greip til er óvænt rak á hans fjörur og gerði orðlausan af undrun.

Prestur hélt lýsingum sínum áfram: „ Rýmið niðri var þökkalegt og loftgat í einu horni efst á veggnum sem gerði loftskipti möguleg og loftið inn því ekki þungt heldur ferskt þó hurð hafi ekki verið opnuð í herrans háu tíð. Herbergið var hugvitsamlega gert. Við könnun utanhúss sást í fljótu bragði engin ummerki og kom loftgatið ekki í ljós fyrr en við ítarlegri skoðun og hatturinn yfir loftrörinu til varnar regni og snjó sem þrátt fyrir háan aldur í allgóðu ásigkomulagi. „ – Páll lauk máli sínu.

Mönnum fannst sagan merkileg.

Frá því að Kári yfirgaf kirkjuna gat Páll ekki hætt að hugsa um afdrif hans „ og að leita Guðs um næstu skref, „ – eins og hann viðurkenndi frami fyrir fólkinu. Sagðist hiklaust trúá á sakleysi hans og styrkst í álitinu sínu eftir að eitt sóknarbarnið sagði honum af samskiptum sínum við Lórens á Slaka og gróf svik í ákveðnum viðskipum sem það átti í við hann. Páli var upp frá þessu umhugað að komast að hinu sanna í máli Kára og var ástæða veru hans í Klappsvík. Aðkoma Rósant og Ráðvarðar að málinu kom honum á óvart. Sannar hetjur með hjartað á réttum stað.

Í Stásstofunni deildu menn hugmyndum, áhyggjum og öðru sem hjálpaði til við lausn málsins.

Umræðan hélt áfram. Hugmyndir komu. Sumum var varpað út og öðrum haldið eftir og betur ræddar. Þjónustustúlkan knúði dyra og gekk inn með mjólk í könnu. Þar sem kvöld var komið og nóttin að bresta á þáði Páll gistingu en mundi halda heim á leið í býtið næsta morgunn. Morgunnadagurinn færi að mestu í ferðina, sem var góð dagleið: „ Eftir morgundaginn bíða mín prestverk á prestsetrinu og skírn tveggja ungabarna. Að tvö börn séu samtímis skírð í sókninni er óvenjulegt. En svona er þetta. Börnin bara koma og skírnin kallar á þau. „ - sagði hann.

Fólkið stóð á fætur og gekk út úr stásstofunni. Frammi var ekki sála. Fólkið allt komið upp á loft og undi sér þar við tóbaksskurð og handavinnu og spjallaði. Kannski um gestina og hvað þeim fór á milli. Engin gekk til hvílu fyrr en að húsletri loknum og var óskráð regla sem heimilismenn virtu.

Bergsveinn og Sunna gengu upp brattan stigann upp á loftið. Gestirnir þrír koma á eftir þeim. Úr því að þriðji gesturinn hafði bæst við var ekki um neitt annað að ræða en að tvímenna í einu rúmana til að gesturinn fengi rúm að sofa í.

Þar sem að prestur var í húsinu þótti tilhlýðilegt að hann læsi húslestur. Bergsveinn sótti eitt ljóskerið og færði þangað sem lesari vanalega sat, við uppganginn á loftið. Páll opnaði tösku sína og dró þaðan upp pappír með stuttri hugvekju og kom sér fyrir á stól og hagræddi lampanum til að loginn lýsti sem best á textann. Þögn ríkti á baðstofuloftinu. Allir mændu á prest og biðu og sumir biðjandi. Páll hóf snepilinn á loft og las meðal annars þessi orð:

„Jesús kostaði öllu til. Gaf okkur færi á að ná með fagnaðarerindið til sem flestra. Sjálfur notaði hann hvert tækifæri sem bauðst til þess að sýna kærleika í orði og verki. Margt undursamlegt gerðist hvar sem hann fór. Hann fyrirgaf syndir, gaf blindum sýn, læknaði sjúka, lamaðir fengu máttinn aftur.

Jesús reisti ótalmarga við og gerði þeim grein fyrir að Guð hefði réttlætt þá sökum takmarkalausrar elsku sinnar í garð manna. Þannig náði frelsarinn til margra týndra sauða af húsi Ísraelsætt sem tilheyrðu lægstu stéttum þjóðfélagsins. Jesú lét menn vita að allir menn væru syndugir og hefðu brotið af sér gegn Guði í orðum, hugsunum og verkum.

Ótalmargir iðruðust synda sinna og tóku á móti fyrirgefningu fyrir orð frelsarans Jesú Krists.

Jesú varð óumræðilega glaður í hjarta sínu þegar hann gat mætt þörfum þó ekki væri nema eins týnds sauðs og hjálpað honum og leitt inn í trúarsamfélagið við Guð.

Þetta sýnir að sérhver einstaklingur er afar dýrmætur í augum Guðs. Gleðin á himnum er meiri yfir einum syndara sem gerir iðrun en yfir níutíu og níu réttlátum er ekki hafa iðrunar þörf. „ –

Páll lauk lestrinum og gekk frá blaðinu í töskuna og lét svuntuna yfir og fór til rekkju sinnar og settist.

Einn á miðju boðstofuloftinu hnippti í sessunaut sinn og hvíslaði: „Fuss og svei. Hélt að herra presturinn ætlaði að tala róandi orð og góð undir svefninn en við fengum þess í stað að heyra um synd og að við yrðum að iðrast synda okkar. Eins og ég sé einhver syndari. Verð örugglega vakandi í alla nótt vegna orðanna. „ – sagði manngreyið fýldur í framan. Hinn gaf ekki að og sagði einungis: „Uss „ – Og: „Kurteisi kostar ekki peninga. „

„Ekki peninga! „ – Maðurinn hækkaði róminn. Allir inni litu á þá.

„Þakka yður fyrir lesturinn herra prestur. Orðin voru frábær og sannarlega góð undir svefninn. „ – Á vörum mannsins var eitthvað sem með góðum ásetningi minnti á bros. Hann fékk fast olnbogaskot í síðu sína frá sessunautnum að við lá að hann styndi upp undan högginu. Þeir þurftu að deila saman rúmi vegna gistingar prests. Skíring fannst því á orðum mannsins og gremju. Skiljanlegt. Málið fór ekki lengra.

Kýr heyrðist baula úr fjósinu og svo önnur. Á eftir komst á ró kvöldsins í boðstofunni og voru innan tíðar allir lagstír til svefns.

Nýr dagur rann upp. Prestur lagði á klára sína, gekk frá farangrinum í hnakkstöskunni, settist á bak. Hann hafði tvo til reiðar. Bergsveinn ásamt Sunnu og bræðrunum horfðu á eftir manninum og hurfu svo inn í bæinn. Dvöl bræðranna stóð þrjá daga áður en þeir sjálfir lögðu á sína fáka í bítid þann morgunn og héldu heim á leið með allnokkrar fréttir handa hellisbúanum og Gissunni móður sinni.

Davíð og Oddur stóðu á milli móður sinnar og afa er strákarnir settust í hnakkanna og snéru hestunum í hina áttina með taumnum og héldu heim ákveðnir í að taka sinn tíma í ferðina og fara hana á tveim dögum en ekki einum. Hvar þeir gistu réðist. Kannski á bóndabæ. Kannski undir berum himni. Af öðru hvoru yrði. Á Klappsvík varð gleðin eftir og líka spurningin hvernig mætti útvega sönnunargögn sem frelsaði Kára.

Hellirinn.

Nýr dagur rann upp. Kári hafði hafst við inn í hellisskútanum allan síðastliðinn dag. Nú steig hann út og kleif upp einstigið. Hópurinn frá því í fyrradag var honum ofarlega í huga.

Við bjargbrúnina lagðist hann niður og hlustaði. Hljóðið sem gjólan bar til hans var söngur lóunnar. Önnur þekkt hljóð voru þarna með. Eitt nýtt hljóð heyrðist. Jarm í kindum: „ Hvað er um að vera „ - hugsaði hann með sér sjálfum.

Hann reisti höfuðið upp fyrir brúnina og horfði til beggja átta. Nokkuð óvænt blasti við í um fimmftú metra fjarlægð frá brúninni. Hópur sofandi manna í skjóli af kletti. Hverjir þeir nákvæmlega voru gat hann ekki gert sér grein fyrir. Dró þó í efa að væri Ísar og fantar hans. Féð til hægri eins og staðafesti grun hans. Hugsanlega voru þarna á ferð smalamenn. Fyrir kom að féð leitaði út á tangann eftir að hafa verið sleppt á sumrin. Nokkrum dögum eftir sleppinguna þótti mönnum vissara að kanna tiltekið svæði. Fyndist þar fé var það rekið til fjallsins sem var staður kindanna til haustsins. Var fjallið enda beutiland gott. Upplýsingar þessar sagði Ráðvarður honum eitt sinn en Kári gleymdi í uppnáminu sem varð við alla þessa ríðandi menn.

Á bjargbrúninni ákvað Kári að bíða og sjá hverju fram yndi:

„ Strákar! Drifið ykkur á lappir „ - barst til hans: - „ Ölvir! Ekki sofna aftur. Rísið allir á fætur og leggið á klárana og rekum féð til fjalla. „ - Kári sá mann benda á mikinn fjallgarð í vestri.

Skammt frá Kári uxu hríslur fram af brúninni. Þar undir var hægt að leynast gerðist þess þörf. Og þörfin sú arna kom með manningnum sem kallaður var Ölvir og hinum sem með honum var. Hann færði sig til og skreið undir þessar hríslur. Mennirnir færðust nær.

„ Meeee „ - heyrðist til hans frá fullorðna fénu og skrækara „ mee „ frá lambahónum:

„ Gott að leitinni sé að ljúka „ – heyrðist að ofan.

„ Aldeilis fagurt útsýnið héðan og merkilegt að engin maður skuli búa á þessu svæði. Aldrei hef ég að minnsta kosti heyrt um búsetu manna á tanganum. En þér? „ - sagði önnur rödd og beindi spurningu til hins: -

„ Hef ekki grænan grun „ - sagði maðurinn. Aldrei heyrt neitt um þau mál frekar en þér. „ - Mjó vatnsbuna steig fram af brúninni og svo önnur. Kári horfði á þær buna framhjá augum sínum og hann sjálfur í vari:

„ Strákar! Komið. Látið ekki hópinn bíða eftir ykkur enn einu sinni. Sýnið smá ábyrgðartilfinningu og drífið ykkur. „ – heyrðist í einum í hópnum og líklega honum sem fór fyrir. Sama rödd alltént og ræst hafði liðið talaði:

„ Meiri öskrin í karlinum. Aldrei stundlegur friður fyrir þessum ópum. Ég vona að ég sleppi næsta sumar. „ - Heyrðist niður til Kára. „ Enga leti góði minn.... „ - Samtalið hélt áfram en orðin urðu óskiljanleg með fjarlægðinni. Mennirnir hlupu til hinna.

Er allt varð hljótt kíkti Kári enn upp fyrir brúnina. Þar var ekkert. Mikið var hann feginn að þeir væru bara venjulegir bændur tengdir búskapnum og engir mannaveiðarar.

Hann gekk fram á brún syllunnar og leit yfir fjörðinn. Allt með feldu og ísinn horfinn til hafs.

Fuglahópur kom fljúgandi úr suðri og flaug í hringi yfir honum. Hann settist upp við bergið og hugsaði til Rósant og Ráðvarðar og ferðarinnar sem talað var um að þeir færu í. Hvenær þeir hittust næst var ekki gott að segja. Sjálfur vonaði hann að þess yrði ekki langt að bíða.

Fuglarnir settust á sama stað syllunnar. Kári stóð á fætur og sótti fiskögn og fleygði til þeirra. Hópurinn tók strax viðbragð. Bardagi um bitann upphófst og frekjulegt garg.

Bræðurnir.

Um nóttina sváfu Rósant og Ráðvarður undir berum himni. Ferðin til baka var tíðindalaus og ekkert óvænt mætti þeim nema smá regn eitt augnablik.

Framundan blasti Kló við. Reyk lagði upp um skorsteininn. Gissunn bakaði brauð á hlóðum. Fólk starfaði á túninu neðan við bæinn. Þeir riðu meðfram girðingunni á slóðinni sem lá um alla sveit og hittu Nataníel Oddbergsson (Góssa grey) sem vann eins og oft áður við girðingarnar:

„ Heilir og sælir heiðursmenn og gaman að sjá ykkur. Var ekki gott hljóð í vini ykkar? „ – Góssi brosti sínu breiðasta brosi og lagfærði húfulokið á höfði sér.

„ Sæll Góssi.... Nataníel minn. Við vorum ekki...." - Rósant sló bróðir sinn þéttingsfast í öxlina og greip af honum orðið.

„ Honum líður vel og áttum við prýðisstund saman. „ – Góssi leit á þá eins og hann vildi spyrja einhvers. Bræðurnir horfðu hvorn á annan: „ Hvað nú „ - hugsuðu þeir:

„ Gott að heyra. Gott að heyra. Farið nú og hittið Gissunni og föður ykkar. Þau verða glöð. Svo vantar alltaf fólk í fjósverkin „ - sagði Góssi og glotti við tönn og rak nagla í girðingarstaurinn til hálfis og beygði yfir vírinn og færði sig yfir að næsta staur.

„ Farðu sparlega með naglann gamli minn. Þú veist að þeir eru gulli verðmætari „ - sagði Ráðvarður og skelltí upp úr.

„ Veit það og líka geri - garpur góður „ - var hlæjandi svar Nataníel. Seinustu metrana heim á bæ var hestunum hleypt á stökk. Sprett var af fákunum á hlaðinu og frá reiðtygjum gengið í geymslunni og hestarnir reknir í haga. Eftir að hafa velt sér ærlega og hrist sig duglega teygðu þeir hausinn niðar að jörð og átu safaríkt grasið. Sannkallað hestaverk. Bræðurnir gengu til bæjar.

Gissunn og faðir þeirra stóðu við bæjardyrnar. Fagnaðarfundir urðu. Inn í eldhúsi beið ferðalanganna nýbakað brauð sem en rauk úr. Reykur frá eldstæðinu lá í loftinu og lék um nasir. Allt alvanalegt. Tími fréttu var næst á dagskrá.

Lífið á syllunni. Kveðskapur Kára.

11 kafli.

Léttur vindstrókur fór um sylluna og snerti hárlokka á höfði Kára. Fuglar í þéttum hóp og einni kös bitust um bitann. Hverjir fengu var ósjáanlegt. Til þess var hamgangurinn of mikill. Iðandi, hoppandi og gargandi kös reif í sig fæðuna. Til skiptis gerðu fuglarnir heiðarlegar tilraunir til að rífa áhugaverðan bitann úr kjafti hvors annars sem við það snéru sér undan til að fá næði og magagleypa bitann upp í sér. Ringulreið á litlu svæði sem nú var átakasvæði. Hver fugl fyrir sig gat verið að segja við næsta: „Ég á bitann. Þú mátt ekki fá hann. Burt frekjudallurinn þinn. Vík brott. „

Á örskotsstund hvarf stærsti hluti fiskbitans ofan í einn fuglsmaga. Máski tvo? Svo var allt búið. Engin ummerki á jörð. Allt horfið.

Goggurinn sem fyrstur fékk náði mest af bitanum. Agnar lítil hungurlús sem maginn vart varð var. Magnið sem til skipta var bauð ekki meira. Hungurlús.

Eigingirnin á meðan enn var til biti réði öllu og var fódrið fyrir hasarinn. Með síðasta bitanum hætti gargið. Í smá stund skimuðu fuglarnir staðinn. Er þeir fundu þar ekkert fæðutengt hristu þeir hausa og gengu vaggandi göngulagi og spekingslegir yfir á brún syllunnar og horfðu þaðan út á fjörðinn og yfir til sinna eigin heimkynna. Fjarðarins sem við blasti. Þar, í fjöllunum á báðar hendur, verptu þeir og komu út ungunum. Hvar nákvæmlega var Kára ekki kunnugt um. Gat sér til innarlega. Máski inni fjarðarbotni.

Fuglarnir sem Kára þekkti í sundur tóku sína staði og röðuðu sér upp. J- P- S- A- voru hlið við hlið. Væri röðin til að byrja með öðrúvísi leiðréttu þeir hana sjálfir og færðu sig til. Annað veifið kíktu einn og tveir á manninn að baki sér sem í sífellu kleip um skegg sitt með öðrum lófa sínum neðan við höku og renndi niður eftir því allt til enda. Halda mætti að þetta væri leið til að teygja örlítið á öllu þessu skeggi. Eins og síddin væri ekki nóg. Þögn ríkti á meðal fuglanna. Grafarþögn. Um fæðu var barist væri hún ekki mikill. Öðru máli gegndi er sílið synti inn fjörðinn og staðsetti sig rétt undir yfirborði hafflatarins og breytti í sannkallað veisluborð og ókeypiss magafylli öllum sem komu. Þá reyndu fuglarnir ekki að hirða fisk úr kjafti hvors annars nema ef

vera skildi af gömlum vana. Sílisátið var þó fráleitt þögult fremur en hitt heldur hávaðasamt, gargandi og kallaði: „Komið allir fuglar háloftanna! Komið og étið ykkur metta! Nægt æti handa öllum! Komið! Hér er ykkur veisla búin. „ - Á furðu skömmum tíma breyttist svæðið úr nokkrum í mýgrút fugla sem stungu haus undir yfirborð og klemmdu gogg um síli. Við slíkar aðstæður var létt verk að taka hraustlega til matar síns og láta sig fljóta á yfirborðinu og orðin svo saddur að vera hreinlega að springa og búinn á því - að sinni.

Þó sílið væri ekki þarna nú lét það samt sjá sig og skeði fyrir fáeinum dögum og öðruvísi horfði við, séð frá syllunni. Fjörðurinn iðaði af lífi á litlu svæði. Allt í boði sjósins. Af þessu fór Kári ekki varhluta. Hvernig var slíkt hægt með þetta viðblasandi í svo lítilli fjarlægð frá sér?

Kári brosti. Líf skepna er öðruvísi en líf manns. Maður þarf ýmislegt að gera með höndum sínum til að fá lifað. Málið hjá skepnunni, fugli, er að vera þar sem fæðan heldur sig, éta, fjölga sér, koma ungum á legg, drepast og tilgangur ekki annar. Hreint tilgangsleysi, að séð varð?

En hvað vissi Kári? Var hann skapari og skipuleggjandi jarðarinnar? Ó nei. Bara partur af myndinni. Agnar lítil punktur inn í sköpunarverkinu sem gat, ef hann sjálfur vildi, látið gott eða illt af sér leiða ævidaga sína.

Fuglana sem komu orðið reglulega elskaði hann og skemmti sér konunglega við að fylgjast með hvort sem var í slag og allt lék á reiðiskjálfi eða stillingin einkenndi hópinn líkt og nú. Þryðileg dægrastytting og besta krydd inn í frekar einmannalega tilveru einbúans.

Önnur vindhviða gekk út auðan fjörðinn úr suðri frá botni hans. Fugl sást þar ekki á sveimi utan þessa eina sem sveif þar og renndi sér niður undir yfirborðið til þess eins að hækka flugið á nýjan leik og taka hring í loftinu og endurtaka aðgerðina.

Vindhviða bjó til gárur á yfirborðinu sem eins og hlupu með honum til norðurs í kapphlaupi við eitthvað sem ekki er vitað hvað var. Vindurinn ósýnilegur varð skyndilega sýnilegur í gárunum sem urðu til með sínum létta leik. Kári fann gustinn leika um sig og hleypa aftur lífi í hárlökkanna sem teygðu sig til

hægri eins og til að elta vindinn og herma eftir gárunum á haffletinum sem léku sinn eltingarleik.

Í augnablikinu var lofthitinn frekar lár og krafði manninn hlýrrar gæru utan yfir sig. Hann gekk inn fyrir og kom út íklæddur gæru sem hann tók um kantanna á báðum höndum og reyrði utan um sig til að hún legðist þéttar upp að líkamanum og tryggði honum betra skjól. Til að fullkomna verkið batt hann snærisspotta um sig. Og allt hélst kyrrt:

„ Þetta er betra „ – sagði hann. Íslenska kindin hafði lengi haldið á fólki hita bæði með ullinni og úrvinnslu hennar og gærunni sem kom við slárunina.

Í herrans háu tíð hafði hann hvorki skorið skegg sitt né hárlubba. Líklegt var að sæi fólkið hans hann nú myndi það ekki bera kennsl á þennan alskeggjaða mann. Enn rann krepptur lófi niður mikið skegg. Á einum stað stöðvaðist höndin: „ Ætti ég að bregða hnífnum á? „ – Kári hugleiddi málið:

„ Hví ekki. Á, held ég, sæmilega beittan hníf. „ - Hann stóð á fætur, sótti verkfærið og koma sér aftur fyrir á sama stað, læsti lófanum utan um lafandi skeggið og mundaði hnífnum örlítið neðan við hökuna og hóf skurðinn þvert yfir.

Bitið! Maður minn lifandi. Hræðilegt, réttara sagt, hreint skelfilegt. Halda mætti að bakka hnífsblaðsins væri beitt í stað eggjarinnar. Hann aðgætti stöðu blaðsins. Egginn snéri rétt:

„ Jæja! „ - Hugsaði hann upphátt. Hvort sem hnífurinn bítur vel eða illa fer skeggið og að láta sig hafa þetta og byrja - núna. „ – Hann dró djúpt að sér andann og hóf skurðinn. Sargið var rétta orðið yfir verknadinn. Bitlaust hnífsblað og skegg manns eru vondir vinir. Hnífsblaðið sleit meira en það skar eins og hálfónýt sög væri notuð í stað flugbeitts hnífsblaðs. Annað veifið umbreyttist andlitið í eina allsherjar sársaukagrettu með einstaka sársaukastuna sem skaust út um munn en skurðinum miskunnar- og vægðarlaust haldið áfram. Skera – skera – skera. Eftir smá stund, og kvalafulla, heila eilífð af pyntingum, hélt hann á skegginu sem áður tilheyrði andlitinu.

Á parti var haka mannsins helaum en án blóðs: „Dagurinn vill færa mér enn einn sigurinn „ - sagði hann glaðbeittur og veifaði hárinu. Nú var skeggið orðið minna þó enn væri nokkuð eftir á vöngum og undir nefi sem voru erfiðari viðureignar. Fuglarnir litu á manninn er hann hrópaði, ekki vissir hvort rétt væri að hypja sig eða vera áfram kyrr á sama stað. Þeir völdu seinni kostinn. Biðu þó átektu og voru við ýmsu óvæntu búnir. Engin teljandi hætta á ferð. Bara Kári að tjá sig og hann þekktu þeir orðið allvel og treystu - upp að ákveðnu marki.

Kári stóð á fætur: „Hér er eitthvað handa ykkur til að slást um „ - kallaði hann. Hópurinn leit eldsnöggv við. Órói komst á og jókst er maðurinn færðist nær og á hraða sem þeir kærðu sig ekki um. Neyðarástand skapaðist og flaug allur hópurinn hátt í loft upp og sveimaði nokkra hringi yfir staðnum og hélt sem leið lá út á fjörð og hvarf. Fuglinn sem áður sveif svo einmanna út á miðjum firðinum var og farinn sinn veg. Hvert vissi Guð einn: „Verði ykkur að góðu fuglarnir mínir! „ - hrópaði hann á eftir þeim og fleygði hárinu fram af brúninni og beint í faðm vindsins sem greip alla þessa hárlokka og leysti sundur og gerði ósýnilega en feykta samt á undan sér.

Nú var partur skeggsins farið. En hverju breytti það? Skegg og ekki skekk? Á bak við hárvöxtinn leyndist sami persónuleiki. Sama manneskja. Góður maður, vondur maður. Samt sama persóna sem dæmd var og beið fangelsisvistar í Danaveldi handsömuðu Ísar og fantar hans hann. Þetta fólk myndu ekki horfa í skegg- eða skeggleysi Kára heldur sinna skildu sinni og flytja með sér í böndum til að fullnægja dómsniðurstöðu dómara.

Fyrir nokkru töluðu Ráðvarður og Rósant um að taka með sér beittan hníf og ráðast til atlögu við allan þennan hárvöxt og fjarlægja: „Gera þig finan lagsmaður „ – sögðu þeir. Af þessu hafði ekki enn orðið. Nú var málið leist. Að hluta.

Hann stóð áfram á syllubrún og horfði út á miðjan fjörð. Vindur var sunnanstæður og orðin að kalda. Fjörðurinn var ekki lengur spegilsléttur heldur þakin gáróttu yfirborði fjalla á milli norðurúr og suðurúr. Gárurnar stefndu allar út fjörðinn að vilja ríkjandi vindáttar.

Augun staðnæmdust við rekaldið skammt frá landi. Nokkra metra langan staurinn sem vel gat gerst að hafnaði í fjörunni neðan við sylluna. Miðað við

núverandi stefnu var þó öllu óhætt. Ekki þurfti samt mikla stefnubreytingu til að kringumstæður breyttust og trjábolurinn ræki upp í fjöru og strandaði og veltist í fjöruborðinu. Úr svo efnismiklum trjábol mátti gera kynstrin öll af girðingarstaurum eða umbreyta í nytjaborð sem um munaði til einnar og annarrar smíðavinnu heima á bæjum bændanna sem alltaf gátu notað spýttunni meira heima á búum sínum. Að horfa upp á svo mikil verðmæti en fá ekkert aðhafst til að koma böndum á þau var bóndasyninum erfitt. Hvar bolinn ræki næst að landi gat verið í órafjarlægð og raunar óútreiknalegt.

Drumburinn sagði margt við hann og var á sinn hátt aðvörunarbjalla sem glumdi í höfði hans. Hve oft hafði ekki reki ýtt fleyjum úr fjörubóði með nokkrum mönnum í sem réru kappróðri á eftir honum til að koma á hann böndum og draga að landi? " Fyrstur kom. Fyrstur fékk. " - Var reglan sem allir þekktu. Rekandi trjábolur skapaði flóttamanni hættu. Betur sjá augu en auga og líkurnar á að upp um hann kæmist orðnar margfaldar með öllum þessum horfandi og skimandi augum.

Bolurinn rak nær fjarðarminninu og minnkaði möguleikinn á að íbúar innar í firðinum fengju nýtt sér fljótandi viðinn. Hraði trjábolsins var talsverður og benti til mikils straums á firðinum.

Varðmaðurinn í honum var nú að fullu vakinn. Reynslan gerði vart við sig. Enn var sá möguleiki uppi að bóndi hafi verið búinn að merkja sér rekan en gripið í tómt daginn eftir. Sumra er siður að segja sjálfum sér að nægur tími gefist á morgunn en er þá of seint í rassinn gripið og þá stokkið til og ýtt úr vör í von um að rekast á og umbreyta í eigin eign. Allt skiljanlegt í landi sem oftast heldur en hitt vantaði timbur í og allt viðhald því ónógt sem kom niður á eignum manna að sumstaðar sigu þök húsa. Sum hús enda ónothæf af viðhaldsleysinu einu og timburskortí, en sjaldnar af leti. Hinn möguleikinn var að bolurinn hafi aldrei náð til lands og straumar og vindar hrakið til baka sömu leið. Væri svo var frekar ólíklegt að bátar færu um fjörðinn þessara erinda. Allur vari er samt góður og betra að hafa augun opin en að láta koma sér í opna skjöldu.

Stutt var orðið eftir að straumar úthafsins hrifu tréð með sér og beindu í annaðhvort austur eða vestur. Sá möguleiki var og fyrir hendi að öðrum fjörðum tækist að lokka hann til sín. Hvar sem var í þessu landi var reki happafengur og gulli verðmeiri. Trjábolurinn færðist nær minninu og sveigði

til vesturs. Engir bátar né merki um bátsferðir. Sögulok voru Kára visst gleðiefni en líka hryggð. Gott hráefni var ævinlega gagnlegt fólki hans í Klappsvík þar sem alltaf var laust pláss fyrir örlítið meiri við.

Í dálitla stund stóð hann kyrr. Horfði næst upp á bjargbrún og ákvað að klifra þangað upp og teygja aðeins úr sér, leyfðu aðstæður. Hann fetaði einstigið og lagði við eyrun. Einungis þytur vinds og einstaka fjarlægur fuglasöngur tók á móti honum. Ekkert óeðlilegt og engin ný hljóð sem hann ekki þekkti. Góðs víti.

Hann leit varlega upp fyrir brúnina. Rebbi, Klaufabárður, var þarna og með honum sömu hvolpar og fylgdu honum á dögumum. Ungviðið elti hvort annað í leik á meðan eldra dýrið þefaði eins og leitaði það einhvers. Máski féð hafi skilið eftir sig áhugaverða lykt næmu lyktarskyni refsins. Snuðraði hann þar sem féð áður lá. Í hita ærslanna barst leikur hvolpanna svo nálægt honum að með því að teygja út hönd sína á einum stað mátti grípa í skott. Freistingin kom og vildi segja við hann: " Reyndu. Kannski nærði þessu skotti. " - En of seint. Gagg frá fullorðna dýrinu hröktu hvolpana til hans sem gaggið sendi.

Kári klifraði upp á brúnina og reis á fætur. Aftur kvað við hveltt gagg og hjörðin tók á sprett og hvarf á harðahlaupum fyrir næsta hól. Skömmu síðar sást loðin haus kíkja fyrir hornið og athuga hver truflaði og hverfa jafn snögglega. Að villt dýrið héldist við á þessu svæði sýndi áhuga þess á manningum sem annað veifið kom sömu leið. Frá bjargbrún sást vel út á hafið sem orðið var gárótt og ekki lengur slétt og speglaði fjöllin í kring. Fjörðurinn fékk á sig aðra mynd við breytingarnar á vatninu. Hann leit til norðurs til að sjá trjábólinn.

Á þessum stað rifjaðist upp frásaga Bergsveins sem hann heyrði nokkrum mánuður áður af merkilegu tæki sem faðir hans sagði að hétí sjónauki og að erlendur sjómaður af Spænsku skipi, sjálfur Spánskur, sýndi Bergsveini í einni kaupstaðferðinni og leyfði honum að kíkja í gegnum eftir að hafa hafið spjall saman og mest með bendingum og handapati. Er horft var í gegnum sundurdreginn og gylltan sívalninginn gerðust, að sögn Bergsveins, hreint ótrúlegir hlutir með öllu í kring sem eins og færðust nær og sumt fast upp að þó í talsverðri fjarlægð væri. Sitjandi fuglar á trjágrein voru svo nálægt að með því að rétta út hönd var eins og þeim mætti strjúka um bakið: „ Ótrúlegt hugvit, „ – voru orðin sem Bergsveinn lét hrifinn hafa eftir sér er hann lýsti

undratækinu fyrir Kára sem að sögn sögumanns var víst svo dýrt í innkaupum að einungis efnamestu menn gátu eignast sjónauka. Útgerðin var stéttin sem tók tækið upp á sína arma. Enda gagnlegt á siglingunni. Sjónaukin sem maðurinn bar var eign skipsins og gaf sjálfur skipstjórinn um borð þeim Spænka leyfi sitt og afhenti með þeim orðum að verkfærisins yrði hana að gæta eins og sjáaldur eigin augna og að sér væri að mæta kæmi tækið ekki jafn gott til baka. Þessu lofaði sá spænki og var afhent merkilegt, notadrjúgt útdraganlegt rörið sem dró hluti í fjarlægð nær.

Margan þorpsbúann dreif að sem vildu spyrja erlenda sjómanninn spjörunum úr um undratækið og fengu sumir sem komu að kíkja og urðu sannfærðir eins og Bergsveinn um að var ekta en ekki blekking. Glerið var skoðað og því velt á alla hliðar á meðan reynt var að skilja hvernig þetta gler gæti gert það sem öðru gleri, venjulegu, væri óframkvæmanlegt. Á nytsemi tækisins komu sumir strax auga en aðrir ekki og fylltust grunsemdum og sögðu: „ Vitleysa: „ -

„ Nú kæmi sjónauki sér vel. Þá gæti ég séð drumbinn góða. Að ekki sé talað um fylgst betur með mannaferðum bæði ofan af brúninni og niðri á syllunni. „ - Kári reyndi í síðasta sinn að koma auga á drumbinn. En hann var horfinn og ljóst að fjörðurinn og íbúar hans nytu ekki góðs af honum að þessu sinni:

„ Gagg gagg gagg „ - barst að baki honum. Enn Klaufabárður í nokkra metra fjarlægð ásamt hvolpahjörðinni sem raðaði sér fyrir aftan fullorðna dýrið. Hópurinn tók á sprett undir eins og maðurinn snéri sér í átt að þeim og hvarf bak við sama hól. Aftur sást haus kíkja og jafnsnögg hverfa. Hjörðin tók enn á sprett og sá Kári hana hlaupa hraðlaup í austur. Hann stakk höndunum í vasa sína og gekk rólegum skrefum upp á hólinn sem hæst stóð og gott útsýni var af til allra átta. Svæðið var mannlaut. Eða hvað?

Skyndilega fleygði Kári sér niður og leit aftur fyrir sig og til einstigsins til að sjá í fljótheitum út hentugustu leiðina þangað, þyrfti hann að hörfa í skyndi. Hann leit á rykmökkinn sem skyndilega hafði þyrlast upp framundan honum. Eftir andartak lét hann sannfærast. Þurr mold hafði hafið sig á loft af völdum vindhviðu og kannski hlaups Klaufabárðs og afkvæma hans. Nú sannfærðist hann endanlega um nafngift sína að nafnið „ Klaufabárður „ væri réttnefni á dýrið: „ Skammist ykkar illyrmi. Mér dauðbrá. „ - langaði honum til að hrópa fullum hálsi eftir skepnunum, en sat á strák sínum.

Þar sem öllu var óhætt gekk hann um og naut göngunnar. Gerðist endrum og sinnum. Nærsvæðið þekkti hann vel og vissi hvar mátti finna skjól á neyðarstund.

Vindurinn jókst og birtist í svignandi stráum og trjáhríslum við bjargbrún og næsta nágrenni. Smágerðar greinar náðu að búa til lítillsháttar þyt væru menn upp við þær og heyrði Kári þytinn er hann settist á stein við eina hrísluna og fann hvernig greinaflækjan sem stofninn skaut í allar áttir út frá sér hindruðu vindinn og veittu svolítið skjól hlémegin við sig. Greinunum tókst að lækka rostann í vindinum sem æddi sperrtur að þeim en lét í minni pokann er hann þurfti að brjótast í gegnum greinaflækjuna og klofna á mörgum stöðum og varð að koma máttminni út handan þeirra en náði fljótt fullum styrk og hélt sína leið blásandi og mäsandi og stundum hvæsandi og hvínandi:

„ Lofsöngur.

Þú sem vindinn og vatninu stýrir
Vinnur störf þín af natni.
Þú sem vatnið sjálft og sjó yrir
Segir að allt hjá mér batni.

Ég vil minn lofsöng ljúflega syngja.
Leika hann allan Drottinn minn.
Og í bjöllunum heyra er þær hringja.
Herra minn strjúktu um kinn. „

Kvæðið skaust út um munn Kára hindrunarlaust og sagði að hluta til hjarta hans á þessari stund. Sönglag kom með eins og stundum gerðist er Kári orti. Og mikið var hann feginn að fá kastað fram kvæðabút. Á allt svona hefði lokast og lítill tími unnist til neins nema huga að eigin kringumstæðum og gæta sín og gleyma sér ekki. Um þetta snérist líf mannsins á syllunni. Nú eins og lukust þessar gáttir upp á nýjan leik og hann aftur farin að yrkja eins og stundum á rólegum augnablikum heima í Klappsvík. Sum kvæða sinna mundi hann og sagði Sunnu sum af þeim. Flest hurfu vegna pappírskorts og gerði honum ókleyft að hripa skáldskap sinn á blað. Hjartað varð glatt og lifnaði allt við í honum. Kvæðið var lofsöngur til Drottins og sá fyrsti frá honum. Var Guð enda orðin honum raunverulegri.

Kveðskapurinn hélt áfram. Vindurinn hélt á svipuðum stað og Klaufabárður horfin til eigin heimkynna. Holu í jörðinni eða hól á svæðinu. Kári gleymdi stað og stund og hélt kyrru fyrir. Hingað, á stað kveðskaparins, hafði hann ekki komið í herrans háu tíð. Hann elskaði að yrkja.

Kvæðin runnu fram og voru undirstrikuð í söng mannsins. Vistin varð léttbær við hríslurnar sem klufu vindinn í herðar niður sem þrátt fyrir það hélt uppteknum hætti:

„ Hæ og hó! Hvað höfum við hér? Syngjandi skáld á fjöllum „ – heyrðist hrópað til hans. Ummælin gersamlega slógu dæmdan manninn út af laginu og ráku á fætur og gerðu tilbúin í spretthlaup til felustaðar sem hann vissi af í grennd:

„ Bíddu „ - heyrðist að baki honum: „ Þetta erum við, Rósant og Ráðvarður. „ – Kári þekkti rödd bræðranna. Viðbrögð hans voru ósjálfráð:

„ Önnur blessun til mín á sama andatak. „ – sagði hann brosandí og fagnandi í hjarta sínu yfir því sem augun nú sáu. Menn föðmuðu hverjir aðra að sér og héldu þétt hvorir utan um aðra og vildu bara ekki sleppa.

Það sem skeði var að á meðan Kári sat í sínum kvæða þanka á steininum við allar trjágreinarnar komu bræðurnir ríðandi á fákum sínum án þess að menn yrðu neins varir. Er þeir fundu ekki Kára hvorki inni í hellinum né niður í fjöru, eins og stundum gerðist, varð þeim óskaplega hverft við og þutu til baka eins fljótt og mögulegt var og aftur upp á brún og hófu leit. Sú leit stóð ekki lengi því Kári hafði tyllt sér skammt frá uppgöngunni og má segja að þeir hafi runnið á lágvært sönglið sem barst frá einni hríslunni.

Orðin sem þeir töluðu voru viðbrögð feginna manna sem endurheimtu til baka nokkuð sem mögulega var frá þeim horfið og komið á vit örlaga sinna - yfirvaldsins. Þeir átöldu hann fyrir kæruleysið og varð Kári að játa sig sekan og viðurkenna óhyggindi en réttlæti sig með þeim orðum að stundin hafi gefið sér von og blessun sem hann hafi ekki upplifað vikum saman og þess virði að taka við og ganga samhliða inn í þennan heim. Sem er heimur kveðskaparins.

Kári fór með vísuna fyrir þá sem ofar birtist og líka þessa:

„ Vonin vaknar.

Svefninn má sonur ei taka í þig
Sofðu en vaktu þó kallinn.
Guð okkur stýri og snúi um sig
Sjálfur er hann ekki fallinn.

Kemur til okkar á allskonar stund
Alltaf er manni samt góður
Stundum þó virðist sem sé lokað sund
og svolítið þyngist vor róður. „ –

Bræðrunum fannst kveðskapurinn ágætur. Ekki voru þeir þó hér til að hlusta á kvæði heldur í alvarlegri erindagjörðum en líka gleðilegum. Færa Kára fregnir frá heimaslóðum sínum í Klappsvík. Þeir stóðu á fætur og komu sér niður á sylluna. Enda verk að vinna.

Kári fundar með bræðrunum

12 kafli

Bræðurnir voru þreytulegir. Ferðin tók í. Enda ströng. Verkefnið snúið og á köflum flókið og samanvið ferðina kallaði fram alla þessa þreytu. Að finna færa leið snérust fundir bræðranna um með ættingjum Kára á meðan þeir enn dvöldu í Klappsvík. Margt annað olli líka þreytu strákanna. Miklar sveiflur í tilfinningum manna í kring gerði góða hvíld eftirsóknarverða. Huggunin mitt í öllu þessu var að niðurstaða allra þessara samtala þarna í Klappsvík bjó til opnun að glitta fór í mögulega lausn fyrir Kára. Næsta dag og eftir að Páll hélt leiðar sinnar funduðu menn áfram á bænum Klappsvík. Með hvern enda fastan komast verkefni loks á stað sem kalla mætti byrjunarreit sem hægt væri að vinna út frá:

„ Betur sjá augu en auga og betur heyra eyru en eyra „ - sagði Bengta Adríansdóttir, móðir Kára, oft við hann sem dreng er þau sátu saman á köldum vetrakvöldum á baðstofuloftinu og hann horfði hugfanginn á þrjónana sem léku svo lipurlega í höndum móður hans þar sem allar þessar óteljandi lykkjur urðu til og þrjónaflíkin óx af og umbreyttist að verki loknu í flík á mann. Mikið var notalegt að sitja við hlið hennar og halla sér upp að henni innpakkaður í hlýtt ullarteppi á loftinu með kaldan vindinn ýlfrandi fyrir utan bygginguna og feykjandi þar til snjó og safna í skafla hvar sem hindrun fyrirfannst. Aðrir heimilismenn höfðu vafin um sig teppi og sumir sængur. Eftirminnilegt en samt ekki raunveruleiki Kára þarna í hellinum.

Hellirinn.

Ráðvarður tók til máls:

„ Mættum refahjörð hér skammt frá. Fullorðnu dýri með þrjá hvolpa. Allt á harða spretti. Vildum vinna á hópnum og afmá en tíminn sem í verkið færi þótti okkur of dýrmæddur að við leyfðum honum að hlaupa sinn veg. Hittum hann máski á bakaleiðinni og látum finna til tevatnsins. „ - sagði hann og virti fyrir sér bjargbrúnina upp yfir sér:

„ Ekki gera það „ - sagði Kári. „, Rebbi, og nú síðast hvolparnir, heimsækja mig reglulega og eru oft við brúnina er ég kíki hana. Látið þau eiga sig. Refahópurinn er nýfarin af svæðinu og kannski styggst af hófadyn hrossa ykkar. Kalla fullorðna dýrið - Klaufabárð „ - Kári varði sinn Klaufabárð og fegin að heyra að hópnum hafi verið vægt en skildi viðbrögð bændasonanna sem vissu að refur tæki stundum ungt lamb í kindahjörð og ylli usla í æðavarpí sem sumir bændur nýta á landareign sinni til dúntekju. Íslenskur bóndi og rebbi elda grátt silfur saman:

„ Ja hérna. Menn bara farnir að gefa villtum varginum nafn og verja eins og um hrein gæði sé að ræða. Fokið er í flest skjól. Segi ég nú bara. „ - Rósant vissi ekki hvort Kári grínaðist eða talaði í alvöru eða eitthvað í höfðu hans væri komið í ólag. Óalgegnt var að ófėtið ætti sér varnaraðila í hópi sveitafólks. Algengra var að mönnum hlypi kapp í kinn og gerðu sem skjótast út leiðangur, finndu dýrið og ynnu á því áður en það sjálft ylli skaða.

Rósant viðurkenndi þó að aðstæður Kára væru óvenjulegar með vissulega burði til að kalla fram óvenjuleg viðbrögð og ekki viðurkenndar hjá neinum ærlegum bónda. Niðurstaða mannsins olli honum ró og hann varð aftur fullviss um geðheilsu Kára sem hann eitt örskot efaðist um. Góðlátlegt brot lék um varir Kára eftir samkomulag við sitt eigið hjarta.

Rósant leit á Kára sem í sama mund horfði niður á jörðina og ýtti við steinvölu með tanni ekki vitandi um pælingar í höfði vinar síns og velunnara.

Rósant hélt áfram eftir niðursveiflu sekúndurnar á undan:

„ Hvað kom fyrir andlitið á þér? Hluti skeggsins fokin. „ - Rósant tók fyrst nú eftir rakstri Kára og fannst hann svolítið spaugilegur með sitt þverskorna skegg og útlítandi eins og bursti sem snýr niður:

„ Oh. Ekkert til að tala um. Tók bara til rétt áður en þið komuð og brá hnífi á og stytta skeggið örlítið. Annað var það nú ekki. Skeggið náði orðið nokkuð langt niður. " – Kári benti með vísifingri á staðin sem skeggendinn endaði við og leit upp og út á fjörðinn af gömlum vana. Innarlega á þessum firði sást á dökkann díl. Líklega far með manni eða mönnum. Við sjónina breyttist svipur hans og fékk til að fylgjast með af athygli. Hinir litu í sömu átt:

„ Fáum við heimsókn? „ - Rósant bjó til skyggni úr hægri lófa sínum og bar að enni sínu og horfði inneftir firðinum:

„ Ekki gott að segja. En svo er að sjá. „ - Kári fylgdist með ferðum bátsins sem eftir nokkur áratog til viðbótar kom í ljós að var einsmanns far: „ Strákar! Fylgjumst með þessu og komumst að hvað þarna sé á ferð. „ – Tvær árar stungust takfastar í sjóinn og lyftust saman. Greinilega vanur ræðari á ferð: - „ Herrar mínir! Ekki er um að villast. Maður á ferð. Enn er allt í lagi. Breytist aðstæður flytjum við okkur inn og ræðum saman þar og gerum rifu á gæruhurðina og sjáum framvinduna. „ - Kári gaf fyrirskipun sem hinir samþykktu.

Báturinn stöðvaðist út á miðjum firði. Syllumenn sáu bátsverja teygja hönd fram í bátinn og draga að sér hlut. Líklega handfæri. Nýmetið, soðningin, nýveiddur fiskur úr sjó var heilandi viðfangsefni sem ævinlega olli gleði heimafyrir. Kærkominn búbot á heimili bændanna sem ekki kom fyrirhafnarlaust. Að vísu gekk sú saga í sveit Kára um vætt, góðkynja veru, að sagt var, sem ku stundum leggja ferskan fisk við dyr bænda sem þeir að morgni dags urðu varir við er þeir stigu út í morgunsárið og snæddu í hádeginu. Hið algenga var samt báturinn, róðurinn og samspil færís og sjós á firðinum sem gaf flestum þeirra kærkomið ferskmeti í fiski. "Fyrir lífinu þarf að hafa drengurinn minn"- var eitt sinn sagt við Kára á góðum degi er menn göntuðust með þetta og kom fyrir í góðra vina hópi.

Hve langan tíma skipverjinn út á firðinum reiknaði sér til fiskidráttarins kæmi í ljós. Menn bjuggu sig undir að dvelja eilítið lengur við á syllunni en ráð var fyrir gert. Óvæntar kringumstæður breyta plani og varaáætlun tekur við.

Litlar líkur voru til þess að bátsverji kæmi auga á menn í miðri hlíð svo þeir völdu að hafa hægt um sig og fundu sér stað norðan hellisopsins til að funda á og fluttu sig þangað yfir. Þaðan sást ekki til bátsins og heldur engin möguleiki á að bátsverji yrði hreyfingu vars í landi. Ef engin reki var í fjörunni fyrir neðan var lítil hætta þó að skipverji kæmi nálægt landinu og fjöruborðinu og kannaði aðstæður með reka í huga.

Vindstrengurinn sem gerði vart við sig var farin sinn veg og flóinn í óðaönn að umbreytast í spegill sem fjöllin æ meira sáust í. Þegar svo háttaði var fátt fegurra í heimi hér en sú ægifagra sjón. Enn mátti sjá á sjónum gárur á stöku

stað á miðjum firði. Ósköp vesældarlegar og kraftlitlar sem vart náðu að hreyfa nema lítinn hluta yfirborðsins og bara á agnarlitlu svæði.

Djúpt í norðri sáust segl skips sem kom úr vestri og stefndi austur með landinu. Í kjölfar skipsins sigldi annað skip og svo þriðja. Skipaferðir og vöruflutningar Danskra til landsins voru runnar upp. Vorskipin, líka haustskipin, bættu að mestu úr uppkomnum skorti á stöðunum hringinn í kringum landið með sínum nægtum - fyrst um sinn. Menn komu í kaupstaðinn og birgðu sig upp af nauðsynjavarningi. Naglar, verkfæri ýmiskonar, hamar, sög, tréhefill, sporjárn. Allskonar varningur til gagns mönnum. Sykur í tunnum. Kaffi í sekkjum og tunnum. Hveiti í trétunnum. Á þessum varningi varð oft skortur er líða tók á vorið sem rak menn upp hóla og hæðir í grennd og fékk til að skima hafið í von um segldulu í fjarska og út við ystu sjónarrönd. Vandræðaástand skapaðist drægjust skipakomur Danskra úr hömlu og olli venjubundnu skeggnuði karlanna og hökustrokum og leit húsfrúar upp í hillum í von um sykurogn í kari, hveitiögn, jafnvel kaffiögn sem gleymst hafði á bak við. Stundum olli leitin brosi á andliti en yfirleitt kom ekkert út úr þessu. Allt búið og ílát tóm. Mæðusvipur og gón út um glugga sem snéri að sjó var venjuverk húsmóður. Er mönnum fór en frekar að lengja eftir skipunum sögðu þeir æ oftar hvorir við aðra: „Ætli komi skip í dag? „- og fengu svar til baka á þessa leið:

" Ætli það nokkuð. Þeir Dönsku hafa gleymt okkur þetta árið „ - sögðu broslaus andlit og lítt uppörvandi raddir í hópnum. Aðrir voru ögn jákvæðari og töldu að betur gengi næst og að á nýjum degi breyttist allt til batnaðar. Í ár horfði öðruvísi við með þessum þrem skipum úti af flóanum. Þau voru á settum tíma og á undan alvarlegum skorti helstu nauðþurfta í landinu, ef undan er skilið kaffið sem var uppuríð í verslun kaupstaðarins og alvarlega vöntun á sumum bæjum: "Áttu ekki til kaffi kerling? " heyrðist í morgunfúlum bónda sem á móti fékk svarið: "Þegi þú kall og éttu hafragrautinn þinn:"- sem öndvert svaraði með þrumuskoti úr óæðri enda sínum.

Frá einum stað syllunnar var ágæt aðstaða til að sjá út fjörðinn og segl skips sést langt að. Telja má að Kári væri með fyrstu mönnum þetta árið til að verða birgðaskips Danskra vars þó hann væri ekki í stakk búin til að flytja öðrum fregnina. Bræðurnir mundu sjá um þá hlið. Vel gat verið að fréttin væri þegar flogin og orðin heyrum kunn. Séð segl spyrst hratt. Margt mannsaugað skimar. Sæi það vindfyllt segl stefna á kaupstað var málið samstundis kynnt öðrum og

hægt að leggja á klára og búa hestalest nauðsýnlegum búnaði til kaupstaðarins. Mættu þeir sveitunga á leiðinni var honum flutt fregnin sem sjálfur lét ekki segja sér hana tvisvar og herti reiðina heim og bjó sjálfur út leiðangur og tók nokkra af bænum með sér í kaupstaðaferð. Og fáfarnir sveitavegirnir umbreyttust í nokkra umferð sem jók tölu bænda og hrossa í kaupstöðunum verulega. Koma skipanna skipti sköpum.

Ákveðin stemmning myndaðist í fjörunni er bátarnir hófu róður út í skipin sem lágu við stjóra og olli bakaleiðin svolitlum titringi meðal hópsins og bátarnir komnir með varning um borð. Sumir bíðandi á staðnum gripu til brennivínspelans og supu á áfengu innihaldinu án þess að sleppa augum af skipinu framundan. Allur gangur var á þó að allra augu horfðu í sömu átt. Brandari í munnni húmorista í hópnum breytti ekki þessum sannleika. Ekki heldur hláturinn í kjölfarið. Augun voru sem límd við skipsskrokkinn sem strekkti í ankerisfestina. Sá fyrsti vanalega til að verða fullur var Lórens Reifnirsson bóndi á Slaka. Hvort Lórens bóndi yrði við komu eins þessara þriggja skipa var ekki gott að segja. Fátt benti þó til annars af þeirri ástæðu að bú hans og heimili var jafn háð skipakomum Danskra og aðrir bæir í sveitinni og engin munur á. Bærinn Slaki var ekki undantekning.

Bændum var það góð tilfinning að halda af bæ til að byrgja sig upp af nauðsynjum og fá lokið verkum heima sem skorturinn hindraði að væru unnið. Menn leyfðu sér ýmislegt í mat og drykk fyrst eftir að byrgðir Danskra komust í hús íslendinga. Smávegis bruðl þótti í lagi með. Gengi það bara ekki of langt. Eftir vissan tíma var allt aftur sparað. Sum ár létu haustskipin þó ekki sjá sig. Tíðindin voru slæm og kallaði á þrengri kost landsmanna. Danskir voru óútreiknalegir er kom að aðföngum til íslendinga og hluti óvinsælda þeirra í landinu.

Er Kári leit seglin út af firðinum augum rifjaðist allt þetta og meira til upp fyrir honum og hvernig allt lifnaði við á bænum og hjá fólkinu sem ætluð var kaupstaðaferðin. Sjálfur tók Kári þátt í nokkrum svona kaupsstaðaferðum og þekkti gleðina sem ríkti í hópnum og vonina sem kviknað í brjóstum manna og kvenna við hugsunina um endurnýjun mikilvægs lagarsins heima.

Kári komst við í anda. Raunveruleikinn hnippi í sinn mann og dró aftur í nútímann. Maðurinn á firðinum sá til þess. Var hann óvinur? Var hann vinur?

Einkennilegar þælingar en samt veruleikin sem Kári lifði við. Vinur! Óvinur. Að meta í sífellu stöðuna á slíkum nótum var hræðilegt.

Nýafstaðin ferð bræðranna komst á dagskrá. Tilfinningar Kára sem örlítið hafði verið hreyft við með skipunum úti fyrir og þankanum um verslunarferðirnar heima báru hann aftur ofurliði. Einkum fregnin um velvilja heimilismanna Klappsvíkur í sinn garð og ekki síst þungun Sunnu að þriðja barni þeirra hjóna og að bæði konu og börnum heilsaðist vel og drengirnir söknuðu föður síns og hún eiginmanns síns. Að drengirnir sem hann elskaði eins og sitt eigið hjarta spyrðu um sig og vildu fá sig heim saman við hugsunina um Sunnu ófríska og trúfesti hennar í sinn garð ollu honum sínum skilyrðum til að rífa af sér öll höft og hindranir og hleypa tárunum fram með þeim krafti sem þau sjálf vildu. Kinnar hans vættust tárur að strákarnir urðu að taka sér hvíld frá fréttaflutningnum jafn mikilvægar og hann var á meðan ástand mannsins hélst svona.

Kári faldi andlitið í lófum sér og grét í ekkasogum. Líkami hans kipptist til. Bræðurnir sátu honum til sitt hvorar handar og biðu. Gátu lítið aðhafst nema leyfa manninum að rasa út. Þeim var og fullkunnugt um hve alvarlega hann tók sitt föðurhlutverk sem honum óbeðnum hafði verið kipp burt úr.

Þegar um hægðist og Kári aftur að komast til sjálfs síns yfirgaf Ráðvarður þá og skreið á fjórum fótum þangað sem til bátsverja sást. Maðurinn dorgaði á sama stað. Engin hreyfing sjáanleg nema vindhviða sem bjó til gárur á litlu svæði í kringum manninn. Ráðvarður sá manninn innbyrða veiði og kasta aftur út öngli. Gárurnar gengu út fjörðinn en ekki inn. Hvít meinleysisleg ský dróst upp á norðurhimni. Tvo af skipunum sáust ekki. Þriðja skipið orðið ferðlaust með öll lafandi segl og byrjað að reka í átt að landi.

Kári hafði jafnað sig og baðst afsökunar á eigin viðbrögðum. Ráðvarður lá enn kyrr á sama stað en Rósant tók upp þráðinn þar sem frá var horfið og hélt áfram að rekja atburðarrásina lið fyrir lið. Hinn bróðirinn sá skipið ferðlaust og vildi fylgjast með hverju fram yndi.

Kári rak upp stór augu. Tortryggni gætti hjá honum við að heyra um aðkomu prests. Dálitla stund tók hann að koma þessu nafni fyrir sig. Mundi eftir prestinum en nafnið vikið frá honum. Honum létti ekki lítið er allt rifjaðist upp og í stað tortryggni komst að þakklæti. Fregnin um leynistaðinn undir altarinu

í kirkjunni var honum og léttir og að Páll væri sannur bandamaður og tilbúinn að skjóta yfir sig skjólshúsi þyrfti hann að yfirgefa sylluna og hellinn í hveli.

Kári leit enn til himins. Fregnin var gjöf til hans kominn beint frá himnum. Víða kviknuðu vonarljós. Hann signdi sig. Friður var yfir andliti hans. Hvorki ótti né óvissa. Enn fann hann til styrks og enn til fullvissu um sigur og laus. Hjartað staðfesti sigur með honum sjálfum og gerði rólegan. Hve lengi enn biðtíminn varði var engum manni gert að vita. Komið var að trúnni og að leifa henni að virka og að sýna mátt sinn og styrk.

Rósant færði aðra hönd sína innundir peysuna og kom með bók vafða í skinn sem hann rétti Kára með þeim orðum að væri gjöf frá Bergsveini sem bað um að yrði afhent syni sínum undireins og leiðir þeirra lægju saman. Að vísu stóð hann ekki við loforðið. Nú var rétti tíminn til að afhenta þessa forlátu bók sem svo fáir áttu og margir gjarnan vildu eiga en gátu ekki eignast af þeirri ástæðu að vera hvergi fáanleg.

Bókin innihélt Sálmana og Jesaja handritið ásamt guðspjöllunum fjórum í Nýja testamentinu. Bókarhlutann áskotnaðist Bergsveini í seinustu kaupstaðafærð sinni fyrir fáeinum vikum hjá presti sem gekk í veg hans. Kári var ekki nefndur á nafn í samtalinu. Ekki var við annað komandi en að Bergsveinn þæði bókina úr hendi prests með þeim orðum að hann fyndi út hverjum bókin væri ætluð. Kári var fyrsti maður sem kom upp í huga Bergsveins. Afhendingin varð möguleg með komu bræðranna knáu. Nafn gefanda kom hvergi fram enda ekki af svæðinu heldur langt að kominn. Kannski úr sjáfum höfuðstaðnum:

„ Engill frá Guði hefur vitjað föður míns „ - voru fyrstu viðbrögð Kára eftir að hafa veitt bókinni viðtöku:

„ Hahahaha. Góður ertu. „ - Rósant hló og taldi um brandara að ræða. Hláturinn þagnaði er alvaran skein af andliti Kára.

Samtalið hélt áfram og fréttir af fundinum raktar. Að beiðni Kára var drengjunum skotið inn á milli. Honum fýsti að vita meira.

Rósant skreið til baka með svip sem gaf ýmislegt til kynna: „ Hvert í hoppandi skoppandi „ - sagði hann. Orð hans fengu hina tvo til að líta hvorn á annan.

Atvikið olli öllum á staðnum hlátri. Skömmu áður höfðu strákarnir sagt Kára sögu Páls um herbergið falda og orðakæk hans sem Rósant greip nú til. Allt var í stakasta lagi á sjónum og maðurinn enn dorgandi á sama stað. Rósant vildi sprella svolítið en komst ekki alla leið með uppspunna sögu sína. Hlátur hinna svo fljótt skemmdi það allt saman.

Rósant leit út fjörðinn og sá að skipið sem enn hafði ekki náð vindi í seglin færðist nær landi. Miðað við ríkjandi stefnu kæmi það inn fjörðinn næðu skipverjar ekki að stöðva rekann og fella ankerið:

„ Strákar „ - sagði hann og benti til norðurs. - „ Hvað er að ske? Eitt skipanna missir ferð og rekur í átt til okkar á furðu stuttum tíma. „

Hinir litu upp og urðu skipsins vitaskuld varir. Fuglar flugu hátt yfir því eins og til að fylgjast með úr háloftunum hvað yrði. Fyrri umræður þögnuðu og allra augu beindust að rekaldinu á hafinu sem færðist nær landi og á ógnvænlegum hraða. Hvort þeir mundu verða vitni að strandi og jafnvel mannskaða gat alveg orðið af. Skipið stækkaði og var um það bil að reka inn fyrir tangana tvö sem sköguðu þarna til norðurs. Skrólt í keðjum barst til þeirra sem til að byrja með stöðvaði ekki ógnvænlegan rekan og það færðist inn fyrir oddanna. Komið var hættuástand. Skyndileg greip ankerið festu í botni og skipið stöðvaðist með skutinn í norður vegna útsogsins. Mönnum létti. Hurð skall nærri hælum. Menn sáust ganga um á dekkinu. Annað veifið heyrðist þaðan hróp í logninu sem nú lék sér umhverfis skipið, skipverjum til armæðu og leiða. Á meðan botnfestan hélt var þeim óhætt.

Árabátamaðurinn var snúin frá sinni veiði með stefnu inn fjörðinn með kærkomna soðninguna í botni báts síns. Hvort seglskipið hefði stytt viðveru einfarans á hafinu var ekki gott að segja til um. Gat þó vel verið. Danskt flagg á stöng gaf sínar vísbendingar til íslensks almúga og ekki alltaf sérlega góðar. Allt var með kyrrum kjörum í útlenda skipinu sem var eins og fjall samanborið við agnarsmáa arabátinn. Kári og hinir fylgdust áfram með framgangi málsins. Menn komu saman við bátanna og voru tveir bátar mannaðir og slakað í sjóinn og róið aftur fyrir skipið. Þar löfðu tvær taugar sem til stóð að festa í sitt hvorn bátinn. Er allt var tilbúið í skut var ankerinu lyft frá botni og róður hófst með stórt skipið sem gekk betur en menn vonuðu á móti straumnum. Og komst skipið út fyrir tangann á furðu stuttum tíma. Öll segl slúttu algerlega líflaus í

möstrunum og voru útlítandi eins og gangandi, feitlaginn maður í þungum þönkum.

Svolítið utar gerðist undrið með vindinum sem skyndilega greip í seglin og þandi út og breytti í nokkrar vellagaðar „ ístrur „ staðsetum skipulega í háum möstrunum og nógu mörgum til að ná fullri stjórn á þunglamalegu skipinu. Skipsbátunum var sleppt þeim róið til skips og hífðir í stæði sín á þilfarinu. Skipið jók hraðan með stefnu í norðnorðaustur til að byrja með en breytt yfir háaustur utar og dýpra. Allt með miklum hraða. Að ankerið gripi svo utarlega í firðinum var lán í óláni. Mannskapurinn hafði áður lent í svipuðum hremmingum og orðin vanur þesskonar aðstæðum við strendur Íslands?

Skipið hvarf sjónum mannanna sem áhugsamir fylgdust með. Auður fjörðurinn með einstaka fljúgandi sjófugli stóð eftir og einsmanns farið komið fyrri beygjuna innar í firðinum og horfið.

Fréttáflutningurinn hélt áfram og honum lauk. Niðurstaðan var að Kára og Sunnu, og máski drengjunum, ef kostur var, yrði stefnt saman og fundið til þess leiðir. Sem ekki var á hreinu hvernig yrði gert.

Kári strauk um skegg sitt og vildi það burt af andliti sínu og klára verkið sem hann hóf með pyntingartækinu sem með góðu móti og venjunum kallaðist hnífur. Hafði alltént skaft og blað. Fátt annað benti til hnífs

„ Mikið yrði ég fegin gæti ég losað mig við skeggið. Klæjar orðið svo í það að til hreinna vandræða er. „ - Kári klóraði sér hressilega í vöngunum máli sínu til stuðnings.

„ Nú varstu heppinn. Höfum ágætis verkfæri í rakstur." – sagði Ráðvarður:

„ Dríf mig til kláranna og sæki rakstursáhöldin og raksápu og kostinn sem við komum með. „

„ Förum bara allir „ - sagði Kári og stóð á fætur og gekk að einstiginu upp á bjargbrúnina. Nokkrum mínútum síðari komu allir til baka og varð andlit Kári fljótlega þakið raksápu. Rósant sá um raksturinn fyrst með flugbeittum skærum svo bitmiklum hníf og almennilegu verkfæri.

Kári fær andlitssnyrtingu.

13 kafli

Á meðan Rósant mundaði vel beittum skærum og hníf saxaðist með hverjum skærasmelli og hnífblaðssköfu á mikinn andlithárvöxt Kára. Rósant valdi að fjarlægja fyrst skeggið áður en hann snéri sér að höfuðhárinu. Ráðvarður sem sá fram á svolitla bið vildi nýta sér hana til að huga betur að hrossunum. Ófært var að láta þá vera eftirlitslausa of lengi, væri þess kostur. Hann stóð á fætur og gekk til einstigsins: " Laglegt hafi þau velt sér með hnakkanna. Samt ekki þeim líkt. Hestar eru mestu ólíkindatól. " - Hugleiddi hann - orðin eilítið svartsýnn. Fljótt skipast veður í lofti hvort sem er í huga manns eða í því náttúrlega:

„ Hvað! Þotinn? „ - Kári kallaði á eftir honum. Sápufroðan á andlitinu vildi smeygja sér upp í munninn er hann talaði:

„ Farin? Ekki alveg. Ætla bara að nota biðtímann til að huga betur að hrossunum. Aldrei að vita hvað þeim dettur í hug einum. „ - Ráðvarður hélt göngu sinni að stígnum áfram:

„ Gangi þér vel og farðu gætilega. „ - Blásturhljóð barst út um munn hans og svo skyrpi hljóð. Kári snéri höfðinu. Enda ekki úttalað sig við Ráðvarð. Rósant var nóg boðið: „ Vertu kyrr og leifðu mér að ljúka verkinu. Slakaðu á drengur. „ - Svólitillar óþolinmæði gætti í röddinni:

„ Sit það sem eftir er eins vel upp alinn kórdrengur. Stilltur og prúður. " - Kári hló. Aftur þurfti hann að skyrpa. Opin munur og sápa er vont sambýli. Rósant sá sér þann kost vænstan að sækja vatn til að Kári gæti skolað út sápunni upp í sér. Kári bandaði með hendinni:

„ Óþarfi. En takk samt. „ -

„ Þá má ég víst ljúka verkinu? „ - Honum var ekki skemmt. Kári opnaði enn munn sinn en hætti við og lét sér nægja að kinka kolla. Ropi skaust út um munninn sem fékk rakarann til að horfa pirruðum upp í loftið og hugsa: " Ætlar þetta aldrei að enda? " - Bróltið hætti og hljóð í skærum barst á nýjan

leik um svæðið. Skærasmellirnir hættu. Upp var runninn tími flugbeitta hnífsins til frekari snyrtingar andlitsins sem nú var allt komið fram eftir fjarlægingu skeggsins.

Ráðvarður hafði gaman að samtali vina sinna. En einstigið togaði í hann. Þessi stígur, eins og meitlaður af hendi manns í bergið en gerður af náttúrunnar völdum, hafði með tímanum, kannski öldunum, komið sér upp gróðri og var að mestu grasi lagður upp á brún. Gróðurinn gerði hann mýkri undir fæti en líka sleipan í rigningum. Að ganga hann blautan krafðist talsverðrar varfærni og meiri en gerðist á þurrkatíma. Að klífa utan í bratta krefur fólk um sitt. Andartaks kæruleysi og menn hrapa. Þá er dauðinn vís.

Í tilfelli Ráðvarðar gildi sama regla og hjá Kára um aðgæslu. Henni varð að fylgja og gægjast varlega upp fyrir brúnina og líta í kringum sig. Væri engin á ferli var öllu óhætt.

Ráðvarður skildi mikilvægi aðgætninnar. Hann hlustaði. Reyndi að greina umhverfið með eyrum sínum. Engin ókunnug hljóð.

Standandi á bjargbrún leit hann fyrst inn fjörðinn og svo til norðurs á víðáttumikið hafið. Sjónsvæðið sýndi ekkert skip né þanin skipssegl. Beint framundan honum út á miðjum firði gerðist atvik sem fangaði athyglina. Hvalsblástur. Aldrei fyrr hafði hann augum litið hval koma upp og blása: "Eltir stórfiskurinn síli?" - hagleiddi maðurinn. Fátt benti til sílagöngu. Hvergi fugl á sveimi. En fuglar voru fylgjendur sílaganga svo nálægt landi. Þrennt var í stöðunni. Númer eitt: Fuglinn hafði enn ekki áttað sig. Númer tvö. Atvikið með sílið væri að gerast á sama andartaki og Ráðvaður horfði. Númer þrjú. Hvalurinn var bara villtur. Allar tilgáturnar höfðu rétt á sér. Eina í hendi var hvalurinn sem blés. Hvorki síli né fugl sem steipt sér niður og flug upp með lystuga bráð. Hvað hafði gerst með risavaxna skepnuna? Kannski að mikil skepnan sem synti þarna frjáls breyttist í strandaðan hval í fjöruborði og hvalreka og hvalkjöt handa íbúum innar í firðinum. Annað eins hafði gerst.

Til voru sagnir af hvalavöðum sem syntu á land og komast hvorki afturábak né áfram og á endanum drápu. Saga yfirmanns Dansks skips sem kom í kaupstaðinn með vöru til kaupmannsins í kaupstaðnum sem heimilismönnum á Kló var gert að versla beint við rifjaðist upp fyrir Ráðvarði við hvalssjónina.

Danskættaði sjómaðurinn, næst æðsti yfirmaður skipsins, hafði komið siglandi frá Færeyjum og orðið vitni að mikilli hvalavöðu sem eyjaskeggjar ráku á undan sér úr bátum sínum og stefndu til lands þar sem dýrin, um eitt hundrað og fimmtíu talsins, höfnuðu í Færeyskri fjöru og menn í landi tóku á móti með langa hnífa og aflífuðu og hirtu kjötið: " Heilmikil fæða þar lagsmaður og eyjaskeggjum ágætis búbot. " - sagði maðurinn hress í lund og sló Ráðvarð létt á öxlina og gekk til léttabátsins og steig um borð. Undireins og mennirnir höfðu komið sér fyrir á þóftum bátsins ýttu tveir undirmanna skipsins frá og veltu sér yfir borðstokkinn og um borð eftir að báturinn flaut og settust undir árar og tóku stefnuna á skipið sem þar lá við ankeri. Fimm yfirmenn skipsins voru saman í för. Ræðararnir tveir urðu eftir við bátinn og gættu hans, eins og skipun yfirmannanna hljóðaði uppá. Svona var vinnulagið.

Hvalurinn minnti Ráðvarð á eitt og annað úr sinni sveit. Fyrir kom að fregnir af hvalreka spyrðist á Kló. Fregnin ýtti hraustlega við heimilisfólki sem rauk til, sóttu hrossin og hnakka. Þar sem hnakkar voru ekki til handa öllum fór restin berbakt og hleypti á harðastökki með hinum ofan í fjöru með rykmökkinn allt um sig. Í fjörunni blasti við svo mikið kjöt að hver sem var gat tekið með sér eins mikið af því og vildi. Að fara aðra ferð komst inn í myndina. Fór þó eftir fjöldanum á staðnum. Seinni ferðin var meiri svona happa og glappa. Heim að Kló var svolítill spölur sem gat þýtt fjölda manns á meðan þeir fóru til síns heima og losuðu sig við birgðirnar. Eftir einni svona ferð mundi Ráðvarður með föður sínum. Það sem við blasti í seinni ferð var einn maður sem krækti í seinasta bitann sem rétt dugði fjölskyldu mansins í eina máltíð en var samt ferð til fjár. Sumar ferðir voru það ekki. En þeir fiska bara sem róa og að reyna allt málið.

Beinagarðinum fylgdi vandi. Fyrir kom að lykt lægi yfir svæðinu dögum saman og magnaðist á heitum, sólríkum sumardögum. Þó gat gerst að sjónum tækist að draga beinagarðinn frá landi, og það mál leystist sjálfkrafa. Í það þurfti óveður og brim. Allskonar hugsanir þutu gegnum höfuð Ráðvarðs við heillandi sjónina á bjargbrún.

Hann hélt hugleiðingum sínum áfram.

Er feðgarnir komu heim með vænan hvalkjötsbitann var hann snarlega skorin til og skellt ofan í sjóðheitt vatn. Venja Gissunnar var að hafa pott með sjóðandi vatni í og vera tilbúinn kæmu mennirnir til baka með soðningu og

eftirleikurinn fljótlegur. Aðrir íbúar Kló biðu hlakkandi eftir nýmetinu. Hvalsrekadaginn, viss hátíðisdagur, að þá fékk það hvíld frá saltkjöti og þurrkaðri fæðu. Nýmeti vakti sinn spenning.

Skepnan blés öðru sinni. Um gríðarmikið dýr var að ræða og fannst honum óratími líða uns sporðurinn skaust eitt augnablik á loft og seig tignarlegur í hafið. Engin fugl enn sjáanlegur og ekki orðið opinbert hvort hvalurinn væri þarna vegna sílis eða veikur og villtur. Stæði sílið djúpt var óvíst að fuglar loftsins yrðu þeirra varir. Dýpt er hval engin hindrun. Geri maginn kröfu er létt verk fyrir svona skepnu að kafa djúpt og ná til sílisins og troða sig út af því.

Ráðvarður þurfti smávegis átak til að rífa sig burt frá heilandi sjónarspílinu. Áður en hann fór yfir til hrossanna gekk hann alveg fram á bjargbrúnina og leit niður eftir miklum hamravegginum og sá ysta hluta syllunnar en engan mann. Hvorki Kára né Rósant sem þó voru þar. Ekki heldur þó hann teygði höfuð sitt fram fyrir brúnina og eins langt og hann gat til að aðgæta betur. Engin orð bárust upp til hans. Máski voru þeir þögulir sem gröfin. Líkleg niðurstaða miðað við orð Rósant við Kára sem að hans dómi talaði full mikið er allt hjá þeim skildi snúast um klippingu og rakstur og ekkert málæði.

Ekki svo að skilja að felustaður Kára væri fullkominn en samt hreint ótrúlegur og staðsetning eins og pöntuð fyrir kringumstaður manns í hans stöðu. Engin leið var að átta sig á að þarna gæti mögulega verið bústaður manns. Eftirgrennslanin fékk hann til að skilja betur mikilvægi þess að vera með ekkert í kring sem minnti á mannavistir.

Honum var létt um hjartarætur og hljóp léttstígur til hrossanna.

Er hann bar að hámuðu hrossin í sig grængresið. Eitt augnablik litu þau upp og gerðu stutt hlé á átinu. Tamdir hestarnir höfðu ekki beitt þeim fantabrogðum að velta sér með hnakkanna. Þeir voru því enn heilir á bökum þeirra.

Þrjár hrossataðstaðhrúgur lágu á jörðinni. Tvær voru gamlar og ein ný.

Ráðvarður gekk til hrossanna og losaði leðurólar taskanna frá hnökkunum og lagði á jörðina losaði næst um gjarðir hnakkanna sjálfra og fjarlægði af bökum

þeirra og lagði á stein og gekk svo til skeppnanna og klóraði á bak við eyrun og fékk sem endurgjald stutt hnegg frá hrossi bróðurins sem kunnir að meta strokurnar. Hross Rósant átti það til að bregðast við atlotum fólks. Hitt var vanalega hljótt og þögult sem gröfin. Nema að haushristurnar væru svörun af þess hálfu.

Að verki loknu gekk hann burt. Rétt framan við útgönguleiðina stoppaði hann, nuddað á sér hökuna hugsandi og leit til baka: " Kannski vilja þau velta sér. Klæjar áreiðanlega í bakið eftir hnakkanna og langa biðina sem vel gæti orðið lengri. Losa þá hvora frá öðrum og þá velta þau sér ef þau vilja. " - Ráðvarður talaði upphátt við sjálfan. Orð mannsins fengu hrossin til að sperra eyrun. Margt var enn órætt á syllunni við hellinn og ýmislegt hafði komið upp sem tafði. Biðin til viðbótar gat orðið nokkur og því ágætt að undirbúa hrossin og gera þeim vistina og biðina bærilegri.

Hann losaði hrossin og steig til hliðar. Í fyrstu stóðu þau kyrr. Svo áttuðu þau sig og bitu nokkur strá og veltu sér á eftir hressilega og nudduðu bökunum við jörðina og iðuðu öll eins og kláðahross. Þau risu á fætur, hristu sig duglega og stóðu róleg. Nú leið þeim betur og voru laus við kláðann og moldina í feldinum sem veltingurinn sótti en hristurnar skiluðu aftur til jarðar.

Skammt frá staðnum rann tær og ferskur lækur sem hægt var að brynna þeim í. hann gekk með þau þangað. Hestarnir teygðu stórum. Soghljóð barst til hans af öllu þessu svolgri dýranna: " Gætið ykkar á sílunum að þau sogist ekki upp í ykkur með vatninu sem þið drekkið " - sagði hann skellihljajandi. Honum fannst orð sín fyndin. Hestarnir sýndu engin viðbrögð og létu sér fátt um finnast nema að eyru annars hrossins hreyfðust.

Skeppurnar luku við að drekka og reistu hausa og hristu þá. Í mélum beislanna glamraði. Ráðvarður greip um taumanna og gekk með þau í taumi sömu leið til baka. Klettasalurinn sem bræðurnir höfðu komið þeim fyrir í tók þeim vel eins og áður og batt hann þau saman tagl í tagl og yfirtaf. Hann gekk rösklega til baka. Eftir nokkra metra göngu nam hann enn staðar og leit við. Hvergi orlaði á innganginum og var, frá honum séð, eins og um heilan klett væri að ræða frá þessu sjónarhorni séð. Ágæti felustaðarins kom í ljós. Hringlaga klettasalurinn hafði smáop á einum stað eins og dyr sem sáust bara úr einni átt. Náttúran er full leyndadóms. Erfitt var að átta sig á aðstæðum nema fyrir heppna eins og þá sem fyrir hreina tilviljun rákust á staðinn í sinni

fyrstu ferð með matvæli til Kára. Salurinn sá arna var kjörin geymslustaður hrossa. Hestur með reiðtygjum segir öllum sem sjá: " Aha. Hér er maður. " - Áhættan af slíku mátti vera hverjum sem er augljós. Grasi gróni klettasalurinn var fullkomið svar inn í leit bræðranna að öruggum stað fyrir skepnurnar á meðan þeir dvöldu hjá Kára og viðveran máski lengri en til stóð, eins og alltaf gat gerst.

Ráðvarður hljóp við fót. Standandi á bjargbrún leit hann út á fjörðinn. Hvort hvalurinn væri kominn innar eða snúin við og syntur út gat hann ekki vitað. Alltént sást hann ekki. Kannski var hann strandaður í nærliggjandi fjöru og búinn að umbreyta sjálfum sér í lystugan og matarmikinn hvalreka:

" Best að ég skjótist upp á hæsta hólinn og líta yfir svæðið áður en ég yfirgef bjargbrúnina. " sagði hann. Fuglar sungu í kring og flögruðu um svæðið og hófu sig til flugs er maðurinn birtist á hólnum. Hann horfði í kringum sig. Fáeinir kindur voru á svæðinu á beit. Hvort þetta væri sami hópur og rekin var til fjalla og Kári nefndi var ekki ósennilegt. Vel er þekkt að fé leiti í sömu haga. Við þessu var fátt að gera nema vona að þær snéru við og kæmu sér sjálfar þangað sem þær áður voru. Að öðrum kosti mátti fljótlega búast við ríðandi smölum. Hópi manna. Hitt í stöðunni var að bræðurnir rækju þær á undan sér er þeir yfirgæfu Kára. Önnur hreyfing var hvergi sjáanleg sem var léttir.

Hann snéri af hólnum og til einstigsins. Brattinn gat verið varasamur og krafði menn ýtrustu aðgæslu.

Á miðri leið áði hann eitt augnablik og leit eldsnöggt út á fjörðinn í von um að sjá mikla skepnuna. Fjörðurinn var lygn og yfirborðið slétt með einstaka gáru. Þar var fátt ef undan eru skildir fáeinir fuglar sem flugu um í loftinu og aðrir sem flutu á yfirborðinu. Allt framundan var rólegt og hvergi minnsta merki silagengdar. Niðurstaða Ráðvarðar var að hvalurinn hefði bara tapað átt og villst en fundið áttina aftur og náð að koma sér burt. Undanvillingar eru auðveld bráð í villtri náttúru. Líka stærstu dýr jarðar. Félagsskapurinn veitir öryggi og allt getur gerst.

Hvellt gagg kvað við yfir höfði Ráðvarðs sem enn fikraði sig niður einstigið og þekkti strax að tilheyrði ref. Hann leit upp. Engin refshaus. Kannski sama ófeti og hann sá hlaupa á harðaspretti er þeir nálguðust sem Kári tók upp á að

verja og gefa nafn: „ Hvað var aftur nafnið? „ - Hann gat engan veginn munað þetta nafn: „ Klaufskur....? Var það ekki annars? Nei, ekki Klaufskur. " - Hann braut heilan. " Nú mann ég. Hugsanlega er Klaufabárðurinn hans bara mættur. Dámar mér ekki! Verðandi bóndi orðin besti vinur rebba og ver ódáminn eins og mögulegt er. Heyr á endemi. „ - Ráðvarður steig fæti ofan á sýlluna kominn með slétt land undir sínar fætur og var notaleg hugsun.

Er hann kom sátu mennirnir með bakið upp við bergvegginn og spjölluðu.

Ráðvarður var enn með hugann við hvalinn. Fremst á brúninni skimaði hann hafsvæðið framundan sér:

„ Óskaplega ertu annars hugar vinur. Angrar þig eitthvað? „ - Kári bar fram spurningu:

„ Ekkert merkilegt. Bara hvalsómagi sem stakk hausnum upp á yfirborðið áðan. - Þarna. „ - Ráðvarður benti út á fjörðinn:

" Ekki varð ég var neins hvals. En þú Rósant? " - Rósant hristi höfuðið: " Ekki heldur. Enda upptekin við annað verkefni en hvalaskoðun: - Mennirnir horfðu út á fjörðinn vegna orða Ráðvarðs. En sama hvernig horft var. Aðeins kyrr fjörður sást. Engin hvalur. Hann var farinn og syntur sína leið.

Ráðvarður ræksti sig og fékk sér vatnsopa úr íláti sem látið hafði verið renna í til vatnssöfnunar:

" Sá nokkra kindur á beit hér skammt frá en enga menn sem nálguðust: " -

" Hvað ertu að segja. Hví tilkynntirðu þetta ekki strax drengur? " - Kári rauk á fætur og tók á sprett í átt að einstiginu og eins og flaug upp það. Slíkur var hraðinn. Hann vildi sjálfur meta aðstæður með eigin augum.

Er Ráðvarður leit við var Kári kominn upp í hann miðjan. Að stuttum tíma liðnum kom hann til baka svolítið móður eftir sprettinn upp á brún:

" Gott hjá þér að koma við á hólnum og kanna stöðuna. Kindahópurinn um daginn hafðist við á öðrum stað heldur en þessi. Af honum vissi ég en þó ekki

fyrir en með morgninum. " - Kári strauk yfir skegglaust andlit sitt meira af gömlum vana en þörf.

Fuglahópur sást í lofti og sveimaði hann nokkra hringi yfir staðunum eins og oftast áður. Einn fuglanna lækkaði flugið en hækkaði sig fljótt. Hópurinn tók stefnuna út á fjörðinn í sömu átt og hann vanalega gerði eftir dvöl á syllunni. Á ógnvænlega mannmergðina fyrir neðan sig leist þeim ekki.

Ráðvarður sagði Kára frá hugmynd sinni um rekstur fjárins af svæðinu um leið og þeir færu. Hugmyndin gekk í bæði Kára og Rósant og virtist vera lausn sem hentaði. Nú fyrst veitti hann athygli rakstrinum og klippingunni. Svona gerist er hugurinn fangast af öðru efni en stefnt var að:

„ Hvað!!! Gjörbreyttur og nýr maður situr hér fyrir framan mig. Ekki síðskeggjaður og hárrúður kall eins og var fáeinum mínútum fyrr. Varla að maður þekki þig. Bróðir minn hefur farið liprum höndum um allan lubbann hvort sem var á andliti eða höfði. Og hvergi blóð. Strákurinn er laginn við hár. Ekki verður neitt annað sagt. Bráðmyndarlegur maður komin í ljós. „ - Rósant steig tvö skref afturábak og mat verk sitt úr fjarlægð:

„ Finnst þér það já? Hummm. Verð víst að vera sammála þér „ – sagði Rósant eftir umhugsun:

„Kári! Þú hefur yngst upp um nokkur ár við þessa hársnyrtingu. „ –

" Takk strákar. Takk. " - Kári brosti.

Næst verk var að meta það og skoða hvernig koma mætti á fundi Sunnu við Kára og drengina. Því var ekki að leyna að þungun Sunnu olli sínum vandræðum. Niðurstaðan varð að ekki væri ráðlagt eins og staðan væri að flytja hana um langan veg í sínu ásigkomulagi. Annað gildi um Bergsvein og drengina. Að finna áreiðanlegan stað til að hittast á var höfuðverkurinn og pælingin í hópnum. Páll prestur og kirkjan sem hann þjónaði í var nefnd sem fundarstaður. Kári sagði þeim að bera málið undir Pál prest og undirbúa fundinn væri hann tilbúinn að sínu leiti.

Eftir dágóðan tíma umræðna og vangaveltna komust menn á leiðarenda og tími til kominn fyrir bræðurna að yfirgefa hellinn og drífa sig heima á leið. Eilítlar tafir yrðu á ferð þeirra vegna fjárrekstursins. Menn féllust í faðma.

Hestarnir biðu þolinmóðir og ósköp fegnir að sjá mennina og fegnastir því að vera leystir í sundur. Skömmu á eftir þeystu þeir í átt að fjárhópnum með hrópum og köllum sem fékk kindahópin til að líta snöggt upp og snú sér undan hrossunum og halda á undan þeim í átt að fjallinu sem þær voru kominn töluverðan spöl frá. Kári stóð og horfði á uns ekki sást lengur né heyrðist til ríðandi mannanna. Þá gekk hann til baka og hóf undirbúning að eldun kjötagnar í matinn. Hann sá verulega breyttar aðstæður komna upp í eigin málum og varð glaður í hjarta sínu.

Bræðurnir mæta Ísari.

14 kafli

Fæðan sem bræðurnir færðu honum bættu kjör Kára. Saltað sauðakjötið bragðaðist vel og með jarðeplunum eins og fylling magans yrði meiri. Hve oft svo sem hafði hann ekki án jarðeplanna verið þarna á syllunni og staðnum sem illir menn ráku hann út á til að forða sjálfum sér frá að þurfa að horfast í augu við eigin gjörðir? Hve margt saklaust fólk á Íslandi dæmdu ekki Danskir dómstólar til tukthúsvistar? Og hvaða réttlæti var falið í að dæma saklausan og senda í afplánun og ætla málinu bara loknu en hafa sekan áfram valsandi um sem frjálsan mann? Slíkt var ekkert réttlæti og hlýtur að ganga sér til húðar á einhverjum stað.

Allskonar vangaveltur brutust um í kolti Kára á meðan vann við að hafa til græjurnar sem kjötið skyldi soðið í sem eftir skamma suðu byrjaði að ilma kringum hann. Málið var að sjóða nægjanlegt magn sem dyggði í næstu þrjár, fjóra máltíðir. Hyggileg aðgerð. Skjótt skipast veður í lofti og veðurfarlegar aðstæður breytast skyndilega og gera mannum illmögulegt að tendra eld í eldstæðinu. Þá var eina í stöðunni að grípa til þess sem til var að eta. Þó veðrið undanfarna daga hafi haldist skaplegt var því ekki að treysta að svo yrði til frambúðar. Góðviðrisdagar rétt eins og illviðrisdagar koma og voru góðviðrisdagarnir nýttir til að byrgja sig upp með soðnum matvælum. Allt lærdómur sem aðstæður fengu honum.

Kári gekk inn fyrir og kom út með askinn sem veltist um í flæðarmálinu er hann eitt sinn hugðist renna færi af " Vininum " og fiska og kom þá auga á hlut sem flaut í fjöruborðinu og reyndist vera heillegur askur. Við skoðun komu í ljós útskornir bókstafir sem við skoðun sást að voru bókstafirnir K. S. Ekki mjög listilega gerðir bókstafir en þeir sem þarna voru letraðir. Fyrri eigandi hafði merkti sér ílátíð. Að kíkja undir botninn áður en menn fengu sér spón varð að venju til sjávar og sveita. Hvernig hann hafnaði í sjónum var ekki gott að vita. Honum skolað máski út af bát með öldu sem kom inn fyrir og greip askinn með sér? Eigandinn var kannski áhafnar meðlimur báts sem réri um flóann og út fyrir tanganna tvo og í einhverju óðagoti missti hann í saltan löginn og ekki náð. Margt kom til greina. Engin lýsing á fyrri eiganda var á ílátinu. Bara þessir tveir upphafsstafir. Sumir varðveita aska sína eins og sjáaldur augnanna allt til æviloka. Slík var ástin á eigin aski. Eigandi þessa

asks virtist ekki hafa haft neitt slíkt til að bera og skírir kannski veru hans í þessu fjöruborði þarna við "Vininn."

Eina sem þarfnaðist lagfæringar var forlátt lokið sem sjónum og fjörugrjótinu tókst lítillaga að skadda er gripurinn veltist þar um. Núningur ílátsins gerði lokinu fátt gott. Haldandi á gripnum og veltandi honum á allar hliðar fannst honum hann hafa hreppt gull. Lítið mál reyndist að lagfæra lokið og hefur ílátið gagnast honum vel til þess að matast úr. Tíminn gaf svo af sér gaffal, hníf og brúkhæfa skeið sem hann tálgaði sér úr timbri úr fjöruna sem á vissan hátt var orðin hans.

Kári skenkti sér nægjanlegt magn og settist á stein og naut fæðunnar og leit út á fjörðinn á meðan hann tuggði bitann upp í sér. Fjörðurinn blasti kunnuglegur við með frekar litlu lífi þessa stund og kraftlausum sjó með enga getu til að rísa og hníga eins og var er vindur blés og særokið freyddi og æddi út eða inn fjörðinn. Stundum kom aldan í átt að syllunni og sullaðist upp eftir " Vininum " oft svo kröftuglega að úðinn dreif upp á sylluna sem þó stóð í fimmtíu metra hæð yfir sjó. Hann stakk upp í sig enn einum ketbitanum og skimaði eftir hvalnum sem Ráðvarður sagðist hafa séð en sá ekki.

Fuglahópur flögraði yfir og tók sinn venjubundna hring áður en hann lækkaði flugið. Fyrsti fuglinn settist og svo allir hinir með tölu:

" Hvað nú? A sest fyrstur en ekki J eins og oftast áður. " - sagði hann við hópinn og stakk upp í sig meira af bragðgóða sauðakjötinu og kjamsaði á bitanum og fylgdist með hópnum koma sér fyrir á enda syllunnar vinstra megin við sig: " Ef þið haldi að ég gefi ykkur bita með mér að þá metið þið aðstæður ranglega. " - Kára var skemmt yfir eigin orðum. Fuglarnir snéru hausum í átt til orðanna og heyrðist í J sem eins og svaraði fyrir hópinn. Til að byrja með var röðin á syllubrún óskipuleg. Fljótt leiðrétti hópurinn sig og þessi skipan komst á: " J. P. S. A. " - eins og áður. Máski aldursskipt. Allt frekar formfast og vanafast:

" Greyin mín svo að þið verðið ekki fúllir út í mig fáid þið hér smáræði. " - Kári stakk gaflinum ofan í askinn sinn og fleygði kjöti til hópsins. Líf komst í hann. Hávaði braust út en þagnaði skjótt með horfna bitanum í maga P. Fyrstur fékk. Aðrir ekki:

" P - seigur " - sagði Kári við sinn P og lauk við matinn sinn og gekk að vatnsdallinum sem dropar niður í nótt og dag og jós upp úr honum í askinn sem hann strauk innan úr og gekk með fram að syllubrún og sturtaði innihaldinu niður og kom honum fyrir inn í hellinum. Við skvettuna hóf fuglinn sem næstur var sig til flugs en settist fljótt aftur. Kári var mettur og að því leiti til sáttur og sæll.

Bræðurnir.

Ráðvarður og Rósant riðu geyst á eftir fénu til að koma því sem fljótast frá staðnum sem það var komið á að eigin álitni til beitar. En aldeilis ekki. Á meðan þeir réðu einhverju yrði ekkert af því og breyting snarlega gerð á og fór fram af fullum þunga með rekstrinum. Hann var partur áætlunarinnar. Hraðinn skipti máli. Féð varð að komast af svæðinu sem fljótast til verndar íbúa syllunnar.

" Hó og hæ " - köll bárust um svæðið. Einstaka jarm í kind að kalla á lamb sitt blandaðist hrópum mannanna. Lamb tók á sprett og var innan tíðar komið til móðurinnar og hljóp á sínum stað það sem eftir var ferðar. Hópurinn var rekin áfram og mönnum og skepnum ekki hlíft. Hestarnir hlupu á stökki og rekstravanar skepnurnar vissu hver var stefnan og fóru hana. Engin önnur hreyfing var nein staðar sjáanleg. Af hegðun skepnanna var ljóst að sami fjárhópur var hér á ferð og Kári varð vitni að og rekstrarmenn ráku til fjalls efir að hafa áð og hvílt sig nokkrar klukkustundir við bjargbrúnina án þess að renna grun í að aðeins í fáeinna metra fjarlægð byggi dæmdur maður á flóttu undan yfirvaldinu sem hægt væri að fá fé fyrir með því segja til hans.

Hestur Rósant hljóp á stökki á eftir fénu. Hross Ráðvarðs hljóp með honum. Svólítill fjarlægð aðskildi þá og fylgdust þeir hvorir með öðrum. Rósant leit yfir til bróður síns og benti í vestur á fjóra refi sem hlupu sem fætur toguðu með skottin beint aftur undan sér þvert á leið þeirra. Þeir hurfu á bak við litla hæð. Báðir sáu er tvö forvitin refsaugu kíktu eitt augnablik fyrir hornið og hverfa sekúndubroti síðar. Báðum grunaði að um sömu skepnur væri að ræða og þær sem endrum og sinnum stússuðust í kringum bjargið sem Kára var von á. Bræðrunum fannst þetta fyndið og Ráðvarði sínu meira. Góða stund til viðbótar héldu þessir ríðandi, hlæjandi og hóandi menn rekstrinum áfram áður en þeim fannst nóg að gert og sáu ástæðu til að hægja ferðina og sveigja af leið og stefna heim. Nú kom sér vel að þeir riðu geysiöflugum sterkum og vel

Þjálfuðum klárum sem blésu ekki úr nös þrátt fyrir dágóðan sprett. Reksturinn var orðin nægur og líklegt að féð rynni til fjallsins og héldist kyrrt. Forstukindin hélt stefnunni og hinar eltu. Er rekstramenn hættu eftirför hægðist fljótlega á fjárhópnum og einstaka kind náði að stinga haus niður að grasverði og slíta upp strá. Skömmu síðar var allur hópurinn kominn á beit. Var tíminn sem þeir gáfu sér í ferðina svo til útrunninn.

Þeir riðu fram á grösuga laut og áðu þar og fengu sér af nestinu sem móðir þeirra útbjó þeim í ferðina. Klárarnir voru hvíldinni fegnir.

Þeir stigu á bak aftur, slógu í kláranna sem brokkuðu hastir sína leið. Eftir um hálf tíma reið sáu þeir framundan sér hóp ríðandi manna. Hópurinn samanstóð af tíu mönnum sem allir voru vel ríðandi og báru sverð í slíðrum með einn og tvo hesta til skipta og ágætlega búinir í langferð. Hestar til skipta gaf svona hóp tækifæri á að hvíla skemmur í einu en var með aðeins einn til reiðar. Bræðurnir litu hvorn á annan. Leist lítt á blikuna. Ákváðu samt að halda för áfram. Um tíma virtist hópurinn ekki verða mannaferðanna var. Upprétt hönd fremsta mannsins breytti stöðunni og bending hennar í átt að þeim sagði allt málið. Ljóst var að ekki væri um neina saklausa fjárefirlitsmenn að ræða heldur annarskonar lið. Nú var gott að vera kominn í allmikla fjarlægð frá íverustað Kára.

Mennirnir nálgudust hratt. Hópurinn umkringdi mennina. Að slá hring utan um fólk komst á með tímanum meðal hópsins er ljóst var að árangur var slakur og þeir í raun enn á byrjunarreit í leit sinni að fanga sem eins og jörðin hafði gleypt. Hringurinn varð ungu mönnunum svolítið ógnandi og viljandi farið inn á þá braut af hálfu leitarmanna:

" Góðan daginn, herrar mínir. Á hvað ferðalagi eruð þið hér úti í óbyggðinni og svo fjarri mannabyggð? " - Spurði maðurinn sem reist hafði hönd sína og beint för sinna mannanna til bræðranna:

" Ég spyr yður herra minn sömu spurningar. Hverjir eruð þið? " - Rósant hafði orðið:

" Nafn mitt er Ísar Angantýrson og erum við hér í umboði Danska konungsins og leitum dæmðs strokufanga Kára Bergsveins sem tókst að flýja frá vörðum sínum sem gegndu skildu sinni og fluttu í böndum suður til afplánunar dóms

síns í Danmörku. " - Ísar talaði hrannalega eins og maður með vald með ekki of mikinn tíma til að hlusta á viðmælanda sinn. Andlitið var illúðlegt. Augun hvöss, blóðahlaupin og hörð. Hann stakk hægri hendi sinni í einn vasa sinn og dró þaðan upp bréf ásamt hálfullum vínþela og las bréf Danskra fyrir bræðurna og var staðfesting frá yfirvaldinu að þessi tiltekni einstaklingur gegndi embættisverkum Dönsku krúnunnar og talaði í fullu umboði hennar. Ísar benti Rósant að koma og sýndi honum bréfið og benti með fingri sérstakleg á undirskrift konungs. Ísar skrúfaði tappann af pelanum og fékk sér vænan sopa, og stakk aftur á sig. Í bréfinu kom ýmislegt fram. Eins og það að allir sem þeir rækjust á og spyrðu spurninga skildu svara samkvæmt bestu vitund og draga ekkert undan að viðlagðri sektargreiðslu eða þaðan af strangari refsingu. Á jafnvel staðnum. Ísar gætti sín á að mennirnir misskildu ekki síðasta ákvæðið og að þeir festu sér það kyrfileg í minni. Aspar lagði hönd á sverðshöldinn til undirstrikunnar orða Ísars.

Skósveinar Ísars, Bjólfur Hauksteinsson og Aspar Fannarsson, tóku sig út úr hringnum og riðu í kringum mennina fast upp við þá, glottandi við tönn. Fljótlega bættist Ísar í hópinn. Hringsólið hélt áfram. Bjólfur fór í vasa sinn og gerði eins og Ísar og dró líka upp vínþela og saup á. Maðurinn var drukkinn. Sauðsdrukkinn. Áhrifin leyndu sér ekki. Hann riðaði í hnakknum: " Höggvum þá á staðnum " - sagði einn hinna tíu og kreppti lófa sinn utan um sverðshaldið og dró það nokkra sentímetra úr slíðrinu eins og vildi hann draga það upp og klára málið. Öllum nema bræðrunum virtist skemmt. Svo var að sjá að þeim liði vel undir valdinu sem þeir höfðu frá sjálfum konungnum.

Ísar reið umhverfis þá ásamt kófdrukknunum Bjólfi og hálfullum Aspari. Svona mátti þenja taugar fólks og mögulega leysa haft tungunnar og var um leið ákvæðin yfirheyrslutækni sem þeir höfðu þróað með sér og beittu orðið á þessum ferðum sínum sem teygði sig yfir stórt svæði í sýslunni. Þeir sáu áhrifin. Fundu hvernig óttinn skein af sumum viðmælanda sinna. Flestir landar höfðu illan bifur á valdi Danskra. Óvissa fólksins jók Ísari og föntum hans sjálfstraust, sem ekki veitti af verjandi sinn vonda málstað.

Aspar greip til svipunnar sem hann hafði náð talsverða leikni í að handleika. Ísar bandaði hendi og stakk hann henni þá aftur í hnakkinn með súrum svip á andlitinu. Hafði nýverið æft upp nýja sveiflu sem honum langaði til að kanna áhrifin af á staðnum. Og hér gafst tækifæri sem hann fékk ekki að nota. Ísari

fannst ekki réttur tími til slíks nú. Kæmi kannski síðar í samtalinu við þessa ungu menn. Þá gæti Aspar slegið af öllu afli og gert jafnvel oftar en einu sinni.

Bræðurnir vissu hverjir hér voru á ferð en létust ekkert vita. Minnugir orða Bergsveins, föður Kára, sem fékk að kenna á svipunni svo að úr blæddi frá máski sama aðila og hér greip til hennar. Rósant tók til máls:

" Hafði þér herra minn eitthvað ákæruefni á annan okkar eða báða? " - Spurði Rósant hinn rólegasti að sjá þó ógnin lægi allt í kring: " Sé ekki svo þá förum við fram á að fá að halda för áfram án frekari tafa. Eigum dálitla ferð fyrir höndum og erum komnir í tímahrak. " - Rósant og strauk hrossinu við hlið sér:

" Sososo! Eru bara að flýta sér með engan tíma til að eiga við okkur orð. " - Ísar rak upp hrossahlátur: - " En rólegan æsing herrar mínir. Engin fer héðan fyrir heldur en ég gef leyfi mitt. Skilið?" - Nokkrir í hópnum hlógu við orð Ísars:

" Er það skilið!!! " - æpti Ísar af talsverðum raddstyrk og með þeim afleiðingum að hestur hans skaut eyrum sínum beint aftur og í átt að hljóðinu og voru ósjálfráð viðbrögð skepnunnar:

" Fullkomlega. Að hverju viljið þér spyrja okkur þessa venjulegu sveitastráka sem ríðum út okkur til gleði og ánægju og vitandi harla fátt um afbrot annarra manna hér í sveit, " - svaraði Ráðvarður reiðilegum manningnum í hnakknum.

Ísar snéri sér að sínum mönnum:

" Þessu get ég trúað. Segjast ekki vita mikið. Bera það nú beinlínis með sér að vita fátt. Enda tilheyrandi aumum, ólæsum og lúsugum lýðnum " - sagði Ísar háðslega. Orðin ollu víðeigandi hlátri í hóp liðsmanna hans:

" En hvað geti þið sagt okkur af mannaferðum hér á svæðinu. Þér hafið þó alltént augu og með augum má sjá. Jafnvel aumir bændasynir eins og þið geta séð með augum sínum " - Ísar beindi spurningu sinni beint til Rósant:

" Hví spyrjist þér mannferða hér.....: " -

" Svarið spurningu minni án málalenginga og segið það sem þér vitið. Við erum þeir sem spyrjum og ykkur ber að svara spurningum mínum. " - Ísar var orðin reiður. Óþolinmæðin skein af honum. Aspar var kominn með svipu í hönd og beið þess að fá ástæðu til að beita henni og sanna færni sína og áhrifamátt nýju sveiflunar. Enn vöppuðu þessir þrír menn í kringum þá á hrossum sínum að við lá að þau stigju ofan á bræðurna. Restin af hópnum stóð örlítið fjær. Skyndilega lyfti hestur Rósant upp á sér afturendanum og sparkaði báðum löppum og veitti hrossinu fyrir aftan sig mikið högg og reyndist vera klár Aspars sem ugðði ekki að sér og dauðbrá við sparkið. Lappirnar tvær lentu í síðu klársins rétt framan við ístaðið. Engu mátti muna að Rósant skellti ekki upp úr. Hrossið fékk viðurkenningarklapp frá honum svo lítið bar á. Ísar varð þessa ekki vars. Enda upptekinn við þessa tvo sveitalubba og meira heldur en sparkandi bikkjur. Þær máttu sparka að vild sinni. Atvikið olli að örlítið hægði á hringssólinu í kringum mennina og hringurinn færðist utar og úr öllu sparkfæri við þessar tvær skæðu og öfluglu hrossaafurlappir. Hnúinn sem hélt utan um svipuskaftið hertist við atburðarásina og ljóst að minna þurfti til en áður til að högg yrði látið dynja á mönnunum sem þarna stóða umkringdir og sumpart varnarlausir:

" Fengum fregnir frá bónda hér í sveit um að sést hefði til mannaferða á tanganum framundan. Urðu þér mannferðir varir. " - Ísar benti fram fyrir sig og í átt að tanganum sem þeir nýverið höfðu verið á. Hann var ögn mildari á manninn og beindi orðum sínum enn til Rósant ef verða mætti að málbein stráksa gerðist liprara sýndi hann annan svip og mildari en hingað til. Þeir fremur en hinir sveitalubbarnir sem á vegi þeirra urðu vissu hreint ekkert. Allt eintómir ræflar og Danahatarar:

" Við höfum einskis orðið varir en bendum á að hingað sækir stundum fé sem menn í nágrenninu koma til að smala saman og reka til fjallsins þarna. Veit ekki hví en bændum er ekki vel við að fé þeirra sæki of mikið út á tangann. Kannski hjátrú, " - sagði Ráðvarður og benti á fjallið sem gnæfði þarna í sínum mikilleika:

" Er kunnugt um þetta og þessi kann að vera skíringin á mannferðum á svæðinu. Afsakið herrar mínir. Okkur er ekki til setunnar boðið og verðum að nýta tíman til hins ýtrasta og koma böndum á þetta skaðræði Kára Bergsveins og fjarlægja. " - Ísar eins og hrækti út úr sér nafni mannsins sem hann svo lengi hafði leitað og orðið hataði af heilum huga. Aspar sveiflaði svipunni og

sló henni til jarðar skammt frá bræðrunum svo söng í. Hestur hans hljóp útundan sér við svipuhöggið og hvasst hljóðið en hinn hékk áfram í hnakknum sem skekkist allur og dróst eilítið niður með síðu klársins. Ungu mennirnir skildu vita hverjir hér væru á ferð og eins gott fyrir þá að vera samvinnuþýða. Til þess líka beitti hann svipunni. Sárgramur yfir að fá ekki tækifæri til að reyna færni sína með tólið á mannskapnum, óhreinum bændadurgunum. Eins og þeir skiptu einhverju máli. Hópurinn hvarf í rykmekki og stefndi beint á tangann framundan. Strákunum leist illa á aðstæður en gátu fátt gert eins og staðan var orðin.

Illu leist þeim á orð Ísars um að til mannferða hafi sést. Orðin gáfu hugmyndinni um að koma Kára fyrir á öðrum stað aukið vægi.

Aspar og Kári.

15 kafli

Rósant og Ráðvarður stóðu við hlið klára sinna og horfðu á hópinn fjarlægjast. Leitarmenn riðu einbeittum svip. Fyrr en Kári næðist yrðu þeir ekki rólegir. Skildu áður dauðir liggja. Skiljanlegt afstaða fólks með óhreint mjöl í pokahorni og hann sem átti að sitja inni fyrir þá enn laus. Ísar vissi betur en valdi að þegja. Hafði hagsmuna að gæta. Hinir töldu sig þjóna réttlæti en þjónuðu í raun skúrkum. Hefndin er sæt og skildi nást fram. Guð hvað? Hver er hann? Sér hann?

Bjólfi og Aspari grunaði ýmislegt orðið en létu sér á sama standa. Sögðu það alltént hvorum öðrum. Rétt og rangt var ekki á þeirra áhugasviði: "Sannleikurinn er minn" - var stikkorð þeirra. Ekki voru þeir verri menn en margur annar. Hér gáfu þeir sjálfum sér gilda ástæðu til að skella upp úr. Hvað voru smáónot og veiklulegt samviskubit á við þau forréttindi að þiggja vín á kostnað Danskra yfirvalda og sitja dýrindis veislur sem borð svignuðu undan í þessu Guðsvolaða landi sem vart brauðfæddi þegna sína? Þeir höfðu völd og sáu hvernig fólk kiknaði í hnjáliðunum hvar sem þeir mættu sem þá valdsmenn. Notaleg tilhugsun.

Valdi Danska yfirvaldið þá ekki sjálft? Já, þá tvo, Bjólf og Aspar, til sérverkefnis? Af öllum mönnum urðu þeir fyrir valinu. Versta í stöðunni var að þurfa orðið að stappa í sig stálinu með svona hvatningu til að fá fylgt hópnum og fyrirskipunum sem þeir höfðu undirgengist og sögðust tilbúnir í að klára. Þarna var áfengið hjálplegt. Hálffullur hefur slævandi áhrif dómgreind og góð aðferð til að flæma burt samvisku sem hálffullum, velfullum og blindfullum tekst yfirleitt ágætlega að gera. Og þetta voru þeir meira og minna í leitarferðunum og æ oftast upp á síðkastið. Harðjaxlar gefa sig ekki heldur herða sig upp og blína ákveðnara á verkefni sitt og drekka meira áfengi.

Gat það verið, var það mögulegt, minnsta smuga, að kominn væri brestur í þjónustulund Bjólfs og Aspars? Var möguleiki á að báðir berðust hatramlega gegn eigin samvisku og beittu hana brögðum til að fá haldið verkefninu áfram. Ísar sá orðið breytingar í fari þessara dyggu manna sinna og gat þess við þá hvort ekki væri rétt að þeir fengju sér sjaldnar sopann og væru oftast allsgáðir,

sem þó var óspar á veigarnar fyrir sig sjálfan, af kannski sömu ástæðu, samviskubiti.

Ýmsir þankar gengu í gegnum huga leitarhópsins sem fór þeysireið eftir grösugum velli með vindinn leikandi sér í faxi hrossa og lokkum manna og baða andlit sínum vindi og ryki frá hrossunum sem á undan fóru, væri veður með þeim hætti að mold þyrtaðist upp undan öllum þessum hófum hrossahópsins.

Bræðurnir biðu. Sér vitaskuld óvitandi um hvað fram fór í höfði mannanna sem fjarlægðust með hverju skrefi hrossanna. Málið var að láta á engu óeðlilegu bera og vera bara venjulegir ungir menn á ferð. Vissu enda margir sveitungar flökkueðli þessara bræðra og kiptu sér ekki neitt upp við það að strákarnir hefðu sést þarna og hérna og raunar hvar sem var undir sólinni. Menn bara brostu og sumir notuðuð tækifærið og trúðu sér nýskornu tóbaki í pípu og báru að eld og sugu alsælir í framan sinn pípustert.

Sumir hristu þó höfuðið og sögðu: "Iðjuleysingjar sem nær væri að taka sér þarflegt verk fyrir hendur. Telja lífið eintómann leik. Ætlar aldrei að verða neitt úr þessum þarna - Klóarstrákum? Eru umrenningarnir í sveitum landsins ekki nógu margir? Sþyr maður nú bara." - Svona var líka talað.

Ekki voru ummælin alltaf á þessum nótum. Stundum voru þeir meira en velkomnir. Sérstaklega flyttu þeir fréttir af gangi mála úr heimasveitinni, sprettu túna, heilsufari skepna, nyt í kúm, hvernig fólkið hefði það og allt það dæmi. Spurningum fólksins svöruðu þeir eftir bestu getu. Stundum voru fréttirnar engar og þá engu til að svara. Maður, menn á faraldsfæti, fluttu oft fregnir sem útilokað var að fá nema gegnum langtaðkominn af þeirri ástæðu helstri að menn fóru ógjarnan út fyrir túnfótinn og í mesta lagi yfir á næsta bæ og þá oftast nær í tengslum við verkfæri og áhald sem bænum vanhagaði um en þótti of tímafrekt að fara eftir í kaupstaðinn og óvíst að áhaldið at tarna væri til og þess freistaða að gera út mann til nággranna sömu erinda. Lánsöxin var víða. Nokkra klukkutíma ferð til næsta bæjar til að sækja lánshlut þótti ásætlanlegt samanborið við kannski tveggja, þriggja daga ferð til verslunarinnar upp á von og óvon.

Á sveitabæjum íslenskum var til síðs að bjóða aðkomufólk inn fyrir og í veitingar. Að heimsækja næsta bæ í tímahraki þótti óviðeigandi. Allir höfðu

frá einhverju að segja. Og aðkomumaður sem gekk í bæinn braut upp daginn. Satt er það. Menn fóru ekki bæjarleið nema neyð knýi.

Parna voru Rósant og Ráðvarður á skjön við hið hefðbundna. Þeir leyfðu sér að þeysa um sléttarnar til þess eins að njóta náttúrfegurðar. Sumir töldu nóg að hanga við glugga heima til að sjá sama. Þó ekki allir fjargviðruðust út í þessa hegðun piltanna skildu hana fæstir. Núna kom þessi hegðun sér vel og gaf visst forskot varðandi mál Kára.

Fyrir kom að langt að kominn ferðalangar riði um sveit bræðranna og berði dyra á bænum Kló og stundum alla leið úr höfuðstaðnum: " Hinum megin á hnettinum. " - eins og menn sögðu. Höfuðstaðurinn á sinn hátt heillaði og þótti pínulítil upphefð að fá svo " tigna " gesti til sín frá: " stað allra húsanna " - eins og gárungarnir átti til að láta hafa eftir sér er borgin bar á góma og svo fáir höfðu komið til sökum fjarlægðar. Margra daga ferð átti ekki upp á pallborð bændanna og sumir ekki svo vel búandi að eiga reiðhest. Engin gerir slíkt nema undir sérstökum kringumstæðum.

Verbúðarmenn þekktu vegalengdirnar í landinu betur öðru fólki en voru einskis spurðir. Venjan og hefðirnar sögðu þeim að leggja land undir fót að sumarvinnu lokinni að ráði húsbónda síns. Þeir vissu hvers mátti vænta á ferð um öræfin eftir að vetur var gengin í garð. Þeir, með póstmanninum, vissu að engir byggju sig út til langferðar nema af gildri ástæðu.

Eftir heyannir og venjubundin störf haustsins mátti hvenær sem er búast við vermönnunum á leið til vertíðarvinnu hist og her um landið. Á dögnum riðu Ísar og hans fantar fram á svona hóp og tók tali. Hópur þessi var á heimleið. Einn sagðist hafa séð hreyfingu þarna, og benti aftur fyrir sig, reyndar í átt að tanganum, en var ekki viss um hvort væri maður, skepna, kynjadýr eða óvættur. Allt sem hann nefndi gat komið til greina í landi hjátrúar. Hrollur fór um suma í liðinu við orðið " óvætt." Ástæða bendingar mannsins var verðlaunaféð sem hressti minni mannsins nógu mikið til að losa um tunguna. Aðrir höfðu einskis orðið varir. Maðurinn var heppinn að fá ekki svipuna í bakið af uppátæki sínu: " Ég ætlaði bara að ná mér í smávegis skotsilfur og svo sá ég líka hreyfingu er ég fyrir skömmu var þarna. Hvað sem það á eftir var sem ég kom auga á. " - sagði hann afsakandi við félagu sína er hópurinn var horfinn og hann spurður hvað þetta hefði átt að þýða: " Engin ærleg manneskja hefst við á þessum tanga. Enda allt þar morandi í skottum og

púkum." - sagði ein úr hópnum og kláraði restina af mjólkinni úr krús sinni og skreið ofan í svefnpokann sinn.

Rósant og Ráðvaður riðu eitt sinn fram á svona hóp sem gengið hafði sína dagleið og búin að komið sér upp tjaldi sem þeir sátu framan við og tróðu sig út af mat er þá bar að. Úti var hæglætisveður og hitastig þökkalegt. Mennirnir voru komnir frá nokkrum bæjum sem bræðurnir þekktu ágætlega til á og voru á leið út í Garð til vetrardvalar og sjóróðra. Er þeir stigu af baki og kynntu sig litu menn hvorn á annan og glottu. Höfðu allir heyrt um þetta unga fólk og útþrænna sem aðrir sögðu það haldið af. Atvikið gerðist síðastliðið haust. Í augum þessara manna var landið of stórt og: " mætti vel vera minna fyrir sér, " - eins og einn í hópnum orðaði og skar sér væna flís af keti og stakk upp í sig og kjamsaði. Skyndilega hætti maðurinn að tyggja og stakk fingri upp í sig og kom út með eitthvað hart sem við skoðun reyndist smásteinn: " Þetta hefur hún Sóka mín gert, dúllan sú og prakkari. " - sagði hann hlæjandi. Sóka þessi (Sabína Beinisdóttir) er sjö ára telpuhnokki frá bænum sem hann var kominn frá sem ágætis kunningsskapur var á milli. Sóka litla sat oft við hlið hans á rúminu á kvöldum er fólkíð vann sína handavinnu á baðstofuloftinu og fylgdist áhugasöm með verkum fólksins eftir að rökrið færðist yfir sem flöktandi ljós luktanna sýndi.

Bræðurnir.

Rósant og Ráðvarður höfðu nýverið hitt þá sem sóru þess eið að handsama Kára. Hlutverk sitt kunnu þeir orðið utanbókar og rulluna höfðu þeir margoft æft. Hér reyndi á prógrammið. Og leitarmenn létu blekkjast.

Ísar leit um öxl rétt um það bil sem brekkan framundan tók við og hindraði honum sýn aftur fyrir sig en náði áður að verða vitni að því er ungu mennirnir stigu á bak klárum sínum og ríða í gagnstæða átt. Það sem hann vissi ekki var að undir eins og hópurnir hvarf komu þeir sér í skjól á bak við næstu hæð sem á vegi þeirra varð til að funda um næsta skref. Ljós alvarleiki málsins sem leysa varð úr svo að ógnandi hersingunni tækist ekki ætlunar verk sitt og handtækju maðurinn sem þeir svo lengi höfði elts við og gætu aftur slakað á.

Ísar og leitarflokkurinn

Leitarmenn þustu á hestum sínum og skimuðu umhverfið framundan sér árvökulum augum. Einn rak upp stríðsöskur og sló í klár sinn og hleypti framúr næsta hesti og kom fast á hæla Ísari. Einskær veiðigleði og dráphugur greip í hann. Ekkert sem hreyfðist mátti framhá neinum af þeim fara. Ekkert. Allir voru með sín fyrirmæli þar um. Allt varð að sjást og þeir að veita athygli og vega og meta hratt og örugglega. Fuglar sem hófu sig til flugs af hávaða hófagnýsins urðu þeir varir við og líka tófuskottin fjögur sem stóðu aftur af fjórum hlaupandi refum mismunandi stórum sem hlupu á hardaspretti þvert á leið hópsins sem þó sáust aðeins eitt lítið andartak. Hver dagur án handtöku mannsins litu þeir sem glataðan dag og urðu fyrir vikið enn æstari. Þrístingur yfirvaldsins þrengdi að þeim. Og svo hitt! Á meðan skaðræðið Kári gekk laust gátu Ísar og Lórens Reifnirsson bóndi vart um frjálst höfuð strokið. Með Kára enn óhandsamaðan gat sannleikurinn hvenær sem er skotist fram og beint spjótum sínum að raunverulegum atburðum og gert leikritið í kringum rannsóknina og dóminn að engu og þeir þar með komnir í verulega vond mál.

Hinu var þó ekki að leyna að hvorki hlaupandi tófur né fældir fuglar gátu nema að litlu leiti dregið athygli þeirra frá aðalverkefninu. Væri skaðræði þetta á svæðinu skildi það ekki sleppa framhjá þeim í þetta skipti heldur nást og hljóta sína refsingu að vilja réttkjörins dóms í landinu.

Alveg var inn í mynd leitarhópsins að grípa sjálfir til sinna ráða eftir að bóndasonurinn og sauðabjófurinn næðist og fullnægja dóminum á staðnum og fá burt úr tilveru hópsins sem orðið leit málið og manninn sem eigin steinvölu sínuddandi sér upp við sjúkt hjartað og með óbærilegum sársauka og sviða. Hver sem færi hefur á losar sig við allt slíkt. Að fullnægja dómnum á staðnum mætti vel útfæra á þann veg að maðurinn hafi fundist örendur við klettabelti sem nóg var af þarna. Björgin á svæðinu voru háskaleg og færu menn of nálægt brúninni gat margt gerst. Hver lifir af fall ofan í grýtta fjöru? Allskonar þælingar blunduðu með leitarhópnum sem sjálfur var orðin dauðþreyttur.

Hvað sem það kostaði, sama hversu svefninn yrði lítill og þreytan mikil varð málið að ná í gegn og ljúka. Svona voru orðin sem Ísar og Lórens Reifnirsson bóndi á Slaka notuðu um manninn á fundum sínum og Ísar á eftir flutti hópnum sem allur ætist upp af og barði sér herskár á brjóst. Og menn spurðu: " Hvaða máli skiptir einn vesall og lúsugur bóndadurgur til viðbótar öllum hinum sem Danskir hafa dæmt og sitja í Dönskum fangelsum til að rykfalla

þar? Allir saman verstu sauða- og snærisþjófar. " Kári sem persóna var ekki sérstakt áhyggjuefni að öðru leit en því að nást ekki.

Auðvitað spilaði smánin af flóttanum inni í heildarmyndina sem varð til þess að varðflokkurinn hlaut svolitla skömm í hattinn og rýrðist nokkuð í augum yfirvaldsins en þó ekki nóg til að verða leystur upp. Enda vandfundnir öruggari menn í landinu og húsbóndahollari og líklegt að þyrfti að sækja þá yfir hafið til Danmerkur til að taka við þessu verkefni. Að horfa fram hjá þeim atburði og veita harða áminningu varð lendingin hjá Dönskum. Ísar með allan sinn metnað í að vinna sig í frekari álnir þeim megin línu varð að viðurkenna vissa sneypuför og - - niðurlægingu. Á ýmsu var drepð á þessum fundum forsvarsmanna og fátt kristilegt sagt. Lá þar myrkur yfir af myrkum orðum sem töluð voru út.

Leitarhópur kemur á tangann.

Mjór og ílangur tanginn blasti við. Hvergi nokkurt merki mannaferða né bústað manna. Hátt og þverhnipt bjarg á vinstri hönd og til þess að gera slétt yfirborð sagði sitt. Fljótt á litið virtist um fáa góða felustaði að ræða: " Ekki er nú búsaðarlegt hér, skal ég segja ykkur, " - eins og kallað náttúran til hópsins er hann kom á sínum frísandi og fjörmiklu klárum sem ólmir vildu hlaupa og voru óstöðvandi.

Þó gróður væri nokkur gerði hæðin yfir sjávarmáli tangann lítt kræsilegan til búsetu. Svo mikil hæð þíddi meira frost, þyngri snjóalög, seinni vorkomu, fyrri haustkomu, minni sprettu túna yfir sumarmánuðina, litlar heybirgðir. Margt sagði: " Hér viltu ekki búa. " -

Samt var aldrei að vita hvað fólki í erfiðum kringumstæðum dytti í hug sett undir pressu og örvæntingu. Ísar leit yfir svæðið en leist ekki nema í meðallagi á það sem fyrir augu hans bar. Ákvað samt að fara yfirlitsferð og gera ítarlega leit. Mannskapurinn hafði sín fyrirmæli. Ísar mundi bendingu og orð vermansins sem vel gat hafa sagt þeim satt. Ólíklegt en inn í myndinni. Að sleppa veiði mátti ekki ske. Allar ábendingar bar þeim skilda til að kanna, hversu fáránlegar sem þær voru. Ísar fundaði örstutt með fólkinu og skipti í nokkra tveggja manna hópa sem dreifðu sér um tangann. Fyrirmælin voru sömu: " Finnið grasasnann. " - Bjólfur og Aspar fóru að venju saman.

Kári.

Kári Bergsveins stóð með veðarfæri sitt á " Vininum " og beið veiði. Fiskur var lítill á svæðinu og hann ekki enn orðið var. Vildi samt dvelja lengur. Veiði er ekki föst í hendi og fyrir henni þarf að hafa - og stundum streða. Oft gaf " Vinurinn " af sér veiði hvort sem var eftir langa eða stutta bið. Hér gildi þolinmæðin ein:

" Hvaða hljóð eru þetta sem ég heyri? Hlátrasköll frá bjarginu? Ekki er um að villast. " - Kári hrökk í kút. Hljóðin komu eins og þruma úr heiðskýru lofti. Aftur barst til hans hlátur. Fólk var á svæðinu. En hvaða fólk? Vinir? Óvinir? Hjartað vildi hætta að slá í brjósti hans og sviti að spretta fram á enni. Hann halaði í skyndi inn færið og lagði frá sér í sprungu sem myndast hafði í grjótið og var ágætis geymslustaður færísins og stundum notaður. Gægðist á eftir varlega upp fyrir brún " Vinarins " og horfði til bjargbrúnarinnar sem var auð er hann leit þangað upp.

Aftur kvað við hlátur og mannamál. Þeir sem svona tala í leit að strokufanga eru vissir um að það sem þeir leiti að sé ekki á svæðinu. Væri svo notuðust menn við hvísl og bendingar, ekki hrossahlátra sem hafði fælingarmátt. Allt vísbendingar um að einskis væri að vænta af svæðinu að álitu leitaranna og þeir þarna af skyldurækni.

Kári fylgdist með bjargbrúninni. Skömmu síðar komu tvö höfuð í ljós. Mennirnir gengu hægum skrefum og námu staðar á brún þverhnípisins og horfðu yfir og svo niður á klettinn beint fyrir neðan sig sem skagaði nokkra metra út í sjóinn. Báðar báru sverð í slíðrum. Annar dró sverð sitt úr slíðrinu og skylmdist við loftið eins og væri hann að sýna hinum viðureign sem hann lenti í og undirstrikað með stungunni, einnig í vindinn, mögulega til tákns um andstæðing sem hann felldi með þessu sverði. Fjarlægðin og hæðin kom í veg fyrir að mögulegt væri að greina andlit með öruggum hætti. Kári fannst annar mannanna svipa til Bjólfs og varð við það sannfærður um að mennirnir væru ekki komnir í neinum friðsamlegum tilgangi. Maðurinn stakk sverðinu aftur í slíðrið og benti út á flóann.

Hann sá annan grípa snöggt í hinn sem skyndilega riðaði þarna á bjarginu og kippa til baka. Þeir hurfu sína leið.

Kári beið stundarkorn og dreif sig í land eftir að hafa metið leiðina örugga. Blautur upp að hnjám hljóp hann að uppgöngunni á sylluna og settist á steininn og hugsaði næsta skref. Hér gildi hraðinn og skjót ráð. Útkoman var einstigið og að koma sér sem fljótast upp og sjá hvað væru að gerast í efra. Örskömmu á eftir lá hann undir brúninni og notaði eyrun vandlega. Uppi var ekkert ókunnugt hljóð. Hann klifraði upp á bergið og hljóp rակleitt að þetta trjárúnnanum sem hægt var að skýla sér bak við og einn hluti áætlunar hans í svona tilvikum. Enn gáði hann og hlustaði og kíkti á milli greina. Allt virtist í lagi.

Enn tók hann á sprett og hljóp sem fætur toga að kletti í námunda við þetta runnann í eitt hundrað metra fjarlægð. Þaðan var hægt að skjótast milli felustaða og leynast og færa sig til svo lítið bæri á.

Er hann átti eftir um fimmtán metra reið skyndilega þvert á leið hans maður og sá hvorugur hinn til að byrja með. Hvorum brá meira Kára eða Aspari er ekki gott að segja. Í svipinn leit allt út fyrir að málið væri tapað og hann handtekinn og neyddur til að afplána tíman sinn í Dönsku fangelsi fyrir sakir sem hann var saklaus af. Kári og Aspar horfðust í augu. Illskan skein úr augum Aspars sem greip um hald sverðsins og kreisti að hnúarnir hvítuðu. Kára þekkti hann samstundis. En þá gerðist nokkuð óskiljanlegt sem hreinlega fær ekki staðist en Kári varð vitni að. Við lá að andlitið dytti af flóttamanni er hann sá reiðmann losa um tak sitt á sverðshaldinu og hörkulegt andlitið smá saman blíðkast og umbreytast í mannlegt. Hvað kom yfir manninn fæst seint útskírt. Að þessi varð Kári vitni.

Næsta sem gerðist var að Aspar fór innan á sig og dró fram vínþela sinn, fékk sér sopa og rétti næst að manningnum og bauð honum drykk með sér og beið með hönd sína framréttu. Fáeinir metrar aðskildu þá. Hér stóðu tveir menn sem annar hafði vikum saman hundelt. Nú voru báðir hér og Aspari ekkert að vanbúnaði að handtaka hann og færa yfirboðara sínum og gera skyldu sína og þiggja sín laun fyrir. Þess í stað biðu hans veigar úr framréttri hönd mannsins. Allt án orða. Kári varð hvumsa. Skildi ekki eigin aðstæður. Það sem hann sá var á skjön við allt sem áður hafði gerst. Útrétt hönd sem beið eftir því að hann kæmi og þæði dreitil hjá sér. Útilokað að gæti gerst en samt að ske.

Kári gekk eins og í leiðslu til mannsins á hestinum og stoppaði við hlið hans og teygði hönd sína, tók vínþelann og saup á honum og rétti manningnum. Enn

engin orð. Engar ógnanir né hótanir. Engin svipa í hendi, ekkert sverð sem gripið var um skaftið á til að ógna með. Ekkert af þessu. Aðeins óskiljanleg nærvera afls sem hvorugur mannanna skildi upp né niður í en stóðu samt inn í án þess að fá rönd við reist. Allt umhverfis þá varð að óskiljanlegri gátu og eins og himnesk vernd lægi hringinn í kring með allt fyrir utan sem vildi illt. Tveir menn, svarnir andstæðingar, horfðu hvorn á annan án þess að vilja gera hinum minnsta mein. Þá eins og losnaði um. Aspar stakk vínpelanum aftur inn á sig og greip í taum klársins en sagði áður en til þess kom: " Farðu varlega. " - Og svo ekki meira og sló í klárinn og hleypti sömu leið og hann kom og hrópaði til Bjólfs að hér væri ekkert og skildu þeir leita á næsta svæði sem þeim hafði verið úthlutað.

Kári stóð eftir og taldi sig stundarkorn dreyma draum. Rumskaði svo af drunganum og komst til sjálfs síns og hljóp síðustu metrana að klettinum og lagðist með bakið upp við hann og kastaði mæðinni án þess að skilja eitt né neitt í einu né neinu. En hann slapp - fyrir kraftaverk.

Skyndilega minntist hann Drottins sem hlaut að hafa gripið inn í atburðarásina. Og hitt. Framkomu Aspars benti til sundrungar í röðum Ísars. Þó of snemmt væri hrósa sigri eygði hann nú leið úr þeirri átt og fannst ekki óþægileg hugsun. Hann hefði fréttir að færa Rósant og Ráðvarði næst er þeir kæmu og þegar farin að hlakka til að hitta þessa hraustu vini sína.

Það sem gerðist næst.

16 kafli

Kári.

Óvænt aðkoma Aspars að málinu og vitneskja um hvar Kári væri breytti stöðu flóttamannsins og gerði felustaðinn á syllunni ööruggan. Því var ekki að neita. Þó umskipti hafi orðið á viðbrögðum mannsins var þeim lítt að treysta. Vel gat verið að hann snérist til fyrra horfs er þeir Ísar hittust og Ísar spyrðist fréttu og hvers hann hefði orðið áskynja á ferð sinni? Hver yrðu þá viðbrögðin? Hve mikil var hollusta hans við húsbónda sinn? Lygi Aspar upp í opið geðið á yfirboðara sínum og spinni upp sögu? Og hvað með fund mannskapsins er allir kæmu saman til að bera saman árangur seinustu klukkustunda? Allt erfitt að ráða í. Á þessu andartaki snérist allt um tryggð Aspars gagnvart Ísari sem hnífurinn vart gekk á milli. Frítt áfengi og ókeypis teiti treysti sambandið og æ sjaldnar spurt um hvað væri viðeigandi og hver gildandi lög. Og svo hitt sem einnig vó þungt! Lífsmátinn var á sinn hátt spennandi. Líkur voru á að það sem væri í hendi heillaði menn á borð við Aspar frami fyrir valkosti að halda í eða láta af hendi. Að sjá óbreyttan lúsugan lýðinn skjálfa í námunda við sig, að allt svolleiðis var notalegt og jók manni á borð við Aspar sjálfstraust? Á þessari stundu var margt óljóst hjá Kára.

Samt er hugarfarsbreyting fólks magnað fyrirbæri með burði til að snúa því á sveif með því sem það áður hundelti og réttlæti sjálft líkt og var í tilviki Aspars. Í því máli var þó ekki á vísan að róa. Hvað gerðist í kolli manns var ómögulegt að ráða. Allt vó þetta þungt á vogarskálunum. Menn eru jú bara menn sem breytast og snúast inn á milli í afstöðu eins og vindurinn.

Á þessum nótum voru vangaveltur Kára um Aspar sem reyndi á samri stund að koma skikki á eigin hugsanir og fá áttað sig á kringumstæðum sínum. Að hrapa að niðurstöðu bar að forðast.

Kári andaði djúpt að sér. Vindurinn lék mjúklega um hár hans og lokka í svolítilli andstöðu við sumpart hugaræsinginn sem einkenndi stund og stað. Klettarnir veittu skjól og gerðu manninn ósýnilegan og var ágætur staður til að ná áttum á.

Höfuð hans horfði upp til himins. Hátt yfir honum flaug fugl, nei tveir fuglar, þöndum vængjum svo frjalsir og óhræddir þar sem þeir voru. Hann fylgdist stundarkorn með fluginu og gat sér til erni. Kannski arnarpar. Margar spurningar vöknuðu með honum og létt verk að koma sjálfum sér í hugaræsing og út í vangaveltur hverskonar og búa sér til atburðarrás með sér sjálfum sem engin fótur var fyrir. Flug fuglanna kom því á réttu andartaki og maðurinn gat dreift huganum svolítið í sínum sérkennilegu aðstæðum. Og hér var hann í aðstöðu sem kröfðu hann visku og mikið af henni.

Eitt var öruggt. Aspar og Ísar hittust og færu yfir stöðuna. Máski var fundurinn þegar í gangi og mögulega komið annað hljóð í Aspar og honum óvinsamlegt. Fátt fast var í hendi og framtíðin í virkilegu uppnámi. Skýsorti vildi dragast yfir pælingar hans og gera upptekin af sér. Og hann féll á bragðinu og vildi láta hendur fallast en neitaði fljótt að dvelja lengur við þær né láta alfarið undan. Enda ýmsu vanur í útleððinni. Einn lærdómurinn sem hann tók við og gerð að sínum var að hugsa hratt og framkvæma skjótt og án hiks.

Að vera upp á náð og miskunn Aspars kominn var óásættanlegt og fráleitt boðleg staða og nokkuð sem reynslan vildi kenna honum að treysta ekki um of á. Talaði Aspar það sem hann sá gat leitarhópurinn sem næsta skref þrengt leitarsvæðið á örskömmum tíma og skipulagt sig af töluverðri nákvæmni og gera á stuttum tíma. Tanginn í sjálfu sér var ekki stórt svæði og fljótgert að leita þar af sér allan grun.

Mitt í hugarástandinu birtist honum gleðigjafi í Klaufabárði og yrðlingunum sem hlupu á harða spretti framhjá staðnum sem hann var saddur á í aðeins nokkra metra fjarlægð. Í kjafti Klaufabárd var bráð sem hann hafði veitt. Dugnaður skepnanna og hlaup hér og þar um tangann voru aðdáunarverð. Endalaust á ferðinni. Óþreytandi hlaup að eltast við bráð eða forða sjálfum sér úr bráðum háska. Hvellt gagg barst frá fullorðna dýrinu sem eins og var að kasta á manninn á milli þessara tveggja kletta kveðju. Bros kviknaði á vörum Kára. Komu skepnanna kunni hann nú að meta og betur en oftast áður. Enn valt allt á orðum Aspars með Ísari.

Of mörg púsl skorti til að fá fullgert viðunandi mynd. Kára var ljóst að púslin sem upp á vantaði lægju öll hjá manninum sem rétti honum vínpelann og þeysti á eftir á harða stökki brott með þau ummæli á vörunum til félaga síns að

hér væri ekki nokkur sála og bara grjót, mosi, gamalt hrossatað - og - vindur. Að vísu ferskur. Kári tók ákvörðun og ákvað að fylgjast með og komast að því hvar þessi fundur yrði haldinn á svæðinu. Hann snéri sér að klettinum sem bak hans áður hvíldi við, setti fót sinn í skoru og hendurnar í aðra ofar og kleif bergið og komst á staðinn sem hann taldi góðan sem útsýnisstað og einn staðanna sem hann mat örugga. Þaðan sást yfir töluverðan hluta tangans:

" Hvað er þarna " - Kári leit til hægri: " Ahhaa Tveir reiðmenn á ferð: " -

" Og þarna " - Kári horfði beint af augum og greindi aðra tvo ríðandi menn. Og svo enn aðra sér til vinstri handar Allir með stefnu á sama punkt. Hann leit snöggt að baki sér og kannaði landsvæðið. Þar var engin hreyfing né mannaferðir. Auðvelt var að geta sér til um að þetta væri staðurinn sem þeir höfðu mælt sér mót á. Kári klifraði hratt niður á jafnsléttu og tók á rás í áttina þangað sem hann sá að mennirnir stefndu og stoppaði við hverja hæð á leiðinni og gáði athugulum augum í kringum sig áður en hann skundaði á næsta áfangastað nokkra metra frá, og svo koll af kolli. Er hann ætlaði að hlaupa síðasta spölinn skall hurð nærri hælum. Tveir menn, líklega þeir síðustu í hópnum, riðu upp úr einum slakka og stefndu, að honum fannst, beint á sig. Kári náði leiftursnöggt að skutla sér til baka og leynast. Mennirnir riðu framhjá hinir rólegustu. Af öllu fasi þeirra réðst að hér færu grunlausir menn sem einskis hefði orðið varir. Hann heyrði er annar útlistaði fyrir hinum viðureign sína við refahjörð sem skyndilega birtist og hvernig vargurinn naumlega slapp fyrir horn er hann hleypti hrossinu á eftir henni til að fella öll dýrin með sverðinu sem hann var tilbúinn að reiða til högg og aflífa varginn með: " Kvikindin hefðu sko fengið til tevatnsins, skal ég segja yður. " - sagða málshefjandi og dró sverð sitt úr slíðrinu og sveiflaði máli sínu til áréttingar:

" Viðureign yðar fór nú ekki framhjá mér og tafði leikaraskapur þinn leitina. Eins gott að Ísar komist ekki að tiltækinu. Hann yrði brjáláður og setti okkur samstundis af. " - sagði annar og snýtti sér með fingrunum: " Brjálsemi hans er nú ekki nein ný frétt, " - svaraði hinn. Orð mannsins vakti báðum hlátur og ekki á neinum lágum nótum. Kára grunaði Klaufabárð og hvolpanna þrjá og einnig af síðustu orðum mannsins að ekki væri allt með feldu innan hópsins sjálfs og brestir komnir í samstarfið, eins og honum grunaði. Menn Ísars voru byrjaðir að missa móðinn bæði af stífum ferðalögum og þeytingi um rykugar jarðir, árangursleysinu og sögusögnum sem sögðu annað í málinu en framan af

hafði verið haldið á lofti og dómurinn hljóðaði upp á og urðu æ háværi. Margir voru orðnir efins um réttmæti niðurstöðunnar:

" Sko bara. Strax komnar fréttir " - hugsaði Kári með sér sjálfum.

Mennirnir stefndu til hinna. Eftir að Kári varð sannfærður hljóp hann síðasta spölinn og kom sér fyrir sem næst fólkinu. Engan grunaði neitt. Grunleysi hópsins var enn ein sönnun þess hversu vel staðurinn hentaði stöðu manna eins og Kára.

Hann sá nú yfir allan hópinn sem sat í hring og fékk sér ketbita. Full vínflaska gekk á milli. Aspar og Bjólfur sátu eins og vanalega hjá Ísari og honum til sitt hvorrar handar. Er flaskan kom til Aspars bandaði hann hendi og flaskan fór til næsta manns og var ósnert af hans vörum. Engin veitti óvenjulegum viðbrögðum mannsins athygli. Kári einn tók eftir þessu og vakti honum vonarglætu um að það sem gerst hefði væri ekta og ekkert látbragð. Átið hélt áfram og enn gekk vínflaskan hringinn og fylgdist Kári enn með Aspari. Er kom að honum öðru sinni greip hann flöskuna og bar upp að vörum sínum og rétti skjótt yfir til næsta manns sér við hlið án þess að snafsa sig: " Sko minn mann " - sagði hann upphátt við sjálfan sig og greip eldsnöggt fyrir munn sinn. Ekki þar hrifinn af eigin aðgæsluleysi. Ísar leit upp og þangað sem Kári lá og svo á næsta mann:

" Voruð þér að segja eitthvað " - sagði hann hvassyrstur við manninn:

" Ekki orð herra minn. Ekki stakt orð " - Bjólfur svaraði og fékk sér af stút rammann drykkinn.

Mennirnir báru saman bækur sínar og ljóst að Aspar var kominn yfir í hitt liðið. Orð hans voru samsvarandi orðum annarra í liðinu. " Allt tíðindalaust " - sagði hver á eftir öðrum. Niðurstaðan vakti Ísari litla kátínu: " Manni fer senn að langa til að höggva mann - og kannski annan " - sagði Ísar og leit í kringum sig og fékk sér gúlsopa úr flöskunni og lagði lófa sinn á skaft sverðsins og læsti fingrunum utan um. " Kannski þig Aspar?: " -

" Mig? Hahahahaha. Hví skilduð þér gera það? " - Aspar hló. Ekki alveg að átta sig á orðum yfirmann síns. Óróa gætti við orð Ísars. Enda til alls vís: " Veit hann um samskipti mín við Kára? " - flaug eitt augnablik í gegnum

hugann: " Engin vitni voru að þessum samfundum. Um þau vissu bara ég og Kári. Hann mun ekki segja neitt og hestarnir þegja. " - Flaug um huga hans. Aspar leit á hross sitt. Það hengdi haus og hermdi eftir öðrum hestum í hjörðinni. Öll biðu húsbænda sinna.

" Maður veit aldrei hvar svikarinn leynist og hver verði fyrstur til að svíkja mann. " - Sagði Ísar allt annað en glaðlega og beygði sig fram og stakk hníf í einn kjötbitann sem eldaðist yfir eldinum og beit í kjötstykkið sem tollði við hnífoddinn og tuggði ketið.

" Eða þig " - Ísar benti á annan úr hópnum sem varð vandræðalegur í framan og strauk flötum lófa um enni sitt og stakk á eftir fingrum gegnum hár sitt. Ísar sagði sama við nokkra til viðbótar sem einnig "frusu" með sér sjálfum og hjartað hætti augnablik að slá í: " Hvað! Erum við komnir í ónáð hjá manningum? " - flaug eins og eldur gegnum huga mannanna. Maðurinn sýndi á sér nýja hlið og áður óþekkta. Um ruddaskap hans og harðneskju var öllum kunnugt. En svona framkoma var ný. Hvað skeði? Var ástæðan ölvun hans eða tær örvænting manns sem senn sá eigin sæng uppreidda nema betri árangur yrði hjá hópnum? Hafði svo sem heyrt utan af sér orðróminn sem kominn var upp efasemdir fólks. Með málið óupplýst jókst tækifæri sannleikans á að komast framfyrr og beina spjótum að þeim Ísari og Lórens bónda á Slaka. Árangur var því hið eina sem þeir hugsuðu um. Vissulega kom dómurinn yfir Kára frá löglegum dómara en byggður á fölskum gögnum, sem jafnvel Dönsk yfirvöld litu alvarlegum augum fengju þau vitneskju um.

Eftir svolitla áningu til viðbótar reis liðið á fætur og greip hver í taum síns hross og vatt sér á bak, sló í og stefndi hrossi sínu burt af tanganum. Eldur logaði á eldstæðinu sem Aspari var falið að slökkva, sem hann gerði ekki. Tveir kjötbitar stungnir á tein urðu eftir yfir eldinum og elduðust er Aspar yfirgaf stöðu sína og steig á bak og hélt á eftir hinum. Áður leit hann yfir svæðið. Halda mætti að Aspar útbyggi þessum nýja vini sínum máltíð og grunaði að væri ekki langt undan.

Er öllu var óhætt og allir horfnir af svæðinu gekk Kári fram, fann sér granna spýtu og stakk í fülleldað kjötið. Og mikið bragðaðist ketið vel. Eins og himneskt bragð í munni. Hann sem í langan tíma hafði verið án nýmetis í kjöti naut þess nú að njóta og vonaði entist sér lengi, lengi, lengi. Að þetta væri partur af fæðu óvinahers vakti honum vissa kátínu. Kári varð vitni að

orðum Ísars um að drepa og hvernig sumir á staðnum " frusu " af þessu tali hans. Væri þegar kominn upp óeining gat talsmáttin hafa magnað upp eld og pískur og hvísl.

Hér var það sem honum rámaði í orð sem sögðu eitthvað á þá leið að Guð byggi mönnum borð frami fyrir fjendum sínum og eftir því sem hann mundi best stóðu í Biblíunni. Orðið þekkti hann ekki mikið og hafði bara lesið svolítið upp úr því og líklega þá þetta sem nú kom upp í hugann. Kári horfði upp til himins. Hann var þakklátur. Leit næst á bragðgott kjötið og brast í skellihlátur og tyllti sér hlējandi á stein. Röð einkennilegra atburða síðustu klukkustunda kölluðu viðbrögð hans fram. Allt gerðist á skömmum tíma og svo hratt.

Að funda fljótt með bræðrunum var brýnt en fátt að gera nema bíða og vona að ekki liði of langur tími þangað til þá bæri að. Á þessum stað tók hann val um að vera lengur. Færði hann sig án samráðs vina sinna og vitundar var ómögulegt að segja hvenær og hvort þeir hittust á nýjan leik og möguleiki á að allt sem áður var planað væri unnið fyrir gíg. Á neitt slíkt var ekki hættandi né að kasta á glæ vinnu góðviljaða fólksins sem stóð með honum eins og klettur og studdi við bak hans og unnu í leyni:

" Góði Guð! " - Bað hann: " Gefðu mér styrk til að standast og hjálpaðu mér til að taka réttar ákvarðanir. Gætt áfram orða Aspars sem þú greinilega hefur snert við. Ég þekki þig, Guð minn, ekki mikið en hef samt fundið fyrir þér í brjósti mínu og veit við hvern ég er nú að tala. Lifandi og hátt upphafinn Guð. " - Svona bað bóndasonurinn Kári í sinni útleið á flóttu undan fólki sem vildi að hann tæki út refsingu og sæti í svartholinu fyrir sök annarra manna.

Kári sat á steininum í svolitla stund og lauk við heitt ketið. Gekk því næst að bálkestinum sem eldunin fór fram við og slökkti. Ský dróst upp á himnum og veðrabreyting í farvatninu. Vindur jókst og regndropar duttu af himnum og vættu umhverfið. Hann reyrdi gærana betur utan um sig og batt snærið og setti upp húfulokið sem hann jafnan tók með sér er hann yfirgaf hellisskútann.

Bræðurnir.

Ráðvarður og Rósant voru enn á sama stað og veltu málinu fyrir sér og næstu skrefum og sáu er leitarhópurinn þeysti á harðastökki í einum stórum

rykmekki framhjá þeim. Á meðan höfðu þeir hægt um sig. Við talningu á hópnum kom í ljós að engin aukamaður hafði bæst við og undirstrikaði árangursleysi fararinnar. Þetta jók bjartsýnina án þess þó að róa hugann til fulls. Aldrei var að vita nema menn Ísars hefðu fundið manninn og hann fyrirskipað að skildi aflífaður. Útilokað var að fara heim með slíkar spurningar í farteskinu. Þeir urðu að vita sannleikann og hvernig í málum lægi. Fyrr kæmist ekki á ró. Þeir gengu að hrossum sínum, stigu á bak og hleyptu á harðastökki út á tangann með stefnu á bjargið og staðinn sem einstigið niður á hellinn var staðsett. Er þeir nálguðust gaf Rósant bróðir sínum merki um að vera vel á varðbergi og kíkja eftir mannaferðum sem ekki þurfti að hvetja hinn frekar í.

Mennirnir hittast.

Aukin vindurinn lék um fax hrossanna og feykti til og frá. Hrossin blésu en héldu ferð. Nú kom góð þjálfun þeirra sér vel og polið hreint ótrúlegt. Droparnir úr lofti urðu fleiri en þeir gangteknir af verkefni sínu tóku ekki eftir þeim og uppeknir af að koma á auga á manneskju sem mögulega væri þarna á stjái og gat ekki verið nein önnur en Kári. Þeir stefndu hrossunum að einu kennileitinu á svæðinu, kletti sem þeir gjarnar tóku mið af frá þeim stað sem þeir nú voru á. Er þeir komu aðvífandi sté skyndilega fram maður sem þeir undireins þekktu. Gleði vaknaði í hjörtum þeirri og svo hróp í munn. Slegið var í hestanna og þeim hleypt á eins hratt stökk og þeir gátu. Svitann lagði af hrossunum. Áður en þau náðu til fulls að stöðva sig voru báðir stignir af baki og hlaupnir til mannsins. Og upphófst mikil fagnaðarlæti og gleðistund. Kári var þá heill á húfi og óskaddaður. Ferðin borgaði sig og spurningu svarað. Þvílík hundaheppni að þeir skildu hafa verið svo lengi á hinum staðnum að ráða ráðum sínum. Svo gat farið að Ísar og menn hans kæmu fljótlega eftir að þeir væru komnir heim og að Kári yrði dögum saman að hírast einn með hugarangur sem heimsókninni fylgdi og í kannski örvæntingu tæki á það ráð að yfirgefa hellinn og sylluna. Það væri ægilegt. En allt slapp þetta. Hér voru þeir eins og leiddir af einhverjum.

Er mesta gleðivíman var farin af þremenningunum tók Ráðvarður hrossin og gekk frá á sama stað og fyrr. Á meðan héldu hinir að stígnum og fíkrúðu sig niður eftir honum. Ofankoman gerði hann hálli og krafði frekari aðgæslu. Einnig þurftu þeir að verjast vindhviðunum. Fremst á syllubrún sat fuglahópurinn. Hann hafði komið í fjarveru Kára og beið heimamanns.

Fuglakvak barst til þeirra undireins og þeir stigu fæti efst á einstiginu og fylgdi þeim uns komið var á sylluna. Þá, ekki fyrr, fannst einum fuglanna sér ógnað og hóf sig til flugs. En ekki lengi. Örskömmu síðar var hann aftur sestur. Ekki alveg tilbúinn í að yfirgefa sinn gamla vinahóp. En allur er varinn góður.

Mannlaus fjörðurinn framundan var nú í svolitlum ham og litlar öldur að myndast á honum. Allt samt ósköp veiklulegt. Hestahirðirinn kom að bjargbrúninni og kleif niður til þeirra. Fljótlega fór sagan á loft.

Lausn á næstu grösom.

17 kafli

Allt sem bræðurnir upplifðu með Ísari og föntum hans á leið sinni heim á Kló, eftir að hafa yfirgefið Kára, var sannarlega dramatískt andartak og sýndi vel alvöruna sem hlaupin var í málið með talsverða burði til að þrengja hringinn meira en orðið var utan um Kára. Þessu var erfitt að neita og vel hægt að skilja afstöðu samfélagsins sem til þessa heyrði bara aðra hlið málsins þó annað væri byrjað að hvissast út, undan hvaða rótum sem það öndvert var runnið en samt ágætt að skildi loks gerast. Eftir það fékk fólk möguleika á að horfa á málið frá annarri hlið og meta með öðrum hætti en áður hafði verið með allt bara klippt og skorið og skíran úrskurð dómshofnaðs um sekt Kára sem kvað á um að ætti ekkert gott skilið. Enn sem komið var vissu hvorugur bræðrana um atburðarásina kringum Kára andspænis Aspari sem eitt og sér fengi gerbreytti máli hans þó margt væri áfram sveipað óvissu og endar óbundnir. Dropinn holar steinninn og tíminn vinnur með sektarleysinu og því mikilvægt að Kári væri áfram óhultur og hjálparhellurnar með óbundnar hendur að fara nánast hvert sem þurfi. Enda hvergi á skrá yfirvalda yfir afbrotafólk, sem var hjálplegt.

Ráðvarður kom móður og mäsandi að einstiginu og fíkraði sig varlega niður. Allir þessir regndropar sem fallið höfðu seinasta hálf tímann gerðu slóðina hála að sýna þurfti fyllstu aðgæslu hverjum þeim sem færi það. Hátt fall niður og þeim bráður bani sem hrapaði. Er hann bar að stóðu Kári og Rósant hljóðir fyrir framan skinnhurðina sem bylgjaðist eilítíð í golunni að baki mönnum. Mennirnir horfðu þögulir út á fjörðinn með fuglahópinn á sínum stað. Þeir litu til hans þögulir sem gröfin. Allt var merkt þögninni. Kannski að fiðurféð þegði mönnum til samletis? Samansettar gærurnar bylgjuðust þarna í frekar máttlausum vindi ýmist eftir þeim frá hlið eða bjuggu til bungu inn á við með breyttri vindátt. Skinndúkurinn hafði sannað gildi sitt og gert vist Kára það sem hún þó var.

Fjaran og "Vinurinn" bjargað miklu og reyndar öllu væri allt talið til. Fjaran færði Kára spýtu í dag og aðra á morgunn. Við "Vininn" syntu fiskar sem fæddu hann kominn á öngull og til hellisins ofar. Allt hjálplegt við að bæggja áhyggjum bræðrana frá sem vissu að Kári hefði alltént nóg að borða þó drægist að þeir létu sjá sig sem gat gerst og full ástæða fyrir töfinni miðað við

aðstæður sem uppi voru. Merkilegt hvernig duglegir menn ná að berjast áfram í sínum erfiðu aðstæðum.

Hvernig sem á því stóð virtist engum liggja neitt á að tjá sig þó allir hefðu frá mörgu merkilegu að segja sem margt óvænt rak á fjörur hjá síðastliðnar klukkustundir og allir biðu eftir að hitta hina og brunnu í skinninu að tilreiða hvorum öðrum það sem undafarnir klukku tímar fæddu af sér. Á staðnum mætti þeim friður slíkur að menn eiginlega gerðu sitt til að hann viðhældist og dveldi lengur með þeim. Engin breyting virtist ætla að verða á þessu því að Ráðvarður gekk að steini og settist á hann og lagði bakið upp við bergvegginn og dæsti þar vellíðunar dæsi. Reis þó á fætur eftir andartaks hvíld og hélt til hinna og tók stöðu með þeim og horfði þögull út á fjörðinn þar sem óteljandi báru risu og hnigu til skiptis. Sumar aldanna báru hvítfextan topp. Þessa stundina gekk vindstrengur inn fjörðinn án þess að ná til syllunnar og hreyfa þar hár eða fiður. Eina sem kom og hægt að greina frá var þessi litla gola sem eins og strauk um kinn og vart nema stutta stroku. Allar þessar fögru öldur stefndu í sömu átt. Inn fjörðinn af hafáttinni og norðanáttinni. Regnið sagði líka " Hér er ég. Ég er ekki með öllu farin frá ykkur. " - og kastaði niður dropum sem bættust við dropanna sem komnir voru, eða þá af þeim sem þurrkinum hafði ekki tekist að eyða upp til agna. Allt með hléum. Droparnir bjuggu til kunnulega bletti er þeir skullu ofan á þurra klöppina og duttu úr veiklulegu skýjunum til þess eins að fletjast þar út. Nógu margir vatnsdropar í halarófu í nógu langan tíma fengu myndað polla í lægðum og aukið vatnsmagn áa og vatna sem í versta falli kom sér upp á bakkanna og flaut upp úr venjubundnum farvegi sínum og áfram yfir allt sem á vegi þess varð að brún bændaaugna sumra sigu og gerðu andlit allt annað en glaðleg. Vatnsmagn upp á bökkum er afl með burði til að fleyta verðmætum til hafs og menn þeir þekkja sem kíkja fjöruna þar sem á rennur til hafs. Leynist þar oft gripir sem hægt er að notast við heim á búi sínu og fólkinu sinn happafengur.

Fiðurféð á syllubrún fékk sinn skammt rétt eins og mannfólkið og brást við með ýfðum vangfjöðrum og kröftugum haushristum og einstaka sinnum gogg í næsta fugl eins og hann bæri ábyrgð á þessu vatni að ofan. Skýin urðu æ grárri og þungbrýnni. Þó grillti í blátt er þau færðust sundur eitt augnablik áður en þau lokuðust. Svolítið sjónarspil í loftinu sem gat stýtt stundir þess sem einn var og hafði líka oft gert. Regnið hætti. Nokkrir dropar í senn og svo biðtími og stundum nógu langur til að þurrka upp alla blauta bletti á steininum undir fótum mannanna. Engu var líkara en skýin uppi yfir þeim ætti

í erfiðleikum með að ákveða sig. Margt benti til að ofankoman yrði ekki mikil og að þeir gætu rætt málin úti en ekki inni þar sem svo líttillar birtu naut.

Nokkrar sjómílur frá landi grillti í segl skips og sigldi það vestur með landinu. Norðanstæður vindur jók velting um borð og sást hvernig möstrin hreyfðust til sitt hvorra hliða. Hliðarvelta var mannskapnum skárrí en lognið sem var versta sem hent gat eitt seglskip sem við það rak stjórnlaust á sjónum eins og hver annar drumbur og hrakin af leið sinni. En ástandið þarna á hafinu var ekki með þeim hætti og sigldi skipið fulla ferð í hagstæðri vindátt en mætti reyndar vera ívið ákveðnari til að ferð skipsins héldist við mestu mögulega ferð. Skipið sem þeir sá þarna á hafinu var erlent. Íslendingar áttu bara litla róðrabáta og agnarsmá kríli sem hoppuðu og skoppuðu á öldunum sem skvettist inn fyrir borðstokkinn og sagði við kalda karlanna: " Menn! Sækið austurstrogið? ".

Seglskipið hélt stefnu og hvarf. Þaninn seglin minntu um margt á ístru ríks manns, þeim sjaldséða fugli í landinu og flestir sem fundust voru tengdir danskinum.

Fuglahópurinn var enn á sínum stað. Hvernig þeir höfðu ró í biðina var ómögulegt að geta sér til um. Ein skíringin var að líf fugla og annarra skepna er endalaus bið eftir næsta matmálstíma?

Sunnan megin við " Vininn" og spölkorn þar frá skaut upp selshaus sem synti rólega í áttina að honum og svo meðfram klettinum að fjöruborðinu eins og vildi hann á land. Kári fylgdist með:

" Hei!! Selur!! " - Ráðvarður benti:

" Er að fylgjast með honum " - Kári leit ekki af skepnunni: -

" Ha! Selur!! Hvar? " - Rósant snéri sér við. Hafði í þessu litið til hafs til að athuga með fleiri skipaferðir: " Já þarna. Sá er feitur. Færi vel lagsmaður í tunnu og góður undir tönn. " - Hann hnippiti í Kára:

" Hugsaði það sama " - Kári renndi fingrunum gegnum hár sitt upphugsandi leiðir sem dygðu gæfist honum færi á veiði.

Selurinn skreiddist þunglamalegur upp í fjöruna beint fyrir neðan sylluna veltandi þar um í öllu sínu selsspiki. Skepnan brölti upp fjörusandinn og kom sér fyrir milli tveggja stórra grjóthnullunga og velti sér á bakið og smellti saman hreifunum til að gleðjast yfir áfanga að vera aftur kominn á þurr. Svolitla stund lá selurinn svona en velti sér svo aftur á magann og lá kyrr. Hausinn hreyfðist til beygja átta og varð svo hreyfingarlaus. Margt benti til þess að skepnan væri þegar sofnuð.

Veidieðlið greip í Kára. Var selskjöt enda afbragðs matur sem einstaka sinnum kom á borð Klappsvíkur fólks en orðið alllangt um liðið síðan hann seinast bragðaði hnossgæti það. Nú mátti ef til vill gera á Bragabót. Fleiri selshausar skutust upp úr sjónum á svipuðum slóðum sem allir stefndu í átt að "Vininum." Hvort hjörðin vildi öll á land fara kæmi í ljós. Frá því hann kom hafði ekki selur sést í fjörunni bara fyrir utan.

Kári bað mennina að hafa hægt um sig og hljóp léttfættur inn í hellinn og kom að vörmu spori með forláta boga gerðum úr efnivið sem fjaran og sjórinn færðu honum ásamt tveim heimgærðum örvum. Nokkrum sinnum hafði hann brugðið sér upp á brún með bogann og æft bogfimi og þá séð hvernig best væri að miða til að örin stefndi þangað sem henni var ætlað. Eldri örin bauð honum að hafa miðið eilítið til vinstri. Örina hafði honum ekki tekist nógu vel upp með. Með henni tókst honum þó að veiða sér fugl til matar og útbúa sér smávegis fuglaveislu. Betur tókst til með gerð hinnar örvarinnar og miðið nokkuð rétt. Færið af syllunni var lengra en í hin skiptin og mundi reyna meira á hæfni hans með bogann. Haldandi á vopninu stóð Kári frami fyrir nýrri áskorun.

Ráðvarður gekk til hans bar munninn upp að eyra hans og hvíslaði: "Förum niður og komum okkur í gott færi og föngum kvikindið og eflum til ærlegrar selkjötsveislu." - Kári samþykkti og gekk hópurinn varlega til klifursins. Er þeir náguðust fuglanna flaug allur hópurinn upp með gargi, óhress með mennina sem gleymdu að gefa þeim þó ekki væri nema lítilræði né veittu hópnum minnstu athygli. Svo komu þeir til þess eins að valda truflun og án þess svo mikið sem heilsa fyrst. Ekki til að tala um: "Við fljúgum upp og görgum" - gætu þeir hafa hugsað. Alltént þá hóf hópurinn sig til flugs. Já - gargandi hátt og hvelft. Fyrirgangurinn vakti selinn óþyrmilega af blundi sínum sem þegar skynjaði hættu og brölti til hafs og hvarf. Hinir selshausarnir

í sjónum sáust ekki eftir að þessi lét sig hverfa úr fjörunni: " Svona fór um sjóferð þá " - sagði Rósant hlæjandi: " Alveg tilraunarinnar virði: " -

" Ráðvarður! Aldrei aftur skal ég þiggja ráð frá þér um veiði. Hefði átt að fylgja innsæi mínu og skjóta frá syllunni. Treysti mér alveg í verkið. " - sagði Kári svekktur og settist á steininn og lagði bogann frá sér. Gagg heyrðist frá bjargbrún og glitti í refshaus sem horfði niður til þeirra og hvarf. Annar minni refshaus sást í eitt lítið augnablik. Kannski hlakkaði í Klaufabárði og hans eftirfylgjendum vegna selsins sem fuglarnir gerðu aðvart um og flúði til hafs?: " Hvenær eiginlega hefur " Klaufabárðurinn " þinn, Kári minn, tíma til að matast. Endalaust á þeytingi fram og aftur um tangann með hvolpahjörðina á eftir sér. " - spurði Rósant og gat ekki varist hlátri.

Nú var þeim ekki lengur til setunnar boðið og tími til að ræða það sem á daginn hafði drifið. Allir á staðnum höfðu frá allmörgu að segja. Fuglarnir komu til baka og tylltu sér á sama stað og eins og til að fylgjast með samræðum mannanna.

Klappsvík.

Bergsveinn Sandelsson bóndi í Klappsvík gekk upp túnið átt að bænum. Svólítt rigningarúði var í lofti og nóg til að væta jörðina og gera manninn votan á fótunum á skinnskónum sem hrintu svo illa frá sér vatni og votir fætur hið venjulega í þessu landi og hvort sem var til sjávar eða sveita. Í hendi hans var hamar og rest af girðingarlykkjum í vasa utan yfir flíkurinnar. Lykkjur hafði honum áskotnast í síðustu ferð sinni til kaupmannsins sem átti til um eitt kíló af lykkjum í poka sem beið næsta kaupanda sem reyndist vera Bergsveinn. Í vasa hans var rest sem vó kannski 200 grömm og voru nokkra lykkjur sem nota mátti seinna er vír dytti niður. Hann taldist því til hinna heppnu, alltént þann daginn. Með honum voru sonarsynirnir Davíð og Oddur. Oddur átti bráðum afmæli og yrði þá átta ára. Á göngunni horfði Bergsveinn í átt að bænum og varð vitni að er reykur barst upp um reykháfinn og var skírt merki um að verið væri að kveikja upp eld í hlóðældhúsinu. Mögulega tengdur bakstri. Á bænum var til nóg af hveiti og líka helstu bökunarvörum. Einnig var inn í myndinni undirbúningur kvöldmatsins. Saltkjötið sem til varð er aligimbrinni var slátrað og svo hinni var nú fullverkað og veitt upp úr henni í gærkveldi og látið útvatnast yfir nóttina. Fyrsta suða yrði etin í kvöld með

uppstúf og kartöflum. Með eldinum kom ylur í húsið sem þess á milli varð svolítið kaldrannalegt.

Maður yfirvaldsins kemur.

18 kafli.

Bergsveinn og strákarnir héldu göngunni áfram. Þeir voru ekkert að flýta sér neitt og gátu vel leyft sér að fara leiðina hægt. Hafði girðingarverkið enda gengið vel og þeir sneggri að verkinu en í fyrstu var ætlað. Bergsveinn leit í austurátt og sá hreyfingu í fjarlægð. Hann nam staðar til að kanna málið betur og bar hendi upp að enninu og horfði þangað sem þúst þessi var. Strákarnir horfði í sömu átt og hnipptu í afa sinn og spurði Oddur, sá yngri: " Afi?, Hvað sérðu? Á hvað ertu að horfa? - " Oh! Sé bara hreyfingu þarna " - Bergsveinn benti: " Líklega maður á ferð. " Strákarnir rýndu og reyndu eins og þeir gátu að koma auga á sama og afi þeirra: " Hei! Ég sé hann! " - sagði Oddur kampakátur og benti. Maður á ferð og teymandi með sér þrjá hesta. Einn af fákum aðkomumanns bar talsverðan farangur, hinn hafði hnakkinn og sá þriðji var til skiptanna:

" Þessi er líklega kominn langt að úr því að hann er með þrjá hesta með sér og einn klyfjaðan. Kannast ekki hvorki við hross né mann, " hugsaði Bergsveinn með sér sjálfum: " Virðist úr fjarlægð vera ríkmannlega fataður. " - Bergsvein fylgdist með ferðum mannsins sem færðist nær þeim. Hann stakk hendi í vasa sinn og dró upp klút, ekki lítið óhreinan.

Manninn bar að og heilsaði fólkinu með virktum. Reyndist hann vera kominn alla leið úr höfuðborginni og leita manns að nafni Lórens Reifnirson. Hann gekk yfir til hesta sinna sem rölt höfðu yfir á grösugan blett þar örstutt frá og bitu hinir rólegustu. Þar opnaði hann eina töskuna sem burðarklárinn bar, gramsaði lítilliga í henni og dró upp pappír sem hann greiddi úr og spurði eftir að hafa lesið nokkrar línur hvernig best væri fyrir sig að finna bæ sem hér stæði að héti Slaki: " Hér stendur ritað að Lórens þessi búi á bæ með þessu nafni sem samkvæmt lýsingu á að vera hér í nágrenninu. Kannist þér við manninn og bæjarnafnið "- spurði aðkomumaður Bergsvein og klæddi sig í bláu uppháu vettlingana sem verið höfðu í töskunni sem snepillin var geymdur í og hann greip með sér og hélt á er hann kom til baka. Vettlingarnir voru veglegir að sjá með gylltri stroffu efst og greinilega vandaðasta flík sem líklegt væri að fátækur íslenskur almenningur réði illa við að eignast. Bergsveini var starsýnt á glæsileikann sem maðurinn hafði nú á höndum sér sem veitti áhuga mannsins athygli:

" Þér sjáið vettlinganna sem ég klæðist. "-sagði aðkomumaður. Og bætti við: " Það hefur kólnað ögn úti og upplagt að nota þá núna. " Þar sem Bergsveinn var enn upptekinn við fagran þrjónaskapinn fann hinn hjá sér þörf til að segja alla söguna tengdum þessum vettlingum:

" Sjáið til "- sagði hann: " Þannig er að vettlingar þessarar gerðar eru í tísku í borginni um þessar mundir en því miður ekki á allra færi að eignast þá sökum hás verðlags í henni Reykjavík. "

" Þér segið nokkuð " sagði Bergsveinn á meðan hann þreifaði á öðrum vettlingnum á höndum mannsins: " Hreint afbragðs handbragð á verkinu og ber honum og henni prýðilegt vitni sem hér á í hlut. " Bergsveinn var næmur fyrir allskonar sem gat að gagni komið fyrir búreksturinn. Aðkomumaður leit á vettlinganna á höndum sér og tók undir orð bóndans gegnt sér. Beindi á eftir orðum sínum til mannsins og spurði til að ná samtalinu inn á aðra braut:

" Þér eigið sé ég ung börn þrátt fyrir að vera kominn við aldur "- Maðurinn klæddi sig úr öðrum vettlingnum og afhenti Bergsveini sem virtist ekki getað slitið sig frá fögru handbragðinu:

" Þetta eru sonasynir mínir herra minn sem ég hef hér hjá mér og eru mér þarfir til þjónustu þrátt fyrir ungan aldur. Dugnaðarstrákar báðir tveir. "- Bergsveinn svaraði og velti vettlingnum um í höndum sínum skoðandi allt sem þar skipti máli. Enda með ágæta innsýn inní þrjónaskap á kvöldum með sínu fólki.

" Sonarsynir yðar, segið þér! " Aðkomumaður horfði spyrjandi á Bergsvein og strákanna tvo sem með honum voru: " Ekki efast ég um dugnað peyjanna. Bera hann hreint utan á sér. Býr sonur yðar ekki hjá yður, herra minn? "- Forvitni aðkomumanns var nú vöknuð. Og bætti við: " Ekki samt að mér varði málið og þér auðvitað ráðið sjálfir hvort þér svarið. "

Bergsveinn horfði á manninn fyrir framan sig, ekki alveg að skilja út í hvað samtalið ætlaði að leiðast. Að sjá virtist maðurinn vænsti drengur. Hann rétti honum vettlinginn sem hinn þegar fór í. Kaldir fingur kunna öllu svoleiðis vel. Á meðan á öllu þessu gekk reyndi bóndinn í Klappsvík að upphugsu hæft svar án þess að segja of mikið né heldur virka ókurteis. Í stað þess að svara með beinum hætti spurningunni vatt hann sér að upphafi samtalsins og benti

inn eftir sveitinni og reyndi í eins fáum orðum og mögulegt var að leiðbeina mannum leiðina að bænum Slaka. Af ytri klæðnaði mannsins að dæma var svo að sjá að hann tengdist ekki með neinum hætti Danska yfirvaldinu. Enda kappklæddur og öll opinber merki Danskra embættismanna oftast nær tengdir fatnaði sem menn klæddust nær sér. Höfuðfat hafði hann ekkert líkt og oft var með þetta fólk sem Danskurinn gerði út fyrir sig á Íslandi. Að sjá var um óbreyttan einstakling að ræða og látlausan mann. Samt bauð skyldan honum að fara varfærnilega og segja ekkert að vanhugsuðu máli.

Eftir svo langa ferð frá höfuðborginni var ótækt að senda ferðalanginn burt frá sér nema veita honum fyrst einhverja hressingu. Alltaf var eitthvað til matarkyns að bera fram fyrir gesti á sveitaheimilum íslenskum og gestrisni rómuð og Klappsvík engin undantekning og oft gestkvæmt þar. Var degi tekið að halla og nóttin framundan með öllum sínum skottum og vættum sem skriðu úr skjólum er dimma tók og hreldi fólk og til grúu sagna um allskonar kynleg atvik sem ku hafa gerst í dimmunni og gengu meðal sveitunga. Fyrir kom að Bergsveinn fengi þess lags fréttir og vöktu sumar honum sínar hugsanir eins og gekk og gerðist hjá mörgu öðru fólkum hvort sem var í sveit eða bæ. Allt morandi í skottum og sýnu meira af þeim kringum Danskinn. Sögðu alltént menn andsnúnir yfirráðum þessum.

Maðurinn þáði boð Bergsveins með orðunum "Guð launi."

Sunna stóð í eldhúsinu er mennina bar að og að enda við að kveikja upp eld á hlóðældhúsinu fyrir kvöldmáltíðina. Eldurinn skíðlogaði og læddust hæstu logarni svolítið upp með pottinum og teygðu þeir allra hæstu sig upp fyrir miðjan pott og náði einstaka að sleikja haldið eitt augnablik, sem var alvanalegt að gerðist með nýveiktan eld.

Drykkjarglös voru sótt og þau lögð fyrir gestinn. Sunna sótti kaffikönnuna og fyllti glas mannsins. Bergsveinn fór eftir ögn af mjólk sem gesturinn notaði út í svartan löginn og kökubita sem hann skar og færði mannum á diskum. Maðurinn drakk löginn og teygði sig eftir kökunni á disknum. Áður en fingurnir læstu sig á hana var eins og hann skyndilega áttaði sig. Hann hafði gleymt að segja til nafns. Hlátur kvað við í reykfylltu eldhúsinu:

"Fyrirgefið gott fólk. Fyrirgefið. Það er víst engin kurteisi gests að kynna sig ekki fyrir jafn miklu ágætisfólki og ykkur. En nafn mitt er Jochum Hartvik og

er ég frá Svendborg í Danmörku og hef gegnt embættisverkum í nafni Dönsku krúnunnar á Íslandi síðastliðin fjögur ár. " - Er ljóst var að maðurinn væri embættismaður Dana fór um bæði Sunnu og Bergsvein. Eitthvað sagði þeim þó að leyfa mannum að tjá sig. Jochum hélt áfram:

" Ég er lögfræðimenntaður úr Dönskum Háskóla og gegni lögfræðistörfum meðfram öðrum embættisverkum á Íslandi og, ykkur að segja, er ég hér til að leita mér frekari upplýsinga um málefni sem mér barst í hendur fyrir fáeinum vikum sem ekki er alveg ljóst um dómsniðurstöðu og varðar íslending sem að mér sýnist af öllu að hafi fengið ranga dómsniðurstöðu. Af skjölunum þeim sem ég hefi undir höndum bendir til að svo sé. Allt frekar óljóst og sumt óskiljanlegt. Nafnið Lórens Reifnirsson, ákærandi í málinu, kemur oft fyrir í skírslunum. Kannist þér við málið? " - Jochum beindi spurningunni til Bergsveins sem snéri sér undan og gekk að eldhúsglugganum og barðist við tárin. Áfall Sunnu var litlu minna sem settist til að ekki liði yfir hana af geðhræringunni. Jochum varð þessa var og sagði: " Afsakið gott fólk. Ég sé að spurning mín hefur hreyft óþægilega við ykkur. Ekki var það ætlunin. " Bergsveinn snéri sér að mannum:

" Ekki fæ ég neitað því að svo sé og sannarlega kannast ég við mál þetta því hinn sakfelldi er sonur minn og faðir drengjanna tveggja sem voru samferða okkur rétt áðan og er nafn hans Kári og hér við hlið okkar kona hans og móðir drengjanna Sunna Ásgrímsdóttir sem nú gengur með þriðja barn þeirra hjóna." - Gesturinn eins og missti andlitið við það sem hann nú heyrði. Stóð á fætur og gekk til Bergsveins og rétti honum hönd sína og faðmaði að sér og til Sunnu og hneigði sig fyrir henni að heldrimannsið. Í hönd fóru miklar tilfinningar og tár flæddu víða um vanga. Eftir dálitla opinberast settist Jochum. Allir inni voru hræðir. Hafði málið enda hvílt lengi og óþægilega á herðum húsbænda Klappsvíkur: " Ég er þá staddur í Klappsvík. Hélt að sá bær væru talsvert innar en þessi. "

Næsta sem gerðist var að Bergsveinn sagði Jochum alla sólaröguna og úrskírði eins og best hann kundi í hvernig öllu lægi og skrifaði hinn upp eftir honum öll orðin að hætti góðra lögmanna. Enda með virtari embættismönnum Dana í Íslandi. Um nóttina gisti Jochum hjá Klappsvíkurfólki en vann fram eftir kvöldi við að ná áttum í flókinni frásögu Bergsveins og Sunnu sem hann tók trúanlega og hélt næsta dag rակleitt aftur til Reykjavíkur og fékk fund með æðsta manni Dana á Íslandi undireins og þangað kom. Sá gaf þegar út

handtökuskipun á þessa menn og skír fyrir mæli um að flytja þá í böndum suður þar sem hægt væri að útkljá málið og sýkna saklausan mann og gefa aftur frelsi.

Afdrif fólksins.

Til að gera langa sögu stutta fóru mál á þann veg að flokkur vaskra manna voru sendir út af örkinni frá Reykjavík þeirra erinda einna að handataka hyski Ísars og Lórens og kom með racleitt í bæinn í fjötrum þar sem séð yrði til þess að dæmt yrði í málum þeirra og nú með réttmætum hætti og Kára veitt uppreisn æru. Frekar auðvelt var að hafa upp á þeim og fólk á svæðinu mönnunum Dana hliðholt við sína leit eftir að hafa fengið upplýsingar um hvað væri rétt. Enda margir orðnir skelkaðir yfir framferði þessa hóps sem fór svo mikinn í leit sinni sem æ fleiri voru orðnir sannfærðir um að óhreint mjöl væri í pokahorni um dómsniðurstöðuna og sekt Kára. Og svo hitt, gerði útslagið, að los var komið á hóp Ísars fyrir nokkur og sumir þar áttu orðið þá einu ósk heitasta að losna frá yfirgangi og dólghætti Ísars og flestir voru orðnir sannfærðir um að væri á bandi Lórens.

Þessir menn voru nú samvinnuþýðir og Aspar þar fremstur. Enda gerbreyttur maður án þess að það kæmi í veg fyrir handtöku og að réttað væri yfir honum. Flestir í leitarhópnum fengu dóm og Lórens og Ísar hann þyngstan og nokkra ára fangelsi í sama fangelsi og Kára hafði verið ætlað. Hinir hlutu skemmri dóma og gert að afplána hann í landinu.

Þegar Kári fékk fregnirnar og gat loks yfirgefið "Vininn" og hellinn sem veitti honum skjól allan tímann hafði Sunna, kona hans, alið þeim frítt stúlkubarn sem beið komu föður síns heima í Klappsvík nokkra vikna gömul. Skinndúkarnir fyrir hellismunnanum blöktu áfram þar sem þeim hafði verið fyrir komið og ekki vitað hve lengi þeir tolldu uppi. Fuglahópurinn lét um stund sjá sig á sama stað og áður var en hætti því er ljóst var að engin væri á staðnum til að hvorki færa þeim kjöt- eða fiskögn né tala til þeirra með rödd sem þeir þekktu. "Klaufabárður" var áfram á svæðinu og stakk haus fram af bjargbrún um tíma í von um að sjá mann þar en sá ekki og lét skjótt af tiltækinu. Afkomendur hans hlaupa í þessum fótsporunum í dag. Flóinn er samur við sig og sýnir sama og Kári sá og velti oft fyrir sér öllu sjónarspilinu sem flóinn vildi sýna sér. Ævilangur vinskapur varð með Kára Bergsveins og bræðrunum Rósant og Ráðvandi og síðar konum bræðranna sem þeir kynntust

skömmu eftir frelsun Kára. Páll prestur varð einnig ævilangur vinur fjölskyldunnar ásamt öllu sínu fólki og presturinn sem gifti bræðurna konum sínum. Jochum Hartvik Danski embættis- og lögmaðurinn gerði að sið sínum að koma við á bænum á meðan hann enn lifði og hafði heilsu til. Hann flutti skömmu eftir réttarhöldin yfir Ísari og föntum hans til Danmerkur en var sendur á ári hverju yfir til Íslands mörg næstu ár og gat skroppið í Klappsvík sem að hans eigin sögn var hitt heimili sitt.

Eftir andlát Bergsveins Sandelsson, föður Kára, tók Kári við búinu og Davíð, elsti sonur þeirra hjóna, við af þeim og þau þá orðin háöldruð og Sunnu Ásgrímsdóttir heilsuveil en Kári enn við hestaheilsu. Alls auðnaðist Kára og Sunnu sjö börn sem öll fóru burt til að búa annarstaðar nema Davíð og fjölskylda hans. Sunna lést nokkrum mánuðum á undan Kára og var hann grafin við hlið konu sinnar er hann skildi við saddur lífdaga. Bæði eru grafin í grafreitnum heima og sá arftaki Páls Sigurðssonar prests um athöfnina.

Frá þeim tíma til dagsins í dag hefur verið búið í Klappsvík og er þar í dag myndarlegur nútíma búrekstur. Fólk þar rekur ættir sínar til Kára og hans fólks og er sögu hans haldið á lofti þó engin viti lengur hvar "Vinurinn" nákvæmlega sé á kortinu né hellirinn á tanganum.

Ísar og Lórens afblánuðu tímann sinn í Dönsku fangelsi og komu aftur Íslands og sáu ekki meira í sveitinni né á Slaka. Svo virtist sem jörðin hafi gleypst þessa menn.

Endir.

Eftirmáli.

Júlímánuður 2014. Sea Eagle II, 28 þúsund tonna farþegaskip í eigu Argentínskra aðila með pláss fyrir 300 farþega, siglir inn til hafnar á norðurlandi. Sólskin og stafalogn umleikur skip og farþega og spegluðust fjöllin til beggja handa á haffletinum og gerðu fegurðina hreint stórfenglega. Grúi myndavéla beinist að þessu og andartakið fest á mynd allra þessara myndavéla sem þarna eru samankomnar. Yfirbygging skipsins er á tveim hæðum og reykháfur örlítið aftan við miðju. Skipsskrokkurinn er í svörtum lit og yfirbygging hvít og röð glugga eftir sér endilangri. Skipsskrokkurinn fyrir ofan sjólinu er þakin kýraugum frá fremra mastri og aftur eftir skipi. Sea Eagle II er frekar lítið en búið öllum helstu þægindum sem farþegar sækjast í. Ekki var laust við að fólkið væri því fegið að sjá loks höfn og fast land. Um tíma voru sumir orðnir efins. Feitlagin hjón frá Þýskalandi voru ein þeirra. Þau höfðu í nokkurn tíma lagt til hliðar af ellilauninum fyrir ferðinni sem varð að veruleika er þau gengu upp landaganginn um borð farþegaskipið Sea Eagle II. Gamall draumur hafði ræst. Ferðatöskur hjónanna lágu á vögnum sem komið var fyrir við skipshlið handa áhöfninni sem mundi sjá um að koma öllu fyrir í viðeigandi herbergjum um borð áður en skipið leysti landfestar í heimahöfn sinni í Argentínu og þaðan sem ferðin vanalega hófst. Og allt var frágengið á brottfarartíma. Með venjubundnu flauti skipsflautunnar hófst sjóferðin út á víðáttumikið hafið til Bandaríkjanna sem fyrsta áfangastað af nokkrum í þessari ferð.

Sagan á bak við hluta ferðarinnar er að skipið hrepti vonskuveður djúpt suðvestur af landinu á leið sinni frá Bandaríkjunum til Íslands og fékk á einum stað gríðarlegan brotsjó sem kastaði því á hliðina og varð þess valdandi að allar vélar skipsins misstu afl og rafmagnið datt út og gerði sambandlaust við umheiminn í um einn sólahring, er aftur tókst að koma á neyðarrafmagni og senda út hjálparbeiðni. Er öll ljós voru slokknuð greip skelfing um sig og var í nógu að snúast fyrir áhöfnina að róa farþega niður.

Eftir sólahring var ljóst að vélarmenn þyrftu aðstoð við gangsetningu vélanna og sendi skipstjóri út neyðarboð sem stöðvar í landi náðu og sáu við nánari athugun að styðst út skipið væri frá suðurodda Grænlands sem svo heppilega vildi til að Dönsk þyrlusveit var stödd þar við æfingar á vegum Danska hersins sem bauðst til að taka að sér verkefnið og fljúga með viðgerðarmenn frá sér út í skipið. Í ljós kom að samskonar vélbúnaður var um borð í Sea Eagle II og í

hluta Dönsku herskipanna. Skipstjóri farþegaskipsins tjáði strandstöð að allt væri í lagi en staðan hvimleið með skipið flatrekandi undan sjó og vindi og fólkið margt hvert veikt af öllum þessum veltingi en ástandið skárna eftir að lágmarksljós í vistarverum farþega og áhafnar kviknuðu.

Þaðan sem þýrlan var staðsett var um klukkutíma flug út í skipið og tók hún þegar stefnuna í norðaustur eftir að hafa miðað Sea Eagle II út og staðsett með nákvæmni nútíma staðsetningar búnaðar. Yfir skipinu leist flugmanni ekki nema í meðallagi á blikuna er hann horfði á hvernig það valt á öldunni en valdi að gera tilraun og reyna eftir megni að koma mönnum sínum niður í farþegaskipið.

Eftir tvísýnu um árangur stóðu mennirnir þrír heilir á húfi á þilfarinu og hurfu með því fólki sem þar var þá statt inn í skipið. Allir um borð hugguðust mikillega er fregn um að hjálp hafi borist áhöfn og farþegum. Flugmaður ákvað að bíða þarna yfir skipinu ef mönnum sínum tækist með hjálp vélarliðsins að gangsetja vélarnar og hafði ákveðna stund yfir að ráða. Og viti menn! Um hálf tíma síðar sá flugmaður hvar reykjarmökkur steig upp um skorstein Sea Eagle II og örskömmu síðar er öll ljós ofandekks kviknuðu og er skipinu var snúið upp í vind og öldu. Eftir það varði skipið sig vel og leið mannskapnum strax betur. Vel gekk að koma Dönsku viðgerðarmönnum aftur upp í þýrluna. Danska þýrlan stefndi þegar í gagnstæða átt við Argentínska farþegaskipið og hvarf skjótt sjónum skipverja Sea Eagle II í frekar lélegu skyggni.

Tveim sólahringum síðar var Sea Eagle II um það bil að leggjast upp að bryggju í öryggi norðlenskrar hafnar eftir hrakningar sínar á hafinu sem Dönsku hetjurnar áttu svo stóran þátt í losa úr og sumum um borð varð að orði að hefðu komið eins og fljúgandi englar út úr sortanum og inn í frekar hrikalegar aðstæður fólksins. "Sönn stórmenni allir saman",- sagði það sumt hvert og féllst í faðma.

Skipið færðist nær hafnarbakkanum á hægustu ferð og myndavélar á lofti og smellt af í gríð og erg. Hafnsögubátur fylgdi skipinu eftir. Feitlögna hjónin stóðu á þilfarinu á efri hæð yfirbyggingarinnar klædd hlýjum fatnaði og maðurinn með vél sína í myndastöðu og smellti af yfirmanninum sem kastaði kastlínu í land og kom í ljós við skoðun að pungurinn sem kastlínan var hnýtt við var á myndinni og skír þó hlutur þessi hafi verið sekúndubrot fyrir framan

myndarvélarlinsuna en samt nógu lengi til að myndast og gera myndina að hreinni snilld.

Er áhöfnin hafði gert allt sín megin tilbúið gátu farþegar stigið á land sem hugðust skoða sig um á staðnum og komu sér fyrir í rútunum sem biðu skammt fyrir utan girðinguna sem stóð á hafnarbakkanum og hindraði alla óviðkomandi umferð að skipinu. Rútuflotinn lagði af stað á tilsettum tíma og ók út úr bænum og vestur á bóginn. Stöðvað var á leiðinni á tveim stöðum og áð skamma stund á hvorum stað og endað á tanganum þar sem hellirinn var og rútunum komið fyrir á þar til gerðu stæði þar sem fólkið steig út og gat teygst úr sér. Leiðsögumaður benti og lagði af stað og farþegarnir með honum og sagði stuttlega sögu staðarins sem þau nú voru stödd á án þess að nefna einu orði atburði þá sem þar gerðust nokkrum öldum fyrr né minnast á hrakninga og ofsóknir þær sem Kári þoldi saklaus og var leiðsögumanni með öllu ókunn.

Engin sem þarna gekk um hafði minnstu hugmynd um á hverskonar söguslóðum þeir væru staddir á. Engar líkur bentu til þess að að neitt af fólkinu fengi að heyra söguna um "Klaufabárð" né hvolpanna sem eltu hvert sem hann fór. Ekki heldur að skepnur þessar hafi verið flóttamanni til sinnar gleði og vissrar hughreystingar er þeir birtust og hyrfu aftur eldsnöggt? Kæmu og færðu eins og vindurinn án þess, að því er virtist, stoppa og hvíla lúin rebbabein.

Hópurinn fór um svæðið og gekk að brún bjargsins og horfði út á flóann og sá alla fegurðina blasa við sér. Fjallgarðurinn handan fjarðarins var og tignarlegur sem og sýnin út til norðurs, þar sem endalaust hafíð tók við eftir að tanginn sem skagaði þarna til hafs náði ekki lengra.

Ungur maður í hópnum gekk nokkra metra meðfram bjargbrúninni og varð þá eins og fyrir tilviljun var stígsins niður á sylluna. Feitlöggu hjónin höfðu gengið þessa metra með honum og vildi maðurinn feta stíginn með unga mannum en frúin þvertók fyrir að fara sjálf en gerði enga athugasemd um val manns síns. Hafði hann enda oft á yngri árum farið fjallgöngur og gengið allskonar glæfragöngur einsamall eða með öðrum og gerði enn, svona annað veifið og hélt sér fyrir vikið í þokkalegu formi þó aukakílóin væru helst til mörg orðin um þessar mundir sem hann kenndi um viðurværinu á skipinu. Enda nærtækt dæm: "Kokkurinn er hreint skelfilegur með allar sínar daglegu veislur" - hugsaði sá Þýskættaði með sér og fikraði sig varlega eftir einstiginu

niður á sylluna ásamt öðrum sem komnir voru til þeirra og forvitnin var vakin hjá.

Engin sem stóð þarna þekkti haus né sporða á sögunni né að í hellinum sem blasti við fólkinu til hægri handar hafi búið maður um skeið. Fengi aldrei að heyra um fuglanna fjóra sem komu annað veifið við þar og tylltu löppum og gerðu ávallt á sama stað á syllubrún og að maðurinn hafði skírt bókstöfum og nefnt „J.P.S.A „ né heldur að kletturinn sem blasti við af syllubrún og skagaði nokkra metra út í sjóinn hafi fengið nafnið "Vinurinn." Enginn mundi nokkru sinni fá neitt að vita um þetta því sagan var gleymd fyrir margt löngu nema ef vera skildi að örlitlum hluta til hjá ábúendum Klappsvíkur. Ekki heldur sannleikan að engin manneskja hafi stigið fæti sínum á þessa köldu syllu eftir frelsi Kára yfirlag hana í síðasta skipti ásamt Bergsveini föður sínum sem komin var til að líta aðstæður sonar síns eigin augum og bræðurnir Rósant og Ráðvarður. Núna var þarna nokkur hópur fólks sem dáðist að útsýninu.

Er frú hins Þýskættaða manns sá að stígurinn niður væri ekki eins hrikalegur og henni í fyrstu virtist fetaði hún sig varlega niður hann og til manns síns og hinna. Enda ekki með öllu óvön svona klettaklifri. Feitlögnum hjónin gengu að hellinum og kíktu inn fyrir. Fleiri komu að. Manninum fannst að á einum stað benti til rúmstæðis og fór að velta því fyrir sér hvort hér hafi verið búið en fannst við frekari skoðun allt svoléiðis nokkuð fjarlæggt og frekar ólíklegt. Stóð að vísu í bæklingnum sem hann las í skipinu um Ísland að þar hafi verið útilegumenn sem hafst höfðu við í óbyggðum og komið sér fyrir hvar sem var en traudla þó í þessum helli og á þessum stað. Málið gekk engan veginn upp hjá þeim Þýskættaða.

Hjónin gengu út fyrir og skoðuðu hellismunnann og lögun hans og kom maðurinn þá auga á agnarsmáa skinnþjötlu efst sem einhverra hluta vegna hafði orðið eftir og varðveist og tímans tönna neitað að vinna meira á. Þetta fékk hann aftur til að ígrunda mannavistir en kom þeirri hugsun sinni engan veginn til að ganga upp frekar enn í hitt skiptið. Teygði næst hendi í þessa skinnögn og stakk í vasa sinn sem örlitla minningu um veru sína þarna og rétti einum úr hópnum eigin myndavél og bað hann að smella af þeim hjónum þarna við hellismunnann og aðra af öllum hópnum saman.

Flaut gall við frá bjargbrún og merki frá farastjóra til hópsins um að kominn væri tími til að halda ferð áfram og yfirlag fólkið sylluna með söguna eftir

sem aldrei var sögð. "Hóllinn", útsýnistaðurinn skammt frá uppgöngunni, blasti við frá staðnum sem fólkið kom upp á án þess að neitt af því veitti honum neina sérstaka athygli né heyrði hann segja því söguna sem hann gegndi á tíma Kára og bræðranna og hve gagnsemi hans væri mikill um allt öryggi flóttamannsins Kára Bergsveins.

Kveðja. KRF höfundur 2015.